

Háskóli Íslands  
Guðfræðideild  
Haustmisseri 2006

01.81.01 Kjörsviðsritgerð í  
Nýjateamentisfræðum  
Próf. Jón Ma. Ásgeirsson

# **Jesúhefðin og hin himneska *Sófía*.**

*Eðli og birting spekinnar í Jakobsbréfi, Ræðuheimildinni og  
gyðing-kristnum bókmenntum  
í ljósi hellenískra og gyðinglegra spekihefða.*

**Sigurvin Jónsson**



## **TAKK**

Jón Ma. Ásgeirsson fyrir leiðsögn og kennslu.

Eiginkona mín,  
Dóra Mjöll Hauksdóttir

Foreldrar okkar hjóna fyrir ómetanlega aðstoð.

Ingunn Ásdísardóttir fyrir prófarkalestur.

Davíð og Theodór.  
Ljósín í lífi mínu!

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	4
Hluti I: Jakob, Q og spekin.....	5
1. Inngangur.....	5
2. Jakobsbréf.....	7
2.1 Rætur Jakobsbréfs.....	7
2.2 Páll, Jakob og arfleifð Marteins Lúthers.....	11
2.3 Bókmenntaform Jakobsbréfs.....	14
2.4 Uppbygging Jakobsbréfs.....	18
3. Ræðuheimildin Q og Jakobsbréf.....	21
3.1 Ræðuheimildin og ferill spekihefða.....	24
3.2 Tengsl Jakobsbréfs við Jesúhefðina.....	27
3.3 Spekiefni í Jakobsbréfi og Q.....	31
Hluti II: Bakgrunnur spekinnar á helleníska tímanum.....	35
4. Gyðingdómur og hellenismi.....	35
4.1 Mót gyðingdóms og hellenisma.....	35
4.2 Gyðinglegar og hellenískar bókmenntir í Palestínu.....	41
4.3 Hellenismi og hebreskar speki-bókmenntir.....	45
5. Eðli og birting spekinnar í hinum forna menningarheimi.....	55
5.1 Spekin í Mesópótamíu, Egyptalandi og Grikklandi til forna.....	55
5.2 Spekin í bókmenntum gyðingdóms.....	63
5.3 Hugtakið Σοφία.....	71
Hluti III: Eðli spekinnar í Jakobsbréfi, Q og gyðing-kristnum bókmenntum.....	77
7. Spekin í Jakobsbréfi og Q.....	77
7.1 Forsendur og ferli rannsóknarinnar.....	77
7.2 Eðli og birting spekinnar í Q.....	81
7.3 Spekin sem þungamiðja Jakobsbréfs.....	86
7.4 Spekin í Matteusarguðspjalli.....	95
8. Spekin í gyðing-kristnum bókmenntum.....	97
8.1 Gyðing-kristni og gyðing-kristnar bókmenntir.....	97
8.2 Hugtakið Sófía í <i>Tólf postula kverinu</i> og <i>Barnabasarbréfi</i> .....	104
<i>Tólf postula kverið</i> .....	104
<i>Barnabasarbréf</i> .....	105
8.3 Sófía í ritum kenndum Klemensi frá Róm.....	108
<i>Klemensarsaga hins rómverska</i> .....	109
<i>Perlurnar í boðun Péturs</i> .....	111
<i>Bréf Péturs til Jakobs</i> .....	113
<i>Áskorun vitnisburðarins</i> .....	113
<i>Bréf Klemensar til Jakobs</i> .....	113
<i>Vegsemdir Jakobs II</i> .....	114
8.4 Sófía í ritum varðveittum af Klemensi frá Alexandríu.....	116
<i>Perlan í boðun Péturs</i> .....	116
8.5 Sófía í gyðing-kristnum guðspjöllum og <i>Endurminningum Hegesippusar</i> .....	118
<i>Nasóreaguðspjall</i> .....	118
<i>Ebjónútaguðspjall</i> .....	118
<i>Endurminningar Hegesippusar</i> .....	119
<i>Hebreaguðspjallið</i> .....	120
9. Samantekt og niðurstöður.....	122
Heimildaskrá.....	124
Viðauki I: Stefjabrunnur Nýja testamentisins.....	131
Viðauki II: Listi yfir tilvísanir kirkjuféðra tengdar gyðing-kristnum hópum.....	133
Viðauki III: Tilvísanir kirkjuféðra flokkaðar eftir gyðing-kristnum hópum.....	140
Viðauki IV: Efnisyfirlit yfir rannsókn á hugtakinu Σοφία og skyldum orðmyndum í heimildum um gyðing-kristin rit.....	142

## **Hluti I: Jakob, O og spekin.**

Eins og líkaminn er dauður án anda, eins er trúin ónýtt án verka

**Jk 2.22**

### **1. Inngangur.**

Líkt og Fjallræða Jesú talar Jakobsbréf við lesendur með orðum sem ná inn að kviku. Orð stólpans frá Jerúsalem hvetja og uppörva trúaða lesendur með loforðum um guðlega speki sem er öllum aðgengileg og felur í sér lykilinn að lífshamingjunni. Samhliða því að vera fullt af fyrirheitum sviður samvisku lesenda undan áminningum Jakobs um að trú sem ekki skilar sér í þjónustu til náungans sé gagnslaus og dauð. Krafa bréfsins er skýr! Guð umber ekki ranglæti og dregur til saka þá er beita meðbræður sína og systur óréttlæti. Hinn trúaði á að hafa heilindi í lífi sínu *τέλειος*, heilindi sem fást með því að biðja um og þiggja speki Guðs *σοφία* og lifa í takt við við hið konunglega lögmál *νόμος*.

Markmið þessarar kjörsviðsritgerðar er að staðsetja hugmyndina um hina guðlegu speki *σόφια* í Jakobsbréfi, Ræðuheimildinni og gyðing-kristnum bókmenntum. Í fyrsta hlutanum er annarsvegar gert grein fyrir bakgrunni Jakobsbréfs, uppbyggingu þess og bókmenntaformi og tæpt á sögu bréfsins innan kristinnar hefðar. Hinsvegar eru tengsl Jakobsbréfs við Jesúhefðina skilgreind og sýnt fram á hliðstæður við Ræðuheimildina, sem varðveitir elstu hefðir Nýja testamentisins um orð Jesú. Ræðuheimildin og Jakobsbréf eru spekirit að eðli og uppbyggingu og tilheyra sem slík bókmenntahefð sem er jafngömul ritun mannsins. Í lok fyrsta hlutans er samanburður á tegundum spekiefnis sem er að finna í ritunum báðum.

Annar hlutinn leitast við að staðsetja spekina í menningarheimi helleníska tímans. Fyrst er gert grein fyrir þeim samruna grískrar, austrænnar og semískar menningar sem átti sér stað í kjölfar hersigra Alexanders mikla og nefndur er hellenismi. Þá er gert grein fyrir þeim áhrifum sem hinir nýju menningarstraumar höfðu á menningu og bókmenntir Gyðinga og fjallað um þróun í gyðinglegum spekiritum þess

tíma. Að því loknu er fjallað um eðli og birtingu spekinnar, fyrst í bókmenntum Austurlanda nær, þá í gyðinglegum spekiritum og loks er gert ítarlega grein fyrir hugtakinu σοφία sem rannsókn þriðja hlutans byggir á.

Þriðji og lokahlutinn fjallað síðan ítarlega um viskuhugtakið, fyrst í Jakobsbréfi, Ræðuheimildinni og Matteusarguðspjalli og síðan í síðari gyðing-kristnum bókmenntum. Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir á svokölluðum textatengslum en hún gerir ráð fyrir að textar beri flókin tengsl við aðra texta, bæði í samtíma sínum og menningarumhverfi og úr þeim bókmenntahefðum sem höfundar eru undir áhrifum af. Rannsóknarvinnan sjálf fólst í að gera textaleit að σοφία hugtakinu í ákveðnum hópi gyðing-kristinna rita í þeim tilgangi að staðsetja hugmyndir þeirra um eðli spekinnar. Rannsókninni er þeim takmörkum háð að ekki var tekið tillit til hugtaka sem hafa svipað merkingarsvið og σοφία á borð við νόμος, λόγος, πνεύμα og fleiri. Þörf er því á ítarlegri rannsókn á þessum ritum sem tekur tillit til slíkra hliðstæðna.

## 2. Jakobsbréf.

Jakobsbréf er fyrir margar sakir heillandi viðfangsefni. Ein þverstæða Jakobsbréfs er að innihald þess á djúpar rætur í gyðinglegri hefð, en málnotkun og stíll bera vott um vandaðri grísku en almennt er að finna í Nýja testamentinu.<sup>1</sup> Af ritum Nýja testamentisins á Jakobsbréf sterkust tengsl við orð Jesú utan guðspjallanna. Höfundur bréfsins er nafngreindur Jakob en þar er átt við leiðtoga frumsafnaðarins í Jerúsalem sem kallaður var bróðir Jesú. Hvort sem hann er raunverulegur höfundur bréfsins eður ei, þá er líklegt að Jakobsbréf geymi eina varðveitta efnið frá þeim hópi sem Páll kallar máttarstólpana í Jerúsalem, þeim Jakobi, Pétri og Jóhannesi (sbr. Gal 2.9).<sup>2</sup> Á meðal fræðimanna hefur bréfið frá upphafi verið umdeilt og má með sanni segja að þeir hafi verið ósammála um flest sem snýr að bréfinu. Hvað snertir ritunartíma Jakobsbréfs hafa fræðimenn ýmist dagsett það með elstu ritum regluritasafnsins eða þeim yngstu, en sterkari rök styðja eldri dagsetningu bréfsins.<sup>3</sup>

### 2.1 Rætur Jakobsbréfs.

Í upphafi Jakobsbréfs er höfundur tilgreindur „Jakob, þjónn Guðs og Drottins Jesú Krists.“<sup>4</sup> Engar frekari upplýsingar eru gefnar um höfund bréfsins en nafnið Jakob<sup>5</sup> var gríðarlega algengt eiginnafrn meðal Gyðinga, enda nafn þess forföður sem hinar tólf ættkvíslir Ísraels eru raktar til. Í Nýja testamentinu eru að finna vísanir í allnokkra sem báru þetta nafn<sup>6</sup> en aðeins

<sup>1</sup> Patrick J. Hartin, *James and the Q Sayings of Jesus* 1991.

<sup>2</sup> Patrick J. Hartin, *James* 2003, s. 16-25.

<sup>3</sup> Hartin, *James* 2003, s. 16-25.

<sup>4</sup> Jk 1.1. Allar tilvitnanir í biblíutexta á íslensku eru úr 1981 útgáfu Biblíunnar.

<sup>5</sup> Á grísku er nafnið Ἰακώβος, en sama nafnið er þýtt á tvenna vegu yfir á ensku, annarsvegar sem James og hinsvegar Jacob. Jakobsbréf er á ensku Epistle of James en í enskum þýðingum er yfirleitt notað „Jacob“ í Gamla testamentinu og í Nýja testamentinu er notað „Jacob“ þegar vísað er í það Gamla en „James“ þegar rætt er um samtímapersónur Nýja testamentisins.

<sup>6</sup> Hinir sem vísað er til að báru þetta nafn eru: Jakob Sebedeusson, bróðir Jóhannesar og einn hinna tólf (Mk 3.17; Mt. 10.3; Lk 6.14; P 1.13), Jakob Alfeusson, annar af lærisveinunum tólf (Mk 3.18; Mt 10.3; Lk 6.15; P 1.13), Jakob hinn yngri (Mk 15.40; 16.1; Mt 27.56; Lk 24.10), Jakob faðir Júdasar (Lk 6.16; P1.13) og Jakob bróðir höfundar Júdasarbréfs (Jd 1.1). Hér gæti að sjálfsögðu verið um sömu persónu að ræða í einhverjum tilfellum. Patrick J. Hartin, *James of Jerusalem: Heir to Jesus of Nazareth* 2004, s. 2.

einn Jakob<sup>7</sup> er nægilega þekktur til að kalla ekki á nánari skilgreiningu, Jakob „bróðir Jesú”.<sup>8</sup> Hvort sem sá Jakob var blóðbróðir Jesú eða ekki,<sup>9</sup> er ljóst að vísuninni er ætlað að árétta mikilvægi þessa Jakobs fyrir Jesúhefðina. Af Pálsbréfunum og Postulasögunni vitum við að Jakob var leiðtogi safnaðarins í Jerúsalem og af þeim ritum má ráða mikilvægi þess safnaðar í frumkirkjunni.<sup>10</sup>

Ekki er minnst á neinar beinar sögulegar aðstæður í Jakobsbréfi og það hefur meðal annars valdið því að erfitt hefur reynst að dagsetja bréfið.

---

<sup>7</sup> Hartin bendir á að vísunin gæti fræðilega hafa átt við Jakob Sebedusson en hann var líflátinn af Heródesi Agrippa I um árið 44 e. Kr. og því er ólíklegt að bréfið sé eignað honum. Hartin, *James* 2003, s. 16.

<sup>8</sup> Titillinn „bróðir Jesú” hefur valdið heilabrotum allt frá kirkjuféðrunum og til eru nokkrar skýringar á þeim titli sem er mjög útbreiddur í frumkristnum ritum. Sú fyrsta er kennd við Epífanius frá Salamis (315-403) en hann hélt því fram að bræður Jesú væru synir Jósefs frá fyrra hjónabandi. Þá hugmynd byggir hann á *Bernskuguðspjalli Jakobs (Protevangelium of James)*, riti frá miðri 2. öld sem segir einkum frá meyfæðingu og ævarandi meydómi Maríu meyjar. Þar er sagt frá því að Jósef hafi verið um áttrett þegar hann tók Maríu sem konu og hafi átt börn fyrir og að Jakob hafi verið eitt þeirra. Undir þessa skýringu taka kirkjuféður á borð við Klemens frá Alexandríu (150-215), Órigenes (185-254) og kirkjusagnfræðinginn Evsebíus (160-225). Önnur skýring er kennd við Helvidíus (frá 4. öld) en hann er þekktur af skrifum Híerónýmusar (342-420), sem skrifaði til höfuðs honum ritið *Adversus Helvidius de Mariae virginitate perpetua*. Skýring Helvidíusar var á þá leið að Jakob og bræður hans væru raunverulegir bræður Jesú, börn Jósefs of Maríu, en þeirri hugmynd hafði verið haldið fram mun fyrr af kristnum höfundum á borð við Tertúllíanus (160-225). Þriðja skýringin er loks kennd við Híerónýmus en hann fékk hugmyndir Helvidíusar dæmdar sem villukenningar. Skýring hans er sú að hugtakið ἀδελφός vísi til annara ættartengsla, að Jakob hafi verið frændi Jesú en ekki eiginlegur bróðir. Híerónýmus taldi bræður Jesú vera systursyni Maríu og sagði höfund Jakobsbréfs vera hinn sama og Jakob Alfeusson og því eigi bréfið postullegan uppruna.

Hartin, *James of Jerusalem* 2004, s. 24-26.

<sup>9</sup> Merkingarsvið hugtaksins ἀδελφός er víðara en svo að það þurfi að vísa í blóðsystkini, þó það sé algengasta notkunin. Snemma í kristinni hefð tók hugtakið að merkja trúbróður (sbr. Mt 28.10; 1Kor 1.10) og dæmi eru um notkun hugtaksins í merkingunni ættmenni í víðara skilningi en sem blóðbróðir (sbr. Rm 9.3). Í Mt 5.22 er hugtakið notað í merkingunni nágranni og í Mk 6.17-18 sem hálfbróðir (en Heródes og Fillipus voru samfeðra). Loks er notkun þess í LXX í merkingunni skyldmenni eða ættmenni (sbr. 1M 24.48; 29.12). Hartin, *James of Jerusalem* 2004, s. 26-28. Orðabók merkingasviða eftir Louw og Nida greinir nafnorðið ἀδελφός í tvö merkingarsvið: (a) Merkingarsvið 10 (Fjölskyldutengsl (*Kinship terms*)) 10.49: Fjölskyldutengsl innan sömu kynslóðar. Karlkyns ættingi af sömu kynslóð sem deilir foreldri með þeim sem miðað er við, blóðbróðir. (b) Merkingarsvið 11 (Hópar og stéttir einstaklinga og meðlimir þeirra) 11.23: Trúbróðir. Aðilar að sömu trú, í Nýja testamentinu í merkingunni bræður í trúnni á Krist. 11.25: Karlmaður úr hópi Gyðinga. Aðilar að sömu trúar- og félagsseiningu og á svipuðum aldri og sá sem tilgreindur er. 11.57: Karlmaður frá sama landi eða af sömu þjóð. 11.89: Nágranni. Karlmaður sem býr í næsta nágrenni og er þar með í hópi þeirra sem standa nálægt. Johannes P. Louw og Eugene A. Nida, *Greek-English Lexicon of the New Testament Based on Semantic Domains* 1988.

<sup>10</sup> Hartin, *James of Jerusalem* 2004, kafli 2: „Leader of the Jerusalem Community: James in the Acts of the Apostles and Letters of Paul.”

Tilgátur hafa staðsett bréfið með elstu ritum Nýja testamentisins sem og þeim yngstu<sup>11</sup> en síðari tíma fræðimenn hafa hallast að eldri tímasetningu á bréfinu.<sup>12</sup> Rökin fyrir því að dagsetja bréfið tiltölulega snemma virðast veða þyngra og Patrick J. Hartin nefnir eftirfarandi:<sup>13</sup> Í fyrsta lagi gerir höfundur ráð fyrir því að ekki fari milli mála um hvaða Jakob sé rætt þegar hann kynnir sig í bréfinu, það er bróðir Drottins, en það bendir til að bréfið sé ritað á fyrstu öldinni. Í öðru lagi nefnir Hartin nálægð höfundar við arfleifð Ísraels en Hartin gefur sér að þaðan sé elsta efni kristindómsins komið. Þá bendir notkun bréfsins á orðum Jesú til að bréfið innihaldi eldri hefðir en guðspjöllin geyma og nálægð þess við anda og inntak boðskapar Jesú er samhljóða elstu Jesúhefðunum. Algjör skortur á vísunum í hópa utan gyðingdóms benda til þess að trúboð til heiðingjanna af hálfu kristinna Gyðinga hafi ekki verið hafið þegar bréfið er ritað og loks er enga vísun að finna í eyðingu mustersins í Jerúsalem, sem gefur vísbendingu um ritunartíma fyrir árið 70.<sup>14</sup>

Mikilvægi Jakobs í frumkristni má ráða af vísunum í hann utan rita Nýja testamentisins. Jósefus sagnritari (37-101) segir frá dauða Jakobs og er merkilegt hversu myndin sem hann dregur upp er samhljóma Nýja testamentinu.<sup>15</sup> Jósefus segir Jakob vera bróður Jesú, leiðtoga safnaðarins í Jerúsalem, og hann er sagður hafa verið grýttur af æðsta prestinum Ananíasi hinum yngri árið 62.<sup>16</sup> Önnur heimild sem sýnir mikilvægi Jakobs fyrir

---

<sup>11</sup> Bréfið hefur verið dagsett allt frá 62 e. Kr., þ.e. með elstu ritum Nýja testamentisins, og þar til eftir 120 e. Kr., þ.e. með allra yngstu ritum Nýja testamentisins. Patrick J. Hartin, *A Spirituality of Perfection: Faith and Action in the Letter of James* 1999, s. 1.

<sup>12</sup> Hartin nefnir nokkur nýrri ritskýringarverk sem hallast hafa að eldri dagsetningu. Sama rit, s. 1, nmgr. 3.

<sup>13</sup> Hartin, *James* 2004, s. 24.

<sup>14</sup> Sama rit. Þó ég sé sannfærður um að Jakobsbréf sé með elstu ritum Nýja testamentisins má finna að þessari upptalningu Hartin. Rannsóknir á Ræðuheimildinni hafa leitt í ljós að tengingin við epík Ísraels er ekki að finna í elsta lagi þess (Q1) og því þarf tengingin við Ísrael ekki að endurspeglar upprunaleik Jakobsbréfs. John S. Kloppenborg, *The Formation of Q: Trajectories in Ancient Wisdom Collections* 1987. Auk þess má nefna að *Tómasarguðspjall* er dæmi um mjög gamla hefð í frumkristni sem ekki byggðir á sagnaarfi Ísrael, heldur sækir túlkunarlykil sinn í platónisma. Jón Ma. Ásgeirsson, *Tómasarguðspjall* 2001, „Inngangur“.

<sup>15</sup> Josephus, *Antiquitates Judaicae*, 20.200:

<sup>16</sup> Hartin, *James* 2003, s. 20.

frumkirkjuna er Evsebíus frá Sesareu (263-339) en hann titlar Jakob „hinn réttvísa“<sup>17</sup> og útfærir mjög frásögnina af dauða hans og píslarvætti. Evsebíus útlístar í hverju réttlæti hans fólst og er það nokkuð forvitnileg lesning: „Hann var heilagur frá því í kviði móður sinnar; og hann drakk hvorki vín né sterka drykki, né borðaði kjöt. Ekkert rakblað snerti höfuð hans, hann smurði sig ekki olú, og fór aldrei í bað“.<sup>18</sup> Nafngiftin „hinn réttvísi“ var víða gefin Jakobi í hinum kristna heimi, þó hún sé hvergi notuð í Nýja testamentinu, sem og í gnóstískum ritum Nag Hammadi handritasafnsins en þar er Jakob áberandi persóna. Í *Tómasarguðspjalli* er vitnað til Jakobs hins réttvísa í ummælum §12<sup>19</sup> og alls 3 rit Nag Hammadi handritanna bera nafn Jakobs.<sup>20</sup>

Tilurðarsaga Jakobsbréfs sem hluti af hinu kristna helgiritasafni er heillandi og staða ritsins í austurkirkjunni varð til þess að ritið var tekið með í Nýja testamentið.<sup>21</sup> Elstu varðveittu heildartextar bréfsins eru frá 4. öld<sup>22</sup> en varðveitt eru egypsk handritabrot frá 3. öld.<sup>23</sup> Tvö rit benda til útbreiðslu ritsins mjög snemma í kristinni hefð, *1. Klemensarbréf* (frá um 95) virðist vitna í Jakobsbréf auk þess sem *Hirðisbréf Hermesar* (frá miðri 2. öld) þekkir bersýnilega efni þess.<sup>24</sup> Þrátt fyrir að bæði þessi verk séu rituð í Róm tók það langan tíma fyrir vesturkirkjuna að viðurkenna bréfið sem hluta af sínu helgiritasafni og svo virðist sem Jakobsbréf hafi fyrst verið tekið með í

---

<sup>17</sup> Evsebíus, *Historia ecclesiastica*, 2.23.4.

<sup>18</sup> Sama rit 2.23.5 (eigin þýðing með hliðsjón af þýðingu, Rev. Arthur Cushman McGiffert. í *Nicene and Post-Nicene Fathers I.b.*, *Evsebius Pamphilus*, ritslj. Philip Schaff. Tekið af vef <http://www.ccel.org/ccel/schaff/npnf201.html> (09.03.06)).

<sup>19</sup> Jón Ma. Ásgeirsson, *Tómasarguðspjall* 2001, §12. „Lærisveinarnir sneru sér til Jesú: *Vér gerum oss grein fyrir því að þú munt hverfa á brott frá oss. Hver mun þá hafa forystu fyrir oss?* Jesús svaraði þeim: Hvar sem þér kunnið að verða niðurkomnir þá leytið Jakobs hins réttvísa. Himininn og jörðin eru til orðin hans vegna.”

<sup>20</sup> Þau eru *Fyrri og Síðari Opinberun Jakobs* (*The (First) Apocalypse of James; The (Second) Apocalypse of James.*) og *Huldugemyndir Jakobs* (*The Apochryphon of James*).

<sup>21</sup> Hartin, *James* 2003, s. 8.

<sup>22</sup> Sama rit, s. 6. Handritin Codex Vaticanus (B) og Codex Sinaiticus (Ⲁ) frá 4. öld og Codex Alexandrius (A) frá 5. öld.

<sup>23</sup> Frá 3. öld eru varðveitt egypsku pappýrusarhandritin P<sup>23</sup> og P<sup>20</sup>. Auk þessa er varðveitt egypskt handrit frá 6. öld sem inniheldur nær allt Jakobsbréf, P<sup>74</sup>, auk grískra handrita frá 5. til 9. aldar og mikilvægra útgáfna á latínu, *Vulgötu*, á koptísku, armenísku, eþíópísku og sírrensku. Sama rit, s. 6.

<sup>24</sup> Sama rit, s. 7-8.

það á 4. öld.<sup>25</sup> Í austurkirkjunni hefur ritið hinsvegar talist hluti af regluritasafninu mun fyrr en Órigenes (185-284) nefnir það sem eitt af ritum Nýja testamentisins<sup>26</sup> og gefur því vægi heilagrar ritningar.<sup>27</sup>

## 2.2 Páll, Jakob og arfleifð Marteins Lúthers.

Staða Jakobsbréfs innan regluritasafns Nýja testamentisins var dregin í efa á ný af Marteini Lúther (1483-1546) en fordómar hans gagnvart Jakobsbréfi hafa valdið tortryggni í garð þess æ síðan.<sup>28</sup> Af ritum Nýja testamentisins hefur Jakobsbréf verið minnst rannsakað og má að miklu leyti rekja það til áhrifa Lúthers<sup>29</sup> en hann stillir Jakobsbréfi<sup>30</sup> gegn bréfum Páls og þá sérstaklega hugmyndinni um réttlætingu af trú.<sup>31</sup> Afstaða Lúthers var sú að Jakobsbréf ætti ekki heima innan regluritasafnsins og hann uppefndi ritið „guðspjall hálmisins”.<sup>32</sup> Önnur gagnrýni Lúthers byggir á því að hvergi í bréfinu er minnst á pínu og dauða Jesú en það segir Lúther vera kjarna kristindómsins. Í formála að Jakobsbréfi frá 1522 segir Lúther:

I do not regard it as a writing of an apostle and my reasons follow. In the first place it is flatly against St. Paul and all the rest of scripture in ascribing justification to works [2:24]. ... In the second place its purpose is to teach Christians, but in all this long teaching it does not mention the Passion, the resurrection, or the spirit of Christ. ... In a word, he [James] wanted to guard against those who relied on faith without works, but was unequal to the task. He tries to accomplish by harping on the law what the apostles accomplish by stimulating people to love. Therefore I cannot include him among the chief books,

---

<sup>25</sup> Í fornri skrá eða lista yfir rit Nýja testamentisins, *Canon Muratori* (frá því um aldamótin 200, sennilega í Róm), er Jakobsbréf ekki að finna en þar eru talin með Júdasarbréf og bæði Jóhannesarbréfin. Fyrir áhrif Órigenesar varð Jakobsbréf síðan hluti af latnesku biblíu Híerónýmusar (340-420) og tryggði loks endanlega stöðu sína í vesturkirkjunni með Ágústínusi kirkjuföður (354-430). Sama rit, s. 7-8.

<sup>26</sup> Órigenes, *In Jesu Nave homiliae*, 7.1. Sama rit, s. 8.

<sup>27</sup> Órigenes, *Homiliae in Leviticum*, 2.3. Sama rit, s. 8.

<sup>28</sup> Þess má geta að aðrir siðbótarmenn voru ekki neikvæðir í garð Jakobsbréfs. John Calvin (1509-1564) var til að mynda mjög jákvæður í garð bréfsins og taldi það eiga sterkt erindi í daglegt líf hinna kristnu. Hartin, *James and Q* 1991, s. 15, nmgr. 3. Philip Melancton (1497-1560) taldi heldur ekki að Jakobsbréf væri í andstöðu við Pálsbréfin og því engin þörf á að hafna því úr Nýja testamentinu. Hartin, *James* 2003, s. 9.

<sup>29</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 14.

<sup>30</sup> Þá er átt við texta í 2. kafla Jakobsbréfs, sbr. Jk 2.14-26.

<sup>31</sup> Þá texta í Pálsbréfum sem Jakob á að vera að svara er fyrst og fremst að finna í Rómverjabréfi (3.-5. kafla) og Galatabréfi (2. kafla). Báðir höfundar vitna í söguna af Abraham í röksemdafærslu sinni en með ólíkum áherslum.

<sup>32</sup> Martin Luther, *Luther's Works: Word and Sacrament* I.b. 1960, s. 395-398.

though I would not prevent anyone from including or extolling him as he pleases, for there are otherwise many good sayings in him.<sup>33</sup>

Af þessum orðum Lúthers má greina að bréfið er fyrst og fremst lesið með augum Páls og það sem bréfið hefur fram að færa á eigin forsendum er aukaatriði í ljósi þess skilnings að Jakobsbréf boði verkaréttlætningu. Í þýsku *Biblíu Lúthers* er Jakobsbréf sett aftast ásamt Júdasarbréfi, Hebreabréfi og Opinberunarbókinni og hann undirstrikar andúð sína á ritinu með því að gefa því ekki stað í efnisyfirliti fremst í Biblíunni.<sup>34</sup>

Það er útbreitt viðhorf innan nýjtestamentisfræðinnar að Jakobsbréf sé dæmi um andsvar við pálínskri guðfræði með spekiáherslu<sup>35</sup> og sú umræða tengist hugmyndum um ritunartíma bréfsins.<sup>36</sup> Hartin sýnir fram á að óþarfi sé að stilla Páli og Jakobi upp sem andstæðum, höfundarnir komi úr ólíkum hefðum og samfélögum innan frumkirkjunnar og ólíklegt sé að þeir eigi í ritdeilu hvor við annan.<sup>37</sup> Hartin dregur saman rök þessara höfunda á sambærilegan hátt og Ágústínus forðum<sup>38</sup>, á þann veg að Páll leggi áherslu á að eftirfylgni við lögmálið leiði ekki til trúar og að Jakob sé að sýna fram á að sönn trú beri ávöxt í verkum.<sup>39</sup> Ef Jakobsbréf er skoðað á eigin forsendum, en ekki útfrá sjónarhóli Páls, verður ljóst að hér er um ólíkar hefðir að ræða sem fjalla um grunnhugtök kristindómsins eftir mismunandi nálgun.<sup>40</sup>

Ekki er hægt að lesa andstöðu gegn Páli beint úr texta annars kafla Jakobsbréfs án þess að gefa sér fyrirfram þá forsendu að hann sé að skrifa

---

<sup>33</sup> Sama rit, s. 362.

<sup>34</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 14-15.

<sup>35</sup> Þessi umræða er nátengd þeirri hugmynd að Fjallræðan sé rituð í andstöðu við Pál. Todd C. Penner, *The Epistle of James and Eschatology: Re-Reading an Ancient Christian Letter* 1996, s. 47-48.

<sup>36</sup> Penner bendir á að sú hugmynd að Jakobsbréf sé svar við Páli hafi litað hugmyndir um dagsetningu bréfsins vegna þess að hún geri ráð fyrir nokkuð mótuðu og útbreiddu safni af Pálsbréfum sem Jakobsbréf sé að bregðast við.

<sup>37</sup> Hartin, *James* 2003, s. 171.

<sup>38</sup> Sama rit, s.167. Ágústínus setur þennan skilning fram í *De diversis quaestionibus* 83 *Liber Unus* 76.

<sup>39</sup> Sama rit, s. 167.

<sup>40</sup> Ég á við hugtökin *réttlæti* (δικαιοσύνη), *að frelsa* (σώζειν), *trú* (πίστις), *lögmál* (νόμος) og *verk* (ἔργα).

gegn Páli.<sup>41</sup> Þó að á annari öld megi greina hópa sem tóku sterka afstöðu gegn guðfræði Páls er ósennilegt að sömu aðstæður eigi við á ritunartíma Jakobsbréfs.<sup>42</sup> Ef Jakob er að skrifa gegn Páli í 2. kafla er ljóst að hann misskilur algjörlega röksemdafærslu Páls en það sést á notkun hans á hugtökunum trú og verk sem Jakob notar á mjög ólíkan hátt.<sup>43</sup> Ef það er raunin að Jakobsbréf byggi á slíkum misskilningi er það eini vitnisburðurinn úr frumkristni um að áherslan á trú úr samhengi við verk hafi verið haldið fram.<sup>44</sup> Ennfremur er engar vísbendingar að finna í Jakobsbréfi um að höfundur sé kunnugur öðrum textum en þeim sem hann á að vera að svara svo sem Galatabréfi og Rómverjabréfi.<sup>45</sup>

---

<sup>41</sup> Penner bendir á að erfitt sé að átta sig á því hvort höfundur Jakobsbréfs sé að svara einhverjum ákveðnum hópi eða hugmyndum í 2. kafla eða hvort hann sé að beita áminnandi mælskulist, *protreptic discourse*, til að koma boðskap sínum til skila. Hið hefðbundna viðhorf er að Jakobsbréfi sé beint gegn hópi sem hafi haldið því fram að trú sem ekki beri ávöxt í verkum sé viðunandi en mun líklegur er að hér sé höfundur að beita mælskufræði. Penner, *James and Eschatology* 1996, s. 55. M. Dibelius hélt því fram að hér hefði höfundur ímyndaðann viðmælanda í huga, *imaginary interlocutor*, (M. Dibelius, *James*, 1975, s. 156) en það var útbreidd mælskufræðileg aðferð sem einnig má finna hjá Páli (samanber 2. kafla Rómverjabréfsins en Rúnar M. Þorsteinsson lauk doktorsritgerð um það efni við háskólann í Lundi sem ber heitið *Paul's Interlocutor in Romans 2: Function & Identity in the Context of Ancient Epistolography* 2003).

<sup>42</sup> Ritdeilur (*polemic*) voru stór hluti af ritmenningu hins grísk-rómverska menningarheims, jafnt meðal Gyðinga og annara þjóða, og kristnir rithöfundur stunduðu slík skrif frá fyrstu tímum. Því má finna ritdeilur sem nota persónur Jesú, Jakobs og Páls í deilum milli hópa, en Penner telur ólíklegt að hinar ólíku fylkingar hafi verið nógu mótaðar við ritun Jakobsbréfs til að slíkt sé tilfellið í 2. kafla Jakobsbréfs. Sem dæmi nefnir Penner 2. aldar rit Klemensar frá Róm, *Recognitiones*, þar sem segir frá því að Jakob hafi hent Páli niður stiga í musterinu og staðið gegn hinu kristna trúboði til Gyðinganna (*Recognitiones* 1.66-71).

<sup>43</sup> Sama rit, s. 56 nmgr. 1; 58-59. Sú staðreynd að Páll og Jakob endurspeglu svo ólíkan skilning á hugtökunum 'trú' og 'verk' hefur yfirleitt verið skýrt á þeim grundvelli að Jakob hafi misskilið röksemdafærslu Páls. Rökin eru á þá leið að höfundur Jakobsbréfs hafi skilið Pál sem svo að hann hafni 'trúarverkum' í áherslu sinni á að trúin sé mikilvægari verkum, þ.e. hann hafi ekki skilið blæbrigðin í notkun Páls á hugtökunum. Önnur framsetning á þessari hugmynd er sú að Jakobsbréf sé ritað gegn hópi sem hafi misskilið hugmyndir Páls og lagt ofuráherslu á trúarréttlættingu á kostnað verkanna. Stærstu rökin gegn því er að samhengi 2. kafla Jakobsbréfs styður ekki þá hugmynd. Mun auðveldara er að skilja röksemdafærslu bréfsins á grundvelli þess að hann sé að svara áherslum í eigin samfélagi, frekar en að hann sé að svara hugmyndum annars hóps. Penner, *James and Eschatology* 1996, s. 53.

<sup>44</sup> Sama rit, s. 57, nmgr. 1.

<sup>45</sup> Sama rit, s. 71.

### 2.3 Bókmenntaform Jakobsbréfs.

Eitt þekktasta verk 20. aldarinnar um Jakobsbréf er ritskýringarverk Martin Dibelius en það kom fyrst út á þýsku árið 1921.<sup>46</sup> Dibelius benti á að spurningunni um bókmenntaform Jakobsbréf yrði ekki svarað með þeirri skilgreiningu að ritið væri sendibréf. Hann taldi Jakobsbréf, ólíkt Pálsbréfum, skorta allt samhengi í hugsun og vera safn af siðferðilegum leiðbeiningum tengt saman með einstaka orðum eða hugtökum.<sup>47</sup> Í formála segir Dibelius:

That is not to say that the letter has no coherence of any sort. Rather it simply emphasizes the basic difference between the text and the coherent discussion which make up the Pauline letters. ... To be sure, the closest formal parallels to Ja[me]s in the New testament are certain sections in the letters of Paul, but these sections are the least epistolary in character in the entire Pauline corpus. ... These paraenetic sections of the Pauline letters do not possess the charm and individuality found in other parts of the letter.<sup>48</sup>

Hugmyndir Dibelius byggja að miklu leyti á samanburði við Pálsbréf, sem hann telur Jakobsbréfi mun fremri að uppbyggingu, þokka og frumleika. Í raun telur Dibelius að hlutverk höfundar Jakobsbréfs hafi verið mjög takmarkað og hann telur ráðlegt að gera ekki of mikið úr hlut hans við samsetningu bréfsins.<sup>49</sup>

Frekar en að vera bréf að bókmenntaformi segir Dibelius verkið vera áminninga- og hvatningaræðu, (*paraenesis*):

Having examined the various parts of the document with respect to its literary character *we may designate the "Letter" of James as paraenesis*. By paraenesis we mean a text which strings together admonitions of general ethical content.<sup>50</sup>

---

<sup>46</sup> Martin Dibelius, *Der brief des Jakobus* 1921, ensk þýðing Michael A. Williams, *James: A Commentary on the Epistle of James* 1976.

<sup>47</sup> Tengingin sem um ræðir er orðatenging (*catchword connections*) en þá er ummælum raðað saman á þann hátt að eitt hugtak eða ein hugsun tengi þau saman án þess að raunverulegt samhengi sé til staðar í textanum. Upphaflega er þessi aðferð álitin minnistæki (*mnemonic device*) úr munnlegri geymd sem að álitu Dibelius skilar sér inn í ritaðar heimildir. Dibelius, *James* 1976, s. 4; 6.

<sup>48</sup> Í seinni eyðuna vantar upptalningu á þeim stöðum í Pálsbréfum sem mest svipar til Jakobsbréfs að álitu Dibelius en þeir eru 1P 4.1-12; 5.1o.áfr.; Gl 5.13 o.áfr.; 6; Rm 12;13; Kol 3;4. Þessir textar eiga það sameiginlegt með Jk 1; 3.13 o.áfr.; 4; 5 að innihalda fjölbreytt ummæli sem ekki er raðað saman eftir sérstakri röð og að innihalda efni sem ekki er hægt að heimfæra upp á einhverjar sérstakar aðstæður. Sama rit, s. 2-3.

<sup>49</sup> Sama rit, s. 5.

<sup>50</sup> Sama rit, s. 3.

Þessi nálgun felur bæði í sér styrkleika og veikleika, en helsti veikleiki hennar er áhersla Dibelius á almennt siðferðislegt efni bréfsins, sem hann taldi vera án samhengis við sögulegar aðstæður eða guðfræði Nýja testamentisins.<sup>51</sup> Þær áherslur hans reyndust svo áhrifamiklar að rannsóknir á bréfinu fram á áttunda áratug síðustu aldar einskorðuðust nær alveg við siðferðislega vídd þess en með tilkomu félagsrýni (*social-scientific approach*) og síðar rannsókna á mælskufræði (*rhetorical criticism*) opnuðust nýjar leiðir til að nálgast Jakobsbréf og rannsóknir á því jukust til muna.<sup>52</sup> Styrkur aðferðar Dibelius er hinsvegar sú að hún staðsetur Jakobsbréf í langri bókmenntahefð slíkra *paraenesis* texta, aðallega spekiritum, en þá má jafnt finna í grísk-rómverskum og semískum bókmenntum.

Dibelius nefnir mörg rit sem bera möguleg textatengsl við Jakobsbréf en hann áréttar að efni bréfsins geri erfitt að greina til hvaða rita höfundur hafi þekkt og hvað hafi borist honum gegnum munnlega geymd.<sup>53</sup> Dibelius setur siðferðisboð Jakobsbréfs í það sögulega samhengi að þegar væntingar hinna fyrstu kristnu um yfirvofandi heimsendi urðu að engu hafi komið í ljós að siðferðisboðun Jesú var ábótavant. Þá sóttu kristnir höfundar í bókmenntaarf þjóðanna<sup>54</sup> í leit að fyllri mynd af hinu kristna lífi og sambærileg dæmi um þetta sér Dibelius í ritum á borð við *Tólf postula kverið (Didache)*, *Barnabasarbréf* og *Hirðisbréf Hermesar*.<sup>55</sup> Jakobsbréf ber

---

<sup>51</sup> Arfleifð Dibelius varð fyrst og fremst sú að skilgreina Jakobsbréf á sviði siðferðislegra áminninga. Því var bréfið að miklu leyti hunsað af þeim sem rannsökuðu sögu og guðfræði Nýja testamentisins. Aðferðir sögurýnnar (*historical-critical method*) voru ekki taldar heppilegar við rannsóknir á Jakobsbréfi. Hartin, *James* 2003, s. 2.

<sup>52</sup> Sama rit, s. 2-3.

<sup>53</sup> Hann segir orðrétt „In a paraenetic text, which to a large extent hands down tradition, it is difficult to prove with certainty any dependence upon other writers. ... These concepts and formulations could have come to the author just as easily through propaganda, preaching, teaching, and instruction...” Dibelius, *James* 1976, s. 27.

<sup>54</sup> Dibelius bendir á að notkun samtímahöfunda á *paraenesis* textum, höfunda á borð við Fílon frá Alexandríu (20 f. Kr.-50 e. Kr.) og Jósefus sagnritara (37-100), gefi vísbendingar um hversu mikið magn af slíkum textum hafi verið aðgengilegt í gyðinglegum bókmenntum. Sú textaauðgi einskorðaðist alls ekki við gyðinglegar bókmenntir og áhrif hellenisma eru greinileg í gyðinglegum spekibókmenntum. Sama rit, s. 4.

<sup>55</sup> Öll þessi rit eru kristin rit frá mótum fyrstu og annarar aldar sem ekki voru tekin upp í Nýja testamentið. Sama rit, s. 4.

sterk textatengsl við nokkur rit og er *Septuaginta*, gríska biblíupýðingin (LXX), þar mest áberandi. Bréfið vitnar beint í 1. Mósebók og Orðskviðina en auk þess má sjá greinileg textatengsl við Síraksbók, og einhver við Speki Salómons.<sup>56</sup> Innan Nýja testamentisins sér hann ekki skýr tengsl við önnur bréf<sup>57</sup> en tengslin við ummæli Jesú í guðspjöllunum segir hann vera augljós.<sup>58</sup>

Hugmyndir Dibelius voru viðteknar gagnrýnislaust af fræðimönnum svo áratugum skipti en nýlegar rannsóknir á flokkun hellenískra bókmennta og mælskufræði hafa breytt nokkuð myndinni.<sup>59</sup> John Gammie hefur sýnt fram á að *paraenesis* er ekki sjálfstæður bókmenntaflokkur heldur tilheyrir flokki spekibókmennta (*wisdom literature*).<sup>60</sup> Yfirflokk (*primary genre*) bókmenntaformsins skilgreinir Gammie sem spekibókmenntir en hann skiptist í undirflokkana (*secondary genres*) íhugunarritgerðir (*reflective essays*) og hvatningarbókmenntir (*paraenetic literature*). *Paranaetic literature* skiptist síðan í nokkra flokka en tveir þeirra snerta Jakobsbréf, annarsvegar *paraenesis* og hinsvegar *protreptic discourse* en helsti munurinn á þessum flokkum liggur í framsetningu þeirra.<sup>61</sup> *Paraenesis* er safn af siðferðilegum áminningum sem hefur ekki eiginlega röklega uppbyggingu en *protreptic discourse* siðferðilegar leiðbeiningar sem eru

---

<sup>56</sup> Dibelius segir greinilegt að tilvitnanir bréfsins í 1M og Ok séu teknir úr LXX. Síraksbók og Speki Salómons tilheyra apókryfum bókum Gamla testamentisins. og auk þeirra nefnir Dibelius möguleg tengsl við Tóbítsbók sem einnig tilheyrir þeim flokki. Sama rit, s. 26-27.

<sup>57</sup> Hann telur Jakobsbréf ekki eiga sterk tengsl við Pálsbréf né 1. Pétursbréf en þeim tengslum hefur oft verið haldið fram. Eðli *paraenesis* texta er að hans áliti það almennt að ekki sé hægt að staðfesta tengsl á milli þessara rita. Sama rit, s. 28.

<sup>58</sup> Margir af forverum hans höfðu lagt áherslu á tengingu milli Jakobsbréfs og ummæla Jesú. Dibelius telur þau tengsl vera þrjúþætt: Í fyrsta lagi er form ummælanna í Jakobsbréfi sett fram á sama hátt og ummæli Jesú í guðspjöllunum, lauslega tengd með einstaka orðum, (*catchword connections*), eða alls ekki; í öðru lagi má sjá sambærilegan stíl í stuttum og hnitmiðuðum boðum og í myndlíkingum sem höfundarnir nota; og loks deila guðspjöllin og Jakobsbréf sömu grundvallarsannfæringu í boðun. Sama rit, s. 28.

<sup>59</sup> Hartin, *James* 2003, s. 10-12.

<sup>60</sup> John Gammie, „Paraenesis Literature: Toward the Morphology of a Secondary Genre” 1990, s. 41-77.

<sup>61</sup> Gammie setur fram þrjú viðmið til aðgreiningar á milli þessara undirflokka *paraenesis* og *protreptic discourse* en þau eru hlutverk fordæma, röksemdafærslu og sýnar eða skerpu. „(1) presence or absence of precepts and the purpose for which they are adduced; (2) extent of sustained demonstration and organization with a view to persuade; and (3) breadth of topics covered and/or sharpness of focus.” Sama rit, s. 54-55.

skýrt uppbyggðar og settar fram á röklegan máta.<sup>62</sup> Gammie gengur út frá því að Jakobsbréf tilheyri *paraenesis* og segir það falla vel að fyrirmynd klassískra *paraenesis* rita á borð við *Bréf Ísókratesar* (436-338 f. Kr.) til *Demoníusar*.<sup>63</sup> Hartin notar hinsvegar skilgreiningar Gammie til að sýna fram á að Jakobsbréf sé fyrst og fremst spekirit og að undirflokkurinn *protreptic discourse* eigi mun betur við bréfið en *paraenesis*.<sup>64</sup>

Andstætt hugmyndum Dibelius um að ekkert sambandi sé í hugsun Jakobsbréfs hafa nýrri rannsóknir leitt í ljós sameinandi stef í ritinu.<sup>65</sup> Þar er mest áberandi hugmyndin um heilleika eða fullkomnun en hana er að finna í öllu bréfinu og röksemdafærsla þess byggir á henni.<sup>66</sup> Áhugi á spekiritum varð áberandi á meðal Gyðinga frá 3. öld f. Kr. og fram yfir kristsburð en tilgangur þeirra er að miðla speki, ráðleggingum og leiðbeiningum. Spekin er yfirleitt tileinkuð kennivaldi, t.d. konungi eða spekingi, sem ljáir spekinni vægi og hún grundvallast á reynslu þess sem lifir í samræmi við hana. Í spekihefð gyðinglegra bókmennta eru algengar hugleiðingar um eðli spekinnar og uppruna og má sjá báða þessa þætti í Jakobsbréfi.<sup>67</sup> Til að

---

<sup>62</sup> Hartin orðar muninn þannig: „The major difference between the two lies in their expression. „*Paraenesis* is a form of address which not only commends, but actually enumerates precepts or maxims which pertain to moral aspiration and the regulation of human conduct” ... On the other hand, *protreptic discourse* contains a sustained argument that seeks to develop the theme more fully through a demonstration which is stylistically expressed in a clear, logical and syllogistic manner”. Hartin, *James* 2003, s. 11.

<sup>63</sup> Gammie, „*Paraenesis Literature*” 1990, s. 50-51.

<sup>64</sup> Hartin heimfærir ofangreind þrjú viðmið Gammie til aðgreiningar á *paraenesis* og *protreptic discourse* yfir á Jakobsbréf til að sýna fram á að *protreptic discourse* eigi betur við bréfið. Hlutverk fordæma eru grundvallandi í *paraenesis* textum en þau má aðeins finna á nokkrum stöðum í Jakobsbréfi og þá til að styðja aðra röksemdafærslu (sbr. Jk 4.11-12), líkt og algengt er í *protreptic discourse*. *Protreptic discourse* hefur skýrt uppbyggða röksemdafærslu, sem Hartin telur sig sjá í Jakobsbréfi, og meginmarkmið þeirra er að sannfæra lesendur. Loks hefur *paraenesis* mjög vítt sjónarhorn og getur innhaldið mjög ólíkt á efni meðan *protreptic discourse* hefur skýrari sýn og meiri skerpu. Jakobsbréf fellur undir slíkt í áherslunni á vináttuna við Guð andspænis vináttu við heiminn en öðrum áherslum sem falla utan við það umfjöllunarefni er sleppt. Hartin, *Spirituality of Perfection* 1999, s. 47-49

<sup>65</sup> Hartin nefnir að rannsakendur hafi hvor í sínu lagi og með ólíkri aðferðafræði dregið fram hugmyndina um fullkomnun sem sameinandi stef. Í umfjöllun sinni telur hann upp fræðimenn sem hafa dregið þessa ályktun um sambandi bréfsins á síðustu 20 árum. Hartin, *James* 2003, s.10-11.

<sup>66</sup> Bók Hartin *A Spirituality of Perfection* fjallar um grunnhugtakið fullkomnun (τέλειος) í Jakobsbréfi og tengsl þess við aðrar bókmenntir.

<sup>67</sup> Hartin, *James* 2003, s. 10.

breiða út speki sína valdi höfundur bréfaformið og sá misskilningur að Jakobsbréf sé ekki eiginlegt bréf að forminu til byggir á samburði við Pálsbréfin. Jakobsbréf skortir þætti sem einkenna Pálsbréf, svo sem þakkargjörðarluta og niðurlag með kveðju til viðtakenda, en það fellur samt fullkomlega að fyrirmyndum Grikkja um ritun bréfa.<sup>68</sup> Með því að stíla bréfið á kynkvíslirnar tólf í dreifingunni (Jk 1.1), staðsetur Jakobsbréf sig í hefð dreifingarbréfa (*diaspora letters*), bréfa sem skrifuð voru í landinu helga til Gyðinga sem bjuggu fyrir utan það. Bréfinu svipar mjög til þekktra slíkra bréfa<sup>69</sup> að uppbyggingu og það gæti skýrt af hverju engar persónulegar skírskotanir eru í bréfinu sjálfu.<sup>70</sup>

#### 2.4 Uppbygging Jakobsbréfs.

Lítill eining er meðal fræðimanna um hvernig nálgast eigi uppbyggingu Jakobsbréfs og til þessa dags einkennist umræðan af því að hrekja hugmyndir Dibelius.<sup>71</sup> Segja má að fræðimenn skiptist í tvo hópa, annarsvegar þá sem telja samsetningu þess samhengislausu í takt við áherslur Dibelius, þó fæstir telji ritið jafn tilviljanakennt og hann hélt fram, og hinsvegar þá sem sett hafa upp einhverskonar líkan af innra samhengi ritsins. Vandinn við síðari tilgátuna er sá að engin samstaða næst um hvernig slíkt líkan á að vera og ástæðu þess segir Hartin vera þá huglægu mælikvarða sem flestar slíkar nálganir nota.<sup>72</sup> Lykilinn að uppbyggingu bréfsins segir Hartin felast í aðferðafræði orðræðugreiningar (*discourse analysis*) en sú nálgun varpar ljósi á samsetningu rita án þess að gerast sek

---

<sup>68</sup> Sama rit, s. 14.

<sup>69</sup> Tvö slík bréf tilheyra apókryfum bókum Gamla testamentisins, en þau eru bréf í upphafi Annarar Makkabeabókar, „Bréf til Gyðinga í Egyptalandi” (2 Mkk 1.1-2.32) og *Bréf Jeremía*, sem er flokkað sér í útgáfu Árna Bergs en er í raun 6. kafli Barúksbókar, *Apókryfar bækur Gamla testamentisins* 1994.

<sup>70</sup> Hartin, *James* 2003, s. 15.

<sup>71</sup> Bauckham tekur upp mörg nýleg rit sem fjalla um uppbyggingu Jakobsbréfs og bendir á hversu fjölbreyttum niðurstöðum þau greina frá, jafnvel milli höfunda sem styðjast við sömu aðferðafræði. Richard Bauckham, *James* 1999, s. 61.

<sup>72</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 23.

um huglægni.<sup>73</sup> Nálgunin varpar annarsvegar ljósi á samsetningu ritsins sem bréfs og hinsvegar á meginþemu þess sem hafa spekina að miðju og hverfiás.

Bréfitun voru kennd sem sérstök grein á fyrri stigum hins helleníska menntakerfis og varðveittar eru kennslubækur í bréfaskrifum frá því fyrir hið kristna tímatal.<sup>74</sup> Slíkar handbækur telja upp margvíslegar tegundir bréfa og var uppsetning þeirra ólík eftir efni og erindi einstakra bréfa. Mikilvægt er að hafa í huga að bréf eru fyrst og fremst bókmenntaform og þau geta þjónað mun stærra hlutverki en eiginleg sendibréf til eins eða fleiri viðtakenda.<sup>75</sup> Fræðimenn sem rannsakað hafa grísk bréfasöfn hafa reynt að kortleggja hinar ýmsu tegundir fornra bréfa og meðal annars gert þar greinarmun á einkabréfum og opinberum bréfum. Yfirleitt má ráða af innihaldi hvers bréfs hverskonar viðmælendur bréfhöfundur hefur í huga og hvort um sé að ræða einkaerindi eða ávarp ætlað stærri lesendahópi.<sup>76</sup> Tiltölulega snemma fóru bréfaskrif að taka á sig nokkuð mótaða uppsetningu, upphaf með ávarpi yfirleitt með sögninni *χαίρειν*, meginmáli sem er ólíkt eftir efni bréfsins og loks niðurlagi með kveðjuorðum oft með sögninni *ῥώνυμι*.<sup>77</sup>

Líkan sitt að samsetningu Jakobsbréfs byggir Hartin á rannsókn Fred O. Francis á upphafi og niðurlagi Jakobsbréfs og 1. Jóhannesarbréfs en þau

---

<sup>73</sup> Stór þáttur af doktorsritgerð Hartin um samband Jakobsbréfs við Ræðuheimildina fólst í beitingu slíkrar ræðugreiningar á Jakobsbréf. (Doktorsritgerð hans ber heitið „*James: A New Testament Wisdom Writing and its Relationship to Q*“ sem var lögð fram til D.Th. gráðu við Háskólann í Pretoríu, Suður-Afríku. Bókin *James and Q* er endurskoðuð útgáfa hennar). Setja má spurningamerki við þá staðhæfingu að mælikvarðar orðræðugreiningar séu minna huglægir en aðrar aðferðafræðilegar nálganir. Þrátt fyrir að líkan Hartin sé mest sannfærandi af þeim sem ég hef skoðað er fjarri því að eining hafi myndast meðal fræðimanna um líkan Hartin að uppbyggingu bréfsins. Sama rit, s. 24.

<sup>74</sup> Elsta varðveitta kennslubókin í bréfitun *Typoi epistolikoi*, sem er ranglega eignuð Demétríusi frá Falerum (d. 280 f. Kr.), er engu að síður talin frá því fyrir Krists burð. Slíkar kennslubækur urðu algengari og þróaðri með tímanum. Margar slíkar kennslubækur eru varðveittar frá 4.öld og fram á miðaldir. James D. Hester, „Rhetoric and the Composition of the Letters of Paul” 2002, 64.

<sup>75</sup> Mörg dæmi eru um þetta í okkar samtíma. Skáldsaga Þórbergs Þórðarsonar *Bréf til Láru* er dæmi um skáldverk sem sett er upp í formi sendibréfs og reglulega birtast greinar í dagblöðum sem eru stíluð á stofnun eða ráðamann, svo kölluð opin bréf.

<sup>76</sup> Hester, „Rhetoric and Composition in Paul” 2002, s. 63-64.

<sup>77</sup> Sama rit, s. 62.

hafa ekki verið talin eiginleg bréf vegna þess hversu ólík þau eru Pálsbréfum.<sup>78</sup> Upphaf Jakobsbréfs fylgir nákvæmlega forskrift Grikkja um bréfrítun þar sem fram kemur nafn sendanda, áætlaðir viðtakendur og ávarp með χάριεν. Ávarpið kallast síðan á við χάράν í öðru versu en það er algengt stúlbragð í hellenískum bréfum að láta línur kallast á.<sup>79</sup> Í inngangi bréfsins (Jk 1.2-27) kynnir höfundur þau stef sem tekin verða til umfjöllunar og þau eru síðan útfærð nánar í meginmáli bréfsins. Francis sýnir fram á að sú uppbygging sé þekkt í hellenískum bréfaskrifum að kynna efnisflokk bréfs stuttlega í inngangi og taka þá síðan upp einn af öðrum í meginmáli bréfsins.<sup>80</sup> Þegar form og uppbygging hellenískra bréfa eru skoðuð sést tilhneiging til að setja umfjöllunarefnin fram tvisvar og er það gert með tveimur inngangsforskriftum (*introductory formulae*) yfirleitt með óskum um blessun (μακάριος) og þakkargjörð (εὐλογητός) eða sambærilegum hugtökum.<sup>81</sup> Í Jakobsbréfi er inngangskafli skipt í tvo hluta og er sambærileg hugtök þar að finna, ósk um gleði (χάράν) í Jk 1.2-11 og sæluboð (μακάριος) í Jk 1.12-27.

Hartin setur upp eftirfarandi líkan að uppbyggingu Jakobsbréfs.

Uppbygging Jakobsbréfs. <sup>82</sup>			
Hluti I: Upphafsforskrift (Jk 1.1)			
Períkópa A	(1.1)	Upphafsávarp	
Hluti II: Inngangsforskrift (Jk 1.2-27)			
Fyrri hluti (1.2-11) – Inngangsforskrift (χάράν)			
Períkópa B	(1.2-4)	Raunir – þolgæði	(E)
Períkópa C	(1.5-8)	Speki	(D)
Períkópa D	(1.9-11)	Ríkir – fátækir	(A)
Seinni hluti (1.12-27) – Inngangsforskrift (μακάριος)			
Períkópa E	(1.12-18)	Raunir – þolgæði	(E)
Períkópa F	(1.19-27)	Ummæli um:	
(i)	(1.20-21)	Reiði	(F)

<sup>78</sup> Fred O. Francis, „The Form and Function of the Opening and Closing Paragraphs of James and 1 John” 1970.

<sup>79</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 25-26.

<sup>80</sup> Sem dæmi um slík bréf nefnir hann t.d. bréf varðveitt af Jósefusi (*Antiquities VIII, 50-54*) og í 1. Makkabeabók 10.25-45. Francis, „Form and Function of James and 1 John” 1970.

<sup>81</sup> Francis, „Form and Function of James and 1 John” 1970, s. 111.

<sup>82</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 30.

(ii)	(1.22-25) Gerendur orðsins	(B)
(iii)	(1.26-27) Taumhald á tungunni	(C)
Hluti III: Meginmál (Jk 2.1-5.6)		
Períkópa G	(2.1-13) Manngreinarálit (Ríkir–fátækir)	(A)
Períkópa H	(2.14-26) Gerendur orðsins (Trú og verk)	(B)
Períkópa I	(3.1-12) Að stýra tungu sinni	(C)
Períkópa J	(3.13-18) Spekin að ofan	(D)
Períkópa K	(4.1-10) Spekiorð (ráð hins vitra)	(D)
Períkópa L	(4.11-12) Illt umtal	(C)
Períkópa M	(4.13-17) Að gjöra gott	(B)
Períkópa N	(5.1-6) Hroki hinna ríku	(A)
Hluti IV: Niðurlag (Jk 5.7-20)		

Líkt og líkanið gefur til kynna eru fjögur meginstef tekin fyrir í meginmálinu og þau sett upp á þann hátt að fyrsta stefið er einnig hið síðasta, annað stefið tekið upp á ný næst síðast og þannig áfram koll af kalli.<sup>83</sup> Stefin fjögur, sem eru tilgreind með bókstöfum A-D, eru kynnt í inngangskafnanum en stefið um raunir og þolgæði (merkt E) er tvítekið í honum og fær því ekki frekari umfjöllun. Miðja bréfsins og hverfiás er orðræða um spekina (merkt D) eðli hennar og birtingu en það undirstrikar áherslu Jakobsbréfs á spekiefnið.<sup>84</sup> Niðurlag bréfsins vísar síðan aftur til inngangsins í áherslu á þolgæði í raunum og mikilvægi bænarrinnar og rammur þannig inn umfjöllunina.<sup>85</sup> Jakobsbréf er því langt frá því að vera sundurlaus upptalning á hvatningum og áminningum, heldur vandlega samsett ritverk með einfaldri en úthugsaðri uppbyggingu.

### 3. Ræðuheimildin Q og Jakobsbréf.<sup>86</sup>

Tengsl Jakobsbréfs við orð Jesú í Fjallræðunni hafa lengi verið þekkt, en Fjallræðan tilheyrir Ræðuheimildinni svokölluðu.<sup>87</sup>

<sup>83</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 26-27.

<sup>84</sup> Sama rit, s. 31.

<sup>85</sup> Sama rit, s. 29-30, 34.

<sup>86</sup> Hér verða heitin Ræðuheimildin og Q notuð jöfnum höndum.

<sup>87</sup> Joseph B. Mayor, *The Epistle of James* 1990 [1913], s. 80-82. Ritskýringaverk skoska biblíufræðingsins J. B. Mayor (1828-1916) er eitt af stóru verkum Jakobsrannsóknna en hann útlistar nákvæmlega tengsl Jakobsbréfs við Fjallræðuna. Hartin bendir á að fáeinir biblíufræðingar 20. aldarinnar hafi fjallað um slík tengsl en Hartin er fyrstur til að rannsaka tengsl Ræðuheimildarinnar við Jakobsbréf nákvæmlega. Hartin, *James and Q* 1991, s. 140-141.

Ræðuheimildin, sem yfirleitt er vísað til með bókstafnum Q eftir þýska orðinu *Quelle*, er ein sameiginlegra heimilda að baki guðspjöllum Matteusar og Lúkasar samkvæmt hinni svokölluðu *tveggja heimilda kenningu*.<sup>88</sup> Sú kenning var fyrst sett fram af þýska heimspekingnum Christian H. Weisse, árið 1838, til að skýra efni sem Lúkasarguðspjall og Matteusarguðspjall eiga sameiginlegt, en er ekki að finna í Markúsarguðspjalli.<sup>89</sup> Í byrjun voru rannsóknir á Ræðuheimildinni nokkuð takmarkaðar, meðal annars vegna áhrifa frá Friedrich Schliermacher,<sup>90</sup> og það var ekki fyrr en á 20. öld sem mikilvægi hennar hlaut almenna viðurkenningu.

Ræðuheimildin geymir elstu varðveittu hefðir Nýja testamentisins um orð Jesú frá Nasaret og elsta efni (*stratum*) hennar er dagsett frá því um 50 en lokagerð hennar frá því rétt eftir 70.<sup>91</sup> Eldri fræðimenn höfðu gert sér í hugarlund að Ræðuheimildin hafi fyrst og fremst varðveist í munnlegri geymd en í dag er breið samstaða um að um ritaða heimild sé að

---

<sup>88</sup> Kenningin gerir ráð fyrir því, að höfundar Mt og Lk hafi hvor í sínu lagi notað Mk sem heimild. Það að Mt og Lk geyma sameiginlega um 235 vers sem ekki er að finna í Mk skýrir kenningin með því að höfundarnir hafi hvor um sig haft aðgang að annarri heimild, Ræðuheimildinni, sem samanstóð að mestu af ummælum Jesú. Efni hennar er einkum ummæli, ræður og dæmisögur en þar er lítið af eiginlegri frásögn og enga vísun að finna í Píslarsöguna. Auk Mk og Q er talið að hvor guðspjallamaður fyrir sig hafi þekkt aðra heimild sem þeir nota í guðspjöll sín og kallast sérheimild Matteusarguðspjalls (M) og sérheimild Lúkasarguðspjalls (L).

<sup>89</sup> Kenningin gerir ráð fyrir að Ræðuheimildin sé notuð sjálfstætt af guðspjallamönnum tveimur. Til eru fleiri skýringarmódel til að skýra samband samstofnaguðspjallanna en *tveggja heimilda kenningin* hefur hlotið mikla viðurkenningu meðal fræðimanna og þeir eru fáir sem hafna henni. Ítarlega umfjöllun um kenninguna og önnur skýringarmódel má finna í 1. kafla bókar Kloppenborg Verbin: „Q and the Synoptic Problem.” John S. Kloppenborg Verbin, *Excavating Q: The History and Setting of the Sayings Gospel* 2000.

<sup>90</sup> James M. Robinson o.a. ritstj., *The Sayings Gospel Q in Greek and English* 2000, s. 23-26. Schleiermacher hélt því ranglega fram að Papias (2. öld) hafi átt við heimild að baki guðspjöllunum með hugtakinu *λογία* sem hafi verið rituð á arameísku. Þetta leiddi til þess að það var lengi álitnið að Q heimildin hafi verið arameísk og enn þann dag í dag eru til menn sem vilja halda því fram. Sú hugmynd hefur hinsvegar endanlega verið hrakin. (Umfjöllun um hvers vegna útilokað er að Q eigi sér arameískt upphaf er í bók Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, s. 72-80; 341-342.)

<sup>91</sup> Kloppenborg bendir á hversu erfitt það er að dagsetja rit úr frumkristni. Mikil samstaða er um þá hugmynd að elstu textar Ræðuheimildarinnar geymi elstu varðveittu hefðir Nýja testamentisins um orð Jesú en nákvæm tímasetning er mjög á reiki. Kloppenborg hallast að þeirri hugmynd að Q-1, elsta lagið, megi tímasetja um 50 e. Kr. og er mjög varkár í þeim efnum. Hinsvegar hefur Ræðuheimildin ekki tekið á sig þá mynd sem við þekkjum fyrr en um 70, en þá er efnið rammað inn og yngsta lagi þess Q-3 bætt við. Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, s. 80-87.

ræða og að frumritun hennar hafi átt sér stað á grísku.<sup>92</sup> Við það að fræðimenn áttuðu sig á möguleika þess að Q hafi verið rituð grísk heimild og hægt væri að einangra ritstjórávinnu guðspjallamannanna, hófust tilraunir til að endurgera textann með verkfærum biblíuvísindanna.<sup>93</sup> Á níunda áratugnum var settur á stofn alþjóðlegur rannsóknarhópur til að endurgera Ræðuheimildina, sem gekk undir nafninu *International Q Project (IQP)*,<sup>94</sup> en hann samanstóð af hópi alþjóðlegra fræðimanna<sup>95</sup> sem starfaði á árunum 1985-1999. Ávöxtur þess var gefinn út í áföngum og um aldamótin 2000 leit heildarútgáfa dagsins ljós undir heitinu *The Critical Edition of Q*.<sup>96</sup>

Margt er orðið vitað um eðli og innihald Ræðuheimildarinnar og hafa niðurstöður rannsókna breytt mjög sýn guðfræðinga á upphaf kristindómsins. Einna eftirtektarverðust er sú staðreynd að Ræðuheimildin innheldur enga vísun í píslarsögu Krists og engar vísbendingar eru um að hún þekki boðun um krossdauða Jesú.<sup>97</sup> Ræðuheimildin, ásamt handritafundum á ritum frá árdögum kristinnar, sem ekki eru hluti hins kristna regluritasafns,<sup>98</sup> hafa sýnt fram á að frá upphafi var kristindómurinn mjög fjölbreytt hugmyndafræði og ekki er lengur hægt að líta á eina mótandi kristna hreyfingu í baráttu við meinta „aðskilnaðarsinna”, líkt og

---

<sup>92</sup> Sama rit, s. 56-60 og 367-8.

<sup>93</sup> Tilraunir til endurgerðar hafa verið mjög margar og Hartin bendir á að í inngangsfræði Nýja testamentisins eftir James Moffatt frá fyrri hluta 20. aldar hafi hann talið upp 16 endurgerðir og engar tvær þeirra hafi verið samhljóma. Sú endurgerð sem Hartin styðst við í *James and the Q sayings of Jesus*, var gerð af Athanasius Polag. Hartin, *James and Q* 1991, s. 50.

<sup>94</sup> IQP hópurinn var styrktur af Society of Biblical Literature og var lengst af undir sameiginlegri forystu James M. Robinson, Paul Hoffmann og John S. Kloppenborg.

<sup>95</sup> Til að gefa hugmynd um þann hóp fræðimanna sem koma að verkefninu má nefna nokkra þekktu fræðimenn á sviði nýjatestamentisfræða en þess ber að geta að slík upptalning er langt frá því tæmandi: Jón Ma. Ásgeirsson; Patrick J. Hartin; John S. Kloppenborg; Helmut Koester; Ronald A. Piper; James M. Robinson; Leif Vaage; Ron Cameron; Paul Hoffmann; Shawn Carruth; Jon Daniels; Milton C. Moreland; Albrecht Garsky; Christoff Heil; og fl.

<sup>96</sup> James M. Robinson, Paul Hoffman & John S. Kloppenborg ritstj., *The Critical Edition of Q: A Synopsis Including the Gospels of Matthew and Luke, Mark and Thomas* 2000.

<sup>97</sup> Kloppenborg segir engar vísbendingar vera í Ræðuheimildinni sem benda til að hún þekki boðun um krossdauða Jesú. Rannsóknir á píslarsöguhefð Markúsar hafa leitt í ljós að að baki henni liggja m.a. gyðinglegar spekisagnir og þó Ræðuheimildin byggji á sama grunni spekisagna túlkar hún dauða Jesú hvergi í frelsandi ljósi. Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, s. 363-379: ‘Q and Easter Faith’.

<sup>98</sup> Þar hefur haft mest áhrif Nag Hammadi handritasafnið sem fannst í Egyptalandi árið 1945 og inniheldur m.a. *Tómasarguðspjall* sem á margt skylt með Ræðuheimildinni.

hefðin dregur upp. Skilningur á efni Ræðuheimildarinnar er nátengdur spurningunni um bókmenntaform hennar og þar hefur tenging James M. Robinson á Ræðuheimildinni við spekihefðir haft mikil áhrif.

### 3.1 Ræðuheimildin og ferill spekihefða.

Grein Robinson, sem ber heitið “*LOGOI SOPHON*” : *On the Gattung of Q* og kom fyrst út árið 1964, hefur valdið vatnaskilum í umræðunni um bókmenntaflokk Ræðuheimildarinnar, en í henni staðsetur Robinson Q á ferli spekibókmennta.<sup>99</sup> Greinin er tileinkuð Rudolf Bultmann og byggir á tengingu sem Bultmann setur fram á milli ummæla Jesú, *logoi*, og gyðinglegra spekirita.<sup>100</sup> Þá tengingu útfærir Robinson nánar og segir Ræðuheimildina tilheyra bókmenntaflokki sem hann nefnir, *logoi sophon*<sup>101</sup>, en sú nafngift á að endurspeglar hefðir sem eru einkennandi fyrir þann bókmenntaflokk sem Ræðuheimildin tilheyrir. Robinson dregur upp feril, (*trajectory*), spekihefða sem eru upprunnar í Mesópótamíu og koma síðan fram í spekiritum Gamla testamentisins, Orðskviðunum, Jobsbók og Prédikaranum. Áhersla á spekina var mjög áberandi á helleníska tímanum eins og sjá má í apókrýfum ritum Gamla testamentisins, samanber Síraksbók og Speki Salómons og í *Mishnah*, samanber *Pirke Aboth*. Áhrif slíkra bókmennta skiluðu sér inn í elstu heimildir kristindómsins og að álitum Robinson lauk þessum bókmenntaferli loks í ritum á borð við

---

<sup>99</sup> James M. Robinson, „LOGOI SOPHON: On the Gattung of Q” 1971 [1964].

<sup>100</sup> Í riti Bultmann, *Die Geschichte der synoptischen Tradition* frá 1921 tengir hann ummæli Jesú og gyðinglegar spekibókmenntir (*meshalim*) og skilgreinir ummæli (*logia*) sem spekiefni. Yfirskrift Bultmann er „*Logia* (Jesus the wisdom teacher)”, og þar byggir hann á textum Mt 23.34-39 (og hliðstæðu Lk 11.49) þar sem Ræðuheimildin vitnar í hina persónugerðu visku (Σοφία). Niðurstaða Bultmann er að þessi texti sé vitnisburður um „mýtuna um hina guðlegu visku”, sem hann taldi hliðstæða „mýtunni um Frummanninn”. Í ritgerð um upphaf Jóhannesarguðspjalls, „Der religionsgeschichtliche Hintergrund des Prologs zum Johannes-Evangelium” frá 1967, fjallar hann um að það sem síðar hefur verið nefnt „hin gnóstíska endurlausnara mýta” og útgangspunktur hans er tengingin á milli ummæla Ræðuheimildarinnar eignaðar viskunni og Síraksbókar. Þessi tenging Bultmann á milli Ræðuheimildarinnar og spekirita Gyðinga er útgangspunktur Robinson, en Bultmann rannsakaði aldrei þau tengsl ítarlega. Robinson, „LOGOI SOPHON” 1971, s. 71-73.

<sup>101</sup> „Logoi Sophon”, útleggur hann sem ummæli spekinganna (*sayings of the sages*) eða orð hinna vitru (*words of the wise*). Sama rit, s. 73.

*Tómasarguðspjall* og *Pistis Sofia* og við tóku samræður við hinn upprisna frelsara í síðari gnóstískum bókmenntum.<sup>102</sup>

Í frumkristni var Jesús tengdur við spekihefð Gamla testamentisins og hann álitinn erindreki hinnar persónugerðu visku, σοφία, en slíkar hefðir eru varðveittar í Ræðuheimildinni. Robinson heldur því fram að hin persónugerða viska og tenging Jesú við hana hafi þróast yfir í gnóstískar hugmyndir um Jesú þar sem hann verður boðberi hinnar leyndu frelsandi þekkingar (γνῶσις).<sup>103</sup> Að áliti hans var sú þróun nær óhjákvæmileg og hann segir að bókmenntaformið hafa í raun falið í sér gnóstískar tilhneigingar frá upphafi.<sup>104</sup> Samstofnaguðspjöllin varðveita úr Ræðuheimildinni texta þar sem Jesú og Jóhannes skírari eru erindrekar viskunnar (Q 7.35) og dæmi er um að höfundur Matteusarguðspjalls leggi Jesú í munn ummæli sem höfundur Lúkasarguðspjalls eignar speki Guðs (Mt 23.34/Lk 11.49). Robinson tekur undir þá hugmynd að hægt sé að greina þróun í hugmyndum um tengsl Jesú við viskuna frá Ræðuheimildinni, sem segir hann vera erindreka hennar, og yfir í Matteusarguðspjall, sem segir Jesú vera hina holdgerðu visku. Af því segir hann ljóst að áður en að ummælaformið hafi horfið af sjónarsviði hins unga rétttrúnaðar hafi mátt greina þróun róttækra hugmynda um persónu Jesú sem hafi birst í fullri mynd í ritum gnóstikea.<sup>105</sup>

John S. Kloppenborg áréttar að framlag Robinson er mun merkilegra en aðeins að hafa fundið nafn á bókmenntaform Ræðuheimildarinnar. Robinson sýnir fram á að þróun Jesúhefðarinnar frá munnlegri geymd til ritaðra heimilda átti sér stað með hjálp bókmenntaforma (*literary genres*) og hann dregur ályktanir um guðfræðileg áhrif á Jesúhefðina út frá þeim

---

<sup>102</sup> Sama rit, s. 85.

<sup>103</sup> Sama rit, s. 103

<sup>104</sup> Þessi hugmynd hefur sætt mikilli gagnrýni og fáir fræðimenn eru tilbúnir að taka undir að bókmenntaformið sjálft beri í sér slíkar tilhneigingar þó að það sé sannfærandi hugmynd að „samræður við hinn upprisna frelsara” í gnóstískum bókmenntum hafi tekið við af spekiummælum Jesúhefðarinnar sem voru innleidd inn í guðspjallaformið. Sama rit, s. 104-105.

<sup>105</sup> Sama rit, s. 112-113.

hefðum sem greina má í og að baki Ræðuheimildinni.<sup>106</sup> Veikleiki á kenningu hans er hinsvegar sá að þau spekirit sem að Robinson ber saman við Q eru mun einsleitari að formi en Ræðuheimildin sjálf en auk spekihefða inniheldur Q kreijur (*chriae*), spámannleg ummæli og heimsslitahugmyndir, ásamt freistingarfrásögunni. Ræðuheimildin á sér sjálf þróunarsögu og Helmut Koester setti fram þá hugmynd að spekiefni Ræðuheimildarinnar tilheyrði eldra mótunarstigi ritsins en að áliti Koester er Q (og *Tómasarguðspjall*) fyrst og fremst spekiguðspjall (*wisdom gospel*). Sú nafngift bendir annarsvegar til spekiefnis ritanna og hinsvegar þess að boðun þeirra byggji ekki á krossdauða Jesú heldur sambandi hans við spekina.<sup>107</sup>

Bók Kloppenborg, *Formation of Q: Trajectories in Ancient Wisdom Collections* sem kom út árið 1987, markar vatnaskil í rannsóknum á Ræðuheimildinni en þar dregur Kloppenborg upp mótunarsögu sem staðsetur Q fastari fótum í hefð spekibókmennta.<sup>108</sup> Helsta gagnrýni Kloppenborg á samanburð Robinson við spekihefðir Gamla testamentisins, er að hann tekur ekki tillit til annara spekibókmennta en þeirra sem tilheyra gyðinglegum ritum.<sup>109</sup> Spekihefðir og spekibókmenntir eru í eðli sínu fjölmennningarlegar og margt bendir til að þeir sem söfnuðu slíku efni hafi

---

<sup>106</sup> Kloppenborg, *Formation of Q* 1987, s. 30.

<sup>107</sup> Helmut Koester, „Apocryphal and Canonical Gospels” 1980. s. 112-113.

<sup>108</sup> Kloppenborg dregur upp myndunarsögu í þremur stigum frá því ritið verður upphaflega til og þar til það er tekið upp í guðspjöll Matteusar og Lúkasar. Það útilokar þó ekki að textar á borð við Fjallræðuna hafi verið til sem sjálfstæð rit áður en elsta lagi Ræðuheimildarinnar var safnað saman. Elsta og jafnframt víðamesta lagið, Q-1, inniheldur ræður og ummæli, aðallega spekiefni. Greinanlegt er yngra lag sem bætt hefur verið við Q-2 og inniheldur stef um yfirvofandi dóm, devterónómískan söguskilning, ásamt stefjum úr sögunni af Lot. Hinn devterónómíski söguskilningur er að Guð hafi sent spámenn til að kalla lýð sinn Ísrael til iðrunar og hvetja hann til að hverfa frá rangri breytni, viðbrögð þjóðarinnar er höfnun og harðúð gegn boðum Guðs. Lot frásagan á langa sögu innan ritskýringar Gt og í bókmenntum frá síðara musterisskeiði, þar sem til hennar var vísað sem lýsandi fyrir reiði Guðs og dóm hans yfir syndugum lýð sínum. Þegar þetta efni er tekið frá situr eftir þriðja lagið, Q-3, en það inniheldur einungis örfáa texta. Þar er að finna freistingarfrásöguna, Q 4.1-13, ásamt tveimur öðrum versum Q 11.42 og Q 16.17. Sameiginlegt þessu efni er að það ber með sér vísi frásöguforms og aðlögun að hefðum gyðingdóms sem ekki sér stað annars staðar í Q-heimildinni. Ítarlega umfjöllun má einnig finna í 3. kafla Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, „The Composition and Genre of Q”. Kloppenborg, *Formation of Q* 1987.

<sup>109</sup> Sama rit, s. 31.

verið meðvitaðir um fjölþjóðlega skírskotun þess og uppruna. Ræðuheimildin er nátengd spekihefðum Gamla testamentisins en Kloppenborg segir tvenn rök knýja á samanburð við grískar spekibókmenntir. Annarsvegar sú staðreynd að Q er upphaflega skrifuð á grísku en ekki arameísku eða hebresku eins og margir eldri fræðimenn halda fram og tilheyrir því grískum bókmenntum þrátt fyrir augljós tengsl við semískar hefðir. Hinsvegar inniheldur Ræðuheimildin kreijur, bókmenntaform sem ekki er upprunalegt spekisöfnum Gyðinga en er víða að finna í grískum bókmenntum, aðallega ritum kýníkea.<sup>110</sup>

Ásamt umfjöllun um tengsl Q við gyðinglegar spekibókmenntir, tekur Kloppenborg tillit til spekisafna frá Austurlöndum nær, aðallega Egyptalandi, og grískra gnómusafna (*gnomologium*) og kreijusafna (*chriae collections*).<sup>111</sup> Þegar Ræðuheimildin er staðsett í umhverfi slíkra spekisafna er óhugsandi að álíta hana ófullkomið bókmenntaform, þvert á móti er Q með margbrotnustu bókmenntaverkum spekihefðarinnar.

### 3.2 Tengsl Jakobsbréfs við Jesúhefðina.

Bók Hartin sýnir fram á sterk tengsl á milli ummæla Ræðuheimildarinnar og Jakobsbréfs, sérstaklega við þau sem tilheyra Fjallræðunni.<sup>112</sup> Líkt og Ræðuheimildin er Jakobsbréf nátengd spekihefð Gamla testamentisins og Hartin staðsetur bréfið samhliða Q á þeim ferli sem Robinson dregur upp af spekihefðum. Ef textar Jakobsbréfs eru bornir saman við rit á borð við Orðskviðina, Síraksbók og Speki Salómons er augljóst að þar er um skylt efni að ræða en tengslin við Ræðuheimildina eru mun meira áberandi.<sup>113</sup> Gagnrýni Kloppenborg á jafnt við umfjöllun Hartin um Jakobsbréf og samanburð Robinson en Hartin einskorðar sig við spekiarf Gamla testamentisins og gyðinglegra bókmennta í samanburði sínum. Jakobsbréf er skrifað á mjög vandaðri grísku og inniheldur kreijur

---

<sup>110</sup> Sama rit, s. 263-264.

<sup>111</sup> Sama rit, sjá 7. kafla bókarinnar „Q and Ancient Sayings Collections”.

<sup>112</sup> Hartin, *James and Q* 1991, k. 5-6.

<sup>113</sup> Sama rit, s. 52-60.

líkt og Ræðuheimildin og samanburður bréfsins við gríska spekihefð á því ekki síður rétt á sér.

Hartin listar 26 staði í Jakobsbréfi sem hafa sterk textatengsl við samstofnaguðspjöllin en auk þeirra eru fjölmargir aðrir textar sem innihalda svipuð stef eða óljósar vísanir sem verða greinilegar í ljósi hinna meira áberandi staða.<sup>114</sup> Eftirtektarvert er hversu margir af þessum textum tilheyra Fjallræðunni og af þeim 26 textum sem taldir eru upp tilheyra 21<sup>115</sup> Fjallræðu Matteusarguðspjalls og 9 Slétturæðunni sambærilegu í Lúkasarguðspjalli.<sup>116</sup> Í Fjallræðunni sjálfri í Matteusarguðspjalli má greina þrjú lög af efni: það efni sem er tekið beint úr Ræðuheimildinni (er sameiginlegt Lúkasarguðspjalli), þróun og viðbætur sem orðið hafa í meðförum Matteusarsamfélagsins (Q<sup>Mt</sup>) og loks ritstjóravinnu höfundar Matteusarguðspjalls.<sup>117</sup>

Umfjöllun Hartin um sæluboðin í upphafi Fjallræðunnar (Mt 5.3-12) sýnir að höfundur Jakobsbréfs þekkir Q-ræðuna auk viðbóta sem áttu sér stað í meðförum samfélagsins Q<sup>Mt</sup> en ekki lokaútkomuna, guðspjallið sjálft. Matteusarguðspjall varðveitir nú sæluboð í Fjallræðunni og fjögur þeirra

---

<sup>114</sup> Listi Hartin er eftirfarandi. 1) Jk 1.2//Mt 5.11-12/Lk 6.22-23 (Q/F\*); 2) Jk 1.4//Mt 5.48 (M\*\*); 3) Jk 1.5,17; 4.2-3//Mt 7.7-8, 11/Lk 11.9-10,13 (Q); 4) Jk 1.6//Mt 21.21 (Mk 11.23); 5) Jk 1.22-23//Mt 7.24,26/Lk 6.46-47,49 (Q/F); 6) Jk 2.5//Mt 5.3,5 (11.5)/Lk 6.20 (7.22) (Q/F); 7) Jk 2.8//Mt 22.39-40/Lk 10.27 (Mk 12.28-34); 8) Jk 2.10//Mt 5.18-19/Lk 16.17 (Q); 9) Jk 2.11//Mt 5.21-30 (M); 10) Jk 2.13//Mt 5.7/Lk 6.36 (M-Q/F); 11) Jk 2.15-16//Mt 25.34-35/Lk 3.11 (M/L\*\*\*); 12) Jk 3.12//Mt 7.16-18/Lk 6.43-44 (Q/F); 13) Jk 3.18//Mt 5.9 (M); 14) Jk 4.4//Mt 12.39;6.24/Lk 11.29;16.13 (Q); 15) Jk 4.8//Mt 5.8 (M); 16) Jk 4.9//Mt 5.4/Lk 6.21b, 25 (Q/F/L); 17) Jk 4.10//Mt 23.12/Lk 14.11;18.14 (?Q); 18) Jk 4.11//Mt 7.1-2/Lk 6.37-38 (Q/F); 19) Jk 5.1//Lk 6.24-25 (L); 20) Jk 5.2-3//Mt 6.19-21/Lk 12.33-34 (Q); 21) Jk 5.6//Mt 7.1/Lk 6.37 (Q/F); 22) Jk 5.9//Mt 24.33 (Mk 13.29); 23) Jk 5.10//Mt 5.11-12/Lk 6.23 (Q/F); 24) Jk 5.12//Mt 5.34-37 (M); 25) Jk 5.17//Lk 4.25 (L); 26) Jk 5.19-20//Mt 18.15/Lk 17.3 (Q) Sama rit, s. 141-143.

(Heimildir: \*-Fjallræðan, \*\*-Sérefni Matteusar, \*\*\*- Sérefni Lúkasar)

<sup>115</sup> Jakobsbréf og Fjallræða Matteusarguðspjalls: 1) Jk 1.2//Mt 5.11-12; 2) Jk 1.4//Mt 5.48; 3) Jk 1.5//Mt 7.7; 4) Jk 1.17//Mt 7.11; 5) Jk 4.2-3//Mt 7.7-8; 6) Jk 1.22//Mt 7.24; 7) Jk 1.23//Mt 7.26; 8) Jk 2.5//Mt 5.3,5; 9) Jk 2.10//Mt 5.18-19; 10) Jk 2.11//Mt 5.21-22; 11) Jk 2.13//Mt 5.7; 12) Jk 3.12//Mt 7.16-18; 13) Jk 3.18//Mt 5.9; 14) Jk 4.4//Mt 6.24; 15) Jk 4.8//Mt 5.8; 16) Jk 4.9//Mt 5.4; 17) Jk 4.11//Mt 7.1-2; 18) Jk 5.2-3//Mt 6.19-21; 19) Jk 5.6//Mt 7.1; 20) Jk 5.10//Mt 5.11-12; 21) Jk 5.12//Mt 5.34-37. Sama rit, s. 144.

<sup>116</sup> Jakobsbréf og Slétturæða Lúkasarguðspjalls: 1) Jk 1.2//Lk 6.22-23; 2) Jk 1.22//Lk 6.46-47; 3) Jk 1.23//Lk 6.49; 4) Jk 2.5//Lk 6.20; 5) Jk 2.13//Lk 6.36; 6) Jk 3.12//Lk 6.43-44; 7) Jk 4.11//Lk 6.37-38; 8) Jk 5.6//Lk 6.37; 9) Jk 5.10//Lk 6.23. Sama rit, s. 145.

<sup>117</sup> Patrick J. Hartin, „James and the Q Sermon on the Mount/Plain” 1989. s. 442.

eru upprunaleg frá Ræðuheimildinni, fjögur hafa bæst við í meðförum samfélagsins en eitt virðist vera höfundarverk guðspjallamannsins, þó að fingraför hans megi greina víðar í sæluboðunum.<sup>118</sup> Ekkert bendir til þess að höfundur Jakobsbréfs þekki yngsta sæluboðið (Mt 5.10) né áherslur guðspjallamannsins sjálfs, samanber notkun hans á Jesaja 61.1-3 í framsetningu sæluboðanna.<sup>119</sup>

Í Lúkasarguðspjalli fylgja veiyrði (*woes*) strax á hæla hinna upprunalegu Q sæluboða (Lk 6.24-26) og Jakobsbréf á sitthvað efnislega sameiginlegt með innihaldi þeirra<sup>120</sup> en ekki er hægt að sjá að höfundur Jakobsbréfs hafi þekkt þróun Q<sup>Lk</sup> eða Slétturæðunnar innan Lúkasarsamfélagsins. Aðrir textar Fjallræðunnar sýna skyldleika við Jakobsbréf og til dæmis má lesa svipaðan skilning á kærleikslögmáli Jesú (*the kingly law*) út úr Jakobsbréfi og Q<sup>Mt</sup>.<sup>121</sup> Niðurstaða Hartin er sú að samanburður á Fjallræðu Matteusar og Slétturæðu Lúkasar við Jakobsbréf, gefi til kynna að höfundur bréfsins hafi þekkt Ræðuheimildina og þá þróun sem átti sér stað á henni innan Matteusarsamfélagsins Q<sup>Mt</sup> en ekki sambærilega þróun í Lúkasarsamfélaginu Q<sup>Lk</sup>. Ennfremur virðist höfundi bréfsins ekki vera kunnugt um Matteusarguðspjall og því er líklegt að bréfið sé ritað á milli Q<sup>Mt</sup> og Matteusarguðspjalls í tíma og í samfélagi sem þekkti til þess hóps sem guðspjallið er komið frá.<sup>122</sup>

Þegar textar Ræðuheimildarinnar utan Fjallræðunnar eru bornir saman við Jakobsbréf kemur margskonar skyldleiki í ljós, bæði varðandi innihald og orðfæri. Umfjöllun Jakobsbréfs um bænir (Jk 1.5-8;4.3) sýnir skyldleika við Q texta (Q 11.9-13),<sup>123</sup> textar um að safna veraldlegum

---

<sup>118</sup> Sama rit, s. 442-451.

<sup>119</sup> Sama rit, s. 451.

<sup>120</sup> Svipaðar hugmyndir má greina í Jk 4.9 og Lk 6.25 sem og í Jk 5.1-6 og Lk 6.24. Það gefur til kynna að bæði ritin eru að vinna með ummælahefð Jesú sem þau túlka á mismunandi hátt. Það er hinsvegar ekki hægt að sjá bein textatengsl á milli Jakobsbréfs og Q<sup>Lk</sup>. Hartin, *James and Q* 1991. s. 162-164.

<sup>121</sup> Hartin, „James and the Q Sermon on the Mount/Plain” 1989. s. 452.

<sup>122</sup> Hartin, *James and Q* 1991. s. 171-172.

<sup>123</sup> Sama rit, s. 173.

fjárjóðum (Jk 5.2-3) eru áberandi líkir milli ritanna (Q 12.33-34)<sup>124</sup> og skyldleiki í hugsun er í textum um að snúa syndugum frá villu síns vegar (Jk 5.19-20//Q 17.3-4), nauðsyn þess að halda lögmálið í heild sinni (Jk 2.10//Q 16.17) og að ekki sé hægt að þjóna tveimur herrum (Jk 4.4//Q 16.13).<sup>125</sup> Loks er textinn um að sá sem auðmýkir sig verði upphafinn (Jk 4.10) líkur texta sem mögulega kemur úr Ræðuheimildinni (Q 14.11)<sup>126</sup> og á margar hliðstæður í spekiritum Gamla testamentisins.<sup>127</sup>

Aðeins tvær mögulegar ástæður geta skýrt þessi sterku tengsl Jakobsbréfs við efni Ræðuheimildarinnar, annaðhvort byggja bæði ritin á sameiginlegri heimild eða Jakobsbréf er undir beinum áhrifum frá Q. Rök Hartin benda til hins síðarnefnda enda óþarft að gera ráð fyrir fleiri heimildum en nauðsynlegt er.<sup>128</sup> Næst rekur Hartin hliðstæður við sérefni Matteusarguðspjalls (M) og Lúkasarguðspjalls (L) í Jakobsbréfi og sá samanburður rennir stóðum undir fyrri ályktanir hans. Jakobsbréf þekkir hvorki L heimildina, né höfundaverk guðspjallamannanna tveggja en textar úr M heimildinni sýna greinileg textatengsl við Jakobsbréf. Það styrkir þá hugmynd að höfundur bréfsins hafi þekkt til þeirra rita sem Matteusarsamfélagið byggði trú sína á fyrir ritun Matteusarguðspjalls.<sup>129</sup> Niðurstaða Hartin er sú að Jakobsbréf sé gegnsýrt af ummælaarfi Jesúhefðarinnar og víða má greina veikari enduróm af þeirri hefð í bréfinu.<sup>130</sup> Notkun Jakobsbréfs á efni Ræðuheimildarinnar einskorðast ekki

---

<sup>124</sup> Sama rit, s. 179.

<sup>125</sup> Sama rit, s. 181-183.

<sup>126</sup> Robinson ofl., *Q in Greek and English* 2000, s. 134-135. IQP gefur líkindum þess að þetta sé Q texti einkunina C á skalanum A til D.

<sup>127</sup> Sbr. Jb 5.11;22.29; Ok 3.34; Sr 2.17. Hartin, *James and Q* 1991, s. 185.

<sup>128</sup> Hartin vitnar í Kloppenborg í þessu samhengi sem hefur staðfastlega haldið því fram að ekki skuli gera ráð fyrir fleiri heimildum að baki textum en nauðsynlegt er. „Litterae non sunt multiplicandae praeter necessitatem”. Sama rit, s. 186.

<sup>129</sup> Þeir textar Jakobsbréfs sem Hartin nefnir og eiga tengsl við M og L heimildirnar eru Jk 5.12//Mt 5.33-37 en þeir fjalla um að vinna ekki eið og Jk 2.15-16//Mt 25.34-35/Lk 3.11 en þar er áréttuð nauðsyn þess að sýna trú í verki gagnvart hinum þurfandi. Sama rit, s. 187-195.

<sup>130</sup> Sama rit, s. 195-198

við takmarkað efni heldur tekur það upp marga ólíka hluta hennar og Jakobsbréf er þannig mikilvægur vitnisburður um tilvist Q.<sup>131</sup>

### 3.3 Spekiefni í Jakobsbréfi og Q.

Spekiefnið í þessum tveimur ritum birtist á tvennskona hátt líkt og algengt er í spekiritum, annarsvegar í formi ummæla og hinsvegar sem vangaveltur um eðli og náttúru spekinnar sjálfrar. Spekiummælin sjálf taka á sig fjölbreytta mynd og Hartin nefnir fimm gerðir spekiefnis sem sameiginlegt er Ræðuheimildinni og Jakobsbréfi.<sup>132</sup> Í fyrsta lagi eru þar spekiummæli (*wisdom sayings*) en það eru staðhæfingar dregnar af reynslu þess sem þau eru eignuð og gefa hagnýtar ráðleggingar um hvernig lesandinn eigi að haga lífi sínu. Slík ummæli eru mjög algeng bæði í Jakobsbréfi og Q og mörg þeirra geta staðið ein og sér utan samhengis ritanna.<sup>133</sup> Líkt og ummælin hafa spekiáminningar (*wisdom admonitions*), önnur gerð spekiefnis, sterka skírskotun í daglegt líf og hegðun en sá munur er á að áminningar leggja meira uppúr fræðslugildi (*didactic element*). Slíkar áminningar eru algengar í báðum ritunum og Jakobsbréf hefst á nokkrum jákvæðum áminningum sem setja tóninn fyrir bréfið í heild.<sup>134</sup> Í spekiritum gyðingdóms var lögð áhersla á að maðurinn hafi áhrif á aðstæður sínar með hegðun en spekiummæli og áminningar Ræðuheimildarinnar og Jakobsbréfs eru gjarnan tengd yfirvofandi heimsslitum.<sup>135</sup>

Þrjár aðrar gerðir spekiefnis má greina í ritunum en það eru sæluboð, veiyrði og samanburður en allar standa þær föstum fótum í spekihefðinni. Þegar hefur verið fjallað um sæluboð Fjallræðunnar og tengsl þeirra við Jakobsbréf en sæluboð eru einkennandi fyrir spekibókmenntir jafnt í gyðinglegum sem grísk-rómverskum bókmenntum. Uppbygging sæluboða

---

<sup>131</sup> Sama rit, s. 187.

<sup>132</sup> Sama rit, s. 59-80.

<sup>133</sup> Dæmin sem Hartin tiltekur um spekiummæli í Q eru Q 6.40, Q 6.45 og Q 10.30 og í Jakobsbréfi Jk 2.13,26; 3.16-18; 4.1. Sama rit, s. 60-62.

<sup>134</sup> Dæmi Hartin um spekiáminningar í Q eru Q 6.31,37; 10.2 og í Jakobsbréfi Jk 1.2,4-6,19-27; 2.1; 3.1; 4.7-10; 5.20. Sama rit.

<sup>135</sup> Sama rit, s. 61.

er nokkuð fastmótuð. Fyrst er ávarp „sælir eru...” (*μακάριος*), síðan er tilgreint hver á í hlut og loks hversvegna viðkomandi á blessun í vændum. Μακάριος sæluboð koma tvisvar fyrir í Jakobsbréfi og líkt og í Ræðuheimildinni og Opinberunarbókinni eru þau sett í heimslitasamhengi.<sup>136</sup> Veiyrdi eiga bakgrunn jafnt í spámannlegum ritum og spekibókmenntum en í Ræðuheimildinni standa slíkir textar í tengslum við spekiefni.<sup>137</sup> Gerður er greinarmunur á veiyrdum sem fjalla um núverandi aðstæður, líkt og gagnrýni á Farísea og lögvitringa í Lk 11.37-52, og veiyrdum sem ætlað er að áminna og hvetja lesendur (*with a paraenetic interest*).<sup>138</sup> Líkt og Q tengir Jakobsbréf veiyrdi spekihefðinni en í báðum tilfellum sjást merki frá spámannlegum og heimslitahefðum.<sup>139</sup>

Síðasta gerð spekiefnis sem greina má í Jakobsbréfi er samanburður ýmisskonar en samanburður er eitt af aðaleinkennum spekibókmennta almennt. Samanburður í spekihefðum tekur á sig fjölbreyttar myndir en Hartin rekur þrjár gerðir af slíkum samanburði sem sameiginlegur er með Ræðuheimildinni og Jakobsbréfi. Í fyrsta lagi eru dregnar upp andstæður (*forms of contrast*) til að koma boðskapnum á framfæri og oft er lesandanum látið eftir að draga eigin ályktanir. Margar slíkar andstæður eru settar fram í Ræðuheimildinni<sup>140</sup> og í Jakobsbréfi eru meðal annars dregnar upp andstæður trúar og efa og heyrenda og gerenda orðsins.<sup>141</sup> Önnur gerð er beinn samanburður (*explicit comparison*) en þar er notað orðfæri á borð við „líkt er” (Q 13.19), og „meira en” (Q 11.30-31).<sup>142</sup> Notkun Jakobsbréfs á samlíkingum og myndhverfingum minnir mjög á Jesúhefðina og svipað

---

<sup>136</sup> Hugtakið kemur fyrir í Jk 1.12 og Jk 1.25 en aðeins fyrrnefnt vers er eiginlegt sæluboð. Sama rit, s. 66-69.

<sup>137</sup> Listi Hartin yfir veiyrdi Ræðuheimildarinnar er: Q 10.13; Q 11.39 (Mt. 23.23); Q 11.42; Q 11.43; Q 11.44; Q 11.46; Q 11.47; Q 11.52 og Q 17.1. Við bætast veiyrdin fjögur í Slétturæðu Lúkasarguðspjalls en þau tilheyra líklega ekki Q heimildinni. Sama rit, s. 69.

<sup>138</sup> Sama rit, s. 70.

<sup>139</sup> Í Jakobsbréfi tilheyra textarnir Jk 4.13-17 og Jk 5.1-6 flokki veiyrða. Sama rit, s. 71-73.

<sup>140</sup> Til dæmis nefnir Hartin Q 6.37 „Dæmið ekki...”. Sama rit, s. 73.

<sup>141</sup> Jk 1.6 og 1.22. Fleiri dæmi um samlíkingar eru Jk 3.13-18 og 4.4. Sama rit, s. 74.

<sup>142</sup> Sama rit, s. 73.

orðfæri má greina þar og í Q, samanber líkingar á borð við „sá sem ... er líkur” (Jk 1.6) og „eins og” (Jk 1.10).<sup>143</sup>

Loks er Jakobsbréf eitt fárra rita Nýja testamentisins, utan guðspjallanna, sem notar dæmisögur (*parables*), líkt og Jesúhefðin er þekktust fyrir, og það áréttar ennfremur tengsl þessara hefða. Dæmisögur eru áberandi í Markúsarguðspjalli en dæmisögur Ræðuheimildarinnar skera sig úr með hvað líkingar eru áberandi í framsetningu þeirra.<sup>144</sup> Dæmisögur Jakobsbréfs einkennast einnig af líkingum en þær eru færri og styttri en dæmisögur samstofnahefðarinnar. Hartin nefnir þrjár dæmisögur sem allar fjalla um að trúin eigi að sjást í verki. Sú fyrsta líkir þeim sem einungis eru heyrendur orðsins við mann sem sér ásjónu sína í spegli en gleymir henni jafn skjótt (Jk 1.23-24), önnur dæmisagan minnir á að Guð fer ekki í manngreinaralit (Jk 2.2) og loks er því lýst hversu ónýtt það er að hirða einungis um andlega velferð fólks og skeyta ekki um líkamlegar þarfir þess (Jk 2.15-17).<sup>145</sup>

Vangaveltur um eðli og náttúru spekinnar sjálfrar er órjúfanlegur hluti spekihefðar Gamla testamentisins og síðari gyðinglegra spekirita en slíkar vangaveltur eru einnig algengar í spekibókmenntum annarra þjóða í hinum forna menningarheimi. Hugmyndir um hina persónugerðu speki Guðs höfðu víðtæk áhrif á það hvaða augum hinir fyrstu kristnu litu persónu Jesú frá Nasaret og flestar elstu heimildir kristindómsins eru undir slíkum áhrifum.<sup>146</sup> Í Ræðuheimildinni er Jesús erindreki viskunnar hér á jörð, sendur til að boða hvernig lifa eigi spöku lífi á hinstu tímum og Matteusarguðspjall vinnur áfram með þær hefðir í Q þar sem Jesús verður

---

<sup>143</sup> Sama rit, s. 75.

<sup>144</sup> Þekktustu dæmisögur Q eru: sonurinn sem biður um fisk (Q 11.11-13); blindur leiðir blindan (Q 6.39); flísín í auga (Q 6.41-42); hús byggt á bjargi (Q 6.47-49); ljós undir mælikeri (Q 11.34-36); mustarðskorn (Q 13.18-19); súrdeg (Q 13.20-21); óhreinir andar (Q 11.24-26) og húsráðandi og þjófur (Q12.39). Sama rit, s. 74.

<sup>145</sup> Sama rit, s. 75.

<sup>146</sup> Matteusarguðspjall og *Tómasarguðspjall* (Tm 28) birta Jesú sem holdgerving viskunnar og utan Jesúhefðarinnar varðveitir Páll í Flm 2.6 eldri sálm sem birtir Jesú í ljósi viskunnar auk sálms í Kól 1.15-20. Í Fyrri Korintubræfi (1Kor1-4) fjallar Páll um átök tengdum slíkum hugmyndum og inngangur Jóhannesarguðspjalls byggir greinilega á viskumýtum. Helmut Koester, „The Structure and Criteria of Early Christian Beliefs” 1971, s. 220-222.

að holdgerving spekinnar. Kenning Hartin er sú að Jakobsbréf marki millistig í þeirri þróun, enda hafi höfundur Jakobsbréfs þekkt  $Q^{Mt}$ , og Jesú er í Jakobsbréfi upphafinn til hægri handar föðursins þar sem hann gegnir hlutverki viskunnar.<sup>147</sup> Forsenda þess að hægt sé að ræða um spekina í gyðing-kristnum ritum er að verkin séu skoðuð í ljósi þess menningarumhverfis sem þau eru sprottin úr og mun næsti hluti rekja bakgrunn spekihefða meðal Gyðinga, Grikkja og annarra þjóða í hinum helleníska menningarheimi.

---

<sup>147</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 134-136.

## **Hluti II: Bakgrunnur spekinnar á helleníska tímanum.**

Ef einhvern yðar brestur vísku, þá biðji hann Guð, sem gefur öllum örlátlega og átölulaust, og honum mun gefast.

**Jk 1.5**

### **4. Gyðingdómur og hellenismi.**

#### *4.1 Mót gyðingdóms og hellenisma.*

Ein grunnforsenda umfjöllunar um samtíðarsögu Nýja testamentisins er aðgreining á milli gyðingdóms og gyðinglegra áhrifa annarsvegar og hellenisma og hellenískra áhrifa hinsvegar. Í stórvirki Martin Hengel, *Judaism and Hellenism*, bendir hann á að sú skipting sé bæði ónákvæm og villandi þó að hún sé nauðsynleg til umræðu.<sup>148</sup> Á ritunartíma Nýja testamentisins höfðu liðið 360 ár frá því Palestína féll fyrst undir grísk yfirráð og grísk menningaráhrif voru orðin óaðskiljanlegur hluti af lífi og menningu Gyðinga. Útrás Grikkja hófst löngu fyrir tíð Alexanders mikla (356-323 f. Kr.), eða á 12.-11. öld f. Kr., en frá 5. öld voru Grikkir helsta mótvægið við heimsveldi Persa.<sup>149</sup> Hellenismi sem fyrirbæri verður til við hersigur Alexanders mikla en á örfáum árum (334-323 f. Kr.) leggur hann undir sig Egyptaland, Sýrland-Palestínu, Mesópótamíu og heimsveldi Persa alla leið til Indlands.<sup>150</sup> Hugtakið hellenismi lýsir því flókna samspili (*syncretism*) austrænnar og grískrar menningar sem myndaðist í hinu nýja heimsveldi og nær hugtakið yfir pólitíska, félagslega, hagræna og trúarlega þætti þess.<sup>151</sup>

Hið nýja heimsveldi stóð ekki af sér andlát Alexanders og eftir hans daga skiptu stríðandi hershöfðingjar hans ríkinu á milli sín. Eftirmenn hans,

---

<sup>148</sup> Martin Hengel, *Judaism and Hellenism: Studies in their Encounter in Palestine during the Early Hellenistic Period* 1974, s. 1.

<sup>149</sup> Helmut Koester, *Introduction to the New Testament I.b.: History, Culture, and Religion of the Hellenistic Age* 1995, s. 1-3.

<sup>150</sup> Sama rit, s. 8-10. Helleníski tíminn (*Hellenistic period*) vísar til tímans frá upphafi valdatíðar Alexanders mikla til uppgangs Rómaveldis í vestri og Parþíumanna í austri á fyrstu öld f. Kr. Hellenismi sem menningarfyrirbæri varði í Rómaveldi og meðal fleiri austrænna þjóða um margar aldir auk þess að vera afgerandi áhrifavaldur á kristindóminn. Sama rit, s. 41.

<sup>151</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 3.

*Diadochai*, voru fjórir en Palestína var á mörkum yfirráðasvæða Selevkusar (Sýrland-Mesópótamía) og Ptólemeusar (Egyptaland) en þau konungsríki áttu síðar eftir að bítast um það landssvæði.<sup>152</sup> Upphaflega birtist hellenismi íbúum Palestínu til forna líkt og öðrum þjóðum Austurlanda nær fyrst og fremst sem veraldlegt (*secular*) menningarafli.<sup>153</sup> Hertækni Makedóníumanna og stjórnskipulag höfðu sterk áhrif allsstaðar en fyrstu kynni Gyðinga af hellenisma voru í gegnum málaliða í herþjónustu, upphaflega í her Alexanders mikla og síðar í herjum Ptólemíta og Selevkíta.<sup>154</sup> Áhrif hellenisma urðu mun víðtækari þegar frá leið og menningarstraumarnir höfðu áhrif á öll svið mannlífs á helleníska tímanum.<sup>155</sup>

Það sem sameinaði hið sundraða heimsveldi eftirmanna Alexanders var sameiginleg tunga, hin attíska *koine* (almenna) gríska, sem varð fljótt alþjóðamál í hinum helleníska heimi.<sup>156</sup> Alexander lagði ríka áherslu á að stofna borgir, *poleis*, en hann sjálfur kom á fót um tuttugu hellenískum borgum og eftirmenn hans miklum fjölda til viðbótar.<sup>157</sup> Þeirra mikilvægust var Alexandría í Egyptalandi en hún varð fljótt táknmynd fyrir innreið hins nýja menningarskeiðs hellenisma.<sup>158</sup> Í borgunum var töluð gríska og þar voru miðstöðvar viðskipta, stjórnsýslu og menningar í konungsveldunum fjórum.<sup>159</sup> Heimildir okkar frá hinum stóru borgum, sérstaklega Alexandríu, eru mun meiri en frá afskektari svæðum á borð við Palestínu og Jerúsalem en grískan hefur ekki síður haft áhrif þar. Frá þriðju öldinni og til loka helleníska tímans eru nær eingöngu varðveittar grískar áletranir í fornleifum

---

<sup>152</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 13-17. Ísrael tilheyrði konungsveldi Ptólemíta frá 320 til 198 f. Kr. og konungsveldi Selevkída frá 198 til 143 f. Kr. Þegar Júdea verður sjálfstætt ríki fram til þess að Jerúsalem fellur undir rómverska heimsveldið 63 f. Kr. Oskar Skarsaune, *In the Shadow of the Temple: Jewish Influences on Early Christianity* 2002, s. 28.

<sup>153</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 55.

<sup>154</sup> Sama rit, s. 15-16.

<sup>155</sup> Sama rit, s. 57.

<sup>156</sup> Sama rit, s. 58-59.

<sup>157</sup> Ævisöguritari hans Plútarkus (46-120 e. Kr.) segir hann hafa stofnað yfir 70 borgir en líklegri tala er um 20.

<sup>158</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 9-10.

<sup>159</sup> Sama rit, s. 71-76.

frá Palestínu og arameíska, opinbert mál persnenska heimsveldisins, varð tungumál hinna ólæsu.<sup>160</sup>

Jafnvel í Jerúsalem myndaðist strax á þriðju öldinni mikilvægur grískumælandi hópur í efsta þrepi samfélagsins en Jerúsalem var áfangastaður pílgrímsferða Gyðinga sem bjuggu í dreifingunni.<sup>161</sup> Mikilvægi Jerúsalem sem pílgrímamiðstöðvar jókst með vaxandi fjölda Gyðinga sem bjuggu í Egyptalandi, Litlu Asú og við Eyjahafið en þau samfélög voru fyrst og fremst grískumælandi.<sup>162</sup> Af heimildum má ráða að strax á þriðju öldinni hafi hebreskuþekking meðal slíkra Gyðinga ekki verið algild og í samkunduhúsum utan Jerúsalem var snemma notuð hin gríska biblíuþýðing, *Septuaginta*.<sup>163</sup>

Grísk tökuorð gefa vísbendingu um áhrif grísku á gyðinglegt samfélag en þau eru tiltölulega fátíð í yngri bókum Gamla testamentisins. Þau er þó að finna þar, samanber gjaldmiðilinn *drakma* sem kemur víða fyrir í Gamla testamentinu, *'appiryōn* í Ljóðaljóðunum (3.9) sem er sennilega dregið af *φορεῖον* (burðarstóll) og hin ýmsu hljóðfæraheiti í 3. kafla Daniëlsbókar eru mörg grísk tökuorð.<sup>164</sup> Þjóðernishugmyndir hafa mögulega valdið því að hvorki í Síraksbók né Qumrantextunum er að finna grísk tökuorð en Qumransamfélagið varðveitti grísk handrit þannig að einhver grískukunnátta hefur verið til staðar meðal íbúa þess.<sup>165</sup> Öfugt við bókmenntahebresku, eru grísk tökuorð algeng í arameísku þessa tíma og hebresku talmáli en vísbendingar um það er að finna bæði í *Mishnah* og *Talmud* sem varðveita hefðir frá helleníska tímanum þó að samsetning þeirra sé yngri.<sup>166</sup> Loks eru mannanöfn Gyðinga í Alexandríu mikilvæg heimild um grískuáhrif. Í arameísku handriti frá 310 f. Kr. eru nær eingöngu

---

<sup>160</sup> Mikilvægar undantekningar eru hebreskar grafskriftir á gröfum og grafhýsum Gyðinga og áletranir í trúarsamkomuhúsum þeirra. Einnig eru varðveittar síðari nabatískar (arabískar) áletranir í Jórdaníu. Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 58-59.

<sup>161</sup> Sama rit, s. 60.

<sup>162</sup> Sama rit, s. 60.

<sup>163</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 238.

<sup>164</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 60.

<sup>165</sup> Sama rit, s. 60-61.

<sup>166</sup> Sama rit, s. 61.

hebresk nöfn en 50-100 árum síðar eru grísk nöfn í meirihluta meðal Gyðinga í Egyptalandi.<sup>167</sup>

Áhrifamesta arfleifð helleníska tímans er menntakerfið en Alexander kom á fót þrískiptu menntakerfi sem hélst nær óbreytt fram á miðaldir og innsiglaði áhrif grískrar menningar um langan aldur.<sup>168</sup> Í Egyptalandi hélt hin gríska yfirstétt tengslum við gríska menningu gegnum menntakerfið og á fyrri hluta helleníska tímans var sérstök áhersla lögð á menntun og vísindi í konungsveldi Ptólemíta.<sup>169</sup> Af pólitískum ástæðum voru innfæddum Egyptum haldið utan við hið gríska menntakerfi en aðrir útlendingar í Egyptalandi, á borð við Persa og Gyðinga áttu mun greiðari aðgang að slíkri menntun. Af þeim sökum myndaðist meðal menntaðra Gyðinga í Alexandríu einstakur samruni (*fusion*) gyðingdóms og hellenisma á þriðju öld.<sup>170</sup> Á heildina litið reyndust Gyðingar í dreifingunni trúir uppruna sínum og létu ekki af eingyðiskröfu trúar sinnar en þeir sem tilheyrðu efri stéttum samfélagsins voru tilbúnir að draga úr kröfum sínum svo að synir þeirra gætu öðlast formlega menntun.<sup>171</sup>

Mikilvægi skólanna fyrir Gyðinga í Alexandríu sést vel á atburðum sem fylgdu í kjölfar þess að Gyðingum var meinaður aðgangur að helstu menntastofnunum grikkja (*gymnasia*) árið 41 en það leiddi til uppreisnar þeirra og loks útrýmingar á dreifingarsamfélögum Gyðinga í Egyptalandi af Rómverjum árin 115-117.<sup>172</sup> Skólarnir voru undirstaða menningar og mennta í samfélaginu og skólaganga var almenn á grunnstigum menntakerfisins þar sem víða voru kennarar og *gymnasia* í stærri þorpum.<sup>173</sup> Í stærri borgum voru heimspekiskólar, sem tóku aðeins við nemendum sem höfðu lokið *gymnasium*, og kenndu mælskufræði og heimspeki.<sup>174</sup> Grunnrit

---

<sup>167</sup> Handritið sem um ræðir er P. Cowley 81, sem dagsett er frá 310 f. Kr. Yngri heimildirnar eru her- og lagaskjöl frá Alexandríu á tímabilinu 260-201 f. Kr. Sama rit, s. 63.

<sup>168</sup> Ronald F. Hock, „The Chreia in Primary and Secondary Education” 2002, s. 11.

<sup>169</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 116-118.

<sup>170</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 66.

<sup>171</sup> Sama rit, s. 68.

<sup>172</sup> Sama rit, s. 69.

<sup>173</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 97.

<sup>174</sup> Sama rit, s. 97-98.

grískrar menningar, Kviður Hómers,<sup>175</sup> voru kenndar á öllum stigum menntunar og textar úr verkum hans gegnsýrðu lestarbækur og kennslubækur í ræðulist, samanber *progymnasmata*.<sup>176</sup> Allar heimspekistefnur Grikkja áttu fulltrúa í hinu helleníska menntakerfi en stóuspekin var sú heimspekihefð sem mestra vinsælda átti að fagna.<sup>177</sup>

Upphaf grískrar menntunar á meðal Gyðinga í Palestínu nær aftur til upptöku grískunnar á því landsvæði á þriðju öld f. Kr. og virðist ekki hafa lagst af þrátt fyrir Makkabeastríðin á annari öld f. Kr.<sup>178</sup> Tengsl Jerúsalem við Alexandríu á þriðju öldinni voru töluverð og gera má ráð fyrir að efnilegir synir aðalsmanna í Jerúsalem hafi sótt menntun sína þangað eða til annarra borga í konungsveldi Ptólemíta. Elstu heimildir um *gymnasia* í Sýrlandi-Palestínu eru í fyrstu og annarri Makkabeabók. Þar segir frá stofnun slíks skóla í Jerúsalem árið 175 f. Kr.<sup>179</sup> en hann var reistur beint fyrir neðan musterishæðina og ögraði musterinu með áhrifum sínum.<sup>180</sup> Engar nákvæmar heimildir eru til um kennsluhætti í *gymnasium* skólanum í Jerúsalem en ólíklegt er að hann hafi verið frábrugðinn öðrum slíkum skólum í borgum Palestínu og Föníkíu.<sup>181</sup> Margt af því sem þar fór fram fór

---

<sup>175</sup> Kviður Hómers eru tvær *Ódysseiskviða* og *Illionskviða* og þær eru taldar skrifaðar á 7. öld f. Kr.

<sup>176</sup> Ronald F. Hock, „Homer in Greco-Roman Education” 2001.

<sup>177</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 87.

<sup>178</sup> Makkabeastríðin eiga rætur að rekja til þess að Antíokkus Epifaníus komst til valda 175 f. Kr. sem konungur Selevkíta en þeir höfðu unnið Palestínu af Ptólemítum 198 f. Kr. Antíokkus vildi gera Jerúsalem að grískri borg og lagði því miklar kvaðir á trúariðkun Gyðinga í borginni. Átökin voru þó fyrst og fremst meðal mismunandi hópa Gyðinga, hellenista sem studdu vaxandi grísk áhrif í borginni, og *Hasidim* gyðinga sem vildu hreinsa Jerúsalem af grískum áhrifum og snúa aftur til arfleifðar Ísraels. Báðir þessir hópar voru undir sterkum áhrifum af hellenisma en vildu fara ólíkar leiðir og að einhverju leyti voru þetta stéttaátök þar sem efri stéttir samfélagsins höfðu hlotið gríska menntun, sem lægri stéttirnar höfðu ekki aðgang að. Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 202-206.

<sup>179</sup> Utan þess eru heimildir um *gymnasium* í Antíokkíu norðan Jerúsalem frá miðri þriðju öld f. Kr. Sama rit, s. 70.

<sup>180</sup> Makkabeabók lýsir því að Jason „reyndist óðfús til að reisa íþróttamannvirki (*gymnasium*) undir sjálfri háborginni (musterinu) og fylkti um sig göfugustu æskumönnum.” Áhrif þess voru slík að „áhugi á öllu sem grískt var og eftiröpun á hátterni útlanda jókst nú til muna ... og var jafnvel svo komið að prestarnir afræktu altarisþjónustuna. ... [En] um leið og klukkur kvöddu til leikja, sem þó stríddu gegn lögmálinu, hröðuðu þeir sér til að taka þátt í kappleikjum” (2Mkk 4.12-14). *Apókrýfar bækur Gamla testamentisins* 1994, s. 450-451.

<sup>181</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 74.

fyrir brjóstið á trúræknari Gyðingum og tilvist skólans í Jerúsalem hafði mikið að segja um andstöðu *Hasidim* Gyðinga við gríska siði.<sup>182</sup>

Með grískri menntun varð hellenismi æ sterkari sem vitsmuna- og menningarlegt afl í Palestínu en hann breytti mjög sjálfsmynd hinna austrænu þjóða.<sup>183</sup> Fyrir tíma Alexanders hafði Isókrates sett fram þá hugmynd að hugtakið *helleni* hefði meira með gríska menntun og tungu að gera en eiginlegan þjóðernisuppruna og öld síðar undir áhrifum frá stóumönnum hélt Erastosþenes frá Kýreníu (276-194 f. Kr.) því fram að ekki ætti lengur að skipta mönnum í Grikki og barbara heldur eftir manndómi (ἀρετή) og brestum (κακία). Lykillinn að hinni nýju mannsmynd helleníska tímans varð því menntunin, *paidea*.<sup>184</sup>

Fyrir innreið hellenisma höfðu hinar austrænu þjóðir engar upprunahugmyndir sambærilegar hinum grísku en ætterni og áttthagar skilgreindu manninn í austrænni hugsun. Meðal Gyðinga eftir babýlónsku herleiðinguna og í dreifingunni varð ætterni lykilatriði.<sup>185</sup> Að vera Gyðingur merkti að fæðast inn í hina útvöldu þjóð og því varð nauðsynlegt að tryggja að Gyðingar giftust einungis innbyrðis.<sup>186</sup> Það breyttist á helleníska tímanum og mörkin urðu óljósari, elsta þekkt dæmið um Semíta í Sýrlandi sem gerðist Helleni er frá lokum fjórðu aldar og af Gyðingum í Alexandríu í byrjun þeirrar þriðju.<sup>187</sup> Líkt og Gyðingar gátu aðlagð sig hellenisma urðu útlendingar fyrir áhrifum af gyðingdómi og trúboð (*proselytism*) Gyðinga til

---

<sup>182</sup> Í ritinu *Lausnarárin (Jubilees 3.31)*, ritað tveimur kynslóðum seinna, kemur fram andstyggð á íþróttaleikjum skólans en þar líkt og annarsstaðar hafa ungir menn etjað kappi naktir. Ungmenni reyndu að afnema umskurn sína með skurðaðgerð (*epispasm*) til að geta tekið þátt í kappleikjum og baðhúsum Grikkja og var sú aðgerð fordæmd af trúræknari Gyðingum. Í Qumram ritum kemur fram andstyggð á því að olúbera líkama sinn og er sú afstaða sennilega dæmi um höfnun á grískum áhrifum en það tíðkaðist við kappleiki. Sama rit, s. 74.

<sup>183</sup> Sama rit, s. 83.

<sup>184</sup> Sama rit, s. 65.

<sup>185</sup> Skarsaune, *Shadow of the Temple* 2002, s. 39.

<sup>186</sup> Sbr. Esr 9.2 „Ísraelslýður og prestarnir og levítarnir hafa ekki haldið sér frá hinum heiðnu íbúum landsins, sem skylt hefði verið vegna viðurstyggða þeirra ... því að þeir hafa tekið sér og sonum sínum konur af dætrum þeirra, og þannig hefir hinn heilagi ættstofn haft mök við hina heiðnu íbúa landsins, og hafa höfðingjarnir og yfirmennirnir gengið á undan í þessu tryggðrofi”.

<sup>187</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 84.

annara þjóða hefst á sjálfstæðistíma konungsveldis Hasmónea.<sup>188</sup> Skýrasta heimildin um slíkt trúboð er Fílon frá Alexandríu (20 f. Kr.–50 e. Kr.) en hann fjallar ítarlega um trúboð Gyðinga og trúarlega, siðferðislega og félagslega aðlögun trúskiptinga að menningu þeirra.<sup>189</sup>

Grundvöllur þess að grísk menntun lagðist aldrei af meðal Gyðinga í Jerúsalem á sexhundrað ára tímabili var annarsvegar nauðsyn þess að eiga samskipti við hina grísku og rómversku valdhafa, jafnvel á sjálfstæðistímanum, og hinsvegar hinn mikli fjöldi grískumælandi Gyðinga sem bjuggu utan við Jerúsalem. Ríkjandi öfl í Jerúsalem urðu að hafa fullkomið vald á grísku og mælskufræði til að hafa áhrif á slíka Gyðinga og til að laða þá til borgarinnar helgu í pílgrímaferðir með þeim tekjum og áhrifum sem því fylgdi.<sup>190</sup> Bókmenntir og þýðingar á helgum ritum gyðingdóms bera vitni um slík áhrif en mörg þeirra eiga uppruna sinn í Jerúsalem.<sup>191</sup>

#### 4.2 Gyðinglegar og hellenískar bókmenntir í Palestínu.

Bókmenntaarfur Gyðinga í Palestínu eftir babýlónsku herleiðinguna og á helleníska tímanum er afar fjölbreyttur og mikill. Hebreska hélt sem ritmál fræðimanna og fram á okkar tímatal er verið að skrifa rit í Júdeu á hebresku og arameísku, samanber *Mishnah*, *Talmud* og Qumranhandritin. Frá miðri þriðju öldinni f. Kr. má hinsvegar segja að í raun sé allur gyðingdómur orðinn hellenískur gyðingdómur en Gyðingar skiptust í hópa m.a. eftir viðbrögðum sínum gagnvart hinum nýja menningarstraumi hellenisma.<sup>192</sup> Einhvern greinarmun má gera á þeim hebresku- og arameískumælandi Gyðingum sem bjuggu í Jerúsalem og hinum grískumælandi í dreifingunni en strax frá tíma Ptólemíta er Jerúsalem að miklu leyti orðin grískumælandi borg.<sup>193</sup> Bókmenntir Gyðinga frá helleníska

<sup>188</sup> Skarsaune, *Shadow of the Temple* 2002, s. 40.

<sup>189</sup> Peder Borgen, „Proselytes, Conquest, and Mission” 1998, s. 63-68.

<sup>190</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 77.

<sup>191</sup> Sama rit, s. 104.

<sup>192</sup> Sama rit, s. 104.

<sup>193</sup> Sama rit, s. 104.

tímanum eru undir áhrifum af hinum helleníska tíðaranda og umfjöllun um áhrif hans á gyðinglegar bókmenntir þarf því að vera víðtækari en leit að grískum tökuorðum, tilvitnunum og textatengslum við grískar bókmenntir eða heimspekihefðir. Flestar fjalla þær um hver séu hin réttu viðbrögð við hellenisma, á einn eða annan hátt, hvort sem það er orðað eða ekki.<sup>194</sup>

Menningarlíf í Palestínu hefur verið ótrúlega blómlegt á helleníska tímanum, þó að það sé varla sambærilegt við hinar stóru menningarmiðstöðvar Alexandríu, Rhódos og Pergamon.<sup>195</sup> Allir heimspekiskólar Grikkja áttu fulltrúa í Palestínu en stóuspeki átti sérlegum vinsældum að fagna og það skýrist annarsvegar af því að stóuspeki var ríkjandi hugmyndakerfi hellenismans og hinsvegar voru stofnendur hennar, Zenon frá Kítíon (333-264 f. Kr.) og Krýsippus frá Soli (280-207 f. Kr.), báðir semískir að uppruna og því undir áhrifum af sinni upprunamenningu.<sup>196</sup> Lítið hefur varðveist af palestínskum bókmenntum Gyðinga á grísku frá helleníska tímanum en líklegt má telja að hinir grískmenntuðu hellenistar í Palestínu hafi ekki síður skrifað bókmenntir en trúbræður þeirra í Alexandríu, þó sagan geymi heimildir sigurvegaranna.<sup>197</sup>

Evsebíus varðveitir brot úr riti eftir óþekkthan höfund, líklega samverskan, sem ritað er í Palestínu á grísku á valdatíma Selevkíta (198-167 f. Kr.).<sup>198</sup> Höfundur tvinnar sköpunarsögur Biblíunnar og úfærðar sögur af Abraham saman við babýlónska og gríska goðafræði auk þess að styðjast við höfunda á borð við Berossus (3. öld f. Kr.), Hesíódus (7. öld f. Kr.) og mögulega Ktesías (4.-3. öld f. Kr.).<sup>199</sup> Ritið brúar bil á milli babýlónskrar og grískrar menningar með það að markmiði að staðfesta frásagnir Gamla testamentisins og þannig verða hetjur ritningarinnar að persónum úr

---

<sup>194</sup> Sama rit, s. 4.

<sup>195</sup> Sama rit, s. 83.

<sup>196</sup> Sama rit, s. 87.

<sup>197</sup> Sama rit, s. 88.

<sup>198</sup> Sama rit, s. 88.

<sup>199</sup> Sama rit, s. 88.

goðsögnum Grikkja og Babýlóníumanna.<sup>200</sup> Nafnlausir samverjinn er einna fyrstur Palestínúumanna til að setja biblíufrásagnir í búning hellenískrar sagnritunar en mörg ritverk fylgdu í kjölfarið.<sup>201</sup> Markmið sagnritunarinnar var að sýna fram á að menning og víska Grikkja og hinna heimsveldanna hafi byggt á menningu Gyðinga og arfi Gamla testamentisins en Gyðingar voru eina þjóðarbrotið til að fara í beina samkeppni við hina grísku heimsmynd.<sup>202</sup>

Tvö önnur sagnverk rituð á grísku hafa varðveist eftir Gyðinga á helleníska tímanum en hebreskar og arameískar bókmenntir þess tíma bera einnig vott um mikinn áhuga á sögu Ísraels.<sup>203</sup> Fyrri verkið er varðveitt af Alexander Pólýhistor (105-35 f. Kr.) en er skrifað af grískmenntuðum Palestínu-Gyðingi að nafni Evpólemíus. Verkið rekur sögu konunga Ísraels eftir fyrirmynd Krónikubókanna, frá konungsveldum Davíðs og Salómons fram til 158/57 f. Kr., til að sýna fram á yfirburði ísraelskrar menningar.<sup>204</sup> Í verki Evpólemíusar er persóna Móse mest áberandi en hann er titlaður fyrsti spekingurinn (πρωτος σοφόν) og sá sem kynnti stafrófið og vísindi fyrir þjóð sinni.<sup>205</sup> Áhersla á Móse sem vitring varð mjög áberandi og í verki Fílons frá Alexandríu um líf Móse er honum lýst sem kraftaverkamanni, dulspekingi og miðlara hinnar guðlegu vísku, auk þess að vera prestur og spámaður.<sup>206</sup>

Síðara verkið er ritað af Jasoni frá Kýreníu (1. öld f. Kr.) og er varðveitt í styttri útgáfu í 2. Makkabeabók.<sup>207</sup> Þó höfundur sé sennilega ekki

---

<sup>200</sup> Sem dæmi má nefna að Enok er tengdur Atlasi, Nói og Nimrod eru sama persónan og tengdir Bel og Krónosi o.s.fr. Abraham er öllum persónum æðri í heiðri sínum og vísku og á því enga hliðstæðu meðal annarra þjóða samkvæmt ritinu. Sama rit, s. 89-91.

<sup>201</sup> Sama rit, s. 91.

<sup>202</sup> Sama rit, s. 100.

<sup>203</sup> Sama rit, s. 99.

<sup>204</sup> Evpólemíus dagssetur t.d. Exodus atburðinn mun fyrir en hefðbundnar biblíutúlkningar, eða um 1736 f. Kr., til að sýna fram á að allar menningarþjóðir austulanda eigi uppruna sinn í menningu Ísraelsþjóðarinnar og þar með óbeint Grikkir. Sama rit, s. 93.

<sup>205</sup> Áherslan á Móse í stað Abrahams skýrist af því að Abraham er táknmynd fyrir erindi Ísraels við heiminn en Móse hefur sterkari skírskotun til þjóðarinnar sjálfar. Breyttar aðstæður í kjölfar Makkabeauppreisnarinnar ollu því að þjóðernisáhersla verður meira áberandi í gyðinglegum ritum. Sama rit, s. 92 og 95.

<sup>206</sup> Koester, *Introduction I.b.* 1995, s. 268.

<sup>207</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 95.

frá Palestínu sjálfur fjallar verk hans mjög nákvæmlega um atburði Júdeu í aðdraganda Makkabeauppreisnarinnar (ca. 176-160 f. Kr.) og þátt Júdasar Makkabeusar í uppreisninni. Svo nákvæmar eru lýsingar Jasons að líklegt er að hann hafi eytt töluverðum tíma í Palestínu, auk þess að guðfræðilegar áherslur verksins eru í takt við guðrækni fylgjenda *Hasidim* frekar en Gyðinga í dreifingunni.<sup>208</sup> Hugmyndir Jasons um píslarvætti, þar sem hann blandar saman palestínskri hugmyndafræði og hellenískri, hafði mikið að segja um útbreiðslu og vinsældir ritsins og lagði grundvöllinn að píslarvættis-hugmyndum frumkirkjunnar.<sup>209</sup>

Auk frumsamdra verka voru grískar þýðingar á hebreskum og arameískum ritum algengar á helleníska tímanum og var það þýðingarstarf knúið áfram af vilja yfirvalda í Jerúsalem til að hafa áhrif á Gyðinga í dreifingunni.<sup>210</sup> Í upphafi 2. Makkabeabókar er varðveitt bréf dagsett árið 124 f. Kr., og er hvatningarbréf frá trúarlegum yfirvöldum í Jerúsalem til Gyðinga í dreifingunni í Egyptalandi, ætlað að vinna þá á band hins unga sjálfstæða ríkis Gyðinga og treysta áhrif þess.<sup>211</sup> Þau rit og þýðingar sem varðveist hafa á grísku frá Palestínu helleníska tímans eru nokkuð einsleit í áherslu sinni á trúrækni og þjóðernisvitund og rit sem örugglega hafa verið skrifuð til varnar hellenisma hafa ekki varðveist.<sup>212</sup>

Það þýðingarstarf sem mest áhrif hafði er hin gríska biblíuþýðing, *Septuaginta*, en þýðingin gerði ritsafn hinnar hebresku Biblíu aðgengilegt jafnt Gyðingum sem Grikkjum og gerði gyðingdóm í raun að alþjóðlegum trúarbrögðum.<sup>213</sup> Að frátöldum Jobsbók og Orðskviðum Salómons, sem hvoru tveggja tóku töluverðum breytingum við þýðinguna, er *Septuaginta* merkilega laus við grísk áhrif<sup>214</sup> og endurspeglar því palestínskar áherslur

---

<sup>208</sup> Sama rit, s. 96-97.

<sup>209</sup> Sama rit, s. 98.

<sup>210</sup> Sama rit, s. 100.

<sup>211</sup> Sama rit s. 100. Sbr. 2.Mkk 1.1-9.

<sup>212</sup> Sama rit, s. 102.

<sup>213</sup> Koester, *Introduction I.b.* 1995, s. 238.

<sup>214</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 114.

þó að þýðingarstarfið hafi mikið til farið fram í Alexandríu.<sup>215</sup> Í grísku útgáfu Esterarbókar er bætt eftirmála við þýðinguna, þar sem hún er sögð þýdd í Jerúsalem og sagt hver þýddi og hvernig ritið barst til Egyptalands. Í eftirmálanum er bætt við lögmálsfestu sem er óskyld ritinu og minnir mjög á áherslur 2. Makkabeabókar og *Lausnaráranna (Jubilees)*.<sup>216</sup>

#### 4.3 Hellenismi og hebreskar spekibókmenntir.

Þrátt fyrir þau miklu áhrif sem hinn nýji menningarstraumur hellenisma hafði á allt samfélag Gyðinga í Palestínu er gríðarlega erfitt að sýna fram á bein hellenísk áhrif í hebreskum og arameískum bókmenntum helleníska tímans. Fyrir því eru fjórar meginástæður: Tungumála-þröskuldur,<sup>217</sup> vandamál við dagsetningu ritanna,<sup>218</sup> tengsl grískrar menningar við austræn menningarsamfélög<sup>219</sup> og loks einhliða efni þeirra rita sem varðveitt eru á hebresku og arameísku.<sup>220</sup> Tilraunir til að sýna fram á hellenísk áhrif í Jobsbók og Ljóðaljóðunum semog áhrif grískrar heimspeki á spekibókmenntir Gamla testamentisins hafa ekki reynst sannfærandi en fyrstu dæmin um bækur sem hægt er að sýna fram á að séu undir beinum grískum áhrifum eru Prédikarinn og Síraksbók.<sup>221</sup>

Prédikarinn (*Qoheleth*) er ritaður í Palestínu (mögulega Jerúsalem)<sup>222</sup> á miðri þriðju öldinni fyrir Kristsburð (um 270-220) og

---

<sup>215</sup> Sama rit, s. 102.

<sup>216</sup> Sama rit, s. 101.

<sup>217</sup> Vandinn felst í að skera úr um hvort tiltekið hugtak eða hugmynd hefur þróast innan gyðingdóms eða hvort um framandi hugmynd er að ræða. Sama rit, s. 107.

<sup>218</sup> Þau rit sem hafa verið talin bera grísk áhrif er mjög erfitt að tímasetja og áætlaður ritunartími rita á borð við Prédikarann, Jobsbók, Orðskviðina, Ljóðaljóðin, Jónas o.fl. skiptir oft mörgum öldum milli fræðiamanna. Grísk áhrif á 6. öld f. Kr. eru ekki óhugsandi vegna verslunartengsla og hermennsku Gyðinga en þau eru mun ólíklegri en ef ritunartími þessara bóka er á helleníska tímanum. Sama rit, s. 107.

<sup>219</sup> Fræðimenn eru í sívaxandi mæli að átta sig á tengslum grískrar menningar við menningararf austrænna þjóða og því er oft erfitt að átta sig á hvort hugmyndir eru undir grískum áhrifum eða hafa þróast samhliða í austrænni hugsun. Sama rit, s. 107-108.

<sup>220</sup> Þau rit sem varðveist hafa á þessum tungumálum jafnt innan sem utan Gamla testamentisins leggja sterka áherslu á trúrækni og þjóðerni gyðingdóms og því er markvisst reynt að forðast hellenísk áhrif. Sama rit, s. 108.

<sup>221</sup> Sama rit, s. 109-110.

<sup>222</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 261.

höfundur þess, sem er nafnlaus, hefur tilheyrt efri stéttum Gyðinga.<sup>223</sup> Prédikarinn er spekirit en það er nokkuð ólíkt hinum hefðbundnari spekiritum Gamla testamentisins í áherslum sínum og höfundur endurspeglar hellenísk viðhorf í gagnrýni sinni á grunnhugmyndir spekibókmennta gyðingdóms.<sup>224</sup> Hin hefðbundna speki í Orðskviðunum og spekisálmum Saltarans stillir upp sem andstæðum vegi hins vitra sem fylgir lögmáli Guðs og hlýðir ráðum vitrari manna, og vegleysu heimskingjans sem engu skeytir um lögmál eða visku og farnast því ekki vel. Heimsmynd hinna hefðbundnu spekihugmynda byggir á því að algjört orsakasamband sé á milli lifnaðar og velmegunar; Guð tryggir hinum réttlátu réttlæti.<sup>225</sup>

Prédikarinn ögrar þessari heimsmynd og segir örlög mannsins vera þau sömu óháð því hvernig lífi einstaklingurinn hefur lifað: „Allt getur alla hent, sömu örlög mæta réttlátum og óguðlegum, góðum og hreinum og óhreinum, þeim er fórnfærir og þeim er ekki fórnfærir.”<sup>226</sup> Tíðarandi hellenismans bar með sér róttæka gagnrýni á guðsmyndir Grikkja og réttlæti guðanna í útdeilingu umbunar og refsingar, en þá trúarkreppu má greina strax undir lok fimmtu aldar í grískum bókmenntum.<sup>227</sup> Í grískum samtímabókmenntum Prédikarans var spurningin um réttlæti guðanna áberandi og hin beitta gagnrýni leiddi til ópersónulegrar guðamyndar og forlagatrúar.<sup>228</sup> Ólíkt grískum samtímamönnum sínum hafnar höfundur Prédikarans aldrei megintrúaratriðum hefðarinnar í gagnrýni sinni og hann dregur aldrei í efa tilvist eða réttlæti Guðs.<sup>229</sup> Hugmyndir hans hafa þó þótt

---

<sup>223</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 115-116.

<sup>224</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 261.

<sup>225</sup> Sama rit, s. 116.

<sup>226</sup> Pd 9.2.

<sup>227</sup> Dæmi er sófistinn Þrasýmakkus frá Kalkedon (459-400 f. Kr.) en hann hélt því fram að guðunum væri sama um mannlegt samfélag og að sönnun þess er að þeir hunsu það sem mönnunum er mikilvægast, þ.e. réttlæti. Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 121.

<sup>228</sup> Dæmi um grískan samtímahöfund er Kerkídas frá Megalopolis, sem var undir miklum áhrifum af kýnikeum og gagnrýndi harðlega barnalega jákvæðni hins hefðbundna átrúnaðar og hvatti til aukins persónufrelsis og lífsnautnar. Kerkídas er athyglisverð hliðstæða því hann hefur að öllum líkindum svipaða félagslega stöðu og höfundur Prédikarans, í efra þrepi þjóðfélagsins sem naut aukinnar velmegunar á ptólemíska tímanum. Sama rit, s. 122-123.

<sup>229</sup> Sama rit, s. 124.

það róttækar að aftan við ritið er skeytt tveimur eftirmálum sem báðir draga í land gagnrýni Prédikarans en niðurstaða síðari eftirmálans er óskyld efni ritsins sjálfs: „Óttastu Guð og haltu hans boðorð, því að það á hver maður að gjöra.“<sup>230</sup>

Þau hellenísku áhrif sem greina má í Prédikaranum eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er í ritinu persónulegur tónn sem er ólíkur eldri spekihefðum gyðingdóms en einkennandi fyrir hellenískar bókmenntir.<sup>231</sup> Í öðru lagi ræðst Prédikarinn að gyðinglegri guðrækni með því að draga í efa hugmyndina um réttlæti Guðs. Þegar Prédikarinn talar um réttlæti hefur það alltaf neikvæða skírskotun.<sup>232</sup> Afleiðing af þeirri gagnrýni er að guðsmynd ritins er ópersónulegri en í öðrum ritum Biblíunnar, þó að höfundurinn stigi skrefið ekki til fulls líkt og hellenískir samtímamenn hans með ópersónulegri forlagatru.<sup>233</sup> Hugtakanotkun höfundar ber merki um hellenísk áhrif, annarsvegar í hugtökum sem lýsa örlögum og hlutskipti og hinsvegar í hugtökum sem lýsa tíma og framgangi sögunnar.<sup>234</sup> Niðurstaða Prédikarans er mjög tímanleg, að njóta lífsins hvert sem hlutskipti okkar er, og þar snertir hann mjög hugmyndina um *carpe diem* sem var mjög áberandi í hellenískri hugmyndafræði. Sjónarhorn Prédikarans endurspeglar viðhorf hinnar nýju borgarastéttar sem komst til álna á ptólemíska tímanum en hann finnur hvorki svör í hinum hefðbundna átrúnaði né í veraldarhyggju þeirrar stéttar sem hann tilheyrir og það leiðir til hinnar bölsýnu niðurstöðu: „aumasti hégómi, allt er hégómi!“<sup>235</sup>

Speki Jesú Sírakssonar eða Síraksbók er margbrotnasta gyðinglega spekirit helleníska tímans og er líkt og Prédikarinn samsett verk. Höfundur Síraksbókar er nafngreindur Jesús Ben (sonur) Sírak en hann var áhrifamaður í yfirstétt Gyðinga í Jerúsalem og gegndi mikilvægum

---

<sup>230</sup> Pd 12.13.

<sup>231</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 116 og 126.

<sup>232</sup> Sama rit, s. 126.

<sup>233</sup> Sama rit, s. 119 og 126.

<sup>234</sup> Sama rit, s. 125-126.

<sup>235</sup> Sama rit, s. 127. Pd 1.2.

embættum auk þess að ferðast víða.<sup>236</sup> Ritunartími verksins er á bilinu 190-175 f. Kr. og það er skrifað á hebresku en þýtt yfir á grísku um 132 f. Kr. af sonarsyni höfundar.<sup>237</sup> Þó að ritið sé undir miklum áhrifum hellenisma er það mjög íhaldsamt verk og inniheldur ekki efahyggju Prédikarans, heldur upphefur sögu Ísraels og hefur afar jákvæða afstöðu til mustersins og prestanna.<sup>238</sup> Síraksbók inniheldur fjölbreytt safn af textum sem mynda samstæða heild en í ritinu er að finna spekitexta, bænir, sálma, uppfræðslukvæði og lofsöngva.<sup>239</sup> Hápunktur verksins er langt lofgjörðarkvæði um forfeður Ísraels (Sr. 44-50) en þar eru persónur Gamla testamentisins upphafnar sem trúarhetjur og dæmdar eftir guðrækni sinni.<sup>240</sup>

Höfundur Síraksbókar var víðlesinn og þekkti til flestra bóka Gamla testamentisins og hefur þekkt töluvert til hellenískra bókmennta, aðallega heimspekihefða og sagnrita, þó að erfitt sé að segja til um beina áhrifavalda.<sup>241</sup> Guðfræði bókarinnar byggir á ritum Gamla testamentisins en greinilegt er að hann sækir í arf stóuspeki til að koma guðfræði sinni á framfæri og á það sérstaklega við kenningar hans um sköpun heimsins, frelsi viljans og réttlæti Guðs (*theodicy*).<sup>242</sup> Sírak er ófeiminn við að beita hellenískri ræðulist og pólitískur boðskapur hans virðist benda til togstreitu á milli gagnrýni á ríkjandi valdhafa að hætti spámanna Gamla testamentisins og hellenískrar þjóðfélagsgagnrýni, og undirgefni við þá er fara með völd sem er áberandi einkenni spekibókmennta.<sup>243</sup> Niðurstaðan er einstök blanda af spekihefðum og spámannlegum boðskap þar sem hlutverk spekingsins er að gjörþekkja lögmál Biblíunnar og standa vörð um arfleifð þjóðarinnar, líkt og trúarhetjur sögunnar.

---

<sup>236</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 261.

<sup>237</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 131.

<sup>238</sup> Sama rit, s. 133.

<sup>239</sup> Sama rit, s. 131.

<sup>240</sup> Burton L. Mack, *Wisdom and the Hebrew Epic: Ben Sira's Hymn in Praise of the Fathers* 1985, s. 11-36.

<sup>241</sup> Sama rit, s. 111-113.

<sup>242</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 141, 147.

<sup>243</sup> Sama rit, s. 134.

Lofgjörðarkvæðið um forfeður Ísraels (Sr. 44-50) á margt skylt með hellenískum bókmenntum og sýnir skyldleika við helleníska epík, sagnritun, ævisagnagerð og lofræður, þó að kvæðið falli ekki að fullu að neinni af þeim fyrirmyndum. Upphaf kvæðisins rekur sögu sjö persóna úr 1. og 2. Mósebók og stillir þeim upp í andstöðu við hellenískar hugmyndir um upphaf mannkyns.<sup>244</sup> Líkt og Hómer var lesinn af stóumönnum, skyldi Fimmbókaritið lesið sem epík, texti sem skilgreinir sögu mannkyns og er uppspretta leiðbeiningar og lögmáls.<sup>245</sup> Söguskilningur Síraksbókar byggir á Krónikubókunum og líkt og höfundur þeirra skiptir Sírak konungum Ísraels í guðrækna og rangláta en mun færri standast réttlætiskröfu Síraksbókar. Til dæmis er Salómon mikilvæg persóna vegna musterisins og tengsla við spekina en jafnvel hann var of syndugur til að teljast réttlátur konungur.<sup>246</sup> Áhrif frá hellenískri sagnritun eru nokkur, samanber tengingu við forsögulegt upphaf og stóísk áhrif, en grundvallarsýn Síraksbókar er ólík hellenískri sagnritum í söguskilningi, persónusköpun, uppbyggingu röksemda og frásagnarstíl.<sup>247</sup>

Þegar Síraksbók er borin saman við ævisagnaritun helleníska tímans (*biography*), sjást nokkrir snertifletir. Grísk ævisagnaritun kemur fram á sjónarsviðið á fjórðu öld f. Kr. í samkeppni heimspekiskóla um áhrif og völd en ævisögurnar einblína yfirleitt á hvernig stofnendunum tókst að lifa eftir boðskap sínum.<sup>248</sup> Helsti snertiflötur Síraksbókar við þá gerð bókmennta er stefið um röð eftirmanna (*succession*) sem er áberandi í ritinu, Aron tekur við af Móse, Pínehas af Aroni og áfram. Að þessu leyti er Síraksbók fyrirrennari síðari gyðinglegra ævisagna eftir hellenískum aðferðum á borð við verk Evpólemíusar.<sup>249</sup> Víðtækustu hliðstæðurnar eru við hellenískar lofræður (*encomium*) en stórir hlutar af lofgjörðarkvæðinu

---

<sup>244</sup> Mack, *Wisdom and the hebrew epic* 1985, s. 116.

<sup>245</sup> Sama rit, s. 114.

<sup>246</sup> Sama rit, s. 118.

<sup>247</sup> Sama rit, s. 121-124.

<sup>248</sup> Sama rit, s. 124-125.

<sup>249</sup> Sama rit, s. 127.

um forfeður Ísraels eru byggðir á þeirri hellenísku fyrirmynd.<sup>250</sup> Lofgjörðarkvæði orðuðu aðdáun Grikkja á afrekum og frægð og urðu helsta miðlunartæki hins helleníska tíðaranda í heimsveldunum. Markmið kvæðis Síraksbókar og hellenísku lofgjörðarkvæðanna er það sama, að lofa þá sem ljóðin eru um, en líkt og í hellenísku kvæðunum steypir kvæðið biblíupersónurnar allar í sama mót og lofar þær eftir ákveðinni forskrift.<sup>251</sup>

Hugmyndin um hina persónugerðu speki er áberandi í fyrri hluta Síraksbókar og þó að hugtakið komi hvergi fyrir í lofgjörðarkvæðinu sjálfu telur Burton Mack spekina vera lykil að merkingu þess.<sup>252</sup> Líkt og ritið allt er lofgjörðarkvæðið ort frá sjónarhóli hinnar guðdómlegu speki og Mack rekur samsvörun á milli 24. kafla, sem er kvæði um hvernig speki Guðs býr með Ísraelsþjóðinni, og lofgjörðarkvæðisins (Sr. 44-50).<sup>253</sup> Lykilhugtak í þeirri samsvörun er hugtakið dýrð (*kābôd*), sem er markmið hellenískra lofræða og tilheyrir merkingarsviði spekiumræðu, en skáldið útleggur dýrð sem nærveru viskunnar meðal þjóðarinnar.<sup>254</sup> Umfjöllun Síraksbókar um viskuna er undir miklum áhrifum frá hellenísku heimsspekiskólunum og greinileg tengsl má sjá á milli hugtakanotkunar höfundar og skilgreininga þeirra.<sup>255</sup> Spekin sem fyrirbæri og hugtak í Síraksbók á meira skylt með grískum hugmyndum um uppfræðslu (*παίδεία*) en speki (*σοφία*), enda var uppfræðsluhugmyndin snertiflötur Grikkja við menningu hinna austrænu þjóða og grundvöllur þess samruna sem hellenisminn hafði í för með sér.<sup>256</sup>

Lokapersóna lofgjörðarkvæðisins er samtímamaður höfundar, æðstipresturinn Símon II., sem samkvæmt Jósefusi gegndi því embætti árið

---

<sup>250</sup> Sama rit, s. 128.

<sup>251</sup> Sama rit, s. 129-130.

<sup>252</sup> Sama rit, s. 139.

<sup>253</sup> Sama rit, s. 162-166.

<sup>254</sup> Sama rit, s. 167-171.

<sup>255</sup> Sem dæmi um hvernig setja mætti upp samsvarandi hugtakanotkun segir Mack: „The correlation with Hellenistic philosophical categories would allow the claim to be translated as follows: the Jewish *polis* is based upon a *nomos* identical to the natural order (*physis*) of the world (*cosmos*). To see the logic (*logos*) of this arrangement (*taxis*) of the orders of reality is wisdom (*sofia*), the perception of things that makes possible the achievement of human excellence (*aretē*) – an imitation (*mimēsis*) of the correlation of *nomos* and *physis* – in human life (*anthropos, bios*). Sama rit, s. 155.

<sup>256</sup> Sama rit, s. 157-158.

198 f. Kr. þegar Antíokkus III. lagði undir sig Jerúsalem.<sup>257</sup> Lofgjörðin til Símons II. beinist ekki að persónu hans heldur er það embættið og merking þess fyrir Guðs útvöldu þjóð sem er mikilvægt.<sup>258</sup> Embætti Símons á að birta eðli og hlutverk Ísraels meðal þjóðanna og áréttta sérstöðu hennar í áætlun Guðs.<sup>259</sup> Hið pólitíska umhverfi á ritunartíma kvæðisins var nokkuð stöðugt en þegar Síraksbók var þýdd á grísku og tekin upp í ritsafn *Septuagintu* hafði spennan aukist það mikið að upphafnar hugmyndir Síraksbókar gátu ekki fengið að standa óbreyttar.<sup>260</sup> Símon II. var tekinn út úr kvæðinu og í staðinn sett inn heimsslitastef auk þess sem grískum formála var bætt við verkið en hann endurspeglar breyttar aðstæður.<sup>261</sup>

Speki Salómons er gyðinglegt spekirit skrifað á grísku í lok fyrstu aldar f. Kr., og kemur líklega frá hellenískum hópum Gyðinga í Alexandríu.<sup>262</sup> Líkt og Síraksbók var Speki Salómons tekin upp í *Septuagintu* og tilheyrir í dag apókrýfum bókum Gamla testamentisins en það rit hafði mikil áhrif á kristna hópa sem sést meðal annars af því að það er talið með ritum Nýja testamentisins á annari öld í *Canon Muratori*.<sup>263</sup> Speki Salómons er í heild sinni undir minni hellenískum áhrifum en mörg af spekiritum helleníska tímans en fyrri hluti þess (SS 1-5) inniheldur mjög hefðbundið gyðinglegt spekiefni og síðasti hlutinn er túlkun á sögu Ísraels (SS 10-12; 16-19 ) sem virðist ekki undir áhrifum af hellenískri sagnritun eins og svo mörg samtímaverk.<sup>264</sup> Höfundur ritsins ræðst beint gegn efahyggju Prédikarans og hafnar hjáguðadýrkun í anda spámana Gamla testamentisins (SS 13-15).<sup>265</sup>

---

<sup>257</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 131. Antíokkus III. hinn mikli (konungur 222-187 f. Kr.) var sjötti konugur heimsveldis Selevkíta og afkomandi Selevkusar, eins af hershöfðingjum Alexanders mikla. Antíokkus lagði undir sig Jerúsalem 198 f. Kr. og borgin féll þá undir hersvæði Selevkíta en hún hafði þá verið undir Ptólemítum í rúm 120 ár (320-198 f. Kr.). Koester, *Introduction I.b.* 1995, s. 27-32.

<sup>258</sup> Mack, *Wisdom and the hebrew epic* 1985, s. 134-136.

<sup>259</sup> Sama rit, s. 179-181.

<sup>260</sup> Sama rit, s. 170.

<sup>261</sup> Sama rit, s. 180.

<sup>262</sup> Skarsaune, *Shadow of the Temple* 2002, s. 282.

<sup>263</sup> Koester, *Introduction I.b.* 1995, s. 264-265.

<sup>264</sup> Sama rit.

<sup>265</sup> Sama rit.

Speki Salómons, líkt og Síraksbók, sækir fyrirmyndir í sögu Ísraels en þar er persóna Salómons konungs mikilvægust fyrir tengsl hans við spekina og aðrar persónur eru nafnlausar. Miðhluti verksins (SS 6-9) er konungleg ræða<sup>266</sup> og ákall til spekinnar en ræðan er undir miklum áhrifum frá hugtakanotkun hellenískrar heimspeki.<sup>267</sup> Upphafning spekinnar er slík að spekin er sögð eina leiðin til Guðs og Koester heldur því fram að sú róttæka sýn á eðli spekinnar, auk heimspekilegrar hugtakanotkunar miðhlutans, geri Speki Salómons að hellenískasta spekiriti gyðingdóms.<sup>268</sup> Salómon konungur varð snemma táknmynd fyrir speki Ísraels enda segir um hann í Fyrri Konungabók að „Guð veitti Salómon afar mikla speki og visku og djúpsæi andans, sem sandur er margur á sjávarströnd.”<sup>269</sup>

Önnur persóna úr Gamla testamentinu sem varð fyrirmynd fyrir hið fráma líf er Enok en hans er getið sem afkomanda Adams í 5. kafla fyrstu Mósebókar.<sup>270</sup> Rit kennt við hann er varðveitt á eþíópísku sem er ritað á annari öld f. Kr. og er það kallað *1. Enoksbók*<sup>271</sup> til aðgreiningar frá síðari ritum kenndum Enok. *Enoksbók* er í raun safn rita sem snerta persónu Enoks með ólíkum hætti og var mjög lengi í mótun.<sup>272</sup> Enok varð áberandi persóna í bókmenntum og vegna þess að Enok var talinn stofnandi menningar sem var í senn himnesk og jarðnesk jafnar samverjinn nafnlausí í sagnverki sínu<sup>273</sup> honum við títaninn Atlas, bróður Próméþeifs sem kynnti Grikkjum fyrir stjörnuspeki. Síraksbók vísar til Enoks á tveimur stöðum en Mack segir báða þá texta vera síðari viðbætur við ritið.<sup>274</sup>

<sup>266</sup> Ræðan hefst á ávarpi til veraldlegra valdhafa og konunga sem áminning um að vald þeirra kemur frá Guði og að þeir séu undir dómi hans, SS 6.1-11.

<sup>267</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 264-265.

<sup>268</sup> Sama rit.

<sup>269</sup> 1Kon 4.29.

<sup>270</sup> Þar segir: „Er Jared var hundrað sextíu og tveggja ára, gat hann Enok. ... Er Enok var sextíu og fimm ára, gat hann Metúsala. Og eftir að Enok gat Metúsala gekk hann með Guði þrjú hundruð ár og gat sonu og dætur. Og allir dagar Enoks voru þrjú hundruð sextíu og fimm ár. Og Enok gekk með Guði og hvarf, af því að Guð nam hann burt.” 1M 5.18-24.

<sup>271</sup> Framvegis enungis nefnd *Enoksbók*.

<sup>272</sup> Gabriele Boccaccini, *Middle Judaism: Jewish Thought, 300 B.C.E. to 200 C.E.* 1991, s. 129-130.

<sup>273</sup> Sjá umfjöllun að ofan.

<sup>274</sup> Mack, *Wisdom and the hebrew epic* 1985, s. 199-203.

Enok þóknaðist Drottni og var numinn burt, hann er komandi kynslóðum fyrirmynd afturhvarfs. ... Enginn var á jörðu skapaður jafnoki Enoks, enda var hann numinn frá jörðu.<sup>275</sup>

Sá hluti *Enoksbókar* sem kallast *Bókin um draumsýnir* (*Book of Dream Visions*, *Enoksbók* 83-90) er ásamt *Daníelsbók* með fyrstu eiginlegu opinberunarritum (*apocalyptic literature*) gyðingdóms en bæði ritin eru talin skrifuð á fyrstu árum Makkabeauppreisnarinnar (um 164 f. Kr.).<sup>276</sup> Þau eiga það sameiginlegt að vera ádeilur á konungsveldi Selevkíta og hellenísk áhrif meðal Gyðinga en taka mun sterkari afstöðu gegn hellenískri visku en eldri rit á borð við *Síraksbók*, sem skýrist af veru hins nýstofnaða *gymnasium* í Jerúsalem.<sup>277</sup> Í *Enoksbók* er því lýst hvernig Enok er uppnuminn til himna og þegar hann snýr til baka hefur hann öðlast leynda dóma er hann nam af himneskum töflum sem á er rituð öll framþróun sögunnar.<sup>278</sup> Í sýninni sér hann hvernig illskan breiðist út yfir jörðina eftir syndaflóðið og hvernig frelsun hinnar útvöldu þjóðar byggir algjörlega á íhlutun Guðs við hinstu tíma.<sup>279</sup> Slíkar himnafarir eru einkennandi fyrir opinberunarbókmenntir helleníska tímans og eiga fyrirmyndir sínar í grískum frásögum klassíska tímans af ferðum manna til handanheima og vaxandi áhuga á dulrænum spekihefðum austrænna þjóða.<sup>280</sup>

*Daníelsbók* er yngsta rit Gamla testamentisins og er jafnframt elsta og langáhrifamesta opinberunarritið sem varðveist hefur að fullu frá helleníska tímanum.<sup>281</sup> Bókin er rituð á umbrotatímum en Antíokkus IV. Epífáníus, konungur Selevkída, vanhelgaði musterið í Jerúsalem 167 f. Kr. og hóf ofsóknir á hendur Gyðingum sem leiddu til Makkabea-

<sup>275</sup> Sr 44.16 og 49.14, *Apókrýfar bækur Gamla testamentisins* 1994.

<sup>276</sup> Boccaccini, *Middle Judaism*, s. 126-127. Opinberunarbókmenntir eiga sér langa forsögu í bókmenntasögu gyðingdóms og þó að *Enoksbók* og *Daníelsbók* séu fyrstu eiginlegu opinberunarritin eru Esekíel og Annar Jesaja (Jes 44-50) vísir að slíku bókmenntaformi. Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 180.

<sup>277</sup> Sama rit, s. 180.

<sup>278</sup> Sbr. *Enoksbók* 81. Sama rit, s. 204.

<sup>279</sup> Boccaccini, *Middle Judaism*, s. 131-134.

<sup>280</sup> Sérstakur áhugi var á spekingum Austurlanda nær en „vitringar frá Austurlöndum” (Mt 2.1) gátu verið indverskir brahmanar, hinir persnesku *magi* og babýlónskir og egypskir prestar sem allir sögðust búa yfir leyndri þekkingu. Sama rit, s. 210-212.

<sup>281</sup> Koester, *Introduction I.b.* 1995, s. 246.

uppreisnanna.<sup>282</sup> Sögu svið Daníelsbókar er hirð Nebúkadnesar Babýlóníu-  
konungs á tímum útleððar Ísraelsmanna í Babýlón á 6. öld f. Kr. en það  
sögu svið er notað til að deila á hellenísku konungsveldin.<sup>283</sup> Bókin er  
samsett úr hebreskum og arameískum textum og er því samsett rit, en þrátt  
fyrir það er uppsetning þess það rökleg að það myndar samstæða heild.<sup>284</sup>  
Höfundur Daníelsbókar er ekki nefndur, flest opinberunarrit láta ekki  
höfundar getið, en persóna Daníels er þungamiðja ritsins og honum er stillt  
upp sem trúarhetju líkt og Enok.

Daníel er spekingur, sem hefur öðlast gjöf spekinnar frá Guði á  
grundvelli trúfesti sinnar (*hasid*) við lögmálið.<sup>285</sup> Við veislur í hirð  
Nebúkadnesar sýnir Daníel trúfesti sína með því að neita sér um þær  
kræsingar sem þar eru á borðum og þiggja einungis grænmeti og vatn.<sup>286</sup> Að  
launum gefur Guð honum hreysti og „kunnáttu og skilning á alls konar rit  
og vísindi (*hokma*), en Daníel kunnir og skyn á alls konar vitrunum og  
draumum.“<sup>287</sup> Í Daníelsbók berst spekin þeim sem hennar eru verðugir frá  
Guði gegnum opinberanir, sýnir, drauma og tákni og í nær öllum þessum  
opinberunum er uppfræðslu blandað saman við spádóma.<sup>288</sup> Upphaf  
opinberunarbókmennta bera vott um gríðarlegan þekkingarþorsta á  
Makkabeatímanum ásamt ótryggu ástandi og átökum sem færa  
endurlausnina til hinstu tíma og handan grafar.<sup>289</sup> Líkt og í spekiritunum  
gegnir spekin mikilvægu hlutverki í opinberunarguðfræði, þó að áherslurnar  
séu aðrar, en spekin birtist sem guðleg þekking sem aðeins er hægt að  
nalgast í gegnum opinberun. Tengsl spekinnar við heimspeki og veraldleg  
vísindi eru endanlega rofin, hin sanna speki verður ekki kennd.<sup>290</sup>

---

<sup>282</sup> Sama rit, s. 246. Þegar Daníelsbók er rituð er konungurinn enn á lífi en hann lést árið  
164 f. Kr. og sama ár var musterið helgað að nýju af uppreisnarmönnunum.

<sup>283</sup> Sama rit, s. 246. Þannig eru konungarnir í norðri (Dn 11.5) vísun í konungsveldi  
Selevkíta og konungarnir í suðri tákna konungsveldi Ptólemíta.

<sup>284</sup> Boccaccini, *Middle Judaism*, s. 134-135.

<sup>285</sup> Sama rit, s. 136.

<sup>286</sup> Sbr. Dn 1.8.

<sup>287</sup> Dn 1.17.

<sup>288</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 180.

<sup>289</sup> Boccaccini, *Middle Judaism*, s. 136.

<sup>290</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 232.

Hugmyndin um eðli viskunnar í gyðingdómi reyndist sá grundvöllur sem samræðan milli hellenisma og gyðingdóms byggðist á. Hebreska hugtakið *hokma* sem guðfræðilegt hugtak er yfirleitt þýtt með *sofía*, heimspekilegu hugtaki, en líkt og Burton Mack bendir á er *hokma* mun nær uppfraðsluhugmyndum Grikkja um *paideia* (παίδεια).<sup>291</sup> Spekin og spekibókmenntir gegndu mikilvægi hlutverki fyrir sjálfsmynd gyðingdóms á helleníska tímanum og samskipti menningarheimanna í bókmenntum og þýðingum byggðist á því að skiptast á speki. Mack heldur því fram að snertiflöturinn á milli *paideia* hugmynda Grikkja og umvöndunar spekinganna hafi brúað bilið á milli hellenisma og gyðingdóms og lagt grunninn að þeim samruna sem við sjáum í gyðinglegum spekibókmenntum.<sup>292</sup> Til að halda slíku fram er óþarft að gera ráð fyrir að höfundur á borð við Sírak hafi þekkt vel til Aristótelesar eða hafi jafnvel hlotið uppfraðslu (*paideia*) í mælskufraði á efstu stigum menntakerfisins. Frá fyrstu kynnum Gyðinga af hellenískum textum hefur hugmyndin um *paidea* komist til skila.<sup>293</sup>

Speki (σοφία) og menntun (παίδεια) er að óttast Drottinn, trúfesti og auðmýkt gleðja hann.<sup>294</sup>

## 5. Eðli og birting spekinnar í hinum forna menningarheimi.

### 5.1 Spekin í Mesópótamíu, Egyptalandi og Grikklandi til forna.

Á helleníska tímanum tók spekin í bókmenntum gyðingdóms á sig nýjar myndir en ekki er augljóst hvort sú breyting átti sér stað undir hellenískum eða austrænum áhrifum eða hvort engin erlend áhrif koma þar við sögu. Í verki sínu um mótunarsögu Ræðuheimildarinnar, *Formation of Q*, segir John S. Kloppenborg spekihefðir Q standa nærri spekihefðum Austurlanda nær og grískum spekibókmenntum. Eðli spekirita er slíkt að þau fást við spurningar sem eru sammannlegar og þeir sem söfnuðu spekiefni áttuðu sig á alþjóðlegu eðli þess og nýttu sér spekihefðir víða

<sup>291</sup> Mack, *Wisdom and the hebrew epic* 1985, s. 156-159.

<sup>292</sup> Sama rit, s. 156-159.

<sup>293</sup> Sama rit, s. 158.

<sup>294</sup> Sr 1.27, *Apókrýfar bækur Gamla testamentisins* 1994.

að.<sup>295</sup> Kloppenborg hefur yfirlit sitt á spekiritum Austurlanda nær, nánar tiltekið bókmenntaflokki leiðbeiningarita (*instruction genre*), en þau eru elstu þekktu spekibókmenntirnar og ná aftur til þriðja árþúsunds fyrir Kristsburð, og sá bókmenntaflokkur hélst nokkuð stöðugur yfir tvö þúsund ára tímabil.<sup>296</sup>

Egypskar spekibókmenntir eru mjög fjölbreyttar að eðli og uppbyggingu og ná yfir langt tímabil í egypskri menningarsögu. Algengast er að spekiefnið sé eignað nafngreindri persónu sem ljær efninu kennivald og forsögu, en það gat verið konungur, prestur eða kennimaður.<sup>297</sup> Oft er formáli að ritunum sem kynnir efnið og inniheldur gjarna upplýsingar um uppruna þess og hverjum spekin er tileinkuð, auk hvatningar til lesenda um að lifa frómu lífi í samræmi við kennsluna.<sup>298</sup> Leiðbeiningarnar sjálfar eru yfirleitt framsettar með boðum og áminningum en í síðari spekibókmenntum verða spakmæli og orðskviðir algengari.<sup>299</sup> Uppbygging spekisafnanna er mjög mismunandi og ekki er hægt að greina línulega þróun í egypsku ritunum en tvö margbrotnustu spekiritin, *Amenemope* (1400 f. Kr.) og *Papyrus Insiger* (100 f. Kr.), eru kaflaskipt eftir viðfangsefni.<sup>300</sup> Mikið af spekiefni Egypta hefur verið ætlað til kennslu í skólum embættismanna en önnur rit eru sérstaklega ætluð til almenningsuppfræðslu.<sup>301</sup>

Grunnforsenda spekinnar í egypskum hefðum er sú trúarlega hugmynd að regla, *Ma'at*, sé að baki alheiminum<sup>302</sup> og þó að spekiefni sé nær alltaf eignað nafngreindum spekingum er hugmyndin ekki sú að kennslan sé frá þeim komin, heldur tala þeir *Ma'at* og gera *Ma'at*.<sup>303</sup> Spekingarnir eru auk þess yfirleitt nálægt konungum eða konungar sjálfir en

---

<sup>295</sup> Kloppenborg, *Formation of Q* 1987, s. 263. Gyðinglegar spekibókmenntir eru engin undantekning en bæði Orðskviðirnir og Mishnaritið *m. 'Abot* innihalda spekisöfn af erlendum uppruna.

<sup>296</sup> Sama rit, s. 265.

<sup>297</sup> Kloppenborg, *Formation of Q* 1987, s. 265.

<sup>298</sup> Sama rit, s. 266.

<sup>299</sup> Sama rit, s. 267.

<sup>300</sup> Sama rit, s. 269.

<sup>301</sup> Sama rit, s. 272.

<sup>302</sup> Sama rit, s. 273.

<sup>303</sup> Sama rit, s. 276.

konungurinn var álitinn uppspretta *Ma'at*.<sup>304</sup> *Ma'at* birtist á tvennan hátt í Egyptalandi til forna, annarsvegar sem óhlutstætt hugtak yfir sannleika og reglu að baki heiminum og hinsvegar sem gyðja viskunnar.<sup>305</sup> Elstu varðveittu vísanirnar í *Ma'at* eru frá ca. 2500 f. Kr. og hún hélst sem mikilvægt gyði í Egyptalandi út rómverska tímamann. Í listum er *Ma'at* sýnd sem fögur kona, yfirleitt klædd í aðsniðinn kjól og með fjaðurskraut á höfðinu, en fjaðurskrautið varð að hljóðtáknri gyðjunnar.<sup>306</sup> Þekking á *Ma'at* í Grikklandi til forna er mjög gömul en líklegt er að Hesíódus (7. öld f. Kr.) noti *Ma'at* sem fyrirmynd að fyrri konu Seifs, *Metis* (Μητις) að nafni,<sup>307</sup> en hún er sögð „vitrustr allra guða og dauðlegra manna”.<sup>308</sup>

Á ptólemíska tímanum urðu bókmenntir og trúarbrögð Egypta fyrir miklum áhrifum frá grískri menningu og egypsku guðirnir urðu fyrir mestum hellenískum áhrifum í samanburði við aðrar trúarhefðir Austurlanda nær.<sup>309</sup> Grísk áhrif á spekibókmenntir ptólemíska tímans má meðal annars sjá á beitingu hellenískrar mælskufræði í egypskum spekiritum, auk þess sem að spakmæli og orðskviðir verða mun algengari en áður.<sup>310</sup> Trúarbrögð Egypta tóku miklum breytingum við að grískir valdhafar gerðust faraóar í Egyptalandi en konungsvaldið skipaði trúarlegan sess í þeirra menningu og konungurinn var álitinn guð. Gyðjan Ísis, móðir Hórusar sem var guðleg táknmynd sitjandi faraós, varð mjög áberandi og ptólemísku valdhafarnir beittu Ísisdýrkun til að réttlæta vald sitt sem eftirmenn egypsku faraóanna.<sup>311</sup> Fyrirmynd Ísisar var að hluta til fengin úr grískri goðafræði en hún tók einnig yfir eiginleika frá gyðjunni *Ma'at* og varð táknmynd visku, sem sést meðal annars á því nafni sem hún var dýrkuð undir í palestínsku

---

<sup>304</sup> Sama rit, s. 275.

<sup>305</sup> Christopher Faraone o.a., „Egyptian Ma'at and Hesiodian Metis” 2004, s. 186.

<sup>306</sup> Sama rit, s. 187.

<sup>307</sup> Metis kemur fyrir sem gyðja tvisvar í verkum Hesíódusar, í *Theogonia* (886-900) og *Fragmenta* (342.4-15 M-W). Hún er sögð kona Seifs, á undan Heru, en Seifur gleypir hana sem leiðir til fæðingar Aþenu, fullskapaðrar úr höfði hans. Sama rit, s. 177.

<sup>308</sup> Hesíódus, *Theogonia* (886-900). „Ζεὺς δὲ θεῶν βασιλεὺς πρῶτην ἄλοχον θέτο Μητιν, πλεῖστα θεῶν εἰδυῖαν ἰδὲ θνητῶν ἀνθρώπων.” TLG.

<sup>309</sup> Koester, *Introduction I.b.* 1995, s. 176-177.

<sup>310</sup> Kloppenborg, *Formation of Q* 1987, s. 271.

<sup>311</sup> Sama rit, s. 179-180.

borginni Acco, en þar var hún nefnd Φροσίμη[ν] (spekin).<sup>312</sup> Í Palestínu var Ísis tengd kanversku gyðjunni Astarte og veglegt rit tileinkað henni fannst við Oxyrhynchus sem sýnir útbreiðslu hennar á helleníska tímanum.<sup>313</sup> Rit tileinkuð henni eru langflest sjálfslofgjörðarkvæði (*Isis Aretalogies*) þar sem gyðjan lofar uppruna sinn, afrek og eiginleika en slík lofgjörðarkvæði höfðu áhrif á spekina í gyðinglegum spekibókmenntum helleníska tímans.<sup>314</sup>

Spekisöfn frá Mesópótamíu hafa varðveist á súmersku, akkadísku, og babýlónsku en þau eru hvorki jafn mótuð né eins mörg og egyptsku spekiritin.<sup>315</sup> Þrátt fyrir fjölbreytileika þeirra rita sem varðveist hafa frá þessum þjóðum má greina sameiginlega þætti meðal þeirra allra. Líkt og í egyptsku spekisöfnunum er algengt að inngangur kynni efnið og réttlæti kennivald kennslunnar með því að eigna það þektri persónu og tengja það við guðlega opinberun.<sup>316</sup> Spekingurinn er álitinn vörslumaður og túlkandi hinnar fornu speki frekar en höfundur hennar en tengsl spekinganna við konunga og konungsveldin eru ekki jafn skýr í spekihefðum þessara þjóða og þau voru í Egyptalandi.<sup>317</sup> Leiðbeiningarnar sjálfar eru yfirleitt í formi boða og banna sem eru rökstudd með tilgangs- og skýringarsetningum.<sup>318</sup>

Í akkadíska spekiritinu *Shube-Awilum* (frá seint á öðru árþúsundi f. Kr.) er spekin persónugerð á sambærilegan hátt og í Síraksbók og þar er það hlutverk hinnar guðlegu visku að afhenda og túlka spekina kynslóð fram að kynslóð. Spekingurinn er því talsmaður spekinnar sjálfrar og kennsla hennar handan þessa heims.<sup>319</sup> Rit kennt við assýríska spekinginn *Ahikar* (7.-5. öld f. Kr.)<sup>320</sup> hefur í formála sínum æviágrip og þar er áberandi stefið um

---

<sup>312</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 158.

<sup>313</sup> Sama rit.

<sup>314</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 180-181. Spekikvæðið í 24. kafla Síraksbókar er talið undir áhrifum af hellenískum sjálfslofgjörðum gyðjunnar Ísis. Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 158.

<sup>315</sup> Kloppenborg, *Formation of Q* 1987, s. 276.

<sup>316</sup> Sama rit, s. 280.

<sup>317</sup> Sama rit, s. 282-284.

<sup>318</sup> Sama rit, s. 282-284.

<sup>319</sup> Sama rit, s. 278, 284.

<sup>320</sup> Ritið er varðveitt í handritum á sýrlensku, arameísku, eþíópísku og fleiri málum og arameískt handritabrot (frá 5. öld f. Kr.) er varðveitt frá eyjunni Elephantine í Egyptalandi en þar voru Gyðingar staðsettir á persneska tímanum (frá um 650 f. Kr.). Vísað er til Akíkar

prófraun spekingins sem sýnir verðleika hans og styrkir kennivald kennslunnar, en lýsingarnar eru sambærilegar frásögnum í Síraksbók (2.1,4-5), Speki Salómons (1.16-2.20) og Daníelsbók.<sup>321</sup> Á helleníska tímanum færðist áherslan smám saman frá spekisöfnum þjóðanna yfir á hellenísk gnómusöfn og kreijusöfn en einhver dæmi eru um að bókmenntaform leiðbeininga hafi verið notað á helleníska tímanum.<sup>322</sup>

Grísk spekisöfn eru mun fjölbreyttari bókmenntaform en leiðbeiningarit Austurlanda nær en líkt og í austrænu ritunum er spekin tengd persónu sem ljær innihaldinu vægi.<sup>323</sup> Í stað þess að tengja spekina konungum og prestum, eins og austurlensku hefðirnar gera, eru grísk, hellenísk og rómversk spekisöfn yfirleitt tengd heimspekingum, skáldum eða spekingum á borð við Esóp.<sup>324</sup> Aðeins örfá spekisöfn eru nafnlaus og mörg eru kennd fleiri en einum höfundu, sem ekki þekkist í austrænu spekisöfnunum.<sup>325</sup> Grísku mælskufræðingarnir gerðu greinarmun á gnómum (γνώμη) og kreijum (χρεία) en bæði hugtökin merkja ummæli og mörkin á milli þeirra eru óljós.<sup>326</sup> Almennt má segja um þessar tegundir spekisafna að gnómusöfn einblíni yfirleitt á leiðbeiningarnar sjálfar á meðan kreijusöfn hafa sterkari tengsl við þann sem kennslan er kennd við og mun algengara er að frásagnir úr lífi spekingins séu í kreijusöfnum.<sup>327</sup>

Einstaka gnómur er að finna í verkum Hómers og Hesíódusar en fyrstu eiginlegu gnómusöfnin eru frá sjöttu öld f. Kr.<sup>328</sup> Heimildir gefa til kynna að á fimmtu og fjórðu öld f. Kr. hafi gnómusöfn verið skrifuð með

---

sem persónu í Tóbítisbók (Tb 1.15-16). Hinar grísku *Dæmisögur Esóps* eru undir áhrifum frá assýríska spekingnum. Sama rit, s. 278-229, 334, 337.

<sup>321</sup> Sama rit, s. 279-280.

<sup>322</sup> Sama rit, s. 287.

<sup>323</sup> Kloppenborg, *Formation of Q* 1987, s. 289.

<sup>324</sup> Sama rit, s. 293.

<sup>325</sup> Sama rit, s. 292-293.

<sup>326</sup> Þeon frá Alexandríu (335-405) aðgreindi kreijur frá gnómum með því að kreijur eru eignaðar ákveðinni persónu en gnómur ekki og þannig verður gnóma að kreiju með því að eigna hana þekktum heimspekingi. Mörkin á milli þessara bókmenntaflokka eru þó ekki jafn skýr og skilgreining Þeons gefur tilefni til að ætla. Sama rit, s. 291.

<sup>327</sup> Sama rit, s. 291-292.

<sup>328</sup> Allavega tvö gnómusöfn eru varðveitt sem samin eru á 6. öld f. Kr. eftir Theognis og Phocylides. Loks er gnómusafn ranglega eignað Hesíódusi, *Counsels of Chiron*, sem er mögulega samtímaverk þeirra. Sama rit, s. 295.

kennslu í huga og þau voru notuð við uppfræðslu í skólum út helleníska tímamann og fram á daga Rómverja. Gnómusöfn voru notuð á grunnstigum menntunar sem skriftaræfingar og uppfræðsla í siðfræði en á efri stigum var þeim beitt sem kennslutæki heimspekiskólanna, aðallega meðal epíkúrista og pýþagóringa.<sup>329</sup> Gnómusöfn eru mjög fjölbreytt að uppbyggingu og ef frá er talið að langflest eru tengd þekktum persónum, virðist engin regla á notkun innganga og uppröðun efnis milli ritanna en gnómunum er ýmist raðað eftir stafrófsröð, umfjöllunarefni, lengd ummæla eða með orðatengingum.<sup>330</sup> Eina dæmið um gnómusafn með frásögn og æviágrip höfundar í inngangi eru *Dæmisögur Esóps* en hlutar þess eru undir áhrifum af ritum kenndum við assýríska spekinginn Akíkar.<sup>331</sup>

Kreijusöfn eiga rætur að rekja til fjórðu aldar f. Kr. og heiðurinn að sköpun þess bókmenntaforms er eignað kýnikeanum Metroklesi (ca. 300 f. Kr.), sem safnaði ummælum Díógenesar frá Síópu (404-323 f. Kr.) stofnanda heimspekiskóla kýnikea, en það bókmenntaform var í miklu uppáhaldi sem áróðurstæki meðal þeirra.<sup>332</sup> Framan af voru kreijusöfn fyrst og fremst boðunar- og áróðurstæki heimspekiskólanna en þegar leið á voru þau einnig notuð til kennslu jafnt á grunnstigi og í ræðulist.<sup>333</sup> Sú hefð að eigna spekingum kennslu spekirita er grunnþáttur í bókmenntaformi kreijusafna og mörg verkin geyma bæði upplýsingar um frá hverjum kreijurnar eru komnar og hver skráði þær. Því miður hafa mörg kreijusöfn glatað upphafi sínu og niðurlagi og þar með upplýsingum um hverjum kreijurnar eru eignaðar, annarsvegar við að höfundar nýta ummæli úr kreijusöfnum í eigin verk og varðveita þá ekki tileinkunina, og hinsvegar af völdum handritaskemmda.<sup>334</sup>

Stefið um að boðskap spekingins sé hafnað er algengt í kynískum kreijusöfnum og áhersla er lögð á þjáningu og píslir hans fyrir

---

<sup>329</sup> Sama rit, s. 295.

<sup>330</sup> Sama rit, s. 295-299.

<sup>331</sup> Sama rit, s. 299.

<sup>332</sup> Sama rit, s. 306.

<sup>333</sup> Sama rit, s. 311-312.

<sup>334</sup> Sama rit, s. 306.

málstaðinn.<sup>335</sup> Kreijufornið er mjög sveigjanlegt og söfnin innihalda flest ummæli með fjölbreyttu umfjöllunarefni en uppbyggingu kreijusafna svipar mjög til leiðbeiningarita og gnómusafna, þó þau skeri sig úr að þrennu leyti.<sup>336</sup> Í fyrsta lagi eru á milli frásagnarhluta oft langar upptalningar á kreijum, sem eru aðeins lauslega tengdar saman og eru því í raun lítil gnómusöfn innan kreijusafnanna. Í öðru lagi eru kreijur sjálfstæðar textaeiningar og því er óalgennt að sjá röksemdafærslu sem leiðir til niðurstöðu með mörgum ummælum, líkt og algennt er í hinum bókmenntaformunum. Loks eru sum leiðbeiningarit og gnómusöfn mjög markvisst uppbyggð frá upphafi til enda en ólíkt þeim eru kreijusöfn yfirleitt sundurlausari í uppbyggingu.<sup>337</sup>

Hugmyndin um guðlegt eðli spekinnar í grískum trúarbrögðum á sér langa sögu og véfréttir voru frá upphafi mikilvægur þáttur í iðkun þeirra.<sup>338</sup> Véfréttir voru nátengdar helgistöðum sem öðluðust vægi þeirra vegna og urðu að pólitískum og trúarlegum miðstöðvum, en þeirra mikilvægust var véfréttin í borginni Delfí.<sup>339</sup> Spádómum þeirra var miðlað á ýmsa vegu en algengast var að guðirnir flyttu véfréttir gegnum miðla, svo sem hofgyðjurnar í Delfí og spákonur sem kallaðar voru síbyllur, en véfréttir voru einnig fluttar í draumsýnum, fyrir tilstuðlan dýra, með ferðum í undirheima og loks með hlutkesti.<sup>340</sup> Guðinn Apóllon var mikilvægasta goð véfrétta og hofið í Delfí var tileinkað honum, en ráðgast var við marga aðra guði, þar á meðal Aþenu sem var gyðja spekinnar.<sup>341</sup>

Móðir Aþenu var gyðjan Metis (sem merkir viska)<sup>342</sup> og faðir hennar Seifur, en frásögnin af fæðingu Aþenu, fullskapaðri úr höfði Seifs, er

---

<sup>335</sup> Sú áhersla kom fram með Antisþenesi (444-365 f. Kr.) en hann taldi þjáningu gagnlega mannum. Þessi áhersla náði hámarki í lýsingum Krýsóstómosar (40-120) á Díógenesi en hann stillir stofnandanum upp sem upphöfnum konungi kýnikea, einlífum, fátækum, heimilislausum, óafskiptum og þjáðum. Sama rit, s. 308.

<sup>336</sup> Sama rit, s. 310-311.

<sup>337</sup> Sama rit, s. 311.

<sup>338</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 162.

<sup>339</sup> Sama rit, s. 163.

<sup>340</sup> Sama rit, s. 163.

<sup>341</sup> Sama rit, s. 163.

<sup>342</sup> Sjá umfjöllun að ofan um tengsl Metisar við Ma'at í verkum Hesíódusar. Faraone o.a., „Egyptian Ma'at and Hesiodian Metis” 2004, s. 177.

algengt stef í grískri myndlist og bókmenntum frá sjöttu öld fyrir Krist.<sup>343</sup> Aþena var höfuðgyðja Aþenuborgar og hofið á Akrópólshæð var tileinkað henni en þar stóð frá 5.öld f. Kr. tíu metra stytta af henni úr gulli og fílabæini, auk minni stytta af sigurgyðjunni Níkeu sem oft fylgdi henni.<sup>344</sup> Aþena gegndi margvíslegum hlutverkum og var gyðja stríðs, lista, iðna, réttlætis og kunnáttu, en fyrst og fremst var hún viskugyðja og táknmynd hennar er uglan sem vísar til spekinnar.<sup>345</sup> Véfréttirnar vöktu áhuga og aðdáun manna fram á rómverska tímamann en pólitískt mikilvægi þeirra tók að dvína á helleníska tímanum.<sup>346</sup> Í stað þeirra urðu spádómsbækur kenndar við síbyllur algengar en þær innihéldu fyrst og fremst dómsspár og andóf gegn hellenísku (og síðar rómversku) valdhöfunum.<sup>347</sup>

Martin Hengel bendir á að eiginleg persónugerving á spekinni (σοφία) eigi sér stað seint á helleníska tímanum undir áhrifum frá gnóstisisma og spekihefðum Austurlanda nær.<sup>348</sup> Þau hellenísku gnómusöfn sem rekja kennslu sína til guðlegs uppruna eru rituð mjög seint, til dæmis *hermetísku gnómusöfnin* (*Corpus Hermeticum*) en ritunartími þeirra er á fyrstu þremur öldum okkar tímatala.<sup>349</sup> Í verkum Plútarkusar og meðal nýplátónista (frá 2. öld e. Kr.) er einnig algengt að spekin (σοφία) sé persónugerð sem guðleg vera. Í heimspekisögu Díógenesar Laertíusar (3. öld e. Kr.), *Heimspekingaævir*, segir hann heimspekinginn Pýþagóras (582-507 f. Kr.) hafa verið álitinn af fylgjendum sínum vera af guðlegum uppruna og siðferðiskennsla hans tengd véfréttinni í Delfí.<sup>350</sup> Díógenes tengir einnig hóp grískra heimspekinga (spekingana sjö) frá 6. öld f. Kr. við véfréttina í Delfí en óvíst er hversu gamlar þær frásagnir eru.<sup>351</sup> Samkvæmt Kloppenborg var ekki óalgengt að gnómusöfn eignuðu kennslunni guðlega

---

<sup>343</sup> Sama rit, s. 194-195.

<sup>344</sup> John D. Mikalson, *Ancient Greek Religion* 2005, s. 68-82.

<sup>345</sup> Sama rit.

<sup>346</sup> Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 163.

<sup>347</sup> Sama rit, s. 163.

<sup>348</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 154.

<sup>349</sup> Kloppenborg, *Formation of Q* 1987, s. 302 og 338.

<sup>350</sup> Sama rit, s. 301.

<sup>351</sup> Sama rit, s. 301.

opinberun til að árétta kennivald sitt en það var þó engan veginn almennt og margar aðrar leiðir voru notaðar í þeim tilgangi.<sup>352</sup>

## 5.2 Spekin í bókmenntum gyðingdóms.

Þau gyðinglegu rit sem við skilgreinum sem spekitexta (Orðskviðina, Jobsbók, Prédikarann ofl.) tilheyrðu ekki neinum sérstökum samfélagskimum og engin sér stétt spekinga var til staðar sem kenndi sig við slíka texta.<sup>353</sup> Mack bendir á að það er í raun ekki fyrr en með Síraksbók sem hugmyndin kemur fram að spekisafn sé til komið í þessum ritum en hann, fyrstur manna, byggir á því textasafni í verki sínu. Spekirit og spekiefni byggja eðli síns vegna á stöðugleika í því samfélagi sem talað er til, en leiðbeiningar um hegðun byggja á því að hægt sé að segja fyrir um afleiðingar hegðunar.<sup>354</sup> Mack heldur því fram að persónugerving spekinnar í gyðingdómi hafi verið viðbrögð við þeirri trúarlegu og pólitísku krísu sem myndaðist í Palestínu á helleníska tímanum og persónugervingin hafi áréttað gildi spekinnar á umbrotatímum.<sup>355</sup> Spekin öðlaðist eigið líf og sterk persónueinkenni og er heillandi persóna í gyðinglegum bókmenntum. Hún er nær alltaf kvengerð og lifir í nánun samneyti við Guð en þráir að dvelja meðal manna.<sup>356</sup>

Elstu dæmin um persónugervingu spekinnar er að finna í 28. kafla Jobsbókar og fyrstu köflum Orðskviðanna en í báðum textunum er spekinni gefið hlutverk við sköpun heimsins.<sup>357</sup> Jobsbók er mun eldra rit en 28. kaflinn sem hefur verið bætt við bókina einhverntíma á fyrri hluta þriðju aldar.

Já spekin, hvaðan kemur hún, og hvar á viskan heima? Hún er falin augum allra þeirra er lifa, ... Guð veit veginn til hennar, og hann þekkir heimkynni hennar ... sá hann hana og kunngjörði hana, fékk henni stað og rannsakaði hana einnig. Og

---

<sup>352</sup> Sama rit, s. 302-305.

<sup>353</sup> Mack, *Wisdom and the hebrew epic* 1985, s. 141.

<sup>354</sup> Sama rit, s. 143.

<sup>355</sup> Sama rit, s. 147.

<sup>356</sup> Elisabeth S. Fiorenza, „Wisdom Mythology and Christological Hymns” 1975.

<sup>357</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 153.

við manninn sagði hann: Sjá, að óttast Drottin það er speki, og að forðast illt það er viska.<sup>358</sup>

Í þessari tilvitnun má greina þrjú meginstef sem eru mjög áberandi í umfjöllun spekitexta um hina persónugerðu visku. Í fyrsta lagi er viskan hulin mönnunum, í öðru lagi er hún til staðar við upphaf tíma<sup>359</sup> og loks er guðsótti upphaf viskunnar, en það stef er þekktast úr Orðskviðunum.<sup>360</sup> Fyrstu köflum Orðskviðanna (Ok 1-9) er sennilega bætt í spekisafnið á miðri þriðju öld f. Kr.<sup>361</sup> og þar er spekinni gefið hlutverk í sköpun heimsins og henni lýst sem yndi Guðs.

Drottinn skóp mig í upphafi vega sinna, á undan öðrum verkum sínum, fyrir alda öðli. Frá eilífð var ég sett til valda, frá upphafi, áður en jörðin var til ... stóð ég honum við hlið sem verkstýra, og ég var yndi hans dag hvern, leikandi mér fyrir augliti hans alla tíma, leikandi mér á jarðarkringlu hans, og hafði yndi mitt af mannanna börnum.<sup>362</sup>

Í tilvitninni er það spekin sjálf sem talar og lýsir tilurð sinni og stöðu frammi fyrir guddóminum. Hlutverk spekinnar við sköpunina í 8. kafla Orðskviða og 28. kafla Jobsbókar er sambærilegt hlutverki anda Guðs í sköpunarsögu 1. Mósebókar. Þessi tenging spekinnar við sköpunarguðfræði biblíuhefðarinnar hafði mikil áhrif á bókmenntir helleníska tímans og olli því að öll þekking og sköpun var talin vitnisburður um visku Guðs.<sup>363</sup>

Þó að báðir þessir textar séu tilkomnir á helleníska tímanum skyldi varast að draga þá ályktun að þeir séu komnir til fyrir grísk áhrifum, viskan sem persónugerð guðleg vera kemur fram á sjónarsviðið mjög seint í grískum bókmenntum og mun fleiri hliðstæður má finna í semískum ritum.<sup>364</sup> Þegar Orðskviðirnir eru þýddir á grísku á fyrri hluta annarar aldar f. Kr. og teknir upp í *Septuagintu* verða þeir hinsvegar fyrir hellenískum áhrifum í mun meira mæli en flest önnur rit grísku biblíuþýðingarinnar.<sup>365</sup> Sérstaklega má greina hellenísk áhrif í Ok 8.22-31 en gríska þýðingin víkur

<sup>358</sup> Jb 28.20-28.

<sup>359</sup> 1M 1.2.

<sup>360</sup> Ok 9.10 „Ótti Drottins er upphaf viskunnar“.

<sup>361</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 154.

<sup>362</sup> Ok 8.22-31.

<sup>363</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 157.

<sup>364</sup> Sama rit, s. 154.

<sup>365</sup> Sama rit, s. 162.

áberandi frá hebreska textanum. Spekin er þar sköpuð eða getin af Guði fyrst sköpunar og tekur þátt í sköpun heimsins sem ráðskona (ἀρμόζουσα) sem feugar sköpunina og fullkomnar.<sup>366</sup> Sú mynd er hliðstæð heimsmynd stóumanna um veraldarsál, sem á rætur að rekja til sköpunarsögu *Tímeusar* eftir Platón (427-347 f. Kr.).<sup>367</sup>

Í Prédikaranum er spekin að einhverju leyti hlutgerð en eiginlega persónugervingu er þar ekki að finna. Andstæðum speki og heimsku er líkt við myrkur og ljós (Pd 2.13) og eiginleikar spekinnar eru lofaðir.

Speki er eins góð og óðal, og ávinningur fyrir þá sem sólina líta. Því að spekin veitir forsælu eins og silfrið veitir forsælu, en yfirburðir þekkingarinnar eru þeir, að spekin heldur lífinu í þeim sem hana á. ... Spekin veitir vitrum manni meiri kraft en tíu valdhafar, sem eru í borginni.<sup>368</sup>

Í Prédikaranum er speki mannlegur eiginleiki, sem fæst við rannsókn á heiminum<sup>369</sup> en í Síraksbók er spekin annarar gerðar, hún er guðlegs eðlis og maðurinn nálgast sanna visku aldrei á eigin vegum heldur þiggur hana að gjöf frá Guði.<sup>370</sup> Síraksbók persónugerir spekina í tveimur köflum, Sr 1.1-10 og 24.1-34 en hvorugur þessara kafla hafa varðveist á hebresku.

Ég [spekin] gekk fram af munnni hins Hæsta, þakti jörðina líkt og mistur ... meðal allra lýða og þjóða hlaut ég völd. Hjá þeim öllum leitaði ég mér hvíldarstaðar, í arfleifð hvers myndi ég dvalarstað hljóta? ... Í borginni sem hann [skaparinn] elskar fékk hann mér bústað, í Jerúsalem hef ég völd.<sup>371</sup>

Spekin er í þessari tilvitnum útgengin af Guði og hefur einhver ítök meðal allra þjóða en sérstaða Ísraels og borgarinnar helgu er augljós, þar býr spekin og hefur völd. Það er áberandi að þó textinn sé lofgjörðarkvæði er spekin jafnt mælandi og andlag lofgjörðarinnar og 24. kaflinn á margt skylt með hellenískum sjálfslofgjörðum gyðjunnar Ísisar (*Isis Aretalogies*).<sup>372</sup> Ekki er ólíklegt að Ísisardýrkendur hafi á þriðju öldinni boðað trú sína í

<sup>366</sup> Sama rit, s. 163.

<sup>367</sup> Sama rit, s. 163.

<sup>368</sup> Pd 7.11-19.

<sup>369</sup> Sbr. Pd 1.3.

<sup>370</sup> Boccaccini, *Middle Judaism* 1991, s. 82.

<sup>371</sup> Sr 24.3-11, *Apókrýfar bækur Gamla testamentisins* 1994.

<sup>372</sup> Gyðjan Ísis var víða dýrkuð á helleníska tímanum í heimsveldi Ptólemíta og með opinberum stuðningi þeirra. Í Palestínu var hún tengd kanversku gyðjunni Astarte og mögulega undir áhrifum frá egypsku gyðjunni Ma'at. Veglegt rit tileinkað Ísisi fannst við Oxyrhynchus sem sýnir að hún var dýrkuð í Júdeu á helleníska tímanum. Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 158.

Jerúsalem og að eiginleikar Ísisar hafi verið yfirfærðir á speki Guðs í ritdeilum við þá.<sup>373</sup>

Áberandi einkenni á spekinni í 24. kafla Síraksbókar eru hin nánú tengsl hennar við lögmálið, Tóruna,<sup>374</sup> og þó að spekin eigi heimili sitt í Jerúsalem er dvalarstaður hennar í lögmálinu.<sup>375</sup>

Sá sem hlýðir mér [spekinni] verður ei til skammar, þeir sem starfa með mér munu ei syndga. Allt þetta er að finna í sáttmálsbók Guðs hins hæsta, lögmálinu sem Móse bauð oss að hlýða og veitti söfnuðum Jakobs í arf. Lögmálið er bakkafullt af speki eins og Písonsfjót, líkt og Tígris á tíma frumgróðans.<sup>376</sup>

Þessum samruna spekinnar og lögmálsins er stillt upp sem svari við efahyggju samtímans og afleiðingum hennar á siðgæði og hegðun manna. Af því leiðir að það sem lögmálið kennir er það sama og viskan boðar og sótt var í persónur úr sögu Ísraels eftir fyrirmyndum að frómu lífverni.<sup>377</sup> Fyrri spekikvæðið (Sr. 1.1-20) birtir mynd af spekinni sem er undir áhrifum hellenískrar heimspeki, sérstaklega af heimsmynd stóumanna.<sup>378</sup>

Fyrri öllu var spekin sköpuð, frá eilífd voru skilningur og hyggindi. ... [Drottinn] er sá sem spekina skóp, leit á hana og virti vel og veitti (εἰσεχεεν) henni yfir öll sín verk. Allt sem lifir fékk hlutdeild í þeirri gjöf hans, hann veitir þeim sem elska hann ríkulega henni.<sup>379</sup>

Ólíkt fyrri spekiritum fær öll sköpunin hlutdeild í krafti spekinnar og hún er því einskonar alheimsvit, sem er úthellt yfir alla sköpunina og hápunktur hennar birtist í mannkyninu. Þetta altæka eðli spekinnar í Síraksbók er hliðstætt hugmyndum stóumanna um „Logos“, lögmálið sem grundvallar heiminn og hegðun mannsins miðar að.<sup>380</sup>

---

<sup>373</sup> Borgin Búbastis í Egyptalandi (kölluð Píbeset í Esk 30.17) var heilög borg í ritum Ísissardýrkenda vegna nærveru gyðjunnar í borginni og því er líklegt að Sírak sé að svara slíkum hugmyndum með því að segja Jerúsalem íverustað spekinnar. Grundvallarmunur á þeim Ísis og spekinni (*hokma*) er sá að speki Guðs í gyðingdómi gat ekki verið vera (*parhedros*) jöfn Guði heldur er spekin útgengin af Guði (Sr 24.3). Sama rit, s. 158.

<sup>374</sup> Hin hebreska Biblía skiptist í lögmálið, spámennina og ritin, en lögmálið er Mósebækurnar fimm (fimmbókaritið). Fimmbókaritið eða Tóran varð síðan samheiti yfir lögmál Guðs, sem birtist í Mósebókunum og á helleníska tímanum runnu hugmyndir um Tóru og spekina saman.

<sup>375</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 161.

<sup>376</sup> Sr 24.22-24, *Apókrýfar bækur Gamla testamentisins* 1994.

<sup>377</sup> Koester, *Introduction I.b.* 1995, s. 232.

<sup>378</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 159.

<sup>379</sup> Sr 1.4, 9-10, *Apókrýfar bækur Gamla testamentisins* 1994.

<sup>380</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 160.

Samtímamaður Síraks, heimspekingurinn Aristóbúlus,<sup>381</sup> segir berum orðum það sem Síraksbók gefur í skyn, að spekin (*hokma*) sé sambærileg „Logos” stóumanna. Aristobúlus samþættir hina hefðbundnu palestínsku hugmynd um spekina sem samverkakonu Guðs í sköpuninni við frásögn sköpunarsagnanna í 1. Mósebók, sérstaklega 1M 2.1-4a, og beitir til þess hugtökum og hugmyndum hellenískrar heimspeki.<sup>382</sup> Hápunktur samruna lögmáls og speki í gyðinglegum spekiritum helleníska tímans er að finna í tveimur ritum, *Bréfi Aristeasar*<sup>383</sup> og *Orðskviðum Skugga-Fókylídesar*<sup>384</sup> en hvorugt þeirra persónugerir speki Guðs. Sameiginlegt markmið ritanna er að sýna fram á að lögmál Fimmbókaritsins sé fyllilega sambærilegt æðstu hugsjónum grískrar siðfræði og uppspretta allrar sannrar heimspeki.<sup>385</sup>

Elisabeth Schüssler Fiorenza bendir á að mikið af kynferðislegu myndmáli er eignað viskunni í gyðinglegum spekiritum, henni er lýst sem móður, eiginkonu, ástkonu, meyju og brúði.<sup>386</sup> Síraksbók ber vott um slíkt myndmál en þar er spekin lýst sem móður (Sr 4.11), brúði (Sr 5.2) og ástkonu sem leitendur hennar ganga á eftir ástsjúkir (Sr 14.22-27).

Sá sem gægist á glugga hennar leggur við hlustir hjá dyrum hennar, sest að við hús hennar og rekur tjaldhæla sína í vegg þess, slær tjaldi sínu upp í nánd spekinnar, þar á hann gott athvarf.<sup>387</sup>

---

<sup>381</sup> Um Aristobúlus segir í Annarri Makkabeabók: „Kveðja Aristobúlusi, kennara Ptólemeusar konungs, afkomanda smurðra presta og óska honum og Gyðingum í Egyptalandi velfarnaðar”. 2Mkk 1.10, *Apókrýfar bækur Gamla testamentisins* 1994. Sá texti er tímasettur í Annari Makkabeabók 142 f.Kr. Aristobúlus er nefndur af Hengel fyrsti gyðinglegi heimspekingurinn í Alexandríu en kenningar hans um speki og sköpun samþættu hinn gyðinglega trúararf og helleníska heimspeki, aðallega Aristótelesar. Tilgangur hans er að sýna fram á að gyðinglegar kenningar (Tóran) séu sönn heimspeki og ekki síðri heimspekiskólunum. Sama rit, s. 164.

<sup>382</sup> Orðfæri Aristobúlusar um spekina er mun minna goðsagnakennt og persónugert en í öðrum ritum sem hér er fjallað um en hann beitir allegórískri túlkunaraðferð. Sama rit, s. 164.

<sup>383</sup> Í *Bréfi Aristeusar* er það sagt ritað á tíma Ptólemeusar II. (284-247 f. Kr.) en margt bendir til að eiginlegur ritunartími bréfsins sé allavega öld síðar. Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 262.

<sup>384</sup> *Orðskviðir Skugga-Fókylídesar* (*Sentences of Pseudo-Phokylides*) eru ritaðir á 1. öld f. Kr. af Gyðingi sem skrifar undir nafni gríska skáldsins Fókylídesar (6. öld f. Kr.) og verkið líkir eftir bragarhætti grísku skáldanna, sexliðahætti (*hexameter*). Sama rit, s. 263.

<sup>385</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 262.

<sup>386</sup> Fiorenza, „Wisdom Mythology” 1975, s. 27.

<sup>387</sup> Sr 14.22-25, *Apókrýfar bækur Gamla testamentisins* 1994.

Speki Salómons inniheldur sama stef og þar er lögð áhersla á samruna leitandans við spekina gegnum hjónaband, en sá samruni er grundvallaður á sambandi spekinnar og Guðs.

Ég fékk ást á henni og leitaði hennar frá æsku. Ég kostaði kapps um að leiða hana heim sem brúði og varð hugfanginn af fegurð hennar. Samlíf við Guð veitir ættgöfgi hennar ljóma og Drottinn alls elskar hana. Hún er innvígð í leynda vitund Guðs og tekur þátt í verkum hans.<sup>388</sup>

Spekin er upphafin í Speki Salómons sem hin eina sanna leið til Guðs og guðleiki hennar og dýrð er slík í ritinu að hún skyggir jafnvel á Guð sjálfan.

[Spekin] er andblær almáttugs Guðs og streymir tær frá dýrð hins alvalda ... endurskin hins eilífa ljóss, nákvæm eftirmynd verka Guðs og ímynd gæsku hans. Ein er hún en megnar allt, er sjálfri sér söm og endurnýjar allt. Hún býr sér stað í helgum sálum frá kyni til kyns og mótar spámenn og vini Guðs. Enda elskar Guð aðeins þann sem er samvistum við spekina.<sup>389</sup>

Af þessari tilvitnun sést upphafning spekinnar í ritinu, hún á uppruna sinn í Guði og er endurskin af ljósi hans en virðist samt almáttug og endurnýjandi á eigin forsendum. Fyrst og fremst er hún innblástur og andi spekinga og spámanna Guðs og forsendan fyrir elsku hans.

Í opinberunarritunum er spekin hin leynda þekking sem aðeins fæst með guðlegri opinberun, oftast í draumi, sýn eða upphafningu til himins. Líkt og í Síraksbók leitar spekin í *Enoksbók* að dvalarstað á jörðinni en jafnvel í Jerúsalem finnst ekki ákjósanlegur staður og því dvelur hún á himnum í faðmi engla og þangað þarf að sækja hana.<sup>390</sup>

Spekin fann ekki bústað á jörðu þar sem hún gæti dvalið, bústaður hennar er því á himnum. Spekin fór til að dvelja meðal sonum manna, en hún fann ekki dvalarstað. Spekin snéri til baka á sinn stað, og tók sér sæti meðal englanna. En ranglætið kom fram eftir endurkomu hennar, sem ófús fann sér bústað, og býr meðal þeirra, líkt og regn í eyðimörkinni og döggi á þyrstu landi.<sup>391</sup>

Sú heimsmynd sem hér birtist er mun bölsýnni en sú sem Síraksbók dregur upp, þar sem höfunudur Síraksbókar sá ljós í Jerúsalem sér *Enoksbók* aðeins ranglæti á allri jörðinni, sanna speki er þar ekki að finna. Birting spekinnar í opinberunarbókmenntum tekur á sig þrenns konar myndir. Í fyrsta lagi er hin hefðbunda sýn spekibókmennta að aðeins hinn réttvísi sem fylgir

<sup>388</sup> SS 8.2-4. Sama rit.

<sup>389</sup> SS 7.25-28. Sama rit.

<sup>390</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 204-206.

<sup>391</sup> *Enoksbók* 42.1-2. James H. Charlesworth, *The Old Testament Pseudepigrapha*, I.b.: *Apocalyptic Literature and Testaments* 1983. Eigin þýðing úr ensku.

lög málinu geti talist vitur, í öðru lagi að í freistingum hinstu tíma fylgi opinberun á huldum boðskap hinna fornu spámanna Ísraels sem muni styrkja hina trúuðu og loks verður sannri speki ekki úthellt fyrr en við hinstu tíma.<sup>392</sup>

En þú, Daníel, halt þú þessum orðum leyndum og innsigla bókina, þar til er að endalokunum líður. Margir munu rannsaka hana, og þekkingin mun vaxa. ... En hann sagði: Far þú, Daníel, því að orðunum er leyndum haldið og þau innsigluð, þar til er endirinn kemur. Margir munu verða klárir, hreinir og skírir, en hinir óguðlegu munu breyta óguðlega, og engir óguðlegir munu skilja það, en hinir vitru munu skilja það.<sup>393</sup>

Í niðurlagskafla Daníelsbókar hér að ofan koma allar þessar myndir fyrir, en áherslan er á hina leyndu þekkingu og opinberun hennar við heimsendi.

Trúarbrögð gnóstikea komu fram á helleníska tímanum og voru frá upphafi nátengd gyðingdómi.<sup>394</sup> Hugmyndafræði og heimsmynd þeirra byggir á óhefðbundinni ritskýringu á textum hinnar hebresku Biblíu og líklegast er að gnóstisismi hafi orðið til meðal hellenískra Gyðinga sem viðurkenndu kennivald Gamla testamentisins en höfnuðu túlkunum Gyðinga.<sup>395</sup> Margar af mýtum gnóstikea eiga rætur að rekja til gyðinglegra bókmennta helleníska tímans en hugtakanotkun gnóstískra rita byggir oft á hebreskuþekkingu sem bendir til að höfundarnir hafi haft tengsl við gyðingdóm Palestínu.<sup>396</sup> Elsti kjarninn í goðsögum þeirra byggir líklega á hefðum um Enok, en höfundar Nag Hammadi ritanna virðast hafa þekkt vel til *Bókar risanna*, rits sem varðveittist meðal Qumranhandritanna og byggir á *Enoksbók*,<sup>397</sup> og *Huldugeymdir Jóhannesar* (*Apochryphon of John*) byggir á *Enoksbók* í umfjöllun sinni.<sup>398</sup>

---

<sup>392</sup> Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 207-208.

<sup>393</sup> Dn 12.4-10.

<sup>394</sup> Fram eftir 20. öldinni var talið að gnóstisismi hafi átt upptök sín í tengslum við kristna hópa á annari öldinni en rannsóknir á ritum Nag Hammadi handritasafnsins hafa leitt í ljós að gnóstisismi er mun eldra fyrirbæri sem líklega varð til á helleníska tímanum. PHEME PERKINS, *Gnosticism and the New testament* 1993.

<sup>395</sup> Sama rit, s. 40-41.

<sup>396</sup> Nöfn og orðaleikir Nag Hammadi rita, á borð við *Um uppruna heimsins* (*On the Origin of the World*), byggja á hebreskum hugtökum og það gerir tengsl við grískumælandi hópa á borð við Gyðinga í Alexandríu eða frumkristna hópa ólíkleg. Sama rit, s. 22-23.

<sup>397</sup> *Bók Risanna* (*Book of Giants*) er rit varðveitt meðal dauðahafshandritanna (Qumran) og byggir á *Enoksbók*. Koester, *Introduction* I.b. 1995, s. 240-241.

<sup>398</sup> Perkins, *Gnosticism* 1993, s. 24.

Spekin var miðlæg persóna í heimsmynd margra gnóstískra hópa og hún byggir á hinni persónugerðu speki í bókmenntum gyðingdóms.<sup>399</sup> Greinilegur munur er á þeirri mynd sem spekirit gyðingdóms draga upp af spekinni og þeirri sem birtist í gnóstískum ritum, en þar er spekin fallin vera og sú hugmynd sækir fyrirmynd í raunir spekinnar í 42. kafla *Enoksbókar* og syndafalli Evu í sköpunarsögu 1. Mósebókar.<sup>400</sup> Þrátt fyrir greinilegan hugmyndamun eru sameiginleg einkenni spekinnar í spekiritum gyðingdóms og klassískum gnóstisisma sláandi. George W. MacRae rekur alls fjórtán hliðstæður á persónu spekinnar í hefðunum og niðurstaðan á samanburði hans er sú að þótt mögulegt sé að aðrar hefðir hafi haft áhrif byggir spekin í gnóstískum bókmenntum á persónugervingu hennar í gyðinglegum spekiritum.<sup>401</sup>

Spekin er í báðum þessum hefðum persónugerð og tengsl hennar við Guð eru nánin (SS 7.25-26; Ok 8.22,30).<sup>402</sup> Spekin er orðin til fyrir sköpun heimsins (Ok 8.22; Sr 1.4, 24.9), jafnt í spekiritum gyðingdóms og gnóstískum ritum, hún á bústað í skýjunum (Sr 24.4; Br 3.29) og tilheyrir hirð Guðs á himnum (SS 9.4, *Enoksbók* 84.3, Sr 24.4).<sup>403</sup> Hún er sögð andi Guðs af gnóstikeum og Gyðingum (SS 7.7, 22-23; 9.17), á þátt í sköpun heimsins (Ok 3.19; 8.27-30) og miðlar visku og opinberunum til mannanna (SS).<sup>404</sup> Spekin stígur niður í heim manna (*Enoksbók* 42.2; Br 3.37) og snýr aftur til uppruna síns á himnum (*Enoksbók* 42.2) í báðum hefðunum, en hugmyndina um fall spekinnar er einungis að finna meðal gnóstikea þó hún sé mögulega byggð á þriðja kafla 1. Mósebókar.<sup>405</sup> Hún er verndari mannanna (SS 10.1-2), systir (Ok 7.4) og líf (Ok 7.35, Br 9.14) og henni er líkt við tré lífsins (Ok 3.18; *Enoksbók* 32.3-6) og hús reist á sjö stólpum (Ok

<sup>399</sup> George W. MacRae, „The Jewish Background of the Gnostic Sophia Myth” 1970.

<sup>400</sup> Perkins, *Gnosticism* 1993, s. 19, 49.

<sup>401</sup> MacRae, „Jewish Background of Sophia” 1970, s. 94.

<sup>402</sup> Guð Gamla testamentisins er meðal hópum gnóstikea síðri Guð og efnisheimurinn óæðri holdleg sköpun hans. Hlutverk spekinnar í sköpunarsögum gnóstikea er afgerandi en hinn síðri sköpunarguð er afsprengi spekinnar og afleiðing af falli hennar. Sama rit, s. 88.

<sup>403</sup> Sama rit, s. 89.

<sup>404</sup> Í gnóstískum ritum er spekin sögð hafa gefið Adam guðlegan neista sem gerir manninn æðri þeim öflum sem sköpuðu hann. Sama rit, s. 90.

<sup>405</sup> Sama rit, s. 92, 100.

9.1).<sup>406</sup> Gnóstískar hugmyndir um eðli og skipan heimsins eru það ólíkar gyðingdómi að ekki er hægt að skýra þær einungis á grundvelli túlkunar á gyðinglegum bókmenntum en birtingarform Sófíu í bókmenntum gnóstikea sækir augljóslega í smiðju spekibókmennta gyðingdóms.<sup>407</sup>

Í verkum Fílon frá Alexandríu er að finna mjög ríkt myndmál tengt spekinni sem er undir sterkum áhrifum frá spekibókmenntum *Septuagintu*, sérstaklega Orðskviðunum, Síraksbók og Speki Salómons.<sup>408</sup> Fílon líkir spekinni við dóttur og yndi Guðs, ástkonu og móður spekingsins, tré lífsins, lögmálið, aldingarðinn Eden og fyrirheitna landið sem lofað var Abraham.<sup>409</sup> Á köflum tekur myndmál hans á sig mjög kynferðislega undirtóna þegar hann lýsir hjúskap spekinnar við Guð og samræði hennar við mennina.<sup>410</sup> Spekin er hjá Fíloni bæði guðlegt og mannlegt fyrirbæri og tengsl spekinnar við uppfræðsluhugmyndir Grikkja um *paideia* er mjög sterk. Þær persónur úr sögu Ísraels sem eru mikilvægastar í verkum hans eru Móses og Abraham, vegna miðlægni Tórunnar og tengslum hennar við spekina, og þeir verða málsvarar *paideia*. Fílon gengur mun lengra en Speki Salómons í því að tengja spekina við *paideia* og til að lýsa sambandi þeirra grípur hann til allegórískrar túlkunar, aðferðar sem er mjög fátíð í spekiritunum.<sup>411</sup> Markmið hans er að skýra hvernig skuli meta og glíma við uppfræðsluna til þess að nýta það besta úr menningu Grikkja og hefðum Biblíunnar án þess að missa sjónar á Guði.<sup>412</sup>

### 5.3 Hugtakið Σοφία.

Ólíkt viskuhugtaki hebreanna (*hokma*), sem var fyrst og fremst guðfræðilegt hugtak, er viska (σοφία) í grískum bókmenntum hugtak tengt heimspeki og iðnum. Nafnorðið σοφία er dregið af lýsingarorðinu σοφός

---

<sup>406</sup> Sama rit, s. 92-93.

<sup>407</sup> Sama rit, s. 101.

<sup>408</sup> Jean Laporte, „Philo in the Tradition of Wisdom” 1975, s. 106.

<sup>409</sup> Sama rit, s. 105.

<sup>410</sup> Sama rit, s. 118-119.

<sup>411</sup> Sama rit, s. 118-119.

<sup>412</sup> Sama rit, s. 108-109.

(fær í iðn og listum/lærður/vitur)<sup>413</sup> og ólíkt þekkingafræðilegum hugtökum sem dregin eru af sögnum (sbr. σύνεσις, μάθημα, ἐπιστήμη o.fl.) merkir σοφία ávallt eiginleika en ekki verknað.<sup>414</sup> Elsta beiting σοφία hugtaksins er í Illionskviðu Hómers (15.411f.) en þar merkir σοφία færni handverkmanns (τέκτων) sem sótt er til gyðjunnar Aþenu.<sup>415</sup>

Þá hann [Patróklos] hafði þetta mælt, hljóp hann af stað. En Akkear stóðu fast móti Trójumönnum ..., ekki gátu Trójumenn heldur rofið fylkingar Danáa, og komizt upp á skipin og í búðirnar. Heldur, svo sem mæliþráður gerir beinann skipaviðinn, þegar hagur smiður heldur á, sá er lært hefir alls konar smiðsvélar eftir tilsögn Aþenu: svo gekk orustan og styrjöldin jöfnum höndum milli þeirra.<sup>416</sup>

Eftir Hómer er σοφία fyrst og fremst notuð í þessari merkingu, sem færni í handverkum og yfirburði á ýmsum sviðum mannlífsins.<sup>417</sup> Upphaflega var σοφία eign guðanna einna, sérstaklega Aþenu, smíðaguðsins Hefestosar og Apóllons, en margar goðsagnir segja frá því hvernig spekin barst mönnum. Í harmleiknum *Prómeþeifur* eftir Æskílos (525-456 f. Kr.) er Prómeþeifur sagður spekingur (σοφιστής) sem kennir mönnum listir (τέχνη), en hann er sá sem stal eldinum frá guðunum og færði mönnum.<sup>418</sup>

Ég [Prómeþeifur] tók [frá guðunum] og fal í holum reyrstaf upphaf elds er orðið hefur mönnum betri en þarfur þjónn til allra lista (τέχνης) og alls þess er mest um vert.<sup>419</sup>

Loks miðluðu skáldagyðjur spekinni til ljóðskálda en hin fornu skáld Grikkja voru fyrirrennarar heimspekinga klassíska tímans.<sup>420</sup>

Á klassíska tímanum einskorðaðist merking σοφία hugtaksins við fræðilega og vitsmunalega þekkingu.<sup>421</sup> Sófistarnir álitu spekina vera mannlega þekkingu sem hægt væri að kenna og læra en margir af yngri sófistum aðhylltust sterka þekkingafræðilega efahyggju og siðfræðilega

<sup>413</sup> H.G. Liddell og R. Scott, *Greek English Lexicon* 1968, „σοφός“.

<sup>414</sup> Ulrich Wilckens „σοφία, σοφός“ í Gerhard Kittel, *Theological Dictionary of the New Testament* 1971 7. bindi., s. 465-476.

<sup>415</sup> Sama rit, s. 468.

<sup>416</sup> Hómer, *Illionskviða* 15.405-414. Sveinbjörn Egilsson (þýð), *Kviður Hómers: I. Bindi Illionskviða* 1949, s. 300.

<sup>417</sup> Wilckens „σοφία, σοφός“ 1971, s. 468.

<sup>418</sup> Æskílos, *Prómeþeifur* 62, 944. Helgi Hálfðánarson (þýð), *Grískir Harmleikir: Æskílos, Sófókles og Evrípídes* 1990, s. 201, 223.

<sup>419</sup> Æskílos, *Prómeþeifur* 110. Sama rit, s. 202.

<sup>420</sup> Wilckens „σοφία, σοφός“ 1971, s. 469.

<sup>421</sup> Sama rit, s. 467.

afstæðuhyggu og töldu í raun að ekkert verði vitað með vissu.<sup>422</sup> Sókrates (470-399 f. Kr.) deildi áhuga sófistanna á þekkingarfræði, siðfræði og stjórnspeki en hann leit á það sem hlutverk sitt að hrekja efahyggju þeirra og boða dyggðasiðfræði sem byggðist á tengslum speki (σοφία) og dyggða (ἀρετή): „hinn vitri maður sem breytir rétt er einnig hamingjusamur”.<sup>423</sup> Lærissveinn Sókratesar Platón (427-347) áleit σοφία vera þekkingu á hinu góða og fagra í heiminum og æðsta af fjórum höfuðdyggðum.<sup>424</sup> Aristóteles leggur síðan visku (σοφία) og heimspeki (φιλοσοφία) að jöfnu og segir spekina æðsta form þekkingar.<sup>425</sup>

Þó teljum við sumt fólk vera viturt almennt, en ekki að hluta eða á einhverju sviði, eins og Hómer segir í verki sínu *Flónakviðu*: „Manninn létu guðir hvorki grafa né plægja eða gjörla vita nokkurt mál.” Af þeim sökum er ljóst að viska hlýtur að vera fullkomnasta grein þekkingar ... fullkomin þekking á því sem mest er vert. ... Því segjum við að menn eins og Anaxagóras og Þales hafi verið vitrir en ekki hyggirnir ... að þeir þekki kynlega hluti, undarlega, erfiða, guðdómlega, en gagnslausa, því þeir leita ekki mannlegra gæða.<sup>426</sup>

Hina vitru aðgreinir Aristóteles frá öðrum mönnum vegna áhuga þeirra á speki sem er handan þessa heims, andstætt hyggindamönnum sem leita tímanlegra gæða.<sup>427</sup>

Heimspekingar helleníska tímans samþættu hinn forna skilning á σοφία sem hagnýtu fyrirbæri og áherslu klassísku heimspekinganna á σοφία sem heimspekilegu hugtaki.<sup>428</sup> Við nýja heimsmynd í kjölfar útpenslu gríska heimsveldisins breyttist hugmynd mannsins um sjálfan sig mikið, fólk hætti að skilgreina sig út frá áttögum sínum og upplifði sig berskjaldað og eitt í hinum stóra heimi. Sú reynsla mótaði hugmyndir helleníska tímans um spekinga, þá sem varðveittu hinar fornu hugsjónir Grikkja í nýjum kringumstæðum, og starf þeirra fólst í því að uppfærða syni auðmanna og undirbúa þá undir lífið.<sup>429</sup> Þessa mynd af spekingum sjáum

<sup>422</sup> Gunnar Skirbekk og Nils Gilje, *Heimspekisaga* 1999, s. 44-45.

<sup>423</sup> Sama rit, s. 54.

<sup>424</sup> Wilckens „σοφία, σοφός” 1971, s. 471.

<sup>425</sup> Sama rit, s. 472.

<sup>426</sup> Aristóteles, *Siðfræði Nikómakkusar* VI.7 (1141a-1141b). Svavar Hrafn Svavarsson (þýð), *Aristóteles: Siðfræði Nikómakkusar* 1995, síðara bindi s. 75-78.

<sup>427</sup> Wilckens „σοφία, σοφός” 1971, s. 472.

<sup>428</sup> Sama rit, 1971, s. 467.

<sup>429</sup> Sama rit, s. 472.

við fyrst meðal fylgjenda Evklíðs frá Megara (450-375), hjá kýnikeum og sérstaklega meðal epíkúrista og stóumanna.<sup>430</sup> Sýn stóuspekinnar á σοφία hafði mest áhrif en stóumenn álitu spekina vera jafnt guðlega og mannlega og hina æðstu dyggð sem sameinar kenningu og framkvæmd. Einungis sannir spekingar (σοφός) höndluðu spekina og lifðu frómu lífi en svo upphafin var mynd þeirra af spekinni að fæstir af leiðtogum stóísku skólanna gerðu tilkall til þess að kallast heimspekingar (φίλοσοφος) og því síður spekingar (σοφός).

Eins og fram hefur komið fjallar þessi ritgerð um notkun spekihugtaksins sem persónugervingu guðlegrar visku og viskuna sem hluta af guðdómnum. Í Nýja testamentinu er þær áherslur meðal annars að finna í Ræðuheimildinni og í Jakobsbréfi en σοφία hefur víðtækari merkingu í öðrum ritum þess. Orðabók Louw og Nida yfir merkingarsvið hugtaka sem er að finna í Nýja testamentinu greinir nafnorðið σοφία í tvö merkingarsvið auk undirsviða.<sup>431</sup> annarsvegar í merkingarsvið 28, nánar tiltekið 28.8 (sérhæfð þekking) en þar er vísað í þá merkingu að σοφία sé hagnýt þekking eða færni. Hjá Páli hefur þessi merking neikvæða skírskotun en hann stillir færni í ræðulist upp í andstöðu við opinberun kristindómsins í Fyrri Korintubrési.<sup>432</sup> Hinsvegar tilheyrir σοφία merkingarsviði 32, sem greinir hugtök er merkja skilning, og deilist þar á þrjú undirsvið. Það fyrsta er 32.32 (speki) en þar lýsir σοφία getunni til að skilja og meðtaka visku og þar af leiðandi lifa frómu lífi. Páll vísar í þessa merkingu þegar hann hvetur trúbræður sína til að lifa frómt og vera þeim sem ekki eru kristnir góð fyrirmynd.<sup>433</sup> Annað undirsviðið er 32.37 (innsýn) en það merkir eðli og innihald þeirrar þekkingar sem að spekingar hafa öðlast og eru skilgreindir af. Louw og Nida gefa tvö dæmi úr Nýja testmentinu um þessa merkingu,

---

<sup>430</sup> Sama rit, s. 473.

<sup>431</sup> Louw og Nida, *Greek-English Lexicon on Semantic Domains* 1988, II.b. s. 225.

<sup>432</sup> 1Kor 1.17: „Ekki sendi Kristur mig til að skíra, heldur til að boða fagnaðarerindið, og ekki með orðspeki (σοφία λόγου), til þess að kross Krists missti ekki gildi sitt.” Sama rit, s. 335.

<sup>433</sup> Kól 4.5: „Umgangist viturlega (ἐν σοφία) þá, sem fyrir utan eru, og notið hverja stundina.” Sama rit, s. 385.

annarsvegar vísun í Móse þar sem hann er sagður innvígður í speki Egypta og hinsvegar í Pál þar sem hann gerir greinarmun á þeirri óförgengilegu speki sem hinir kristnu hafa undir höndum og tímanlegri speki heimsins.<sup>434</sup>

Þriðja og síðasta sviðið 32.41 (*title of a book*) vísar í rit eða bók sem inniheldur spekiummæli og orðskviði en þannig túlka þeir Louw og Nida Q-textann í Lúkasarguðspjalli 11.49.<sup>435</sup> Orðasambandið „speki Guðs” vísar þá samkvæmt þeim annaðhvort í Gamla testmentið sjálft eða einhvert af spekiritum helleníska tímans, mögulega í glatað verk sem bar þennan titil. Louw og Nida gera ekki ráð fyrir að σοφία hugtakið í Nýja testamentinu geti verið persónugerving á speki Guðs, sem verður að teljast merkilegt í ljósi notkunar hugtaksins í gyðinglegum spekiritum, en þeir nefna aðra mögulega skýringu: að átt sé við visku Guðs í merkingunni „Guð í visku sinni sagði...” eða „Guð, sem er vitur, sagði...”<sup>436</sup>

Í verkum kirkjufedeðranna er σοφία hugtakið notað í öllum þeim merkingum sem þegar hefur verið rætt um, en mikið af þeim gyðing-kristnu heimildum sem rannsókn ritgerðarinnar styðst við er einungis varðveitt í ritum þeirra. Í fyrsta lagi er hugtakið notað af kirkjufedeðrum til að lýsa mannlegri visku og þá í fernskonar merkingu: Spekin sem færni í einhverju, líkt og elsta notkunin; spekin sem siðferðislegur eiginleiki; spekin sem vitrænn eiginleiki, þá annarsvegar sem lærdómi í heimspeki og kristnum sannindum eða hinsvegar í neikvæðri merkingu sambærilegri sófistunum, sem jarðnesk, tímanleg og brigðul speki; og loks spekin sem andlegur eiginleiki, það er sú dyggð að bera skynbragð á hið andlega líf.<sup>437</sup> Í öðru lagi er σοφία notað í gnóstískri merkingu, sem vísun í eilífðarveruna (aeon)

---

<sup>434</sup> P 7.22: „Móse var fræddur í allri speki (ἐν πάσῃ σοφίᾳ) Egypta, og hann var máttugur í orðum sínum og verkum.” 1Kor 2.6-7: „Speki (σοφίαν) tölum vér meðal hinna fullkomnu, þó ekki speki (σοφίαν) þessarar aldar eða höfðingja þessarar aldar, sem að engu verða, heldur tölum vér leynda speki (σοφίαν) Guðs”. Sama rit, s. 384.

<sup>435</sup> Lk 11.49: „Þess vegna hefur og speki Guðs (σοφία τοῦ εἰπεν) sagt: Ég mun senda þeim spámenn og postula, og suma þeirra munu þeir lífláta og ofsækja.” Sama rit, s. 385.

<sup>436</sup> Sama rit, s. 385.

<sup>437</sup> G.W.H. Lampe, *A Patristic Greek Lexicon* 1961, s. 1244-1245.

Σοφία sem gaf Adam sinn guðlega neista, en kirkjufedurnir vitna í rit gnóstikea í ritdeildum sínum við þá.<sup>438</sup>

Í þriðja lagi vísa kirkjufedurnir í hina guðlegu speki og tekur hún á sig ólík birtingarform í umfjöllun þeirra.<sup>439</sup> Spekin er sögð eiginleiki guðdómsins og er tengd sköpuninni sem uppruni visku allrar sköpunar. Í sumum verkum er hún tengd Heilögum anda og er þá sögð ein af persónum þrenningarinnar í hans stað. Aðrir textar tengja spekina þætti Heilags anda í sköpuninni og hún er þá lögð að jöfnu við anda Guðs í sköpunarsögunni. Algengt er að spekin sé tengd Jesú og hún er þá sett í stað sonarins í þrenningunni en Jesús er sjálfur sagður vera speki föðurins eða holdgerving spekinnar okkar á meðal. Sum rit tala um þá guðlegu speki sem opinberast í ritningunum, í spádómsbókum Gamla testamentsins, Jobsbók og Orðskviðunum. Σοφία getur einnig verið tilvísun í bókarheiti, oftast Orðskviði Salómons, Prédikarann eða Speki Salómons og auk þess notar eitt rit spekina í samhengi helgunar á kirkjustað.<sup>440</sup> Í fjórða og síðasta lagi er hugtakið notað í tengslum við hið kristna helgihald og merkir þá ákall til hinna trúföstu að taka vel eftir meðan lesið er úr ritningunum.<sup>441</sup>

Markmið þessa hluta hefur verið að staðsetja spekina í menningarheimi helleníska tímans og þeim spekibókmenntum sem þekktar voru í þeirri menningu. Rannsókn á birtingu spekinnar í spekihefðum Nýja testamentisins og gyðing-kristnum bókmenntum byggir á þeim bakgrunni sem dreginn hefur verið upp. Hin fjölbreytta notkun σοφία hugtaksins í verkum kirkjufedrana endurspeglar langa hugmyndasögu spekinnar og sömu fjölbreytni má vænta í hinum gyðing-kristna arfi.

---

<sup>438</sup> Sama rit, 1245-1246.

<sup>439</sup> Sama rit, s. 1245-1246.

<sup>440</sup> Sama rit, s. 1245-1246.

<sup>441</sup> Sama rit, s. 1246.

## Hluti III: Eðli spekinnar í Jakobsbréfi, Q og gyðing- kristnum bókmenntum.

En sá sem skyggnist inni í hið fullkomna lögmál frelsisins og heldur sér við það og gleymir því ekki sem hann heyrir, heldur framkvæmir það, hann mun verða sæll í verkum sínum.

Jk 1.25

### 7. Spekin í Jakobsbréfi og Q.

#### 7.1 Forsendur og ferli rannsóknarinnar

Rannsóknin að baki þessari ritgerð var unnin undir leiðsögn Jóns Ma. Ásgeirssonar og fór að mestu leyti fram á vor- og haustmíssi 2005.<sup>442</sup> Markmið hennar var að greina og safna lykilhugtökum í gyðing-kristnum ritum í þeim tilgangi að skoða grísk-rómversk áhrif á þau. Við upphaf vinnunnar á vormíssi útbjó prófessor Jón samantekt yfir helstu rit gyðing-kristni á fyrstu öldum kristindómsins. Sú samantekt varð ítarlegri eftir því sem leið á míssið og þjónaði sem bakgrunnur fyrir rannsókn mína. Einnig varð hún forsenda þessarar umfjöllunar en umfangsins vegna mun hún einskorðast við liði A og B.

#### Epískar forsendur kristinna rita í grísk-rómversku samhengi<sup>443</sup>

Rannsóknarliður A.1: Listi gyðing-kristinna rita.

A) Varðveittar frumheimildir:

0. Ræðuheimild (Q) samstofnaguðspjalla Mt. og Lk [1.öld e. Kr.]<sup>444</sup>
1. Jakobsbréf [1. öld]
2. Matteusarguðspjall [1. öld]
3. *Tólf postula kverið (Didache)* [2. öld]
4. *Barnabasarbréf* [2. öld]
5. *Klemens saga hins rómverska* [3.öld]
- 5a. *Prédikanir Skugga-Klemensar* [4. öld]
- 5b. *Minningabrot Skugga-Klemensar* [4. öld]

B) Varðveitt brot annarra frumheimilda í frumheimildum og slitrum í verkum kirkjuféðranna:

1. *Klemens frá Alexandríu* [2.-3. öld]

<sup>442</sup> Þennan tíma starfaði höfundur sem aðstoðarmaður Jóns Ma. Ásgeirssonar en rannsóknarverkefnið var stutt af Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands bæði míssin.

<sup>443</sup> Jón Ma. Ásgeirsson & Sigurvin Jónsson, „Epískar forsendur kristinna rita í grísk-rómversku samhengi” (óbirt).

<sup>444</sup> Sá fyrirvari er gerður á að flokka Ræðuheimildina sem gyðing-kristið rit að elsta lag hennar inniheldur engar vísanir í gyðinglegan arf, sbr. John S. Kloppenborg, „Nomos and Ethos in Q” 1990.

- a. *Perlan í boðun Péturs (Kerygma Petrou)*
- 2. Skugga-Klemens [3.öld]
  - a. *Perlurnar í boðun Péturs (Kerygmata Petrou)*
  - b. *Bréf Péturs til Jakobs*
  - c. *Askorun vitnisburðarins (Contestatio)*
  - d. *Bréf Klemensar til Jakobs*
  - e. *Vegsemdir Jakobs II (Anabathmoi Iakobou)*
- 3. Ýmsar heimildir [2. öld og síðar]
  - a. *Nasóreaguðspjallið*
  - b. *Ebjónítaguðspjallið*
  - c. *Endurminningar Hegesippusar (Hypomnemata of St. Hegesippus)*

C) Vitnisburður um (deilur við) gyðing-kristna hópa í ritum Nýja testamentisins og Apókryfra rita þess.

- 1. Gl 1.19, 2.1-10, 12; 3.28
- 2. 1Kor 7.19; 12.13; 15.7
- 3. 2 Kor 3
- 4. Rm 3.2, 28; 9-11
- 5. Kl 3.11
- 6. Ef 2.11-22
- 7. P 15; 20.21; 21.25
- 8. Tm 6; 12; 14; 27; 52; 53; 89; 104
- 10. Ígnatíusarbréf: Bréfið til Magnesíu [2.öld]
- 11. Ígnatíusarbréf: Bréfið til Fíladelfíu
- 12. Postulleg fyrirmæli (*Didascalia apostolorum*)

D) Vitnisburður um (deilur við) gyðing-kristna hópa í ritum kirkjuféðranna:

- 1. Kerinþúsarsinnar
- 2. Ebjónítar
- 3. Nasórear
- 4. Symmakear
- 5. Elkesætar

E) Aðrir hópar gyðing-kristinna í frumkristni:

- 1. Setistar (*The Sethian Gnostics*) [Tólf rit meðal Nag Hammadi handritasafnsins]
- 2. Fórnarhreyfing (*Christus semper sacrificetur*) [Hebreabréfið]
- 3. Sýnkretísk hreyfing (*Syncretic Jewish-Christians*) [Hebreaguðspjallið]
- 4. Kvartódesímanistar (*Quartodecimans*) [Forn Páfabréf]

Í upphafi voru skoðuð hugtök sem koma oftar en tíu sinnum fyrir í gyðing-kristnum ritum<sup>445</sup> og tekið saman hvar þau er að finna í Nýja testamentinu.<sup>446</sup> Til þeirrar vinnu var notaður orðalykill að hinu gríska Nýja testamenti og reynt eftir föngum að taka til greina mismunandi orðmyndir

<sup>445</sup> Til að hefja vinnuna lagði Jón Ásgeirsson fram eftirfarandi lista yfir hugtök sem koma oftar en tíu sinnum fyrir í gyðing-kristnum bókmenntum. Hann er eftirfarandi: Βασιλεύς (konungur), ἔργον (verk), νομός (lög máll), πειρασμός (freisting), πίστις (trú), σόφια (víska), τῶ πεινός (lítillæti), τέλειος (fullkomnun), ὑπομονή (þolgæði).

<sup>446</sup> Sjá Viðauka I: Rannsóknarliður II: Stefjabrunnur Nýja testamentisins.

hugtakanna og náskyld orð og orðasambönd.<sup>447</sup> Þegar þeirri vinnu var lokið hófst söfnun á tilvísunum kirkjufæðra í gyðing-kristin rit og gyðing-kristnar hugmyndir. Við þá vinnu notaði ég aðallega útgáfur F. Schneemelcher, *New Testament Apochrypha*<sup>448</sup> og samantekt A.F.J. Klijn & G.J. Reinink á vitnisburðum kirkjufæðra um gyðing-kristna trúarhópa.<sup>449</sup> Úr þessum tveimur heimildum vann ég tvo gagnabanka, annarsvegar lista yfir vísanir raðað í tímaröð eftir höfundum<sup>450</sup> og hinsvegar lista raðað eftir gyðing-kristnum hópum sem Klijn & Reinink skilgreina í verki sínu.<sup>451</sup>

Á haustmisseri fékkst aðgangur að stafrænu gagnasafni, *Thesaurus Linguae Graecae* (TLG),<sup>452</sup> í gegnum Háskólabókasafnið. Þetta gagnasafn inniheldur langflesta þekktu gríska texta frá klassíska tímanum til síðmiðalda og leitarvél þess gerði síðari hluta rannsóknarvinnunnar mögulega. Eftir að tæknilegum hindrunum hafði verið rutt úr vegi var hafist handa við að rannsaka notkun hugtakanna *fullkonnun* (τέλειος) og *viska* (σοφία)<sup>453</sup> meðal þeirra kirkjufæðra sem báru gyðing-kristnum trúarhópum vitni. Skjölin urðu mjög viðamikil og er stærra skjalið á tólfta hundrað síðna.<sup>454</sup> Rannsóknin tekur til allra hugsanlegra beygingarforma hugtakanna, ásamt orðmyndum og samsettum orðum sem hefjast á *telei* og *sof* en aðferðafræðin veldur því að orðmyndir sem skeyta sérhljóða fyrir framan orðin verða undanskilin, samanber aorist.

Hugmyndafræðin að baki þessari rannsókn byggir á því að skoða textatengsl rita (*intertextuality*) en sú nálgun gerir ráð fyrir að textar eigi í

---

<sup>447</sup> Moulton, W.F. & Geden, D.D. *A Concordance to the Greek Testament* 1963.

<sup>448</sup> Wilhelm Schneemelcher (ritstj.), *New Testament Apocrypha, I.b.: Gospels and Related Writings* 1963.

<sup>449</sup> A.F.J. Klijn & G.J. Reinink, *Patristic Evidence for Jewish-Christian Sects* 1973.

<sup>450</sup> Sjá viðauka II: Listi yfir tilvísanir kirkjufæðra tengdum gyðing-kristnum hópum

<sup>451</sup> Sjá viðauka III: Tilvísanir kirkjufæðra flokkaðar eftir gyðing-kristnum hópum.

<sup>452</sup> Gagnasafnið er aðgengilegt á háskólanetinu af heimasíðu: <http://www.tlg.uci.edu>. TLG er rannsóknarstofnun við Irvine Háskóla í Kaliforníu og frá stofnun þess árið 1972 hefur hún safnað og sett á stafrænt form flesta varðveitta gríska texta frá Hómer til falls býsantíska heimsveldisins 1453.

<sup>453</sup> Sjá viðauka IV: Efnisyfirlit yfir rannsókn á hugtakinu Σοφία og skyldum orðmyndum í heimildum um gyðing-kristin rit.

<sup>454</sup> Vinna þessi reyndist mjög tímafrek og því gafst ekki rými til að gera sambærilega rannsókn á fleiri hugtökum en aðferðafræðin og uppsetning á skjölunum hefur verið mótuð á þann hátt að auðvelt er að halda vinnunni áfram.

flóknum samskiptum við aðra texta og hefðir í menningarumhverfi sínu.<sup>455</sup>

Þekkt skilgreining á hugtakinu *intertextuality* er eftirfarandi:

the ways a new text is created from the metaphors, images, and symbolic world of an earlier text or tradition.<sup>456</sup>

Texti getur verið undir áhrifum óendanlegs fjölda hefða, bæði ritaðra og munnlegra, og stundum getur reynst ógerningur að rekja öll slík tengsl. Við greiningu á textatengslum er skoðaður ákveðinn hópur bókmennta sem líklegt er að hafi haft bein eða óbein áhrif á þau rit sem eru til umfjöllunar eða byggja á hliðstæðum hefðum.<sup>457</sup> Textatengsl geta tekið á sig fjölbreyttar myndir frá beinni notkun rits á eldra riti, samanber *tveggja heimilda kenninguna*,<sup>458</sup> til daufrar endurómunar hugmynda úr eldri ritum sem höfundur hefur orðið fyrir áhrifum af.<sup>459</sup>

Markmið þess að fjalla um þær spekihefðir og spekibókmenntir sem þekktar voru í hinum helleníska menningarheimi á fyrstu öldinni er að staðsetja áhrif slíkra bókmennta á þann flokk rita sem hér eru til umfjöllunar. Til að sýna fram á tengsl á milli þeirra þarf ekki að gera ráð fyrir að höfundar hafi haft beinan aðgang að ritunum sjálfum heldur er lögð áhersla á það sem ritin eiga sameiginlegt í sögulegu, bókmenntalegu og menningarlegu tilliti.<sup>460</sup> Líkt og hin gyðinglegu spekirit, sem tilheyrðu ekki afmörkuðum hópi í samfélagi Gyðinga heldur eiga fjölbreytta tilurðarsögu,<sup>461</sup> eru þau gyðing-kristnu rit sem rannsóknin beinir sjónum að ólík að uppruna og efnistöfum. Það sem sameinar ritin eru annarsvegar tengsl þeirra við hinn unga kristna átrúnað og hinsvegar svipaður skilningur á lögmáli Gamla testamentins. Séu ritin skoðuð í ljósi spekihefða kemur í ljós að líkt og aðrar hefðir kristinna rita hafa spekihugmyndir sett mark sitt á þau.

---

<sup>455</sup> Vernon K. Robbins, *The Tapestry of Early Christian Discourse* 1996, s. 30-33.

<sup>456</sup> Sama rit, s. 97.

<sup>457</sup> Sama rit, s. 102.

<sup>458</sup> Sjá nmgr 89, bls. 22.

<sup>459</sup> Robbins, *Tapestry of Discourse* 1996, s. 96.

<sup>460</sup> Sama rit, s. 33.

<sup>461</sup> Mack, *Wisdom and the hebrew epic* 1985, s. 141.

## 7.2 Eðli og birting spekinnar í Q.

Hugleiðingar um eðli og birtingu spekinnar í Ræðuheimildinni eru minna áberandi en hið eiginlega spekiefni en þó er töluvert af vísbendingum að finna í Q um samband spekinnar og Jesú.<sup>462</sup> Í fyrsta hluta þessarar ritgerðar er gert grein fyrir spekiefni Ræðuheimildarinnar en elsta og viðamesti efni ritsins (Q-1) er samsett úr fjölbreyttu spekiefni og Ræðuheimildin telst með margbrotnustu bókmenntaverkum spekihefðarinnar.<sup>463</sup> Þeir textar Q sem fjalla um eðli spekinnar tilheyra flestir yngra efni Ræðuheimildarinnar (Q-2) og innihalda því stef um höfnun Ísraelsþjóðarinnar á spámönnum Guðs, sem einkennir það efni.<sup>464</sup> Líkt og í spekiritum gyðingdóms persónugerir Ræðuheimildin spekina og það er í þá spekihefð sem hinir fyrstu kristnu sóttu sannfæringuna að líkt og spekin brúar Jesús bilið á milli manns og Guðs.<sup>465</sup> Samband Jesú við hina persónugerðu visku hefur að öllum líkindum frá upphafi tengst spurningum um hjálpræðishlutverk hans þó að í Ræðuheimildinni sé það hvergi tengt krossinum.<sup>466</sup>

Jesús og Jóhannes skírari eru birtir sem erindrekar spekinnar, sendir til að boða iðrun og afturhvarf við upphaf hinstu tíma. Jesús er hinsvegar ekki enn orðinn holdgervingur spekinnar í Ræðuheimildinni en það skref stígur Matteusarguðspjall til fulls.<sup>467</sup> Hartin segir Jakobsbréf bera vott um millistig í þróuninni frá Jesú sem erindreka viskunnar í Q til hugmynda Matteusarguðspjalls um Jesú sem holdgervingu viskunnar. Í Jakobsbréfi er Jesús hafinn upp til hægri handar föðurins og gegnir þaðan hlutverki spekinnar.<sup>468</sup> Ef gerð er leit að hugtakinu σοφία í Ræðuheimildinni koma í

---

<sup>462</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 116.

<sup>463</sup> Sbr. Kloppenborg, *Formation of Q* 1987/1999.

<sup>464</sup> Það stef er hinn svokallaði deuterónómíski söguskilningur en hann einskorðast ekki í Q við texta tengda spekinni. Ronald A. Piper, *Wisdom in the Q-tradition* 1989, s. 166.

<sup>465</sup> Hér vísar Kloppenborg í Ok 8 og Sr 24. John S. Kloppenborg, „Wisdom Christology in Q” 1978, s. 129.

<sup>466</sup> Sama rit, s. 130.

<sup>467</sup> Höfundur Matteusarguðspjalls leggur Jesú og hina holdgerðu speki að jöfnu, samanber Mt 11.19b og 23.34-36. Sama rit, s. 168.

<sup>468</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 135.

ljós þrjár textar sem innihalda orðið, Q 7.35, Q 11.31 og Q 11.48 auk eins texta sem notar nafnorðið σοφός (vitringur), Q 10.20-21.<sup>469</sup>

Fyrsti textinn Q 7.35<sup>470</sup> tilheyrir períkópu Q 7.31-35 en þar birtast Jesús og Jóhannes skírari sem börn viskunnar og fyrir þá fær viskan uppreisn æru í augum sljórrar og vantrúa kynslóðar.

➤ **Q 7.35:** καὶ ἐδικαιώθη ἡ σοφία ἀπὸ τῶν τέκνων αὐτῆς.<sup>471</sup>

➤ **Q 7.35:** But Wisdom was vindicated by her children.<sup>472</sup>

Skilningur á þessum texta byggir á því hvað stóð í upprunalegum texta Ræðuheimildarinnar en guðspjallamennirnir fara ólíkum höndum um efnið. Í útgáfu Matteusarguðspjalls (Mt 11.19) er spekin sem „sannast af verkum sínum” tengd Jesú beint en í útgáfu Lúkasarguðspjalls (Lk 7.35) eru hugtökin Θεός og σοφία notuð sitt á hvað og því vísar spekin til Guðs sjálfs.<sup>473</sup> Ekki er augljóst af samhenginu til hverra „börn spekinnar” í Q textanum vísa. Robinson heldur því fram að börn spekinnar séu þeir sem hlýða kalli hennar ólíkt samtíðarmönnum sínum og hún fær þá uppreisn æru gegnum þá sem taka við Jesú og Jóhannesi.<sup>474</sup> Hartin segir börn spekinnar hinsvegar vera Jesú og Jóhannes, hinstu erindreka hennar, sem rétta hlut spekinnar með gjörðum sínum.<sup>475</sup> Tilgáta Hartin (og fleiri) er sennilegri þar sem Lk 7.29-30 er líklega ekki hluti af Ræðuheimildinni<sup>476</sup> og lýsingarorðinu πάντων í Lk 7.35 er sennilega bætt við af guðspjallamanninum.<sup>477</sup>

Q 7.35 er sterkasta vísbending þess að Ræðuheimildin hafi birt Jesú og Jóhannes sem erindreka viskunnar en þeir eru síður en svo lagðir að

---

<sup>469</sup> Sjá viðauka I.

<sup>470</sup> Q 7.35 er í endurgerð IQP: „But Wisdom was vindicated by her children.” Robinson o.a., *Q in Greek and English* 2000, s. 94-95.

<sup>471</sup> Q 7.35, Sama rit, s. 94.

<sup>472</sup> Q 7.35, Sama rit, s. 95.

<sup>473</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 125.

<sup>474</sup> Sú túlkun á beinar hliðstæður í spekihefð gyðingdóms samanber „börn spekinnar” í Sr 4.11 (og Ok 8). James M. Robinson, „Jesus as Sophos and Sophia”, s. 5.

<sup>475</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 123.

<sup>476</sup> IQP gefur líkindum þess að þetta sé Q texti einkunina C á skalanum A til D. Robinson o.a., *Q in Greek and English* 2000, s. 94-95.

<sup>477</sup> Piper, *Wisdom in Q* 1989, s. 168-169.

jöfnu þó að þeir séu nefndir í sömu andrá.<sup>478</sup> Í Q 7.28 er gerður greinarmunur á þeim Jesú og Jóhannesi og þó að íslenska þýðingin segi „hinn minnsti í Guðs ríki er honum meiri“<sup>479</sup> er μικρότερος í miðstigi og vísar því til samanburðar á milli þeirra tveggja. Ennfremur aðgreinir titillinn mannsönnur (υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου) í Q 7.34 Jesú frá Jóhannesi.<sup>480</sup> Sameiginlegt eiga þeir að líkt og spámenn viskunnar (Guðs) forðum var þeim báðum hafnað af „þessari kynslóð“.<sup>481</sup>

Annar textinn sem inniheldur vísun í σοφία Q 11.31 er hluti stærri perírópu Q 11.29-32 um tákni Jónasar en það stef er áberandi í öðru lagi Ræðuheimildarinnar.<sup>482</sup>

- **Q 11.31:** βασίλισσα νότου ἐγερθήσεται ἐν τῇ κρίσει μετὰ τῶν ἀνδρῶν τῆς γενεᾶς ταύτης καὶ κατακρινεῖ αὐτούς· ὅτι ἦλθεν ἐκ τῶν περάτων τῆς γῆς ἀκοῦσαι τὴν σοφίαν Σολομῶνος, καὶ ἰδοὺ πλεῖον Σολομῶνος ὧδε.<sup>483</sup>
- **Q 11.31:** The queen of the South will be raised at the judgement with this generation and condemn it, for she came from the ends of the earth to listen to the wisdom of Solomon, and look, something more than Solomon is here!<sup>484</sup>

Áherslan hér er á boðskapinn en ekki þann sem flytur hann og í þessum texta jafnar Matteusarguðspjall Jesú ekki við viskuna. „Drottning suðurlanda“<sup>485</sup> vísar til drottningarinnar af Saba sem ferðaðist langa vegalengd til að kynna speki Salómóns<sup>486</sup> og það „sem hér er meira en speki Salómóns“<sup>487</sup> vísar til boðskapar Jesú fremur en að vera kristisfræðilegs eðlis.<sup>488</sup> Bakgrunnur Q 11.31 er stefið um að viskan sendir lýð sínum spámenn og síðasti textinn sem inniheldur σοφία hugtakið Q 11.49 tilheyrir þeim flokki einnig.<sup>489</sup>

- **Q 11.49-51:** διὰ τοῦτο καὶ ἡ σοφία ... εἶπεν, Ἀποστελῶ [[πρὸς]] εἰς αὐτοὺς προφήτας καὶ σοφοὺς, καὶ ἐξ αὐτῶν ἀποκτενοῦσιν καὶ διώξουσιν, [[ἵνα]] ἐκζητηθῇ τὸ αἷμα πάντων τῶν προφητῶν τὸ ἐκκεχυμένον ἀπὸ καταβολῆς

<sup>478</sup> Sama rit, s. 169.

<sup>479</sup> Lk 7.28b. Margar erlendar þýðingar hafa efstastig líkt og sú íslenska.

<sup>480</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 124.

<sup>481</sup> Sama rit, s. 124.

<sup>482</sup> Sbr. Kloppenborg Verbin, *Excavating Q* 2000, s. 83.

<sup>483</sup> Q 11.31, Robinson o.a., *Q in Greek and English* 2000, s. 110.

<sup>484</sup> Q 11.31, Sama rit, s. 111.

<sup>485</sup> Lk 11.31.

<sup>486</sup> 1 Kon 10.1-13.

<sup>487</sup> Lk 11.31.

<sup>488</sup> Piper, *Wisdom in Q* 1989, s. 169.

<sup>489</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 131.

κόσμου ἀπὸ τῆς γενεᾶς ταύτης, ἀπὸ αἵματος Ἀβελ ἕως αἵματος Ζαχαρίου τοῦ ἀπολομένου μεταξύ τοῦ θυσιαστηρίου καὶ τοῦ οἴκου· ναί, λέγω ὑμῖν, ἐκζητηθήσεται ἀπὸ τῆς γενεᾶς ταύτης.<sup>490</sup>

- **Q 11.31:** Therefore also ... wisdom said: I will send them prophets and sages, and <<some>> of them they will kill and persecute, so that <<a settling of accounts for>> the blood of all the prophets poured out from the founding of the world may be required of this generation, from <<the>> blood of Abel to <<the>> blood of Zechariah, murdered between the sacrificial altar and the House. Yes, I tell you <<an accounting>> will be required of this generation!<sup>491</sup>

Í þeim texta er spekin þátttakandi í hjálpræðissögunni á sambærilegann hátt og í Speki Salómons<sup>492</sup> og það er hin persónugerða speki sem talar.<sup>493</sup> Q 11.49-51 nefnir ekki Jesú á nafn en samhengið gefur til kynna að það er hann sem er hápunkturinn á sögu „þessarar kynslóðar“ af því að hafna spámönnum spekinnar (Guðs).<sup>494</sup> Textinn vísar til reiði Guðs við hinstu tíma og spekin er dregin upp sem framkvæmdavald guðdómsins sem krefst skaðabóta fyrir blóð spámanna.

Í Q 10.21<sup>495</sup> er talað um spekinga og hyggindamenn (σοφός καὶ συνετός) sem Guð hefur hulið opinberunina um Jesú fyrir en opinberað hana smælingjunum. Gagnrýninni er beint til þeirra úr hópi Gyðinga sem gerðu kröfu á slíka nafnbót og ættu ofar öllum að hafa skilið og meðtekið þjónustu Jesú.<sup>496</sup> Líkt og fyrri textar er þessi períkópa Q 10.21-22 best skilin í ljósi spekihefðar gyðingdóms, undir áhrifum af heimsslitahugmyndum. Staðsetning textans í Q er í beinu framhaldi af dómsspá yfir borgum Galíleu (Q 10.13-15) en sekt þeirra fólst í að taka ekki við Jesú (Q 10.16) og fylgjendum hans (Q 10.10-12).<sup>497</sup> Stefið um að spekin sé hulin flestum, sérstaklega hinum óréttlátu, en opinberi sig hinum vitru (σοφοί) og réttvísu

<sup>490</sup> Q 11.49-51, Robinson o.a., *Q in Greek and English* 2000, s. 114.

<sup>491</sup> Q 11.49-51, Sama rit, s. 115.

<sup>492</sup> Hliðstæður má sjá í SS 7.79-30 og 10.1-4.

<sup>493</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 116.

<sup>494</sup> Piper, *Wisdom in Q* 1989, s. 169.

<sup>495</sup> Q 10.21 er í endurgerð IQP: ἔν ... εἶπεν ἑξομολογοῦμαί σοι, πάτερ, κύριε τοῦ οὐρανοῦ καὶ τῆς γῆς, ὅτι ἔκρυψας ταῦτα ἀπὸ σοφῶν καὶ συνετῶν, καὶ ἀπεκάλυψας αὐτὰ νηπίοις· ναί ὁ πατήρ, ὅτι οὕτως εὐδοκία ἐγένετο ἔμπροσθέν σου. „ At «that time» he said: I thank you, Father, Lord of heaven and earth, for you hid these things from sages and the learned, and disclosed them to children. Yes, Father, for that is what it has pleased you to do.” Robinson o.a., *Q in Greek and English* 2000, s. 102-103.

<sup>496</sup> Piper, *Wisdom in Q* 1989, s. 171.

<sup>497</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 129.

(δικαίοι) er algengt í spekihefðinni. Í síðgyðingdómi þegar speki- og heimsslitahefðir renna saman verður fráhrarf spekinnar frá hinum réttvísu tákni um að hinstu tímar og hinsti dómur sé yfirvofandi.<sup>498</sup> Í hinum textunum sem rætt hefur verið um birtist Jesús sem erindreki spekinnar en í þessari períkópu er Jesús sá sem faðirinn hefur sýnt sig og sonurinn á að bera vitni um.<sup>499</sup> Sonarvísunin er sennilega hvorki samheiti yfir viskuna né vísun í mannssonartílinn, heldur er hér verið að undirstrika náið samband Jesú og Guðs líkt og hliðstætt er í lýsingum Speki Salómons á hinum réttvísa og vitra Ísraelsmanni, „barn[i] Guðs”.<sup>500</sup>

Tveir aðrir textar gefa vísbendingu um eðli spekinnar í Ræðuheimildinni Q 9.58 og Q 13.34-35. Fyrri textinn, sem tilheyrir elsta efni Ræðuheimildarinnar, „refar eiga greni og fuglar himins hreiður, en mannssonurinn á hvergi höfði sínu að halla”<sup>501</sup> hefur verið talin byggja á spekihefðum með vísun í hliðstæður þar sem spekin er sögð hvergi finna bústað meðal manna (*Enoksbók* 42.1-2).<sup>502</sup> Það er hinsvegar einungis ein af mögulegum túlkunum á þessum texta og því er ekki víst að hér sé um vangaveltu um eðli spekinnar að ræða.<sup>503</sup> Síðari textinn<sup>504</sup> sækir greinilega í spekihefðina að álitu Hartin og ummælin hafa upphaflega tilheyrt hinni

---

<sup>498</sup> Kloppenborg gefur ítarlegan lista af hliðstæðum sem vert er að telja upp. Spekin hylur sig heiminum: Job 28.12-28; Ok 1.20-33, 8.36; Sr 1.3-6, 15.7-8; SS 2.22; 11QPs<sup>a</sup> XVIII.15. Spekin opinberar sig hinum vitru: Ok 8.17-21; Sr 1.10b-20, 4.18; SS 6.22; 11QPs<sup>a</sup> XVIII.5-7. Spekin er tákni hinstu tíma: *Enoksbók* 91.10; 99.10; 2. *Barúksbók* 51.3, 54.4f; 4. *Esrabók* 8.52. Spekin hylur sig lýðnum til heimsendis: *Enoksbók* 93.8; 2. *Barúksbók* 48.36; 4. *Esrabók* 5.10. Kloppenborg, „Wisdom Christology in Q” 1978, s. 138.

<sup>499</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 130.

<sup>500</sup> Piper, *Wisdom in Q* 1989, s. 172.

<sup>501</sup> Lk 9.58.

<sup>502</sup> Andstætt Sr 24.8-17 þar sem Spekin gerir sér tjaldbúð meðal Ísraelsþjóðarinnar.

<sup>503</sup> Piper, *Wisdom in Q* 1989, s. 166.

<sup>504</sup> Q 13.34-35 er í endurgerð IQP: Ἰερουσαλὴμ Ἰερουσαλὴμ, ἡ ἀποκτείνουσα τοὺς προφῆτας καὶ λιθοβολοῦσα τοὺς ἀπεσταλμένους πρὸς αὐτήν, πσάκις ἠθέλησα ἐπισυνασσεῖν τὰ τέκνα σου, ὃν τρόπον ὄρνις ἐπισυναγάγει τὰ νοσσία αὐτῆς ὑπὸ τὰς πτέρυγας, καὶ οὐκ ἠθέλησατε. ἰδοὺ ἀφίεται ὑμῖν ὁ οἶκος ὑμῶν. λέγω ... ὑμῖν, οὐ μὴ ἴδητέ με ἕως [[ἴξει ὅτῃ]] εἶπητε· εὐλογημένος ὁ ἐρχόμενος ἐν ὀνόματι κυρίου. „Jerusalem, Jerusalem, who kills the prophets and stones those sent to her! How often I wanted to gather your children together, as a hen gathers her nestlings under her wings, and you were not willing! Look, your house is forsaken! .. I tell you, you will not see me until «the time» comes when, you say: Blessed is the one who comes in the name of the Lord!” Robinson o.a., *Q in Greek and English* 2000, s. 132-133.

persónugerðu speki.<sup>505</sup> Guðspjallamennirnir fara ólíkum höndum um ummælin en í báðum guðspjöllunum eru þau eignuð Jesú. Lúkasarguðspjall varðveitir ekki spekiáhersluna en í Matteusarguðspjalli er hún greinileg þar sem textinn er í samhengi dómsboðunar spekinnar (Mt 23.34-36) og Jesús talar sem viskan sjálf.<sup>506</sup> Bakgrunnur textans er sóttur í það spekistef að viskan þráir að vera meðtekin og mega leiðbeina mönnum en það stef er algengt í spekibókmenntum.<sup>507</sup> Líkt og í fyrri textunum er hugmyndin sett í samhengi við hinn devterónómíska söguskilning sem og heimsslita-hugmyndir, en hvort sem textinn er í Q eignaður spekinni eða ekki bætir hann litlu við þá mynd sem þegar hefur verið dregin upp.<sup>508</sup>

Af þessum textum má sjá að Ræðuheimildin tengir meðvitað Jesú og boðskap hans viskunni án þess þó að stíga til fulls það skref að leggja Jesú að jöfnu við hina persónugerðu speki sem að Matteusarguðspjall, Páll postuli og Jóhannesarkristni gera hvert á sinn hátt. Jesús er erindreki og umboðsmaður Guðs en nákvæmar er samband þeirra ekki skilgreint í Ræðuheimildinni.<sup>509</sup> Kloppenborg bendir á að það er hvorki hægt að greina heildstæða mynd af hinni persónugerðu visku í spekibókmenntum gyðingdóms né í Q textunum en það er einmitt hið lausskilgreinda eðli spekinnar sem gerði höfundum frumkristninnar svo auðvelt að heimfæra tungutak spekinnar upp á Jesú og boðskap hans.<sup>510</sup>

### 7.3 Spekin sem þungamiðja Jakobsbréfs.

Líkan Hartin að uppbyggingu Jakobsbréfs<sup>511</sup> sýnir að umfjöllun um spekina stendur sem miðja og hverfiás bréfsins. Vangaveltur um birtingu og eðli spekinnar eru kynntar í inngangi bréfsins og síðan útfærðar ítarlegar í

---

<sup>505</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 127.

<sup>506</sup> Sama rit, 129.

<sup>507</sup> Sama rit, s. 127. Hliðstæður í spekibókmenntum eru Ok 8.4-5; Sr 24.1-11 og Br 4.1-12.

<sup>508</sup> Piper, *Wisdom in Q* 1989, s. 169.

<sup>509</sup> Sama rit, s. 169.

<sup>510</sup> Kloppenborg, „Wisdom Christology in Q” 1978, s. 147.

<sup>511</sup> Sjá Kafla 1.4 *Uppbygging Jakobsbréfs*.

meginmálinu.<sup>512</sup> Þrír megintextar varpa ljósi á eðli og birtingu spekinnar í Jakobsbréfi: sá fyrsti er umfjöllun um spekina í inngangi bréfsins Jk 1.2-8, annar textinn er upphaf meginmálsins sem fjallar um manngreinarálit trúaðra á ríkum og fátækum Jk 2.1-13 og loks fjallar miðja bréfsins um spekina sem kemur að ofan Jk 3.13-18. Hugtakið σοφία kemur fjórum sinnum fyrir í bréfinu, einu sinni í inngangskaflanum Jk 1.5 og þrisvar í miðjuhlutanum um eðli spekinnar Jk 3.13, 15 og 17. Þar að auki kemur nafnorðið σοφός fyrir í Jk 3.13.<sup>513</sup>

Fyrsti textinn Jk 1.2-8 tilheyrir inngangi Jakobsbréfs og samanstendur af tveimur nátengdum períkópum, versum 2-4 og 5-8. Fyrri períkópan fjallar um þolgæði sem ávöxt þess að standast raunir og sú síðari um hvernig biðja skuli um visku í trú.<sup>514</sup> Það sem tengir þær saman er áherslan á spekiefni en þau stef sem koma fyrir í Jk 1.2-4 eiga fjölmargar hliðstæður í gyðinglegum spekiritum.

- **Jk 1.2-4:** Πᾶσαν χαρὰν ἠγήσασθε, ἀδελφοί μου, ὅταν πειρασμοῖς περιπέσητε ποικίλοις, γινώσκοντες ὅτι τὸ δοκίμιον ὑμῶν τῆς πίστεως κατεργάζεται ὑπομονήν· ἡ δὲ ὑπομονὴ ἔργον τέλειον ἐχέτω, ἵνα ᾖτε τέλειοι καὶ ὀλόκληροι, ἐν μηδενὶ λειπόμενοι.<sup>515</sup>
- **Jk 1.2-4:** Álitið það, bræður mínir, eintómt gleðiefni, er þér ratið í ýmiss konar raunir. Þér vitið, að trúarstaðfesta yðar vekur þolgæði, en þolgæðið á að birtast í fullkomnu verki, til þess að þér séuð fullkomnir og algjörir og yður sé í engu ábótavant.

Stefið um að gleðjast yfir erfiðleikum vegna þeirrar trúarstaðfestu sem leiðir af því að standast þrautir, á djúpar rætur í spekihefð gyðingdóms.<sup>516</sup> Síraksbók og Speki Salómons endurspeгла þessa áherslu og hvetja til gleði við andstreymi vegna þeirra ávaxta sem erfiðleikar færa.<sup>517</sup>

Tak öllu sem að höndum ber, berðu þjáningu og neyð með þolinmæði. Eins og gull er reynt í eldi þannig eru þeir sem Drottinn ann reyndir í deiglu þjáningar.<sup>518</sup>

Hartin tiltekur ekki hliðstæður utan spekiritu gyðingdóms en sömu áhersla má til dæmis finna í ummælum kýnikea.<sup>519</sup> Upphafning þess að standast

<sup>512</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 34.

<sup>513</sup> Sjá viðauka I.

<sup>514</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 81.

<sup>515</sup> Jk 1.2-4, Nestle-Aland, *Novum Testamentum Graece* 1993.

<sup>516</sup> Sbr. 1M 22, Hartin, *James and Q* 1991, s. 82.

<sup>517</sup> Sbr. Sr 2.1-6, 4.17-18; SS 2.17-19; *Lausnarárin* 19.8 ofl. Sama rit, s. 82-84.

<sup>518</sup> Sr 2.4-5, *Apókrýfar bækur Gamla testamentisins* 1994.

<sup>519</sup> Downing, *Christ and the Cynics* 1988, s. 150.

raunir var mjög áberandi í grísk-rómverskri menningu og sjálfsstjórn (*self-mastery*) var ein mikilvægasta dyggðin í hellenískri hugmyndafræði.<sup>520</sup> Sjálfsstjórn aðgreindi Grikki og Rómverja frá frumstæðari þjóðum að eigin álit og inn í þá hugmyndafræði talar hellenískur gyðingdómur þegar lögmáli Gamla testamentisins er stillt upp sem aðferð til að öðlast sjálfsstjórn.<sup>521</sup> Þá áherslu má meðal annars finna hjá höfundum á borð við Fílon frá Alexandríu til að sýna fram á yfirburði gyðingdóms andspænis hellenískum heimspekistefnum.<sup>522</sup>

Fullkomnun (τέλειος) er ávöxtur þolgæðis hins trúaða í Jakobsbréfi og mikilvægasta takmark hans. Í bréfinu tekur τέλειος á sig tvíþætta mynd, annarsvegar felur hún í sér fullkomna hollustu við Guð, sem erfiðleikar geta ekki haggað og hinsvegar lífsstíl sem er helgaður í takt við þá hollustu.<sup>523</sup> Hugmyndin um fullkomnun sem afleiðing af frómu lífi er áberandi í Jesúhefðinni<sup>524</sup> og á djúpar rætur í spekiritum gyðingdóms þar sem spekin er talin forsenda fullkomunnar og nátengd áherslu á eftirfylgni við lögmálið.<sup>525</sup>

Ég er þjónn þinn og sonur ambáttar þinnar, veill maður og skammær og mig skortir skilning á lögum og rétti. Enda þótt einhver sé fullkominn meðal manna væri hann þó einskis verður án spekinnar frá þér.<sup>526</sup>

Skilningur grískra og hellenískra heimspeklinga á τέλειος var ólíkur milli höfunda en sameiginlegt öllum heimspekiskólunum er áherslan á mark

<sup>520</sup> Stanley Stowers, *A Rereading of Romans: Justice, Jews and Gentiles* 1994. Kafli 2 „Readers in Romans and the Meaning of Self Mastery”, s. 42-82.

<sup>521</sup> Sama rit, s. 52-56.

<sup>522</sup> Sbr. Fílon frá Alexandríu, *De vita Mosis* 2.17-22. Sama rit, s. 64-65.

<sup>523</sup> Hartin rekur bakgrunn τέλειος hugtaksins og staðsetur merkingu þess fyrir Jakobsbréf. Það á langa notkunarsögu í grískum bókmenntum og vítt merkingarsvið, en τέλειος er algengasta hugtakið í forn-grísku sem merkir fullkomnun. Í kviðum Hómers tengist það fórnarathöfnum og táknar lýtarleysi þeirrar skepnu sem fórnað er. Það er því ekki að undra að hugtakið hafi verið valið til að þýða sambærileg hugtök í fórnartextum Gamla testamentisins í *Septuagintu*, en það er notað fyrir hebresku hugtökin *tamim* og *shalem* sem merkja óflekkað, ómengað eða heilt. Í öðru samhengi gat hugtakið merkt að vera fullvaxta, verið tengt heilagleika guðanna eða markmiðum heimspeklinga. Í Nýja testamentinu er merkingarsvið þess ekki síður vítt, í samstofnahefðinni merkir það að vera heill, í Jóhannesarguðspjalli er það að eiga hlutdeild í eðli Guðs, hjá Páli að vera fullvaxta í trúnni á Krist og loks í Hebreabréfinu er það tengt fórnaguðfræði líkt og í *Septuagintu*. Hartin, *Spirituality of Perfection* 1999, s. 17-26, 34-38

<sup>524</sup> Hugmyndin um fullkomnum sem takmark viskunnar í Jakobsbréfi svipar mjög til meðförum Matteusarhópsins á Ræðuheimildinni: Mt 5.48 „Verið því fullkomnir eins og faðir yðar himneskur er fullkominn”. Sama rit, s. 63.

<sup>525</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 86.

<sup>526</sup> SS 9.5-6, *Apókrýfar bækur Gamla testamentisins* 1994.

(τέλος) sem fylgjandinn stefnir að með iðkun sinni.<sup>527</sup> Fílon hafði tvenns konar skilning á τέλειος hugtakinu en orðið kemur fyrir yfir 400 sinnum í verkum hans.<sup>528</sup> Annarsvegar skilur hann τέλειος sem hina ædstu dyggð sem hinn trúaði á að stefna að með lögmálshlýðni sinni<sup>529</sup> og hinsvegar er τέλειος afleiðing af því að þiggja hina fullkomnu speki Guðs. Spekin (σοφία) sem kemur frá Guði er hin fullkomni vegur (τελεία ὁδός) til Guðs.<sup>530</sup>

Seinni períköpa fyrsta textans Jk 1.5-8 leggur áherslu á gjöf spekinnar frá Guði en líkt og í spekiritum gyðingdóms er σοφία guðlegs eðlis og sönn speki verður aðeins þegin frá Guði.<sup>531</sup>

- **Jk 1.5-8:** Εἰ δέ τις ὑμῶν λείπεται σοφίας, αἰτείτω παρὰ τοῦ διδόντος θεοῦ πᾶσιν ἀπλῶς καὶ μὴ ὀνειδίζοντος καὶ δοθήσεται αὐτῷ. αἰτείτω δὲ ἐν πίστει, μὴδὲν διακρινόμενος, ὁ γὰρ διακρινόμενος ἔοικεν κλύδωνι θαλάσσης ἀνεμιζομένῳ καὶ ῥιπιζομένῳ· μὴ γὰρ οἴσθω ὁ ἄνθρωπος ἐκεῖνος ὅτι λήμψεται τι παρὰ τοῦ κυρίου, ἀνὴρ δίψυχος, ἀκατάστατος ἐν πάσαις ταῖς ὁδοῖς αὐτοῦ.<sup>532</sup>
- **Jk 1.5-8:** Ef einhvern yðar brestur visku, þá biðji hann Guð, sem gefur öllum örlátlega og átölulaust, og honum mun gefast. En hann biðji í trú, án þess að efast. Sá sem efast er líkur sjávaröldu, er rís og hrekst fyrir vindi. Sá maður, tvílyndur og reikull á öllum vegum sínum, má eigi ætla, að hann fái nokkuð hjá Drottni.!

Sá grundvallarmunur er á spekinni í Jakobsbréfi borið saman við notkun hugtaksins í Pálsbréfum, að Páll gerir ráð fyrir að spekin sé jafnt mannlegt sem guðlegt fyrirbæri.<sup>533</sup> Jakobsbréf viðurkennir ekki speki byggða á skynsemi mannsins heldur er sönn speki einungis guðlegt fyrirbæri sem hinn trúaði þiggur úr hendi Guðs í bæn. Mynd bréfsins af σοφία er að mörgu leyti sambærileg umfjöllun annara rita Nýja testamentins um heilagann anda en líkt og heilagur andi er spekin gjöf að ofan, sem veldur

<sup>527</sup> Það á sérstaklega við um Platón, Aristóteles og fylgjendur þeirra. Hartin, *Spirituality of Perfection* 1999, s. 20-21.

<sup>528</sup> Sama rit, s. 29-32.

<sup>529</sup> Dyggðarskilningur Fílons á τέλειος hugtakinu er undir greinilegum áhrifum af stóískri heimspeki en hann leggur áherslu á að öðlast ἀπάθεια frelsi undan þjáningu og girndum en það er markmið hins fullkomna manns. Abraham er fyrir honum ímynd hins fullkomna manns vegna þess að hann lét ekki tilfinningar trufla hlýðni sína við Guð þegar hann var krafinn um að fórna syni sínum (sbr. *Legum allegoriae* III.131 og 203). Sama rit, s. 29-30.

<sup>530</sup> Sbr. *Quod Deus immutabilis sit*, 142-3. Sama rit, s. 30.

<sup>531</sup> Sbr Sr 1.1, 26; 17.11; 24.2; 39.6; SS 7.7, 15; 8.21; 9.4 o.fl. Hartin, *James and Q* 1991, s. 86-87.

<sup>532</sup> Jk 1.5-8, *Novum Testamentum Graece* 1993.

<sup>533</sup> Sbr. t.d. 1Kor 1.19-24; 2.2-7; 3.19.

umbreytingu í lífi hins trúaða og gerir honum kleift að nálgast mark fullkomnunar.<sup>534</sup> Fullkomnun er þannig ekki innan seilingar fyrir tilstilli eigin krafta, heldur einungis með því að þiggja spekina að gjöf frá Guði. Gleði hins trúaða felst í voninni um fullkomnun við hinstu tíma.<sup>535</sup> Loks er stillt upp sem andstæðum trú og efa og það áréttað að sá sem er tvílyndur og efast í bænum sínum mun ekki fá bænasvar (Jk 1.6-8). Stefið um að vera einhuga og staðfastur í bænum ber textatengsl við spekihefðina<sup>536</sup> og sú mynd að líkja þeim sem eru efagjarnir og óákveðnir við öldugang á sjó er algeng meðal hellenískra heimspekinga.<sup>537</sup>

Annar textinn sem varpar ljósi á eðli spekinnar í Jakobsbréfi er upphaf meginmálsins Jk 2.1-13 en þar koma fyrir mikilvæg spekistef. Í upphafi textans er gefin áminning um að fara ekki í manngreinarálit og Jesús er titlaður dýrðardrottinn.

- **Jk 2.1:** Ἀδελφοί μου, μὴ ἐν προσωπολημψίαις ἔχετε τὴν πίστιν τοῦ κυρίου ἡμῶν Ἰησοῦ Χριστοῦ τῆς δόξης.<sup>538</sup>
- **Jk 2.1:** Bræður mínir, farið ekki í manngreinarálit, þér sem trúíð á<sup>539</sup> dýrðardrottin vorn Jesú Krist.

Merkingu þessa titils „dýrðardrottinn” má útleggja á nokkra vegu eftir því hvernig samhengi orðanna er skilið en líklegasta þýðingin er sambærileg þeirri íslensku.<sup>540</sup> Hartin telur að þessi vísun í dýrð (δοξά) sé tilvísun í upprisu Jesú í samhengi krossins líkt og önnur tilvik þar sem orðið kemur fyrir í ritum Nýja testamentins.<sup>541</sup> Það þarf hinsvegar ekki að vera, annarsvegar í ljósi þeirrar kenningar að Jakobsbréf standi næst Jesúhefðinni í Q, sem ekki þekkir til krossdaða og upprisu Krists, og hinsvegar í ljósi tengsla ritsins við spekihefðina. Í umfjöllun Mack um lofgjörðarkvæði

---

<sup>534</sup> Hartin, *Spirituality of Perfection* 1999, s. 65-68.

<sup>535</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 86.

<sup>536</sup> Sbr. Sr 7.10. Sama rit, s. 87.

<sup>537</sup> Downing, *Christ and the Cynics* 1988, s. 152.

<sup>538</sup> Jk 2.1, *Novum Testamentum Graece* 1993.

<sup>539</sup> Íslenska þýðingin skilur þófallið τὴν πίστιν í andlagsmerkingu sem „trú á Jesú” en Hartin telur líklegra að réttur skilningur sé í frumlagsmerkingu „trú drottins vors Jesú Krist”. Hartin, *James* 2003, s. 117.

<sup>540</sup> Aðrar mögulegar þýðingar eru „Drottinn Jesús Kristur dýrðarinnar” og „Jesús Kristur sem er dýrðin” Sama rit, s. 117.

<sup>541</sup> Sbr. Lk 24.26, Jh 17.5, Fl 2.11 og 1Pt 1.11 o.fl. Sama rit, s. 130.

Sírafsbókar skilgreinir hann hugtakið dýrð (*kābôd*) útfrá merkingarsviði spekiumræðu en Sírak útleggur dýrð sem nærveru viskunnar meðal þjóðarinnar.<sup>542</sup> Dýrðartitill Jesú í Jk 2.1 er því mögulega spekihugtak sambærilegt Sírafsbók sem áréttar tengsl Jesú við hina guðlega speki og nærveru spekinnar í Jesú.

Annað mikilvægt stef í upphafi meginmálsins er lögmálið (*νόμος*) en lögmálsskilningur Jakobsbréfs er náskyldur Ræðuheimildinni, Matteusar-guðspjalli og ýmsum gyðing-kristnum ritum.

- **Jk 2.8-12:** εἰ μέντοι νόμον τελεῖτε βασιλικὸν κατὰ τὴν γραφὴν, Ἀγαπήσεις τὸν πλησίον σου ὡς σεαυτὸν, καλῶς ποιεῖτε· εἰ δὲ προσωπολημπτεῖτε, ἁμαρτίαν ἐργάζεσθε, ἐλεγχόμενοι ὑπὸ τοῦ νόμου ὡς παραβάται. ὅστις γὰρ ὅλον τὸν νόμον τηρήσῃ, πταίση δὲ ἐν ἐνί, γέγονεν πάντων ἔνοχος. ὁ γὰρ εἰπών, Μὴ μοιχεύσης, εἶπεν καὶ, Μὴ φονεύσης· εἰ δὲ οὐ μοιχεύεις, φονεύεις δέ, γεγονόςας παραβάτης νόμου. οὕτως λαλεῖτε καὶ οὕτως ποιεῖτε ὡς διὰ νόμου ἐλευθερίας μέλλοντες κρίνεσθαι.<sup>543</sup>
- **Jk 2.8-12:** Ef þér uppfyllið hið konunglega boðorð Ritningarinnar: Þú skalt elska náunga þinn sem sjálfan þig , þá gjörið þér vel. En ef þér farið í manngreinarálit, þá drýgið þér synd og lögmálið sannar upp á yður að þér séuð brotamenn. Þótt einhver héldi allt lögmálið, en hrasaði í einu atriði, þá er hann orðinn sekur við öll boðorð þess. Því sá sem sagði: Þú skalt ekki hórdóm drýgja , hann sagði líka: Þú skalt ekki morð fremja. En þó að þú drýgir ekki hór, en fremur morð, þá ertu búinn að brjóta lögmálið. Talið því og breytið eins og þeir, er dæmast eiga eftir lögmáli frelsisins.

Umfjöllun textans um lögmál vísar í lögmál Gamla testamentisins og boðorðin tíu en Jk 2.8 vitnar í 3. Mósebók (3M 19.18) um að elska náungann eins og sjálfan þig.<sup>544</sup> Orðasambandið νόμος βασιλικός (hið konunglega boðorð) er sótt í spekibókmenntir gyðingdóms.<sup>545</sup> Í Speki Salómóns er leið viskunnar eftirfylgni við lögmálið<sup>546</sup> og sú speki sem fæst við lögmálshlýðni leiðir til konungdóms.

Viðleitni til að fræðast er að elska hana [Spekina]. Að elska hana er að halda boð hennar. Að halda boð hennar tryggir ódauðleika. Ódauðleikinn færir mann í nánd við Guð. Þannig leiðir þrá eftir speki til konungsdóms.<sup>547</sup>

Þessi hliðstæða<sup>548</sup> sýnir að lögmálsskilningur Jakobsbréfs byggir á gyðinglegum spekihefðum og í ljósi þeirra hefða merkir νόμος βασιλικός lögmál sem leiðir til guðlegrar visku.<sup>549</sup>

<sup>542</sup> Mack, *Wisdom and the hebrew epic* 1985, s. 167-171.

<sup>543</sup> Jk 2.8-12, *Novum Testamentum Graece* 1993.

<sup>544</sup> Hartin, *James* 2003, s. 121.

<sup>545</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 92.

<sup>546</sup> Samanber umfjöllun í kafla 5.2 um samruna speki og lögmáls í gyðinglegum spekiritum.

<sup>547</sup> SS 6.18-20, *Apókryfar bækur Gamla testamentisins* 1994.

Í versni 12 eru hinir trúuðu hvattir til að breyta líkt og þeir er dæmast munu undir „lög máli frelsisins“, νόμος ἐλευθερίας, en af samhenginu má ráða að orðasamböndin νόμος βασιλικός og νόμος ἐλευθερίας hafi sambærilega merkingu.<sup>550</sup> Tenging lögmálsins við frelsi merkir annarsvegar að lögmálshlýðni leiðir af sér frelsi frá valdi hins illa<sup>551</sup> og hinsvegar í heimslitasamhengi frelsi undan yfirvofandi dómi.<sup>552</sup> Þriðja orðasambandið tengt viskunni kemur fyrir í inngangi bréfsins Jk 1.25 en þar er talað um hið fullkomna lögmál frelsisins, „νόμον τέλειον τὸν τῆς ἐλευθερίας“.<sup>553</sup> Öll þessi orðasambönd byggja að álitu Hartin á gyðinglegum spekihefðum og Jakobsbréf ræðir í sömu andrá um speki, lögmál og fullkomnun.<sup>554</sup> Lögmálsskilning bréfsins má draga saman á þann hátt að eftirfylgni við hið fullkomna lögmál Guðs leiðir til sannrar speki.

Auk áhrifa frá spekihefðum gyðingdóms ber lögmálið í Jakobsbréfi skyldleika við stóískar hugmyndir.<sup>555</sup> Jackson-McCabe sýnir fram á í bók sinni um lögmálið í Jakobsbréfi að hin stóíska hugmynd um lögmál hið innra (λόγος ἔμφυτος), sem stýrir siðferði og hegðun mannsins, sé að finna í Jakobsbréfi. Jakobsbréf 1.21 er að hans álitu skýrasta dæmið um áhrif slíkra hugmynda í Nýja testamentinu.<sup>556</sup>

- **Jk 1.21:** διὸ ἀποθέμενοι πᾶσαν ῥυπαρίαν καὶ περισσεΐαν κακίας ἐν πραύτητι δέξασθε τὸν ἔμφυτον λόγον τὸν δυνάμενον σῶσαι τὰς ψυχὰς ὑμῶν.<sup>557</sup>
- **Jk 1.21:** Leggið því af hvers konar saurugleik og alla vonsku og takið með hógværð á móti hinu gróðursetta orði, er frelsað getur sálir yðar.

Í textanum er *hið gróðursetta orð* forsenda frelsunar en orðasambandið er tilvísun í lögmál Móse líkt og vísanir í lögmálið í Jk 1.25 og 2.1-13.<sup>558</sup>

Orðanotkun höfundar Jakobsbréfs er greinilega sótt til stóíska heimspekinga

<sup>548</sup> Ásamt fleiri t.d. Sr 6.23-31. Hartin, *James and Q* 1991, s. 92.

<sup>549</sup> Sama rit, s. 92.

<sup>550</sup> Sama rit, s. 93.

<sup>551</sup> Hartin, *James* 2003, s. 108

<sup>552</sup> Sbr Hartin, *James and Q* 1991, s. 92.

<sup>553</sup> Jk 1.25, *Novum Testamentum Graece* 1993.

<sup>554</sup> Sama rit, s. 93.

<sup>555</sup> Matt A. Jackson-McCabe, *Logos and Law in the Letter of James* 2001.

<sup>556</sup> Sama rit, s. 7-11.

<sup>557</sup> Jk 1.21, *Novum Testamentum Graece* 1993.

<sup>558</sup> Jackson-McCabe, *Logos and Law in James* 2001, s.

á fyrstu öld f.Kr. en sambærileg áhrif má greina í öðrum gyðinglegum og kristnum ritum.<sup>559</sup> Niðurstaða Jackson-McCabe er sú að Jakobsbréf varðveiti fágætann vitnisburð um frumkristna hreyfingu sem byggði frelsunarhugmyndir (*soteriology*) sínar á lögmálshlýðni við Tóruna frekar en á fagnaðarerindi Páls.<sup>560</sup> Samruni lögmálsins, speki Guðs og stóískra hugmynda um λόγος lögmálið í Jakobsbréfi er mjög sambærilegur og greina má í umfjöllun Síraksbókar um spekina, þar sem henni er lýst sem einkonar alheimsvisku sem er úthellt yfir alla sköpun Guðs.<sup>561</sup>

Þriðji og mikilvægasti textinn í Jakobsbréfi sem fjallar um eðli spekinnar er Jk 3.13-18 en hann er uppbyggður á eftirfarandi hátt. Í upphafi er sönn viska tengd verkum hins trúaða (Jk 3.13), því næst er lýst afleiðingum þess að lifa án visku Guðs (Jk 3.14-16) og loks er spekin að ofan skilgreind og ávextum hennar lýst (Jk 3.17-18).

- **Jk 3.13-18:** Τίς σοφός καὶ ἐπιστήμων ἐν ὑμῖν; δεῖξάτω ἐκ τῆς καλῆς ἀναστροφῆς τὰ ἔργα αὐτοῦ ἐν πραύτητι σοφίας. εἰ δὲ ζῆλον πικρὸν ἔχετε καὶ ἐριθείαν ἐν τῇ καρδίᾳ ὑμῶν, μὴ κατακαυχᾶσθε καὶ ψεύδεσθε κατὰ τῆς ἀληθείας. οὐκ ἔστιν αὕτη ἡ σοφία ἄνωθεν κατερχομένη, ἀλλὰ ἐπίγειος, ψυχικὴ, δαιμονιώδης· ὅπου γὰρ ζῆλος καὶ ἐριθεία, ἐκεῖ ἀκαταστασία καὶ πᾶν φαῦλον πρᾶγμα. ἡ δὲ ἄνωθεν σοφία πρῶτον μὲν ἀγνή ἐστίν, ἔπειτα εἰρηνικὴ, ἐπιεικὴς, εὐπειθής, μεστὴ ἐλέους καὶ καρπῶν ἀγαθῶν, ἀδιάκριτος, ἀνυπόκριτος· καρπὸς δὲ δικαιοσύνης ἐν εἰρήνῃ σπείρεται τοῖς ποιοῦσιν εἰρήνην.<sup>562</sup>
- **Jk 3.13-18:** Hver er vitur og skynsamur yðar á meðal? Hann láti með góðri hegðun verk sín lýsa hóglátri speki. En ef þér hafið beiskan ofsa og eigingirmi í hjarta yðar, þá stærið yður ekki og ljúgið ekki gegn sannleikanum. Sú speki kemur ekki að ofan, heldur er hún jarðnesk, andlaus, djöfulleg. Því hvar sem ofsi og eigingirmi er, þar er óstjórn og hvers kyns böf. En sú speki, sem að ofan er, hún er í fyrsta lagi hrein, því næst friðsöm, ljúfleg, sáttgjörn, full miskunnar og góðra ávaxta, óhlutdræg, hræsnislaus. En ávexti réttlætisins verður sáð í friði þeim til handa, er frið semja.<sup>563</sup>

Áhersla textans er á tvær nátengdar hliðar spekinnar, annarsvegar er lögð áhersla á himneskan uppruna hennar en spekin er himnesk gjöf sem umbreytir lífi þess sem hana þiggur, og hinsvegar leggur textinn áherslu á

<sup>559</sup> Sbr. 3. kafla bókarinnar „Moses, Jesus and the Natural Law” en þar rekur hann stóísk áhrif á Fílon frá Alexandríu, 4. *Makkabeabók*, Jústínus Píslarvott (100-165) o.fl. Sama rit, s. 87-133.

<sup>560</sup> Sama rit, s. 253.

<sup>561</sup> Samanber umfjöllun í kafla 5.2 um spekina í Síraksbók. Hengel, *Judaism and Hellenism* 1974, s. 160.

<sup>562</sup> Jk 3.13-18, *Novum Testamentum Graece* 1993.

<sup>563</sup> Jk 3.13-18.

helgað líf þess sem spekina hefur þegið.<sup>564</sup> Samband spekinnar við verk hins trúaða er sambærilegt sambandi trúar og verka í Jk 2.14-26.

Spekin í Jakobsbréfi svipar mjög til persónu heilags anda í öðrum hefðum Nýja testamentisins<sup>565</sup> og samanburður á þeim leiðir í ljós fjóra sameiginlega þætti: (1) Líkt og heilagur andi kemur spekin að ofan, á upruna sinn hjá Guði og er hluti guðdómsins; (2) spekin er gefin þegar um hana er beðið; (3) með henni öðlast hinn kristni þær dyggðir sem einkenna helgað líf; og (4) loks veldur hún endurfæðingu og endurnýjun í hjarta hins trúaða, sem í kjölfarið verður að „frumgróða sköpunar“ (Jk 1.18) Guðs.<sup>566</sup> Siðferðisboð Jakobsbréfs skyldi skoða í því ljósi að einungis með því að biðja um og þiggja gjöf spekinnar er mögulegt að framfylgja þeim.<sup>567</sup> Þannig er ávöxtur spekinnar í lífi hins trúaða í Jakobsbréfi sambærileg ávöxtum heilags anda í bréfum Páls (Gl 5.22-25).

Jakobsbréf byggir á arfi gyðinglegra spekibókmennta í þeirri mynd sem dregin er upp af spekinni og guðlegur uppruni hinnar sönnu speki sem komin er að ofan er til dæmis að finna í Orðskviðunum (Ok 2.6; 8.22-31), Síraksbók (Sr 1.1-4; 24.1-12) og Speki Salómons (SS 7.24; 9.4, 6, 9-18).<sup>568</sup> Sú hugmynd að spekin sé tengd anda Guðs á langa sögu í bókmenntum gyðingdóms og hana er víða að finna í Fimmbókaritinu (1M 41.38-41; 2M 21.3-4; 5M 34.9), í spádómsbók Jesaja (Jes 11.2) og í spekiritum apókrýfubóka Gamla testamentisins (SS 7.7; 9.17).<sup>569</sup> Loks er gjöf spekinnar að fullu veitt við upphaf hinstu tíma í Jakobsbréfi og sú hugmynd ber textatengsl við gyðingleg opinberunarrit á borð við *Enoksbók* þar sem andi Guðs og spekin gegna sambærilegu hlutverki.<sup>570</sup> Í Jakobsbréfi koma

---

<sup>564</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 113-114.

<sup>565</sup> Sérstaklega í Pálsbréfum og Ræðuheimildinni. Sama rit, s. 115.

<sup>566</sup> Sama rit, s. 115.

<sup>567</sup> Sama rit, s. 115.

<sup>568</sup> Sama rit, s. 102.

<sup>569</sup> Sama rit, s. 102.

<sup>570</sup> Sama rit, s. 103. Hluti *Enoksbókar* (92-105) er bréf sem á margt sameiginlegt með Jakobsbréfi. Bæði eru bréf eignuð áhrifamikilli persónu og ætlað afkomendum Ísraels. Bæði ritin lýsa andstæðum rættlátra og syndugra í ljósi yfirvofandi dóms og loks er bókmenntaform ritanna mjög skylt en bæði nota veiyrði, áminningar og spádómstexta.

saman þrjár tegundir gyðinglegra bókmennta, spekihefðir, heimsliðahefðir og opinberunarhefðir en allar skarast þær í hugmyndinni um speki Guðs.<sup>571</sup>

#### 7.4 Spekin í Matteusarguðspjalli.

Þeir textar í Matteusarguðspjalli sem fjalla um spekina (σοφία) eru langflestir teknir úr Ræðuheimildinni og þar sem Jesús var erindreki spekinnar í Q er hann í Matteusarguðspjalli orðinn holdgervingur hennar.<sup>572</sup> Hartin segir ljóst að greina megi þróun á hugmyndum Jesúhefðarinnar um samband spekinnar og Jesú sem hefst í Ræðuheimildinni, heldur áfram í Jakobsbréfi og endar í Matteusarguðspjalli.<sup>573</sup> Það er ólíklegt að Matteusarguðspjall noti Jakobsbréf sem heimild en textatengsl ritanna sýna að þau deila bakgrunni í Jesúhefðinni og eru að vinna með sömu hefðir Ræðuheimildarinnar.<sup>574</sup>

Σοφία og σοφός koma fyrir í hliðstæðum textum Ræðuheimildarinnar í Matteusarguðspjalli Mt 11.19//Q 7.35, Mt 11.25//Q 10.21, Mt 12.42//Q 11.31 og Mt 23.34//Q 11.49 en auk þeirra er hugtakið að finna í Mt 13.54 sem byggir á Markúsarguðspjalli (Mk 6.2). Textinn sem byggir á Markúsarguðspjalli fjallar ekki um samband hinnar persónugerðu speki og Jesú líkt og Q textarnir.

- **Mt 13.54:** καὶ ἔλθων εἰς τὴν πατρίδα αὐτοῦ ἐδίδασκεν αὐτοὺς ἐν τῇ συναγωγῇ αὐτῶν, ὥστε ἐκπλήσσεσθαι αὐτοὺς καὶ λέγειν, Πόθεν τούτω ἡ σοφία αὕτη καὶ αἱ δυνάμεις.<sup>575</sup>
- **Mt 13.54:** Hann kom í ættborg sína og tók að kenna þeim í samkundu þeirra. Þeir undruðust stórum og sögðu: Hvaðan kemur honum þessi speki og kraftaverkin?

Spurningin sem mannfjöldinn í textanum spyr er hver uppruni kennslu og krafta Jesú er, þ.e. hvort máttur hans sé frá Guði eða hinum illa.<sup>576</sup> Ólíkt Lúkasarguðspjalli sem fer mjög frjálstlega með texta Markúsarguðspjalls (Lk

---

Patrick J. Hartin, „Who is Wise and Understanding among You? (James 3:13): An Analysis of Wisdom, Eschatology and Apocalypticism in the Epistle of James.” 1996, s. 495-498.

<sup>571</sup> Sama rit, s. 483.

<sup>572</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 135.

<sup>573</sup> Sama rit, s. 135.

<sup>574</sup> Sama rit, s. 136.

<sup>575</sup> Mt 13.54, *Novum Testamentum Graece* 1993.

<sup>576</sup> Daniel J. Harrington, *The Gospel of Matthew* 1991, s. 211.

4.16-30) er Matteusarguðspjall mjög trúr heimild sinni og breytir hvorki samhengi hennar né merkingu.<sup>577</sup> Speki og kraftaverk Jesú eru frá Guði komin en vegna vantrúar mannfjöldans gat Jesús unnið fá kraftaverk.<sup>578</sup>

Í meðförum höfundar Matteusarguðspjalls á textum Ræðuheimildarinnar er Jesú stillt upp sem holdgervingi σοφία og margir þeirra Q texta sem varðveita ummæli spekinnar og segja Jesú erindreka hennar eru í guðspjallinu eignaðir Jesú.

- **Mt 11.19 (Q 7.35):** ἦλθεν ὁ υἱὸς τοῦ ἀνθρώπου ἐσθίων καὶ πίνων, καὶ λέγουσιν, Ἰδοὺ ἄνθρωπος φάγος καὶ οἰνοπότης, τελωνῶν φίλος καὶ ἁμαρτωλῶν. καὶ ἐδικαιώθη ἡ σοφία ἀπὸ τῶν ἔργων αὐτῆς.<sup>579</sup>
- **Mt 11.19:** Mannssonurinn kom, át og drakk, og menn segja: Hann er mathákur og vínsvelgur, vinur tollheimtumanna og bersyndugra! En spekin sannast af verkum sínum.

Í þessu fyrsta dæmi segir upphaflegi Q textinn að börn spekinnar (Jesús og Jóhannes) rétti hlut hennar (Q 7.35) en Matteusarguðspjall breytir merkingunni þannig að Jesú er jafnað við spekina holdi klædda og spekin „sem sannast af verkum sínum” er Jesús sjálfur.<sup>580</sup>

- **Mt 23.34 (Q 11.49):** Þess vegna sendi ég til yðar spámenn, spekinga og fræðimenn. Suma þeirra munuð þér lífláta og krossfesta, aðra húðstrýkja í samkundum yðar og ofsækja borg úr borg .

Annar textinn er í Ræðuheimildinni orð töluð af hinni persónugerðu speki en í Matteusarguðspjalli er þau lögð í munn Jesú. Guðspjallamaðurinn lætur sér þó ekki nægja að skipta um mælanda heldur er innihald ummælanna einnig eignað Jesú á þann hátt að það er Jesús sjálfur sem hefur sent þjóðinni „spámenn, spekinga og fræðimenn”.<sup>581</sup> Örfáum versum síðar eru varðveitt ummæli sem Ræðuheimildin eignar spekinni (Q 13.34-35) en í meðförum Matteusarguðspjalls talar Jesús sem viskan sjálf.

- **Mt 23.37 (Q 13.34-35):** Jerúsalem, Jerúsalem! Þú sem líflætur spámennina og grýtir þá, sem sendir eru til þín! Hversu oft vildi ég safna börnum þínum, eins og hænna safnar ungum sínum undir vængi sér, og þér vilduð eigi.

---

<sup>577</sup> Sama rit, s. 211.

<sup>578</sup> Sbr. Mt 13.58.

<sup>579</sup> Mt 11.19, *Novum Testamentum Graece* 1993.

<sup>580</sup> Robinson, „Jesus as Sophos and Sophia”, s. 10.

<sup>581</sup> Sama rit, s. 11.

Það er Jesús sem sendir þjóðinni spámenn og þráir að taka þjóðina að sér, líkt og persóna spekinnar í Ræðuheimildinni.<sup>582</sup>

Spekitextarnir í 23. kafla Matteusarguðspjalls eru settir í samhengi sérefnis Matteusar til að styrkja fordæmingu á fræðimönnum og faríseum sem sýnir átök samfélagsins við aðra gyðinglega hópa.<sup>583</sup> Höfundur guðspjallsins breytir staðfastlega spekitextum Ræðuheimildarinnar og tengir Jesú við spekina í þeim tilgangi að undirstrika kennivald hans í átökum og ritdeilum við farísea.<sup>584</sup> Farísear hafa verið höfuð andstæðingar Matteusarhópsins við ritunartíma guðspjallsins og helsta deiluefnið á milli hópanna hefur verið túlkun á lögmáli Tórunnar.<sup>585</sup> Í upphafi 23. kafla segir Jesús „á stóli Móse sitja fræðimenn og farísear [og] þér skuluð því ... halda allt sem þeir segja yður” (Mt 23.2-3) og eftir langa fordæmingu á hegðun þeirra og lögmálstúlkun talar hann í lok kaflans sem spekin sjálf (Mt 23.37). Jesús er því að áliti Matteusarguðspjalls uppfylling á spádómum Gamla testamentisins um hinn nýja Móse og hanner ekki aðeins verndari Tórunnar heldur hinn eini sanni lögmálstúlkur.<sup>586</sup> Áherslan á mikilvægi Tórunnar, sem varð mikilvægari gyðindómi en nokkru sinni fyrr eftir fall musterins í Jerúsalem,<sup>587</sup> er það sem aðgreinir flokk gyðing-kristinna rita frá öðrum hefðum kristindómsins.

## **8. Spekin í gyðing-kristnum bókmenntum.**

### *8.1 Gyðing-kristni og gyðing-kristnar bókmenntir.*

Hugtakið gyðing-kristni er mjög ónákvæmt en það er yfirleitt notað í yfir þá hópa á fyrstu öldum kristni sem héldu fastar í lagaákvæði hinna hebresku helgirita en þeir sem aðhylltust þá pálínsku kristni sem lagði grundvöllinn að regluritasafni Nýja testamentisins. Helmut Koester segir

---

<sup>582</sup> Sama rit, s. 12.

<sup>583</sup> Patrick J. Hartin, „The Woes against the Pharisees (Matthew 23.1-39): The Reception and Development of Q 11.39-52 within the Matthean Community” 2000, s. 277-279.

<sup>584</sup> Sama rit, s. 276.

<sup>585</sup> Sama rit, s. 281.

<sup>586</sup> Daniel J. Harrington, *The Gospel of Matthew* 1991, s. 17-18.

<sup>587</sup> Hartin, *James* 2003, s. 7.

einn vandann við hugtakið vera þá staðreynd að allir hópar í frumkristni tengdust gyðingdómi á einn eða annan hátt, þó ekki hafi allir stuðst við þá palestínska hefð sem síðar varð að rabbínskum gyðingdómi.<sup>588</sup> Afstöðunni til gyðingdóms má með nokkurri einföldun skipta í fjögur viðhorf sem hópar í frumkristni höfðu til arfleifðar Ísraels. Í fyrsta lagi voru kristnir Gyðingar sem fylgdu ákvæðum Móselaganna til fulls og héldu umskurn en sú hreyfing er upprunin í Jerúsalem og Páll vitnar um nærveru þeirra í Galatíu og Filippí (Gl 2; P 15).<sup>589</sup> Í öðru lagi voru kristnir Gyðingar sem lögðu ekki áherslu á umskurn trúskiptinga en héldu ákveðnum ákvæðum varðandi matarræði og hreinsunarsiði. Sú hreyfing sem einnig var upprunin í Jerúsalem var tengd persónum Jakobs og Péturs og varð áberandi í Antíokkíu og Róm auk fleiri borga.<sup>590</sup>

Þriðji hópurinn krafðist ekki umskurnar og varðveitti ekki hreinsunar- og matarákvæði en hélt tengslum við lögmálið að einhverju marki og bar virðingu fyrir helgidögum Gyðinga og musterinu. Páll og fylgismenn hans eru þekktustu talsmenn slíkra viðhorfa í vesturkirkjunni en þau eru upprunin utan Jerúsalem, sennilega í Antíokkíu. Síðasti hópurinn er síðan kristnir Gyðingar sem héldu engin ákvæði lögmálsins og höfðu öllum tengslum viðusterið í Jerúsalem. Þessi viðhorf eiga líklega rætur að rekja til Jerúsalem, líkt og fyrstu tveir hóparnir, en breiddust til Samaría með trúboði Filippusar (P11.19-20) og birtust síðar í áherslum Jóhannesarguðspjalls og Hebreabréfs þar sem hátíðir og helgisiðir Gyðinga eru taldir tilheyrast úreltum trúarbrögðum og gömlum sáttmála (testamenti).<sup>591</sup>

Elstu hefðir gyðing-kristni eru nátengdar söfnuðinum í Jerúsalem sem Jakob bróðir Jesú gegndi forstöðu fyrir og Jakobsbréf sprettur úr. Af Páli má ráða að söfnuðurinn hafi haldið umskurn, a.m.k. til að byrja með, og

---

<sup>588</sup> Helmut Koester, *Introduction to the New testament II.b.: History and Literature of Early Christianity* 2000, s. 204.

<sup>589</sup> Raymond E. Brown, „Not Jewish Christianity and Gentile Christianity but types of Jewish/Gentile Christianity” 1983, s. 77.

<sup>590</sup> Sama rit, s. 77.

<sup>591</sup> Sama rit, s. 78.

hreinsunar- og matarákvæði voru í heiðri höfð meðal safnaðarmeðlima.<sup>592</sup> Áhrif safnaðarins voru gríðarleg á upphafsárum hinnar kristnu hreyfingar en skömmu eftir dauða Jakobs (62) varð söfnuðurinn að flýja Jerúsalem vegna stigvaxandi ófriðar á milli Rómverja og gyðinglegra yfirvalda og Evsebíus<sup>593</sup> segir meðlimi hans hafa flúið til borgarinnar Pella á austurbakka Jórdanar.<sup>594</sup> Slitróttar heimildir benda til að hópurinn hafi starfað áfram í útleigðinni en ómögulegt er að draga skýrar línur í þeim efnum. Tengsl safnaðarins í Jerúsalem við síðari gyðing-kristna hópa eru óljós en tilraunir hafi verið gerðar til að tengja eþjóníta við söfnuðinn.<sup>595</sup>

Miðað við forsendur þessarar umfjöllunar eru þrjú rit sem varðveitt eru í regluritasafni Nýja testamentisins flokkuð sem gyðing-kristin rit, Ræðuheimildin, Jakobsbréf og Matteusarguðspjall. Auk þeirra er Hebreabréfið talið vitnisburður um gyðing-kristna fórnarhreyfingu sem ekki verður tekin til umfjöllunar hér.<sup>596</sup> Jakobsbréf er talið gyðing-kristið rit, annarsvegar á þeim af þeim sökum að uppruna þess má rekja til safnaðar postulanna í Jerúsalem og inniheldur því áherslur þeirra<sup>597</sup> og hinsvegar vegna þess að lögmál Móse er í bréfinu forsenda frelsunar (Jk 1.21).<sup>598</sup>

Elsta efni Ræðuheimildarinnar er ekki gyðinglegt í sjálfu sér og byggir samkvæmt Kloppenborg á frelsunarstefi tengdu hugmyndum Grikkja um *paidea* og samhengi spekibókmennta.<sup>599</sup> Eftirfylgni við lögmál Gyðinga er ekki að finna í elsta lagi Ræðuheimildarinnar (Q-1) og raunar er gert lítið úr lögmálsfylgni farísea í ritdeilum Q-hópsins við þá (Q11.39-42).<sup>600</sup> Í freistingarfrásögunni (Q4.1-13), sem almennt er talin yngsta efni Ræðuheimildarinnar (Q-3), er hlýðni við lögmálið grundvöllur frásögunnar og gera má ráð fyrir að annað efni sem leggur áherslu á eftirfylgni við

---

<sup>592</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 205.

<sup>593</sup> Evsebíus, *Historia ecclesiastica* III 5.3.

<sup>594</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 206.

<sup>595</sup> Sama rit, s. 206.

<sup>596</sup> Jón Ma. Ásgeirsson & Sigurvin Jónsson, „Epískar forsendur kristinna rita í grísk-rómversku samhengi” (óbirt).

<sup>597</sup> Hartin, *James* 2003, s. 16-25.

<sup>598</sup> Jackson-McCabe, *Logos and Law in James* 2001.

<sup>599</sup> John S. Kloppenborg, „Nomos and Ethos in Q” 1990, s. 47-48.

<sup>600</sup> Sama rit, s. 37-43.

lögmál gyðingdóms (Q 11.42c, 16.17), tilheyri einnig þessu yngsta efni.<sup>601</sup> Þróunarsögu Ræðuheimildar má rekja frá spekiefni sem ekki er gyðinglegt í efnistöfum yfir í gyðinglegt efni með áherslu á lögmálið, sem gerði ritinu fært að vera tekið upp í Matteusarguðspjall.<sup>602</sup> Hið gyðing-kristna efni Ræðuheimildarinnar er því aðeins að finna í yngsta efninu.

Matteusarguðspjall ber vitni um flókna þróunarsögu og þegar hefur verið fjallað um tengsl þess við Ræðuheimildina, Q<sup>Mt</sup> og Jakobsbréf. Ólíkt Jakobsbréfi og Q er Matteusarguðspjall að bregðast við eyðingu musterisins í Jerúsalem (árið 70) og viðhorf guðspjallsins endurspeglar ritdeilur við aðra gyðinglega hópa um rétt viðbrögð við því áfalli. Túlkun á Tórunni varð deilufni hinna ólíku hópa sem voru að bregðast við nýjum aðstæðum, og Matteusarguðspjall leggur áherslu á mikilvægi Jesú sem túlkanda lögmálsins.<sup>603</sup> Spenna var í Matteusarsamfélaginu um trúboð til heiðingja en textar Mt 10.5-6 og 28.19-20 eru í beinni mótsögn hvor við annan.

**Mt 10.5-6:** Þessa tólf sendi Jesús út og mælti svo fyrir: Haldið ekki til heiðinna manna og farið ekki í samverska borg. Farið heldur til týndra sauða af Ísraelsætt.

**Mt 28.19-20:** Farið því og gjörið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda, og kennið þeim að halda allt það, sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.<sup>604</sup>

Fyrri textinn sem líklega er varðveittur úr sérefni Matteusar (M)<sup>605</sup> endurspeglar það viðhorf að fagnaðarerindið eigi einungis erindi við Gyðinga en trúboðsskipunin í lok guðspjallsins gefur til kynna að sýn samfélagsins hafi breyst og boðskapur þess tilheyri nú öllum þjóðum.<sup>606</sup>

Áhersla Matteusarguðspjalls á lögmálið sést meðal annars á Mt 5.17-18 en sá texti byggir á ritdeilum við farísea í Q 16.17, og í meðförum guðspjallamannsins er áherslan á ævarandi gildi lögmálsins áréttuð.

**Mt 5.17-19:** Ætlið ekki, að ég sé kominn til að afnema lögmálið eða spámennina. Ég kom ekki til að afnema, heldur uppfylla. Sannlega segi ég yður: Þar til himinn og jörð líða undir lok, mun ekki einn smástafur eða stafkrókur falla úr lögmálinu, uns allt er komið fram.

---

<sup>601</sup> Sama rit, s. 46-47.

<sup>602</sup> Sama rit.

<sup>603</sup> Harrington, *Matthew* 1991, s. 17-18.

<sup>604</sup> Mt 10.5-7, 28.19-20.

<sup>605</sup> Harrington, *Matthew* 1991, s. 141-142.

<sup>606</sup> Sama rit, s. 415-417.

Annar texti sem sýnir lögmálshlýðni Matteusarguðspjalls er notkun höfundar á Mk 7.1-30 en þar stillir höfundur Markúsarguðspjalls upp deilum á milli Jesú og farísea um réttan skilning á hreinsunarákvæðum lögmálsins. Markús segir eftir deilurnar: „þannig lýsti hann [Jesú] alla fæðu hreina”<sup>607</sup> en Matteusarguðspjall sem tekur textann nær orðrétt upp, sleppir þeim ummælum sökum matarákvæða sem voru í gildi í Matteusarsamfélaginu.<sup>608</sup> Þrátt fyrir harðar ritdeilur í guðspjallinu gegn ýmsum leiðtogum Gyðinga telst Matteusarguðspjall gyðinglegasta guðspjall Nýja testamentisins.<sup>609</sup>

Sumir fræðimenn hafa talið að Matteusarguðspjall sé upprunalega skrifað á semísku tungumáli, líkt og Papías hélt fram<sup>610</sup> og Híerónýmus taldi sig hafa séð í notkun meðal kristinna safnaða í Sýrlandi, en rannsóknir á texta guðspjallsins sýna án nokkurs vafa að það er frá upphafi ritað á grísku.<sup>611</sup> Arameískar þýðingar á Matteusarguðspjalli voru hinsvegar í notkun á meðal gyðing-kristinna hópa í Sýrlandi (*Nasóreaguðspjall*) auk þess sem ritstýrðar útgáfur af guðspjallinu á grísku voru notaðar af ebjónítum (*Ebjónítaguðspjall*).<sup>612</sup> Auk útgáfa af Matteusarguðspjalli þekkjum við frá kirkjuféðrunum gyðing-kristin guðspjöll (*Hebreaguðspjall*) sem sóttu í aðrar hefðir.<sup>613</sup>

Þær bókmenntir sem eftirfarandi rannsókn styðst við eru í fyrsta lagi rit postulafeðra, *Tólf postula kverið og Barnabasarbréf*, í öðru lagi rit kennd við Klemens frá Róm og Klemens frá Alexandríu og loks gyðing-kristin guðspjöll auk *Endurminninga Hegesippusar*. Í verki sínu um vitnisburði kirkjuféðra um gyðing-kristna hópa telja Klijn og Reinink upp fimm hreyfingar sem fordæmdar voru af kirkjuféðrunum vegna áherslu þeirra á

---

<sup>607</sup> Mk 7.19.

<sup>608</sup> John K. Riches, *Conflicting Mythologies: Identity Formation in the Gospels of Mark and Matthew* 2000, s. 217.

<sup>609</sup> Harrington, *Matthew* 1991, s. 1-3.

<sup>610</sup> Evsebíus, *Historia ecclesiastica* III 29.16.

<sup>611</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 207.

<sup>612</sup> Sama rit.

<sup>613</sup> Willhelm Schneemelcher, *New Testament Apocrypha* II.b.: *Writings Relating to the Apostles; Apocalypses and Related Subjects* 1992.

lögmálið.<sup>614</sup> Fyrsta hreyfingin eru kerinþúsarsinnar en þeir voru fylgjendur gnóstikeans Kerinþúsar sem starfaði í Litlu Asíu um aldamótin 100 en hann kenndi að fylgjendur sínir yrðu að gangast undir umskurn að gyðinglegri fyrirmynd.<sup>615</sup> Írenaeus (130-202) segir að Kerinþús kenndi að Jesús hafi verið sonur Maríu og Jósefs en að eilífðarveran Kristur hafi stigið niður í Jesú við skírnina og yfirgefið hann á krossinum.<sup>616</sup> Epífaníus frá Salamis (315-403) bætir við að Kerinþús hafi byggt að hluta á gyðingdómi og hann hélt í heiðri lögmálið og spámennina, en hann taldi að lögmálið væri komið frá einum af þeim englum sem sköpuðu heiminn.<sup>617</sup>

Önnur hreyfingin eru eþjónítar en þeir voru gyðing-kristinn hópur í Egyptalandi sem ólíkt Kerinþúsi töldu heiminn skapaðan af Guði og byggðu á Matteusarguðspjalli.<sup>618</sup> Orðið eþjónítar merkir fátækt en þeir lögðu áherslu á fábreytt líferni, voru grænmetisætur, kröfðust umskurnar og fylgdu lögmáli Móse.<sup>619</sup> Þeir töldu Jesú hafa verið mannlegan, son Maríu og Jósefs, og afneituðu meyfæðingunni en höfðu engar sambærilegar hugmyndir um Krist og kerinþúsarsinnar.<sup>620</sup> Epífaníus taldi eþjóníta hafa þróast uppúr hópum nasórea en flestir fræðimenn eru sammála um að þar hafi hann ekki farið með rétt mál, þar sem hóparnir eiga ekkert sameiginlegt utan lögmálsskilnings.<sup>621</sup>

Þriðji hópurinn sem Klijn og Reinink tiltaka eru nasórear en einu heimildirnar sem varðveittar eru um þá eru í verkum Epífaníusar og Híerónýmusar og hvorugur þekkti þá af eigin raun.<sup>622</sup> Epífaníus taldi að nasórear væru mjög gamall hópur og að uppruna þeirra mætti rekja til safnaðarins í Jerúsalem eftir að hann yfirgaf borgina.<sup>623</sup> Kirkjuféðurnir vitna í tvö rit eftir þá, annarsvegar fyrrnefnda þýðingu á Matteusarguðspjalli

---

<sup>614</sup> Klijn, *Patristic Evidence for Jewish-Christian Sects* 1973.

<sup>615</sup> Koester, *Introduction II.b.* 2000, s. 210.

<sup>616</sup> Írenaeus, *Adversus Haereses* I 26.

<sup>617</sup> Epífaníus, *Panarion (Adversus haereses)* 28.1.3.

<sup>618</sup> Klijn, *Patristic Evidence for Jewish-Christian Sects* 1973, s. 20-21.

<sup>619</sup> Sama rit, s. 42.

<sup>620</sup> Sama rit, s. 43.

<sup>621</sup> Fred Lapham, *Introduction to the New Testament Apocrypha* 2003, s. 86.

<sup>622</sup> Klijn, *Patristic Evidence for Jewish-Christian Sects* 1973, s. 52.

<sup>623</sup> Epífaníus, *Panarion (Adversus haereses)* 29.7

(*Nasóreaguðspjall*) og hinsvegar ritskýringarverk um spádómsbók Jesaja.<sup>624</sup> Söfnuðurinn var staðsettur í borginni Beroju, meðlimir hans voru arameískumælandi og viðurkenndu Pál og meginkenningar kirkjunnar.<sup>625</sup> Fjórði hópurinn eru symmakear en Evsevíus segir stofnanda þeirra Symmakkus (seint á 2. öld) vera gyðing-kristinn<sup>626</sup> og Híerónýmus eignar honum ritskýringarverk um Matteusarguðspjall.<sup>627</sup> Klijn og Reinink segja erfitt að átta sig á því hvort Symmakkus hafi í raun skrifað slíkt verk en líklegast er að hann hafi tilheyrt trúarhóp ebjóníta.<sup>628</sup> Síðari latnesk verk nefna symmakea sem sjálfstæða hreyfingu og telja þá kristna farísea.<sup>629</sup>

Síðasti hópurinn eru elkasætar en opinberunarrit skrifað undir dulnefninu Elkasæ (merkir máttur Guðs) hefur varðveist og er líklega frá 3. öld þó það sé tímasett árið 101 í ritinu sjálfu.<sup>630</sup> Víða er fjallað um elkasæta í ritum kirkjuféðra en spámaðurinn Maní (216-276) stofnandi trúarbragða Maníkea, ólst upp í söfnuði þeirra.<sup>631</sup> Ritið inniheldur stranga lögmálshlýðni þar sem hvatt er til reglulegra hreinsunarbaða, fylgjendum er gert að snúa í átt að Jerúsalem við bænir og kennt að greina í sundur sanna og falska ritningarstaði Nýja testamentinu.<sup>632</sup> Auk þessara hópa má nefna aðrar gyðing-kristnar hreyfingar á borð við setista, sem voru gyðing-kristnir gnóstikear og eiga 12 rit meðal Nag Hammadi handritasafnsins, fórnarhreyfingu að baki Hebreabréfinu, sýnkretíska hreyfingu að baki *Hebreaguðspjallinu* og loks kvartódesímanista sem fylgdu gyðinglega dagatalinu og heimildir eru um í fornum páfabréfum.<sup>633</sup>

---

<sup>624</sup> Klijn, *Patristic Evidence for Jewish-Christian Sects* 1973, s. 52.

<sup>625</sup> Sama rit, s. 52.

<sup>626</sup> Evsebíus, *Historia ecclesiastica*, 6.17

<sup>627</sup> Híerónýmus, *De viris illustribus* CIV.

<sup>628</sup> Klijn, *Patristic Evidence for Jewish-Christian Sects* 1973, s. 53-54.

<sup>629</sup> Sama rit, s. 53-54.

<sup>630</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 685-694.

<sup>631</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 211.

<sup>632</sup> Sama rit.

<sup>633</sup> Jón Ma. Ásgeirsson & Sigurvin Jónsson, „Epískar forsendur kristinna rita í grísk-rómversku samhengi” (óbirt).

## 8.2 Hugtakið Sófía í Tólf postula kverinu og Barnabasarbréfi.

**Tólf postula kverið** ber vitni um þörf á annari öldinni til að koma reglu og skipulagi á starfsemi kirkjunnar.<sup>634</sup> Gríska heiti þessa rits *Didache* merkir kennsla og byggir sú kennsla á spekihefðum gyðingdóms, sérstaklega hugmyndinni um tvo vegu, veg lífsins og veg dauðans. Vegur lífsins merkir eftirfylgni við tvöfalda kærleiksboðorðið og önnur boð úr kennslu Jesúhefðarinnar, en vegur dauðans er upptalning á þeim löstum sem eru hættulegir fylgjendum Jesú.<sup>635</sup> Efnið um tvo vegu (*Didache* 1-6) hefur tilheyrt eldra riti sem tekið er upp í *Tólf postula kverið*, en *Barnabasarbréf* (18-20) varðveitir það án þess að þekkja *kverið* auk þess sem latneskar þýðingar hafa varðveist sérstaklega. *Tólf postula kverið* er upprunnið í Sýrlandi og endurspeglar aðrar hefðir um þakkargjörðarmáltíð (*eucharist*) en Páll heldur fram (1Kor 11.23-26) en ritið tengir kaleikinn við Davíðssáttmálann og brauðið við einingu safnaðarins.<sup>636</sup> Annar hópur sem hélt þakkargjörðarmáltíð sem ekki var tengd krossdauða Jesú eða píslarsögunni er samfélagið að baki Ræðuheimildinni en þó að báðar hefðirnar séu ólíkar áherslum Páls eiga allar máltíðinar þrjá mikilvæga þætti sameiginlega. Í fyrsta lagi þann skilning að kaleikurinn tákni sáttmála Guðs og manns, í öðru lagi að brauðið sé samfélagstákn og loks að athöfnin sé mikilvæg í ljósi komandi heimsslita.<sup>637</sup>

Síðari hluti *Tólf postula kversins* (*Didache* 10.7-15.4) fjallar um innra skipulag kirkjunnar og þau margvíslegu embætti sem voru að myndast og mótast á 2. öldinni. Áhugaverðar eru í því samhengi ítarlegar reglur um hegðun gagnvart farandprédikurum og í textanum gætir ákveðinnar spennu varðandi samskipti safnaðanna við þá. Höfundur ritsins hvetur söfnuðina til að útnefna leiðtoga úr eigin röðum, biskupa og djákna, til að losna undan því að vera háðir utanaðkomandi aðilum.<sup>638</sup> Niðurlag ritsins er síðan

<sup>634</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 163.

<sup>635</sup> Sbr *Tólf postula kverið* 1-6, Sama rit, s. 163.

<sup>636</sup> Sama rit, s. 164.

<sup>637</sup> Sama rit, s. 164.

<sup>638</sup> *Didache* 15.

aðvörun í anda opinberunarbókmennta til hinna trúuðu um að vera á varðbergi því að heimsendir sé yfirvofandi.<sup>639</sup> *Tólf postula kverið* hefur að markmiði að koma reglu á innra starf kristinna hópa og þar með hafa hemil á trúarofsa sem höfundur taldi ógnandi. Líklegt er að þeir hópar sem ritið er upprunið hjá hafa verið tengdir samfélagi Ræðuheimildarinnar en ritið endurspeglar ekki pálínskar áherslur.<sup>640</sup> Hugtakaleit að σοφία skilaði engri niðurstöðu.

*Barnabasarbréf* er að mörgu leyti ráðgáta fræðimanna. Ekkert er vitað um höfund þess, upprunasvæði eða dagsetningu en líklegast er að ritið sé tilkomið undir lok 1. aldar.<sup>641</sup> *Barnabasarbréf* vitnar hvergi í rit Nýja testamentisins heldur styðst við gyðinglegar heimildir. Í fyrsta lagi byggir það á ritum gyðingdóms er varða trúaratriði á borð við fórnir, föstur, umskurn, matar- og hreinsunarákvæði, helgidaginn og musterið, en þessi stef túlkar höfundur í kristnu ljósi og á allegórískan hátt. Í öðru lagi vitnar bréfið í *Enoksbók* og *Daníelsbók* í hluta sem fjallar um opinberanir og yfirvofandi heimsslit og loks er í lok bréfsins varðveitt sama heimild og *Tólf postula kverið* geymir um vegi lífs og dauða.<sup>642</sup> Hápunktur og miðja bréfsins, sem þó er ekki eiginlegt bréf að bókmenntaformi heldur ritgerð sem líkist nokkuð Hebreabréfi Nýja testamentisins, er útlekking á spádómum ritninganna um komu Jesú, pínu hans, krossfestingu og hinum nýja sáttmála Guðs.<sup>643</sup>

Þrátt fyrir að höfundur *Barnabasarbréfs* sé að fjalla um stef sem eru miðlæg í guðspjöllum Nýja testamentisins hefur ekki reynst hægt að sýna fram á þekkingu hans á þeim. Þvert á móti er bréfið vitnisburður um túlkun á stefjum píslarsögunnar á frumstigum sem hélt áfram í *Pétursguðspjalli* og

---

<sup>639</sup> *Didache* 16.

<sup>640</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 165.

<sup>641</sup> Það er eignað Barnabasi samferðamanni Páls en sú tileinkun stenst ekki. Sama rit, s. 281.

<sup>642</sup> *Barnabasarbréf* 2-10.

<sup>643</sup> *Barnabasarbréf* 5.1-8.7; 11.-12.9 (koma Jesú, pína, krossfesting og upprisa); 13.1-14.9 (hinn nýji sáttmáli).

loks í Mattteusarguðspjalli.<sup>644</sup> Í upphafi bréfsins (*Barnabasarbréf* 1.5) segist höfundur hafa undir höndum leynda þekkingu, γνώσις sem hann hefur þegið af heilögum anda og er fullkomin þekking sem hinir trúðu geta meðtekið í trú. Hugtakið σοφία kemur fjórum sinnum fyrir í ritinu.

- *Barnabae Epistula 2.1-3:* Ἡμερῶν οὖν οὐσῶν πονηρῶν καὶ αὐτοῦ τοῦ ἐνεργοῦντος ἔχοντος τὴν ἐξουσίαν, ὀφείλομεν ἑαυτοῖς προσέχοντες ἐκζητεῖν τὰ δικαιώματα κυρίου. Τῆς οὖν πίστεως ἡμῶν εἰσὶν βοηθοὶ φόβος καὶ ὑπομονή, τὰ δὲ συμμαχοῦντα ἡμῖν μακροθυμία καὶ ἐγκράτεια. Τούτων οὖν μενόντων τὰ πρὸς κύριον ἀγνώως, συνευφραίνονται αὐτοῖς σοφία, σύνεσις, ἐπιστήμη, γνώσις.<sup>645</sup>
- *Barnabasarbréf 2.1-3.:* For these are evil days, with the Worker of Evil himself in the ascendant; and this means that we must apply ourselves to a careful study of the Divine ordinances, having patience and the fear of God to reinforce our faith, and resignation and self-discipline for allies. Provided we keep a firm hold on these, in a spirit of holiness, in all matters that have to do with the Lord, then wisdom, intelligence, understanding, and enlightenment will gladly come to keep them company.<sup>646</sup>

Fyrsti textinn segir spekina vera ávöxt sannrar guðrækni en hún byggir á lestri ritninganna, þolinmæði og guðsótta. Ef hinn trúaði heldur sig að slíkri guðrækni í helgum anda, veitist honum speki auk annarra ávaxta, gáfna, skilnings og uppljómunar sem halda honum félagsskap. Spekin birtist hér ekki sem persóna líkt og algengt er í gyðinglegum spekiritum en ávextimír eru persónugerðir og sagðir halda hinum guðrækna félagsskap.

- *Barnabae Epistula 6.10:* Τί οὖν λέγει; «Εἰς τὴν γῆν τὴν ἀγαθὴν, γῆν ῥέουσαν γάλα καὶ μέλι.» Εὐλογητὸς ὁ κύριος ἡμῶν, ἀδελφοί, ὁ σοφίαν καὶ νοῦν θέμενος ἐν ἡμῖν τῶν κρυφίων αὐτοῦ. Λέγει γὰρ ὁ προφήτης· «Παραβολὴν κυρίου τίς νοήσει, εἰ μὴ σοφὸς καὶ ἐπιστήμων καὶ ἀγαπῶν τὸν κύριον αὐτοῦ;».<sup>647</sup>
- *Barnabasarbréf 6.10:* What, then, is signified by a land that is 'good, and flowing with milk and honey'? (Blessing on the Lord, my brothers, for vouchsafing to us wisdom and the discernment of His secrets! The prophet is speaking in a Divine figure here, though only a sagacious and instructed lover of the Lord would understand it.)<sup>648</sup>

Samhengi annarrar tilvitnunarinnar er það að spámaðurinn (Jesús) talar gegn Ísrael, sem ólíkt hinum kristnu er meinaður aðgangur að fyrirheitna landinu, og hin persónugerða þekking (γνώσις) útskýrir að aðgangur inn í það byggir á trausti til Jesú.<sup>649</sup> Síðan túlkar höfundur

<sup>644</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 282.

<sup>645</sup> *Barnabae epistula* {1216.001} 2.1-3, TLG.

<sup>646</sup> *Barnabasarbréf* 2.1-3. Maxwell Staniforth, *Early Christian Writings: The Apostolic Fathers* 1968, s. 194.

<sup>647</sup> *Barnabae epistula* {1216.001} 6.10, TLG.

<sup>648</sup> *Barnabasarbréf* 6.10. Staniforth, *Apostolic Fathers* 1968, s. 200.

<sup>649</sup> *Barnabasarbréf* 6.8-9.

fyrirheitna landið sem allegóríu og skilningur á henni byggir annarsveggar á leyndri speki (túlkunarlykli) sem Drottinn treysti þeim fyrir, og hinsveggar á verðleikum þess sem reynir að skilja leyndardóminn. Spekin er í þessu samhengi guðleg opinberun.

- **Barnabae Epistula 16.8c-9:** διὸ ἐν τῷ κατοικητηρίῳ ἡμῶν ἀληθῶς ὁ θεὸς κατοικεῖ ἐν ἡμῖν. Πῶς; ὁ λόγος αὐτοῦ τῆς πίστεως, ἡ κλήσις αὐτοῦ τῆς ἐπαγγελίας, ἡ σοφία τῶν δικαιωμάτων, αἱ ἐντολαὶ τῆς διδαχῆς— αὐτὸς ἐν ἡμῖν προφητεύων, αὐτὸς ἐν ἡμῖν κατοικῶν, τοὺς τῷ θανάτῳ δεδουλωμένους ἀνοίγων ἡμῖν<sup>650</sup>
- **Barnabasarbréf 16.8c-9:** God is at this moment actually dwelling within us in that poor habitation of ours. How so? Why, in the message of His Faith, and in the call of His promise; in the wisdom of His statutes and the precepts of His teaching; in His very own Presence inwardly inspiring us, and dwelling within us;<sup>651</sup>
- **Barnabae Epistula 21.5:** Ὁ δὲ θεός, ὁ τοῦ παντὸς κόσμου κυριεύων, δώρη ὑμῖν σοφίαν, σύνεσιν, ἐπιστήμην, γνῶσιν τῶν δικαιωμάτων αὐτοῦ, ὑπομονήν.<sup>652</sup>
- **Barnabasarbréf 21.5:** May the God and Lord of all the world grant you wisdom, understanding, and knowledge, together with true comprehension of His ordinances and the gift of perseverance.<sup>653</sup>

Tveir síðustu textarnir tengja spekina við ákvæði (δικαιωμάτων) í kennslu Jesú. Í fyrri textanum er sagt að Guð dvelji innra með hinum trúaða í þeirri speki sem felst í kennslu Jesú og í þeim síðari er beðið um visku til handa hinum trúaða, þar sem það að lifa frómu lífi er forsenda uppreisnar handan grafar og upphafningar í ríki Guðs (21.1-3). Eftirfylgni við lögmál Jesú er ædsta gildið en það byggir á túlkun á ritningum Gyðinga og markmið höfundar er að miðla dýpri þekkingu (γνῶσις) á þeim (1.5; 21.4).<sup>654</sup> *Barnabasarbréf* sækir meira til gyðingdóms en *Tólf postula kverið* en þess má geta að ýmsir fræðimenn hafna þeirri hugmynd að *Tólf postula kverið* og *Barnabasarbréf* teljist til gyðing-kristinna rita.<sup>655</sup>

---

<sup>650</sup> *Barnabae epistula* {1216.001} 16.8c-9, TLG.

<sup>651</sup> *Barnabasarbréf* 16.8c-9. Staniforth, *Apostolic Fathers* 1968, s. 216.

<sup>652</sup> *Barnabae epistula* {1216.001} 21.5, TLG.

<sup>653</sup> *Barnabasarbréf* 21.5. Staniforth, *Apostolic Fathers* 1968, s. 220.

<sup>654</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 282.

<sup>655</sup> Hans Joachim Schoeps, *Theologie und Geschichte des Judenchristentums* 1949.

### 8.3 Sófía í ritum kenndum Klemensi frá Róm.

*Skugga-Klemensarritin* eru gríðarlega flókinn hópur rita sem kenndur er við Klemens frá Róm og fjalla um ævi hans og guðfræði.<sup>656</sup> Talið er að til hafi verið rit sem nefndist *Klemensarsaga hins rómverska* og líkt og Ræðuheimildin sé hún varðveitt í tveimur ritum sem fundist hafa, annarsvegar *Prédikunum Skugga-Klemensar (Homilies)* og hinsvegar *Minningabrotum Skugga-Klemensar (Recognitions)*.<sup>657</sup> Höfundar þessara tveggja rita þekkja ekki hvor til annars og því eru þau hvort í sínu lagi byggð á *Klemensarsögu*. *Prédikarnir Skugga-Klemensar* eru varðveittar í tveimur grískum handritum<sup>658</sup> og eru ritaðar í Sýrlandi af aríusarsinnuðum guðfræðingi um 320.<sup>659</sup> *Minningabrotin* eru aðeins yngri, talin rituð um 350 í Sýrlandi eða Palestínu, en höfundur þeirra tilheyrði hinum hefðbundnari armi kirkjunnar og hann tók ekki upp guðfræði og ritdeilur við Pál úr *Klemensarsögu* sem voru í andstöðu við hinn unga rétttrúnað.<sup>660</sup> *Minningabrotin* eru aðeins varðveitt í latneskri þýðingu Rúfínusar (345-410).<sup>661</sup> Bæði *Minningabrotin* og *Prédikanirnar* voru snemma þýddar á sýrlensku og hafa varðveist að hluta í sýrlenski þýðingu.<sup>662</sup>

Auk *Klemensarsögu* varðveita *Prédikanir* og *Minningabrot Skugga-Klemensar* rit er kallast *Perlurnar í boðun Péturs (Κηρύγματα Πέτρου)*, sem gæta þarf að rugla ekki saman við *Perluna í boðun Péturs* sem varðveitt er í verki Klemensar frá Alexandríu. *Perlurnar* hafa ekki varðveist sem sjálfstætt rit, en þær eru taldar vera ein af heimildunum að baki *Klemensarsögu* og hafa líkt og hún verið endurgerðar.<sup>663</sup> Tilvist *Perlnanna* hefur verið dregin í efa af nokkrum fræðimönnum en ef það rit er raunveruleg heimild er líklegast að uppruni þess sé í Sýrlandi á 3. öld.<sup>664</sup>

<sup>656</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 484.

<sup>657</sup> Sama rit, s. 485.

<sup>658</sup> Þau eru *Parisinus Graecus* 930 og *Vaticanus Ottobanianus* 443.

<sup>659</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 485.

<sup>660</sup> Sama rit, s. 485.

<sup>661</sup> Sama rit, s. 486.

<sup>662</sup> Sama rit, s. 486.

<sup>663</sup> Sama rit, s. 488-489.

<sup>664</sup> Sama rit, s. 492.

Við *Perlurnar* var bætt þremur bréfum, *Bréfi Péturs til Jakobs* og svari Jakobs *Áskorun vitnisburðarins (Contestatio)* en bæði þau bréf eru talin rituð á þriðju öldinni annaðhvort af höfundum *Klemensarsögu* eða af höfundum *Prédikana Skugga-Klemensar*, þó eitthvað ef efni þeirra endurspeglir stef úr verkum ebjóníta.<sup>665</sup> Þriðja bréfið er síðan *Bréf Klemensar til Jakobs* en það byggir á *Bréfi Péturs til Jakobs*. Loks er annað rit talið heimild að baki *Klemensarsögu* og er varðveitt í upphafi *Minningabrotanna* (33-44.2; 53.4-71) en það er nefnt *Vegsemdir Jakobs II* (*Ἀναβαθμοὶ Ἰακώβου II*) vegna samhljóms við rit með sama nafni sem varðveitt er í verki Epífaníusar.<sup>666</sup>

*Klemensarsaga hins rómverska* hefur frásögn sína þegar Klemens var ungur drengur í Róm á fyrstu öldinni og stóð uppi sem einstæðingur þar sem fjölskylda hans hafði týnst á ferðum til austurlanda.<sup>667</sup> Þegar ekkert spyrst til fjölskyldu hans fer Klemens að leita svara í heimspeki og trú en eftir að hafa heyrt fregnir af syni Guðs heldur hann til landsins helga. Á ferð sinni þangað hittir hann postulann Pétur í borginni Sesareu og slæst í för með honum á trúboðsferð hans. Á ferðalagi með Pétri verður Klemens vitni að prédikunum og kraftaverkum postulans og hápunktur sögunnar eru deilur Péturs við Símon Magus (P 8.9-24) en Símon er í *Klemensarsögu* tákmynd fyrir Pál Postula og guðfræði hans.<sup>668</sup> Símon Magus var áhrifamikil persóna í sögu gnóstískra trúarbragða. Írenaeus nefndi hann faðir allrar trúvillu<sup>669</sup> og fylgjendur hans, er kölluðu sig símoníta, voru áhrifamikill hópur á fyrstu öldum kristinnar.<sup>670</sup> Ekki er ljóst á hvaða stigi í myndunarsögu þessara rita Símon Magus varð að tákmynd fyrir Pál en sú hugmynd á uppruna sinn meðal ebjóníta sem töldu Pál vera höfuðandstæðing gyðing-kristinna vegna frjálslyndrar túlkunar hans á lögmálinu og lögmálshlýðni.<sup>671</sup> Pétur hefur að sjálfsögðu vinninginn í deilum þeirra, Símon er hrakinn á brott, og Klemens

<sup>665</sup> Sama rit, s. 489-490.

<sup>666</sup> *Ἀναβαθμοὶ Ἰακώβου* er varðveitt að hluta í verki Epífaníusar, *Panarion (Adversus haereses)* 30.16.6-9. Sama rit, s. 489.

<sup>667</sup> Lapham, *Introduction to NT Apocrypha* 2003, s. 75.

<sup>668</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 484.

<sup>669</sup> Írenaeus, *Adversus Haereses* 1.23.1-4.

<sup>670</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 213.

<sup>671</sup> Lapham, *Introduction to NT Apocrypha* 2003, s. 75.

sameinast fjölskyldu sinni á ný fullviss um að Jesús sé hinn sanni spámaður.<sup>672</sup> Bókmenntaform *Klemensarsögu* byggir mjög á veraldlegum skáldsögum (*romances*) Grikkja og Rómverja í uppbyggingu og söguþræði, þó að markmið ritsins sé trúarlegt.<sup>673</sup>

Rannsókn á σοφία hugtakinu í *Klemensarsögu* einskorðast því miður við *Prédikunarbrot Skugga-Klemensar* þar sem *Minningabrotin* hafa einungis varðveist á latínu og falla því utan við textasafn TLG. Rannsóknin skilaði 2 niðurstöðum en hafa ber í huga að texti *Klemensarsögu* hefur verið endurgerður með samanburðarrannsóknum (af Johannes Irmscher) og þýðingin er því ekki alltaf alveg samhljóða gríska textanum. Auk þess er í fyrri tilvísuninni stuðst við texta *Minningabrotanna* í endurgerðinni og því er munurinn þar meiri.

- **Homiliae I 15.6:** καὶ ἰδοὺ Βαρνάβας ἐκβὰς ἅμα τῷ ἰδεῖν περιεπλάκη μοι, πολὺ χαίρων καὶ δακρύων· καὶ λαβόμενός μου τῆς χειρὸς εἰσέφερεν ἔνθα ἦν ὁ Πέτρος, λέγων μοι· Οὗτός ἐστιν Πέτρος, ὃν μέγιστον ἐπὶ τῇ τοῦ θεοῦ σοφίᾳ ἐπηγγελλόμην σοι,<sup>674</sup>
- **Recognitionum I 12:** et ecce Barnabas procedens, statim ut me vidit, in complexus meos cucurrit, gaudio lacrymans, atque apprehensum me manu introducebat ad Petrum. Quem cum mihi eminus ostendisset: Hic est, inquit, Petrus, quem tibi maximus esse in Dei sapientia dicebam.<sup>675</sup>
- **Klemensarsaga (RI 6 12.5-6):** And, behold, Barnabas came out and, as soon as he saw me, fell into my arms with tears of joy. Then he too me by the hand and led me to Peter. Having pointed him out to me from a distance, he said: ‘That is Peter, of whom I have told you that he has penetrated most deeply into the divine wisdom.’<sup>676</sup>
- **Homiliae II 25.2-3:** αὐτὴν δὲ τὴν Ἑλένην ἀπὸ τῶν ἀνωτάτων οὐρανῶν κατενηνοχέει λέγει τῷ κόσμῳ, κυρίαν οὔσαν, ὡς παμμήτορα οὐσίαν καὶ σοφίαν, ἧς ἕνεκεν, (φησὶν) Ἕλληνές τε καὶ βάρβαροι ἐμαχέσαντο, εἰκόνα φαντασθέντες ἀληθείας· ἡ γὰρ ὄντως οὔσα τότε παρὰ τῷ πρωτίστῳ ὑπῆρχεν θεῷ.<sup>677</sup>
- **Klemensarsaga (HII 6 25.2-3):** Of Helena herself he [Símon Magus] asserts that he brought her down to the world from the highest heaven, of which she is the mistress as the mother of all being and Wisdom. Because of her, he says, there came about a conflict between the Greeks and the barbarians; although they clung to an image of the reality, for the true Helena dwelt at that time with the supreme God.<sup>678</sup>

<sup>672</sup> Sama rit.

<sup>673</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 484.

<sup>674</sup> Clemens Romanus et Clementina Theol., *Homiliae* [Sp.]. {1271.006} I 15.6, TLG.

<sup>675</sup> S. Clemens I Pontifex Romanus, *Recognitiones Liber I XII*. J.P. Migne, *Patrologia Cursus Completus* 1857 s. 1214.

<sup>676</sup> *Klemensarsaga* (RI 6 12.5-6), Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 508.

<sup>677</sup> Clemens Romanus et Clementina Theol., *Homiliae* [Sp.]. {1271.006} II 25.2-3, TLG.

<sup>678</sup> *Klemensarsaga* (H II 25.2-3), Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 513.

Fyrri tilvitnunin áréttar kennivald Péturs með því að tengja hann visku Guðs. Orðalag gríska textans ὁν μέγιστον ἐπὶ τῆ τοῦ θεοῦ σοφία er skemmtilegt en eldri þýðing Roberts og Donaldson<sup>679</sup> þýðir það „greatest in the wisdom of God” eða „mestur í visku Guðs” á meðan Irmischer gefur í skyn að spekin sé persónugerð, að Pétur hafi „brotið sér leið inn í visku Guðs.” Í latnesku þýðingunni er notuð sögnin *dico* sem merkir annaðhvort að segja frá eða boða (*proclaim/make known*) eða hinsvegar að helga eða verða helgaður (*dedicate/consecrate*).<sup>680</sup> Seinni tilvitnunin vísar til Helenu sem var samferðakona Símonar Magusar en um hana segir í öðrum heimildum að Símon hafi keypt Helenu frelsi af vændishúsi í borginni Týrus, en í henni fann hann ofsótta eilífðarveru (*ennoia*) sem hafði farið milli kvennlíkama frá því hún fyrst tók bólfestu í Helenu af Tróju.<sup>681</sup> Sögumaður *Klemensarsögu* segir Símon hafa sótt fylgdarkonu sína í hæstu hæðir, þar sem hún er sögð ráðskona og móðir alls sem er og spekinnar. Ef þýðing Strecker á rétt á sér er mögulega að finna í *Klemensarsögu* persónugerving viskunnar beggja vegna borðsins, persónugerving tengdri heimsmýnd gnóstikea og þá guðlegu speki sem Pétur sækir kennivald sitt í. Sex aðrir textar í *Prédikunum Skugga-Klemensar* nefna σοφία hugtakið en þeir falla allir utan við endurgerð Strecker á *Klemensarsögu*.<sup>682</sup>

***Perlurnar í boðun Péturs*** hafa verið endurgerðar á sambærilegan hátt og *Klemensarsaga* af George Strecker en höfundur *Klemensarsögu* hefur líklega ofið efni þess inn í frásögn sína. Stefið um hinn sanna spámann er meginumræðuefni ritsins en fyrirmynd hans er Adam, og andstætt hinum sanna (karlkyns) spádómi er skapaður andstæður kvenkynsspádómur sem birtist fyrst í Evu og síðar í kennslu Páls.

Along with the true Prophet there has been created as a companion a female being who is far inferior to him as *metousia* is to *ousia*, as the moon is to the sun, as fire is to light. As a female she rules over the present world, which is like

<sup>679</sup> Alexander Roberts og James Donaldson, *The Ante-Nicene Fathers* VIII.b. 1995 [1868]. Clement of Rome, *Homilies* I 15.6

<sup>680</sup> C.H. Lewis og C. Short, *A Latin Dictionary* 1951, s. 570 „dico”.

<sup>681</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 213.

<sup>682</sup> Þeir eru Homiliae III.36.3; III.44.2; V.21.2; VI.3.2 og XVI.12.1 (x2).

to her, and counts as the first prophetess; she proclaims her prophecy with all  
*amongst those born of woman. ...*<sup>683</sup>

Strecker vísar í Mt 11.11 sem mögulega heimild þessa texta en þar er sagt að enginn sem er af konu fæddur sé meiri Jóhannesi skírara, en bein vísun í Jóhannes skírara hefur ekki varðveist í ritinu miðað við endurgerð hans.<sup>684</sup> Þó hér sé ekki vísað beint í σοφία vekur þessi texti hugrenningatengsl við spekina í spekiritum helleníska tímans, sérstaklega *Enoksbók* þar sem ranglætið ríkir á jörðinni vegna þess að spekin fann ekki bústað meðal þeirra.<sup>685</sup> Áberandi í þessum texta er hinsvegar sú neikvæða mynd sem kvengerving spekinnar fær, en bæði í spekiritum gyðingdóms og gnóstískum ritum er σοφία kvenpersóna og myndmálið sem lýsir henni kvenlægt.

Önnur guðfræðileg stef sem rædd eru í *Perlunum í boðun Péturs* eru áhersla á lögmálið,<sup>686</sup> en boðun þess er hlutverk sannra spámanna, sá skírarskilningur að skírinn eigi að leiða til góðra verka og færa skírnarþegann nær Guði<sup>687</sup> og loks er augljós ritdeila gegn Páli og lögmálsskilningi hans, þar sem hann er kallaður Símon Magus.<sup>688</sup> Hugtakaleit að σοφία skilaði eftirfarandi niðurstöðu:

- **Homiliae XI 33.1:** αὐτὸς ἡμᾶς ὁ ἀψευδὴς ἐδίδαξεν <προφήτης>, εἰπὼν πρὸς μὲν τοὺς ἀμελοῦντας ἐλθεῖν καὶ ἐπακούειν αὐτοῦ· «Βασίλισσα νότου ἐγεροθήσεται μετὰ τῆς γενεᾶς ταύτης καὶ κατακρινεῖ αὐτήν, ὅτι ἦλθεν ἀπὸ τῶν περάτων τῆς γῆς ἀκοῦσαι τὴν σοφίαν Σολομῶνος· καὶ ἰδοὺ πλείον Σολομῶνος ὧδε, καὶ οὐ πιστεύετε».<sup>689</sup>
- **Perlurnar í boðun Péturs (H XI 33.1):** the infallible (prophet) has taught us, saying to those who did not wish to come to him and hear him: ‘*The Queen of the south shall rise up with this generation and shall condemn it, because she came from the ends of the earth to hear the Wisdom of Solomon. And behold! here is more than Solomon, and ye believe not.*’<sup>690</sup>

<sup>683</sup> *Perlurnar í boðun Péturs* (H III.22), Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 532.

<sup>684</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 540.

<sup>685</sup> *Enoksbók* 42.1-2. James H. Charlesworth, *The Old Testament Pseudepigrapha*, I.b.: *Apocalyptic Literature and Testaments* 1983.

<sup>686</sup> *Perlurnar í boðun Péturs* (H III.47), Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 533.

<sup>687</sup> *Perlurnar í boðun Péturs* (H XI.25-33), sama rit, s. 537-540.

<sup>688</sup> *Perlurnar í boðun Péturs* (H II.16-17; HXVII 13-19), sama rit, s. 535-536.

<sup>689</sup> Clemens Romanus et Clementina Theol., *Homiliae* [Sp.]. {1271.006} XI 33.1, TLG.

<sup>690</sup> *Perlurnar í boðun Péturs* (H XI 33.1), Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 539.

Þessi texti er tilvitnun í Matteusarguðspjall 12.41 en bakgrunnur þess texta er persónugerving spekinnar í Ræðuheimildinni og stefið um að spekin sendi þjóðinni spámenn.<sup>691</sup> Í samhengi *Perlanna* undirstrikar tilvitnunin Jesú sem hinum sanna spámann og þann dóm sem vofir yfir þeim sem ekki taka við boðskap hans og fylgja ákvæðum lögmálsins.<sup>692</sup>

**Bréf Péturs til Jakobs** er fyrst af inngangsbréfunum þremur en þetta stutta bréf er inngangur að *Perlunum* þar sem Pétur hvetur Jakob til að láta kennslu sína ekki í rangar hendur, hvorki til Grikkja né Gyðinga sem ekki hafa staðist prófun hans.<sup>693</sup> Sá sem verðugur er að þiggja kennslu má lesa *Perlurnar* og mælikvarði á trúfesti hans er eftirfylgni við lögmál Móse sem ráð hinna sjötíu í Jerúsalem fer með kennivald í.<sup>694</sup> Mikilvægi lögmálsins er áréttað í bréfinu og andstaðan við Pál sem bréfhöfundur kallar óvin sinn, en höfundur segir að Grikkir kjósi margir lögleysu og vitleysu hans framyfir löglega kennslu sína.<sup>695</sup> Sá sem ætlar að gerast kennari þarf fyrst að hafa öðlast uppfræðslu í ritningunum og þannig er tryggt að hann skilji og geti útlagt boðskap þeirra rétt. Hugtakaleit að σοφία skilaði engri niðurstöðu.

**Áskorun vitnisburðarins** (*Contestatio*) er svarbréf Jakobs til Péturs en þar tekur Jakob heilshugar undir varúðarráðstafanir Péturs og leggur til sex ára próftíma áður en kristnum sé hleypt í boðun Péturs.<sup>696</sup> Varðveisla hinnar sönnu guðstrúar og hinnar sönnu kennslu þeirra eru meginstefin í þessu stutta bréfi. Hönd höfundar er greinileg í þessu riti sem og bréfinu sjálfu en mjög ólíklegt er að þessi rit séu eldri *Klemensarsögu*.<sup>697</sup> Hugtakaleit að σοφία skilaði engri niðurstöðu.

**Bréf Klemensar til Jakobs** byggir á *Bréfi Péturs til Jakobs* og er talið ritað af höfundi *Perlanna í boðun Péturs*.<sup>698</sup> Bréfið hefst á lofgjörð um

---

<sup>691</sup> Hartin, *James and Q* 1991, s. 131.

<sup>692</sup> *Perlurnar í boðun Péturs* (H XI 33.1-4), Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 539-540.

<sup>693</sup> *Bréf Péturs til Jakobs* 1.2, Sama rit, s. 493.

<sup>694</sup> *Bréf Péturs til Jakobs* 1.2-3, Sama rit, s. 493.

<sup>695</sup> *Bréf Péturs til Jakobs* 2.2-3, Sama rit, s. 494.

<sup>696</sup> *Áskorun vitnisburðarins* 1.2, Sama rit, s. 495.

<sup>697</sup> Lapham, *Introduction to NT Apocrypha* 2003, s. 46.

<sup>698</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 489.

Pétur, þann sem Jesús útvaldi til að grundvalla kirkju sína á og er sagður hafa skipað Klemens biskup í Róm.<sup>699</sup> Klemens er tregur til að taka við þeirri stöðu en Pétur hughreystir hann og kennir honum um hreinlífi, fátækt og merkingu þess að vera lærisveinn hins sanna spámanns.<sup>700</sup> Hugtakaleit að σοφία skilaði engri niðurstöðu.

*Vegsemdir Jakobs II* er ein heimilda að baki *Klemensarsögu* en hún er varðveitt í *Minningabrotum Skugga-Klemensar* bók I, köflum 33-44.2 og 53.4-71. Í henni er rakin hjálpræðissaga Ísraels frá Abraham til komu hins sanna spámanns, Jesú, sem leysti fórnarþjónustu musterisins af hólmi með innleiðingu skírnarinnar.<sup>701</sup> Síðari hlutinn er síðan afneitun ýmissa gyðinglegra hópa úr samtíma frumkristninnar, saddúkea, fræðimanna, samverja, farísea, lærisveina Jóhannesar skírara og fleiri.<sup>702</sup> Loks er í niðurlagi lofgjörð um Jakob og því lýst þegar söfnuðurinn í Jerúsalem flýr undan átökunum sem leiddu til eyðingar musterisins árið 70.<sup>703</sup> Ekki var hægt að leita að σοφία hugtakinu í *Vegsemdum Jakobs II* þar sem ritið er einungis varðveitt á latínu en þrír textar í ritinu innihalda latneska viskugtakið sapientia.

- **Recognitionum I 37:** Ad hæc autem etiam locum statuit, in quo solo liceret eis immolare Deo. Hoc autem totum eo prospectu gerebatur, ut cum tempus oportunum venisset et didicissent per prophetam, quia Deus misericordiam vult et non sacrificium, viderant eum qui eos doceret locum Dei electum esse sapientiam ejus, in quo conveniret offeri hostias Deo, hunc autem locum, qui ad tempus videbatur electus, incursionibus hostium et excidiis sæpe vexatum, et ad ultimum quoque audirent penitus excidendum.<sup>704</sup>
- **Minningabrot Skugga-Klemensar (R I 37):** "In addition to these things, he also appointed a place in which alone it should be lawful to them to sacrifice to God. And all this was arranged with this view, that when the fitting time should come, and they should learn by means of the Prophet that God desires mercy and not sacrifice, they might see Him who should teach them that the place chosen of God, in which it was suitable that victims should be offered to God, is his Wisdom; and that on the other

---

<sup>699</sup> *Bréf Klemensar til Jakobs* 1.2-2.6, Sama rit, s. 497.

<sup>700</sup> *Bréf Klemensar til Jakobs* 4.1-11.2, Sama rit, s. 498-500.

<sup>701</sup> *Vegsemdir Jakobs II* 33-40, Roberts og Donaldson, *Ante-Nicene Fathers VIII* 1995. Clement of Rome, *Recognitiones* I 1.33-49.

<sup>702</sup> Sama rit, 53.4-60.

<sup>703</sup> Sama rit, 53.64-71.

<sup>704</sup> S. Clemens I Pontifex Romanus, *Recognitiones Liber I XXXVIII*. Migne, *Patrologiæ* 1857 s. 1230.

hand they might hear that this place, which seemed chosen for a time, often harassed as it had been by hostile invasions and plunderings, was at last to be wholly destroyed.<sup>705</sup>

Fyrsti textinn vísar til þess að Jesús leysir af hólmi þau ákvæði sem Guð setti um hvar og hvenær ætti að fórna (5M 12.11, 2Kro 7.12) og vitnar í Matteusarguðspjall þar sem Jesús segir „miskunnsemi vil ég, ekki fórnir”.<sup>706</sup> Þann fórnarstað sem leyst hefur musterið af hólmi er að finna í speki Guðs og það er gefin sem skýring þess að musterinu var eytt, allt samkvæmt áætlun Guðs.<sup>707</sup> Sú mynd af spekinni sem hér birtist er nátengd hugmyndum um samband Jesú við Guð, spekin er í raun staðgerð og sá staður er aðgengilegur hinum kristnu fyrir Jesú. Sú fórnarguðfræði sem hér birtist er ekki beint tengd guðfræði krossins, áherslan er á Jesú sem spámann og boðbera spekinnar, en ritið vísar síðar í krossinn og þar er áherslan á að fortjaldið í musterinu hafi rifnað.<sup>708</sup>

- **Recognitionum I 39:** baptisma eis per aquam statuit, in quo ab omnibus peccatis invocato ejus nomine solverentur, et de reliquo perfectam vitam sequentes in immortalitate durent, non pecudum sanguine sed sapientiae Dei purificatione purgati.<sup>709</sup>
- **Minningabrot Skugga-Klemensar (R I 39):** " He instituted baptism by water amongst them, in which they might be absolved from all their sins on the invocation of His name, and for the future, following a perfect life, might abide in immortality, being purified not by the blood of beasts, but by the purification of the Wisdom of God.<sup>710</sup>
- **Recognitionum I 40:** et non solum non creditid, sed addidit infidelitati blasphemiam, voracem hominem et ventri servientem, ac dæmone agi eum, qui ob salutem sutam venerat, dicens. In tantum nequitia malorum ministeriis valet, quod nisi Sapientia Dei adfuisset his qui diligunt veritatem omnes pene simul impius error involveret.<sup>711</sup>
- **Minningabrot Skugga-Klemensar (R I 40):** And not only did they not believe, but they added blasphemy to unbelief, saying that He was a gluttonous man and a bellyslave, and that He was actuated by a demon, even He who had come for their salvation. To such an extent does wickedness prevail by the agency of evil ones; so

---

<sup>705</sup> Roberts og Donaldson, *Ante-Nicene Fathers* VIII 1995. Clement of Rome, *Recognitiones* I 1.37.

<sup>706</sup> *Vegsemdir Jakobs II* 37. Mt 9.13; 12.7.

<sup>707</sup> *Vegsemdir Jakobs II* 37.

<sup>708</sup> *Vegsemdir Jakobs II* 41.

<sup>709</sup> S. Clemens I Pontifex Romanus, *Recognitiones* Liber I XXXIX. Migne, *Patrologia* 1857 s. 1230.

<sup>710</sup> Roberts og Donaldson, *Ante-Nicene Fathers* VIII 1995. Clement of Rome, *Recognitiones* I 1.39.

<sup>711</sup> S. Clemens I Pontifex Romanus, *Recognitiones* Liber I XXXIX. Migne, *Patrologia* 1857 s. 1230.

that, but for the Wisdom of God assisting those who love the truth, almost all would have been involved in impious delusion.<sup>712</sup>

Þessir textar fjalla einnig um fórnarguðfræði en í fyrri tilvitnuninni er skírinn sögð sú stofnun Jesú sem tekur við hlutverki fórnarinnar að hreinsa syndir manna, „ekki fyrir blóð dýra heldur fyrir hreinsun af hendi speki Guðs”.<sup>713</sup> Aftur er fórnarguðfræðin ekki beint tengd krossinum, það er ekki blóð Jesú sem hreinsar, heldur hin persónugerða speki Guðs. Síðari textinn vísar til þess að þrátt fyrir tákinn og kraftaverkin sem fylgdu Jesú hafi fólkið ekki trúað á hann og sagt hann mathák haldinn illum öndum (Mt 11.19).<sup>714</sup> Viðbrögð fólksins eru túlkuð sem vísbending um vald „hinna illu” yfir fólkinu og það er fyrir speki Guðs, sem aðstoðar þá er elska sannleikann að hinir útvöldu hafa séð sannleikann.<sup>715</sup> Spekin er hér í hlutverki hjálpara þeirra sem leita sannleikans og án hennar væru nær allir að vaða í „óguðlegri villu”.<sup>716</sup> Hlutverk spekinar í *Vegsemdum Jakobs II* er samofið hlutverki Jesú í frelsun og hreinsun manna og spekin er sá staður og sú persóna sem framkvæmir hina nýju fórn.

#### 8.4 Söfía í ritum varðveittum af Klemensi frá Alexandríu.

*Perlan í boðun Péturs* eða *Κήρυγμα Πέτρου* er rit sem Klemens frá Alexandríu (d.215) varðveitir í tilvitnunum en hann telur ritið skrifað af Pétri sjálfum.<sup>717</sup> Tengslin á milli þessa rits og *Perlanna í boðun Pétur*, sem Klemens hans frá Róm varðveitir, eru umdeild en flestir fræðimenn telja að bein textatengsl séu ekki á milli ritanna þó að mikil samsvörun sé í innihaldi.<sup>718</sup> Líkt og titillinn bendir á er efnið hugsað sem prédikanasafn Péturs eða á jafnvel að innihalda kjarnann í prédikunum hans en ólíklegt er að verið sé að vísa í þröngri merkingu í eina af prédikunum hans.<sup>719</sup>

<sup>712</sup> Roberts og Donaldson, *Ante-Nicene Fathers VIII* 1995. Clement of Rome, *Recognitions I* 1.39.

<sup>713</sup> *Vegsemdir Jakobs II* 39.

<sup>714</sup> *Vegsemdir Jakobs II* 40.

<sup>715</sup> *Vegsemdir Jakobs II* 40.

<sup>716</sup> *Vegsemdir Jakobs II* 40.

<sup>717</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 35.

<sup>718</sup> Lapham, *Introduction to NT Apocrypha* 2003, s. 46.

<sup>719</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 35.

Tilvitnanir Klemensar eru það fáar að lítið er hægt að segja um samsetningu og uppruna *Perlunar* en Klemens virðist sjálfur hvergi draga í efa að höfundur þess sé Pétur.<sup>720</sup> Órigenes telur hæpið að uppruni *Perlunnar* sé hjá Pétri og skýrist það mögulega af því að samkvæmt honum var ritið notað af gnóstíska höfundinum Heraklesi (miðri 2. öld), sem sjálfur dró uppruna þess mjög í efa.<sup>721</sup> Evsebíus<sup>722</sup> og Híerónýmus<sup>723</sup> vísa báðir í ritið og telja það hvorugir með regluritu Nýja testamentsins.<sup>724</sup> Áætlaður ritunartími *Perlunnar* er einhverstaðar á fyrri hluta annarar aldar og uppruni þess er líklega í Egyptalandi.<sup>725</sup> Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að tengja annað varðveitt efni eignað Pétri við *Perlurnar*, meðal annars vísanir Gregoríusar frá Nazianzus (329-390)<sup>726</sup> og Jóhannesar frá Damaskus (676-749)<sup>727</sup> í rit sem þeir kalla *Kennslu Péturs* (*διδασκαλία Πέτρου*), en þær tilraunir hafa ekki reynst sannfærandi.<sup>728</sup>

Perlan inniheldur fá stef og erfitt er að átta sig á heildarmynd ritsins út frá þeim en greinileg vísun er í píslarsöguna.<sup>729</sup> Rétt guðsdýrkun er ritinu mjög mikilvæg og höfundur *Perlunnar* hvetur hina kristnu til að dýrka hvorki Guð eins og Grikkir sem trúá á stokka og steina, né Gyðingar sem dýrka engla, mánuðina og tunglið.<sup>730</sup> Rétt guðsdýrkun byggir á því að dýrka Guð gegnum Krist og hinir kristnu eru þriðji kynstofninn (*τρίτω γενει*) í ljósi hins nýja sáttmála í Kristi.<sup>731</sup> Fyrst og fremst ber ritið vitni um hlutverk Péturs í trúboði til heiðingja en gyðing-kristnar áherslur eru ekki mjög áberandi í ritinu. Helst má nefna fyrstu tilvitnun Klemensar: „en í *Perlunni* í

<sup>720</sup> Sama rit, s. 34.

<sup>721</sup> Órigenes, *Commentarii in evangelium Joannis* XIII.17.

<sup>722</sup> Evsebíus, *Historia ecclesiastica* III 3.2.

<sup>723</sup> Híerónýmus, *De viris illustribus* 1.

<sup>724</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* II.b.1992, s. 34.

<sup>725</sup> Sama rit, s. 34.

<sup>726</sup> Gregoríusar frá Nazianzus, *Epistulae* 20; *Oratio in laudem Basilii* 17.5.

<sup>727</sup> Jóhannesar frá Damaskus, *Sacra Parallela*.

<sup>728</sup> Sama rit, s. 37.

<sup>729</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 168.

<sup>730</sup> *Kerygma Petri* 2.b-2.c. Schneemelcher, *New TestameNT Apocrypha* II.b.1992, s. 39.

<sup>731</sup> *Kerygma Petri* 2.d. Klemens frá Alexandríu, *Stromata* VI 5.41: ἡμεῖς δὲ οἱ καινῶς αὐτὸν τρίτῳ γενεῖ σεβόμενοι Χριστιανοί. (TLG).

*boðum Péturs* er Drottinn kallaður lögmál (νόμος) og orð (λόγος)<sup>732</sup> en áherslan á Jesú sem birtingarmynd lögmálsins er dæmigert gyðing-kristið stef. Hugtakaleit að σοφία skilaði engum niðurstöðum.

#### 8.5 *Sófía í gyðing-kristnum guðspjöllum og Endurminningum Hegesippusar.*

*Nasóreaguðspjall* nefnist arameísk þýðing á Matteusarguðspjalli sem notað var af gyðing-kristnum hópum í Sýrlandi frá 2. öldinni, sem kölluðu sig nasórea.<sup>733</sup> Koester segir að þrátt fyrir að guðspjallið hafi verið notað af þeim sé ekkert af því efni sem varðveist hefur í tilvitnunum kirkjufæðra í guðspjallið andstætt meginstraumi kirkjunnar, þýðingin virðist hafa fylgt Matteusarguðspjalli nákvæmlega og meira að segja haldið fæðingarfrásögunni.<sup>734</sup> Lapham bendir hinsvegar á að ein tilvitnun í riti Híerónýmusar,<sup>735</sup> sem gæti átt við guðspjallið, innihaldi þá hugmynd að Jesús hafi orðið guðlegur við skírnina (*adoptionism*) en hún var sennilega til staðar í einhverjum hópum Nasórea.<sup>736</sup> Endurgerð Schneemelcher telur þann texta ekki með vitnisburðum um Nasóreaguðspjall en þar er ekkert sem stangast á við gupsjöll Nýja testamentisins.<sup>737</sup> Stefið um speki Guðs kemur hvergi fyrir í varðveittum brotum guðspjallsins.

*Ebjónítaguðspjall* er varðveitt í tilvitnunum Epífaníusar<sup>738</sup> en uppruni þess er frá fyrri hluta annarar aldar í Sýrlandi.<sup>739</sup> Guðspjallið er skrifað á grísku en ebjónítar voru grískumælandi hópur. Það byggir á samstofnaguðspjöllunum, aðallega Lúkasarguðspjalli, og notast hvergi við efni utan Nýja testamentisins.<sup>740</sup> Í guðspjallinu birtast grunnhugmyndir ebjóníta eins og við þekkjum þær en þeir voru grænmetisætur, lögðu áherslu

---

<sup>732</sup> Klemens frá Alexandríu, *Stromata* I 29.182 (TLG): ἐν δὲ τῷ Πέτρου Κηρύγματι εὐροῖς ἄν «νόμον καὶ λόγον» τὸν κύριον προσαγορευόμενον.

<sup>733</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 208.

<sup>734</sup> Sama rit.

<sup>735</sup> Híerónýmus, *Commentariorum in Isaiam* 4.

<sup>736</sup> Lapham, *Introduction to NT Apocrypha* 2003, s. 84.

<sup>737</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* I.b. 1990, s. 160-165.

<sup>738</sup> Epífaníus, *Panarion (Adversus haereses)* 30.13.2f; 30.13.4f; 30.13.6-7f; 30.14.5; 30.16.4f; 30.22.4.

<sup>739</sup> Schneemelcher, *NT Apocrypha* I.b. 1990, s. 169.

<sup>740</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 208-209.

á fábreytt lífern (ebjón merkir fátækur) og voru í sterkri andstöðu við fórnarguðfræði.

I have come to do away with sacrifices, and if ye cease not from sacrificing, the wrath of God will not cease from you.<sup>741</sup>

Fæðingarfrásögnum í Matteusarguðspjalli og Lúkasarguðspjalli er viljandi sleppt í guðspjallinu en ebjónítar lögðu áherslu á að guðdómleiki Jesú byggðist ekki á meyfæðingu heldur sameiningu hans við heilagan anda í skírinni. Hugtakaleit að σοφία skilaði engum niðurstöðum.

**Endurminningar Hegesippusar** (Ἐπομνηματα) eru varðveittar að hluta í verki Evsebíusar *Historia ecclesiastica*, en lítið er vitað um Hegesippus utan að hann var Palestínu-Gyðingur (f. 110) sem snérist til kristni og ritaði fimm bóka verk sem einungis brot er varðveitt úr. Hegesippus ritar gegn sjö hópum sem hann telur hafa spillt fagnaðarerindinu og nefnir þar fyrstann Símon Magus og símonítanna af hópum sem klofið höfðu einingu kirkjunnar.<sup>742</sup> Mikilvægust í okkar samhengi er sú mynd sem Hegesippus dregur upp af Jakobi en hann áréttar að Jakob hafi verið bróðir Drottins og leiðtogi safnaðarins í Jerúsalem. Fulltrúar frá fyrnefndum sjö villutrúarhópum ávítuðu Jakob fyrir trúfesti sína við lögmálið en hann reyndist trú og fyrir boðun hans snérust margir til kristni, sem leiddi til þess að hóparnir sjö réðust á Jakob, grýttu hann og drápu. Síðustu orð Jakobs vitna til orða Jesú: „Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra”.<sup>743</sup> Textaleit að σοφία hugtakinu skilaði einni niðurstöðu.

- **Ἐπομνηματα 208:** καὶ ἰδίως ἐκ τῆς Ἑβραϊδος διαλέκτου τινὰ τίθησιν, ἐμφαίνων ἐξ Ἑβραίων ἑαυτὸν πεπιστευκέναι· καὶ ἄλλα δὲ ὡς ἂν ἐξ Ἰουδαϊκῆς ἀγράφου παραδόσεως μνημονεύει· οὐ μόνος δὲ οὗτος, ἀλλὰ καὶ Ἰρηναῖος καὶ ὁ πᾶς τῶν ἀρχαίων χορὸς, πανάρετον σοφίαν τῆς Σολόμωνος παροιμίας ἐκάλουν. καὶ περὶ τῶν λεγομένων δὲ ἀποκρύφων διαλαμβάνων, ἐπὶ τῶν αὐτοῦ χρόνων πρὸς τινῶν αἰρετικῶν ἀναπεπλάσθαι τινὰ τούτων ἱστορεῖ.<sup>744</sup>
- **Endurminningar Hegesippusar** (*Hist. eccl.* IV 22): he [Hegesippus] mentions other matters as coming from Jewish oral tradition. And not only he but Irenaeus too, and the whole group of early writers, used to call Solomon's Proverbs the 'All-virtuous

<sup>741</sup> *Ebjónítaguðspjall* 6, Schneemelcher, *NT Apocrypha* I.b. 1990, s. 170.

<sup>742</sup> *Endurminningar Hegesippusar*, 216.

<sup>743</sup> *Endurminningar Hegesippusar*, 211. Sbr. Lk 23.34

<sup>744</sup> Hegesippus Scr. Eccl., *Fragmenta (ex incerto libro)* {1398.001} 208, TLG.

Wisdom'. And in discussing the apocryphal books, as they are called, he states that some of them were fabricated by heretics in his own time.<sup>745</sup>

Í þessari einu vísun í speki í *Endurminningunum* er verið að vísa í bókartitil í þeirri merkinga að Orskviðir Salómons hafi þá stöðu að innihalda „aldyggðuga speki”. Um apokryfu ritin segir hann að einhver þeirra hafi verið skálduð upp af trúvillingum síns tíma en erfitt er að segja til um hvaða rit falla í þann flokk samkvæmt Hegesippusi.

*Hebreaguðspjallið* svokallaða fellur strangt til tekið utan við þær forsendur sem þessi rannsókn byggir á en engu að síður verður fjallað um það í stuttu máli.<sup>746</sup> Guðspjallið er gyðing-kristið rit, líkt og Nasórea- og Ebjónítaguðspjall en er upprunið í Egyptalandi á fyrri hluta annarar aldar og byggir ekki á samstofna-guðspjöllunum eins og hin tvö.<sup>747</sup> Mikil áhersla er á Jakob bróður Jesú í þeim brotum sem við þekkjum úr guðspjallinu og hinn upprisni frelsari er sagður hafa heimsótt Jakob og brotið með honum brauð.<sup>748</sup> Spekihugtakið σοφία er ekki að finna í guðspjallinu en eftirfarandi texti er áhugaverður í tegnslum við gyðinglegar spekihugmyndir.

- **Evangelium secundum Hebraeos 5:** Ἐὰν δὲ προσιῆται τις τὸ καθ' Ἑβραίους εὐαγγέλιον, ἔνθα αὐτὸς ὁ σωτὴρ φησιν· ἄρτι ἔλαβέ με ἡ μήτηρ μου τὸ ἅγιον πνεῦμα ἐν μιᾷ τῶν τριχῶν μου καὶ ἀπήνεγκέ με εἰς τὸ ὄρος τὸ μέγα Θαβώρ, ἐπαπορήσει πῶς μήτηρ χριστοῦ τὸ διὰ τοῦ λόγου γεγενημένον πνεῦμα ἅγιον εἶναι δύναται.<sup>749</sup>
- **Hebreaguðspjall 5:** And if any accept the Gospel of the Hebrews – here the Saviour says: Even so did my mother, the Holy Spirit, take me by one of my hairs and carry me away on to the Great mountain Tabor.<sup>750</sup>

Í koptískri þýðingu er varðveitt brot úr guðspjallinu sem segir Maríu mey vera holdgerving Mikaelis og að Kristur hafi dvalið í móðurlífi hans/hennar í

---

<sup>745</sup> Andrew Louth, Eusebius: The History of the Church from Christ to Constantine 1989. s. 130.

<sup>746</sup> Í þessari ritgerð er umfjöllunin takmörkuð við hluta A (varðveittar frumheimildir) og B (varðveitt brot annarra frumheimilda) í vinnuskjali um epískar forsendur en Hebreaguðspjallið tilheyrir lið E (aðrir hópar gyðing-kristinna í frumkristni). Jón Ma. Ásgeirsson & Sigurvin Jónsson, „Epískar forsendur kristinna rita í grísk-rómversku samhengi” (óbirt).

<sup>747</sup> Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 229.

<sup>748</sup> *Hebreaguðspjall 7*, Schneemelcher, *NT Apocrypha* I.b. 1990, s. 178.

<sup>749</sup> *Evangelium secundum Hebraeos*. {1374.001} 5, TLG. Upphaflega í Órígenes, *Commentarii in evangelium Joannis* II 12.

<sup>750</sup> *Hebreaguðspjall 3*, Schneemelcher, *NT Apocrypha* I.b. 1990, s. 177.

sjö mánuði.<sup>751</sup> Hebreaguðspjallið er að öllum líkindum skrifað á grísku en í textanum hér að ofan er athyglisvert að heilagur andi er kvengerður og kallaður móðir Jesú, sem bendir til áhrifa frá semískum tungumálum.<sup>752</sup> Koester telur fullvíst að þessi mynd sé fengin úr persónugervingi spekinnar í gyðinglegum spekiritum og tengist hugmyndinni um að spekin leyti samastaðar á jörðinni í spámönnum Guðs líkt og í spekiritum gyðingdóms.<sup>753</sup> Annar texti í *Hebreaguðspjalli* tengist hinni persónugerðu visku en lýsing þess á skírn Jesú á margt sammerkt með σοφία hefðum.

➤ **Hebreaguðspjall 2:** But it came to pass when the Lord had come out of the water the whole font of the Holy Spirit descended upon him and rested on him and said to him: My Son, in all the prophets I was waiting for you that you should come and I might rest in you. For you are my rest. You are my first-begotten Son that reigns forever.<sup>754</sup>

Robinson segir spekina hér birtast á mjög sambærilegan hátt og í Matteusarguðspjalli, að spekin hafi loks fundið dvalarstað í Jesú.<sup>755</sup> Stefið um σοφία fer ekki milli mála þó að talað sé um heilagan anda í textanum, en hugtökin hafa sambærilega merkingu auk þess sem að heilagur andi var nátengdur frásögninni af skírn Jesú.

Það sem stendur uppúr við rannsókn á σοφία hugtakinu í gyðing-kristnum bókmenntum er aðallega tvennt. Annarsvegar er ljóst að hin persónugerða speki Guðs var mikilvægur túlkunarlykill hinna fyrstu kristnu að því hver Jesús var. Hann var erindreki viskunnar og holdgervingur hennar og kennsla hans er sú sem öllu máli skiptir. Hinsvegar standa uppúr fjölbreyttar hugmyndir um samband Jesú og Guðs, sem allar undirstrika kennivald hans og nálægð við guðdóminn. Jesús er σοφία, γνῶσις, νόμος, λόγος og πνεύμα.

---

<sup>751</sup> Koptískt handritabrot sem eignað er Kýril frá Jerúsalem. Sama rit, s. 177.

<sup>752</sup> Á grísku er τό πνεύμα hvorugkyns orð en á hebresku og arameísku er andi kvenkyns orð (נִיָּו).

<sup>753</sup> Sbr. SS 7.27 og Sr 24.7. Koester, *Introduction* II.b. 2000, s. 229.

<sup>754</sup> *Hebreaguðspjall 2*, Schneemelcher, *NT Apocrypha* I.b. 1990, s. 176-177. Upphaflega í Híerónýmus, *Commentariorum in Isiam* IV II.2.

<sup>755</sup> Robinson, „Jesus as Sophos and Sophia”, s. 11.

## 9. Samantekt og niðurstöður.

Þær eru ófáar raddirnar sem ýtt hafa Jakobsbréfi til hliðar á þeim forsendum að það sé á einhvern hátt jaðarrit og innihaldi vafasama guðfræði. Staðreyndin er hinsvegar sú að ekkert bréf Nýja testamentisins stendur jafn nærri Jesúhefðinni og Jakobsbréf. Við komust ekki mikið nær orðum hins sögulega Jesú en í Fjallræðunni og það er einmitt sá texti sem Jakobsbréf ber sterkust textatengsl við. Líkt og elsta Jesúefnið er Jakobsbréf fyrst og fremst spekirit og spekingurinn sem gefur kennslu þess vægi er spekin sjálf, upphafin í Jesú frá Nasaret bróður Jakobs. Krafa bréfsins er sú að þeir sem kenna sig við meistarann frá Nasaret biðji gjafmildan Guð um þá speki sem leiðir til heilinda og ber ávexti í þjónustu við náungann.

Frelsun trúaðra í Jakobsbréfi byggir á hinu gróðursetta lögmáli sem Guð hefur innbyggt í sköpunarverk sitt en áherslan á mikilvægi Móselögmálsins leiddi af sér þá fjölbreyttu gerð kristindóms sem nefnd er gyðing-kristin hefð. Spekihefðir lögðu grunninn að hugmyndum frumkristinna hreyfinga að því hver Jesús var og hvert sé mikilvægi hans. Elstu hefðir Nýja testamentisins sem varðveita ummæli Jesú innihalda fjölbreyttar spekihefðir og mikilvægi þeirra er áréttað með því að tengja Jesú við hefðir um hina persónugerðu speki Guðs.

Spekitextar eru með elstu varðveittu bókmenntaformum mannkynssögunnar og til þessa dags eru nýjar og gamlar spekihefðir vinsælt útgáfuefni. Grundvallarhugmyndin sem liggur að baki spekitextum er sú spurning hvernig best sé að haga lífi sínu til að öðlast velferð í þessu lífi og því sem tekur við að því loknu. Spekinni hefur frá fyrstu tímum verið ljáð guðlegt vægi eins og umfjöllun um hinar austrænu spekihefðir sýndi fram á. Í hinum forna menningarheimi var spekin tengd hinum ýmsu guðum og frá upphafi átrúnaðar Hebrea gengdi guðleg leiðsögn lykilhlutverki. Speki Guðs varð að sjálfstæðri persónu í gyðinglegum bókmenntum við upphaf helleníska tímans sem viðbrögð við nýjum menningarstraumum er höfðu áhrif á viðteknar spekihugmyndir og fólu í sér beitta gagnrýni. Spekin sjálf tók á sig fjölbreyttar birtingarmyndir og henni var lýst með óvenju ríkulegu

myndmáli. Þær hugmyndir skiluðu sér inn í kristindóminn og hin frumkristna hreyfing notfærði sér myndmál sófíuhefðarinnar til að undirstrika mikilvægi Jesú.

Eftir rannsóknarvinnuna liggja tvö gríðarlega stór gagnasöfn um hugtökin τέλειος og σοφία í heimildum um gyðing-kristna hópa og geta þau hæglega verið grundvöllur frekari rannsókna. Það sem er mikilvægara gagnasöfnunum sjálfum er vinnuferlið sem *Thesaurus Linguae Graecae* gerir kleyft og með sambærilegum aðferðum er hægt að rekja hvaða hugmynd sem er í grískum bókmenntum. Helsti vankanntur þessarar rannsóknar er sá fjöldi hugtaka sem hefur sambærilegt merkingarsvið og birtist á hliðstæðan hátt og σοφία í gyðing-kristnum ritum. Rannsóknin gefur hinsvegar hugmynd um mikilvægi hinnar persónugerðu speki í þessum sem og öðrum hefðum kristindómsins á upphafsöldum hans. Jesús og hin himneska *Sófía* eru tengd sterkum böndum sem aldrei verða rofin meðan kristni helst sem átrúnaður.

## Heimildaskrá.

- Árni Bergur Sigurbjörnsson (þýð.), 1994: *Apókrýfar bækur Gamla testamentisins*. Reykjavík, Hið íslenska biblíufélag.
- Biblían*, 1981. Reykjavík, Hið íslenska biblíufélag.
- Bauckham, Richard, 1999: *James. Wisdom of James, Disciple of Jesus the Sage*. (New Testament Readings. Ritstj. John Court.) New York, NY, Routledge.
- Boccaccini, Gabriele, 1991: *Middle Judaism: Jewish Thought, 300 B.C.E. to 200 C.E.* Minneapolis, MN, Fortress Press.
- Borgen, Peder, 1998: „Proselytes, Conquest, and Mission.” *Recruitment, Conquest, and Conflict: Strategies in Judaism, Early Christianity, and the Greco-Roman World*. (Emory Studies in Early Christianity.) Ritstj. Peder Borgen, Vernon K. Robbins, og David B. Gowler. Atlanta, GA, Scholars Press.
- Brown, Raymond E., 1983: „Not Jewish Christianity and Gentile Christianity but Types of Jewish/Gentile Christianity”. *Catholic Biblical Quarterly* 45. b./1983 s. 74-79.
- Bultmann, Rudolf Karl, 1921: *Die Geschichte der synoptischen Tradition*. (Forschungen zur Religion und Literatur des Alten und Neuen Testaments 29) Ensk þýðing: *The History of the Synoptic Tradition*. Þýð. John Marsh, 1968 [1964]. New York, NY, Harper and Row.
- Bultmann, Rudolf Karl, 1967: „Der religionsgeschichtliche Hintergrund des Prologus zum Johannes-Evangelium”. *Exegetica: Aufsätze zur Erforschung des Neuen Testaments*. Ritstj. Erich Dinkler. Tübingen.
- Charlesworth, James H. (ritstj.), 1983: *The Old Testament Pseudepigrapha*, I.b.: *Apocalyptic Literature and Testaments*. Garden City, NY, Doubleday.
- Downing, F.Gerald, 1988: *Christ and the Cynics: Jesus and other Radical Preachers in First-Century Tradition*. (JSOT Manuals 4) Sheffield, Sheffield Academic Press.
- Dibelius, Martin, 1921: *Der Brief des Jakobus*. Ensk þýðing Michael A. Williams, 1976 [1964]: *James: A Commentary on the Epistle of James*. (Hermeneia Series. Ritstj. Helmut Koester.) 11. útgáfa endurskoðuð af Heinrich Greeven. Philadelphia, PA, Fortress Press.

- Faraone, Christopher A. and Emily Teeter, 2004: „Egyptian Ma’at and Hesiodian Metis” *Mnemosyne: A Journal of Classical Studies* 57. b. 2 / 2004. Leiden, s. 177-208.
- Fiorenza, Elisabeth S., 1975: „Wisdom Mythology and Christological Hymns”. *Aspects of Wisdom in Judaism and Early Christianity*. (University of Notre Dame Center for the Study of Judaism and Christianity 1. Ritsjt. Robert L. Wilken.) Notre Dame, IN, University of Notre Dame Press.
- Francis, Fred O., 1970: „The Form and Function of the Opening and Closing Paragraphs of James and 1 John”. *Zeitschrift für die neutestamentliche Wissenschaft und die Kunde der älteren Kirche*. 61.b.1/1970. Berlin. S. 110-126.
- Gammie, John, 1990: „Paraenesis Literature: Toward the Morphology of a Secondary Genre”. (*Semeia* 50). Atlanta, GA, Society of Biblical Literature. S. 41-81.
- Harrington, Daniel J., 1991: *The Gospel of Matthew*. (Sacra Pagina Series 1. Ritsjt. Daniel J. Harrington, S.J.) Collegeville, MN, The Liturgical Press.
- Hartin, Patrick J., 1989: „James and the Q Sermon on the Mount/Plain”. (*Society of Biblical Literature Seminar Papers, 1989*. Ritsjt. David J. Lull.) Atlanta, GA, Society of Biblical Literature. S. 440-457.
- Hartin, Patrick J., 1991: *James and the Q Sayings of Jesus*. (Journal for the Study of the New Testament Supplement Series 47. Ritsjt. David E. Orton.) Sheffield, Sheffield Academic Press.
- Hartin, Patrick J., 1996: „Who is Wise and Understanding among You? (James 3:13): An Analysis of Wisdom, Eschatology and Apocalypticism in the Epistle of James.” (*Society of Biblical Literature Seminar Papers, 1996*. Ritsjt. David J. Lull.) Atlanta, GA, Society of Biblical Literature. S. 483-503.
- Hartin, Patrick J., 2000: „The Woes against the Pharisees (Matthew 23.1-39): The Reception and Development of Q 11.39-52 within the Matthean Community”. *From Quest to Q: Festschrift James M. Robinson*. (Bibliotheca Ephemeridum Theologicarum Lovaniensium 146. Ritsjt. Jon Ma. Asgeirsson, Kristin De Troyer og Marvin W. Mayer.) Leuven, Leuven University Press.

- Hartin, Patrick J., 2003: *James*. (Sacra Pagina Series 14. Ritstj. Daniel J. Harrington, S.J.) Collegeville, MN, The Liturgical Press.
- Hartin, Patrick J., 2004: *James of Jerusalem: Heir to Jesus of Nazareth*. Collegeville, MN, The Liturgical Press.
- Helgi Hálfðánarson (þýð), 1990: *Grískir Harmleikir: Æskílos, Sófókles og Evrípídes*. Reykjavík, Mál og menning.
- Hengel, Martin, 1977: *Judaism and Hellenism I. og II.b.: Studies in their Encounter in Palestine during the Early Hellenistic Period*. London, SCM Press Ltd.
- Hester, James D., 2002: „Rhetoric and the Composition of the Letters of Paul”. *Alexander’s Revenge: Hellenistic Culture through the Centuries*. Ritstj. Jon Ma. Asgeirsson og Nancy van Deusen. Reykjavík, The University of Iceland Press.
- Hock, Ronald F., 2002: „The Chreia in Primary and Secondary Education”. *Alexander’s Revenge. Hellenistic Culture through the Centuries*. Ritstj. Jon Ma. Asgeirsson og Nancy van Deusen. Reykjavík, The University of Iceland Press.
- Hock, Ronald F., 2001: „Homer in Greco-Roman Education”. *Mimesis and Intertextuality in Antiquity and Christianity*. (Studies in Antiquity and Christianity.) Ritstj. Dennis R. MacDonald. Harrisburg, PA, Trinity Press International.
- Jackson-McCabe, Matt A., 2001: *Logos and Law in the Letter of James: The Law of Nature, the Law of Moses, and the Law of Freedom*. (Supplements to Novum Testamentum vol. C) Leiden, E.J. Brill.
- Jón Ma. Ásgeirsson (þýð., inng. og skýringar), 2001: *Tómasarguðspjall*. (Lærdómsrit Bókmenntafélagsins. Ritstj. Vilhjálmur Árnason.) Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jón Ma. Ásgeirsson og Sigurvin Jónsson, (óbirt): „Epískar forsendur kristinna rita í grísk-rómversku samhengi: (Verkefnablað 4)”.
- Klijn, A.F. og G.J. Reinink, 1973: *Patristic Evidence for Jewish-Christian Sects*. (Supplements to Novum Testamentum vol. 36) Leiden, E.J.Brill.
- Kloppenborg, John S., 1978: „Wisdom Christology in Q”. *Laval théologique et philosophique* 34. b. /1978. Quebec City, Canada. S. 129-147.

- Kloppenborg, John S., 1987: *The Formation of Q: Trajectories in Ancient Wisdom Collections*. (Studies in Antiquity and Christianity.) Harrisburg, PA, Trinity Press International.
- Kloppenborg, John S., 1990: „Nomos and Ethos in Q”. *Gospel Origins & Christian Beginnings: Essays in Honor of James M. Robinson*. (Forum Fascicles 1.) Ritstj. James E. Goehring, Charles W. Hendrick, Jack T. Sanders, með Hans Dieter Betz. Sonoma, CA, Polebridge Press.
- Kloppenborg-Verbin, John S., 2000: *Excavating Q: The History and Setting of the Sayings Gospel*. Minneapolis, MN, Fortress Press.
- Koester, Helmut, 1971: „The Structure and Criteria of Early Christian Beliefs”. *Trajectories through Early Christianity*. James M. Robinson og Helmut Koester. Philadelphia, PA, Fortress Press. S. 205-231.
- Koester, Helmut, 1980: „Apocryphal and Canonical Gospels”. *Harvard Theological Review* 71 b. /1980. Cambridge, MA. S. 105-130.
- Koester, Helmut, 1995: *Introduction to the New Testament I.b.: History, Culture, and Religion of the Hellenistic Age*, 2. útgáfa. Berlin, Walter de Gruyter.
- Koester, Helmut, 2000: *Introduction to the New Testament II.b.: History and Literature of Early Christianity* (2. útgáfa). Berlin, Walter de Gruyter & Co.
- Lampe, G.W.H., 1961: *A Patristic Greek Lexicon*. Oxford, Oxford University Press.
- Lapham, Fred 2003: *An Introduction to the New Testament Apocrypha*. Edinburgh, T & T Clark.
- Laporte, Jean, 1975: „Philo in the Tradition of Wisdom”. *Aspects of Wisdom in Judaism and Early Christianity*. (University of Notre Dame Center for the Study of Judaism and Christianity 1. Ritstj. Robert L. Wilken.) Notre Dame, IN, University of Notre Dame Press.
- Lewis, C.H. og C. Short, 1951 [1879]: *A Latin Dictionary, Founded on Andrews Edition of Freund's Latin Dictionary: Revised, Enlarged, and in Great Part Rewritten*. Oxford, Clarendon Press.
- Liddell, H.G og R. Scott, 1968 [1843]: *A Greek-English Lexicon*. 9. útgáfa með viðauka endurskoðuð af Sir Henry Stuart Jones. Oxford, Clarendon Press.

- Louth, Andrew (ritstj., endursk.), 1989: *Eusebius: The History of the Church from Christ to Constantine*. Ensk þýð. G.A. Williamson. London, Penguin Books.
- Louw, Johannes P. og Eugene A. Nida, 1988: *Greek-English Lexicon of the New Testament Based on Semantic Domains*. I. og II. bindi. New York, NY, United Bible Societies.
- Luther, Martin, 1960: *Luther's Works: Word and Sacrament I*. Vol 35. Ritstj. E. Theodore Bachmann og Helmut T. Lechmann. Philadelphia, PA, Fortress Press.
- Mack, Burton L., 1985: *Wisdom and the Hebrew Epic: Ben Sira's Hymn in Praise of the Fathers*. (Chicago Studies in the History of Judaism. Ritstj. Jacob Neusner.) Chicago, IL, The University of Chicago Press.
- MacRae, George W., 1970: „The Jewish Background of the Gnostic Sophia Myth”. *Novum Testamentum* 12. b. 2 /1970. Leiden. S. 86-101.
- Mayor, Joseph B., 1990 [1913]: *The Epistle of James*. Grand Rapids, MI, Kregel Publications.
- Migne, J.P. (ritstj.), 1857: *Patrologiae Cursus Completus Series Graeca: S. Clemens I. Pontifex Romanus, Opera Omnia*. París.
- Mikalson, John D., 2005: *Ancient Greek Religion*. (Blackwell Ancient Religions) Malden, MA, Blackwell Publishing.
- Moulton, W.F. og Geden, D.D., 1963 [1897]: *A Concordance to the Greek Testament: According to the Texts of Westcott and Hort, Tischendorf and the English Revisers*. Edinburgh, T & T Clark.
- Nestle, Erwin og Kurt Aland, 1993 [1898]: *Novum Testamentum Graece*. 27. endurskoðuð útg. Stuttgart, Deutsche Bibelgesellschaft.
- Penner, Tod C., 1996: *The Epistle of James and Eschatology: Re-Reading an Ancient Christian Letter*. (Journal for the Study of the New Testament: Supplement Series 121. Ritstj. David E. Orton.) Sheffield, Sheffield Academic Press.
- Perkins, Pheme 1993: *Gnosticism and New Testament*. Minneapolis, MN, Augsburg Fortress Press.
- Piper, Ronald A., 1989: *Wisdom in the Q-tradition: The Aphoristic Teaching of Jesus*. (Society for New Testament Studies: Monograph Series 61.) Cambridge, Cambridge University Press.

- Riches, John K., 2000: *Conflicting Mythologies: Identity Formation in the Gospels of Mark and Matthew*. (Studies of the New Testament and its World. Ritstj. John Barclay, Joel Marcus og John Riches.) Edinburgh, T & T Clark.
- Roberts, Alexander og James Donaldson (ritstj.), 1995 [1886]: *The Ante-Nicene Fathers VIII.b.*, Grand Rapids, MI, Wm. B Eerdmans Publishing Company.
- Robbins, Vernon K., 1996: *The Tapestry of Early Christian Discourse: Rhetoric, Society and ideology*. London, UK, Routledge.
- Robinson, James M., 1971 [1964]: „“LOGOI SOPHON”: On the Gattung of Q.” *Trajectories through Early Christianity*. James M. Robinson og Helmut Koester. Philadelphia, PA, Fortress Press. S. 71-113.
- Robinson, James M., 1975: „Jesus as Sophos and Sophia: Wisdom Tradition and the Gospels”. *Aspects of Wisdom in Judaism and Early Christianity*. Ritstj. R.L. Wilken. Notre Dame, IN, University of Notre Dame Press. S. 1-16.
- Robinson, James M. (ritar inngang), Paul Hoffmann og John S. Kloppenborg, 2000: *The Sayings Gospel Q in Greek and English: With Parallels from the Gospels of Mark and Thomas*. Minneapolis, MN, Fortress Press.
- Schneemelcher, Willhelm (ritstj.), 1963-1965. Edgar Hennecke: *New Testament Apocrypha I. og II. b.* Ensk þýð. R. McL. Wilson. London, The Westminster Press.
- Schneemelcher, Willhelm (ritstj.), 1990: *New Testament Apocrypha I.b.: Gospels and Related Writings*. Ensk þýð. R. McL. Wilson (ritstj.). Louisville, KY, Westminster/John Knox Press.
- Schneemelcher, Willhelm (ritstj.), 1992: *New Testament Apocrypha II.b.: Writings Relating to the Apostles; Apocalypses and Related Subjects*. Ensk þýð. R. McL. Wilson (ritstj.). Louisville, KY, Westminster/John Knox Press.
- Schoeps, Hans Joachim 1949: *Theologie und Geschichte des Judenchristentums*. Tübingen, J.C.B. Mohr.
- Skarsaune, Oskar, 2002: *In the Shadow of the Temple: Jewish Influences on Early Christianity*. Downers Grove, IL, InterVarsity Press.

- Skirbekk, Gunnar og Nils Gilje, 1999: *Heimspækisaga*. Þýð. Stefán Hjörleifsson. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Staniforth, Maxwell, 1968: *Early Christian Writings: The Apostolic Fathers*. Middlesex, Penguin Books.
- Stowers, Stanley, 1994: *A Rereading of Romans: Justice, Jews and Gentiles*. Yale University Press, New Haven, NY.
- Svavar Hrafn Svavarsson (þýð.), 1995: *Aristóteles: Siðfræði Níkómakkusar*. Síðara bindi. (Lærdómsrit Bókmenntafélagsins. Ritstj. Þorsteinn Hilmarsson.) Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sveinbjörn Egilsson (þýð.), 1949: *Kviður Hómers I: Ilíonskviða*. Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Wilckens, Ulrich, 1971: „σοφία, σοφός”. *Theological Dictionary of the New Testament*, 7. bindi (Σ). Ritstj. Gerhard Kittel og Gerhard Friedrich. Ensk þýð. G.W. Bromiley. Grand Rapids, MI, W.M.B. Eerdmans Publishing. S. 465-476.

## Viðauki I: Stefjabrunnur Nýja testamentisins.

### Rannsóknarliður II.

#### Stef sem koma meira en 10 sinnum fram í gyðing-kristnum ritum.

#### Βασιλεύς (konungur)

##### **(Βασιλεία)**

Mt. 3.2  
Mt. 4.8  
Mt. 4.17  
Mt. 4.23  
Mt. 5.3  
Mt. 5.10  
Mt. 5.19-20  
Mt. 6.10  
Mt. 6.13  
Mt. 6.33  
Mt. 7.21  
Mt. 8.11-12  
Mt. 9.35  
Mt. 10.7  
Mt. 11.11-12  
Mt. 12.25-26  
Mt. 12.28  
Mt. 13.11  
Mt. 13.19  
Mt. 13.24  
Mt. 13.31  
Mt. 13.33  
Mt. 13.38  
Mt. 13.41  
Mt. 13.43-45  
Mt. 13.47  
Mt. 13.52  
Mt. 16.19  
Mt. 16.28  
Mt. 18.1  
Mt. 18.3-4  
Mt. 18.23  
Mt. 19.12  
Mt. 19.14  
Mt. 19.23-24  
Mt. 20.1  
Mt. 20.21  
Mt. 21.31  
Mt. 21.43  
Mt. 22.2  
Mt. 23.13  
Mt. 24.7  
Mt. 24.14  
Mt. 25.1  
Mt. 25.34  
Mt. 26.29  
Q 4.5  
Q 6.20  
Q 7.28  
Q 9.60  
Q 10.9  
Q 10.11  
Q 11.2  
Q 11.17-18  
Q 11.20  
Q 13.18  
Q 13.20  
Q 13.28-29  
Q 16.16  
Q 17.20-21  
Q 19.12  
Q 19.15  
Q 22.30

Heb. 1.8  
Heb. 11.33  
Heb. 12.28  
Jk. 2.5  
**(Βασίλειος)**  
Q 7.25  
**(Βασιλεύς)**  
Mt. 1.6  
Mt. 2.1-3  
Mt. 2.9  
Mt. 5.35  
Mt. 10.18  
Mt. 11.8  
Mt. 14.9  
Mt. 17.25  
Mt. 18.23  
Mt. 21.5  
Mt. 22.2  
Mt. 22.7  
Mt. 22.11  
Mt. 22.13  
Mt. 25.34  
Mt. 25.40  
Mt. 27.11  
Mt. 27.29  
Mt. 27.37  
Mt. 27.42  
Q 10.24  
Heb. 7.1-2  
Heb. 11.23  
Heb. 11.27  
**(Βασιλεύς)**  
Mt. 2.22  
**(Βασιλικός)**  
Jk. 2.8

#### ἔργον (verk)

##### **(ἔργάζομαι)**

Mt. 7.23  
Mt. 21.28  
Mt. 25.16  
Mt. 26.10  
Lk. 13.14  
Heb. 11.33  
Jk. 1.20  
Jk. 2.9  
**(ἔργασία)**  
Lk. 12.58  
**(ἔργάτης)**  
Mt. 9.37-38  
Mt. 10.10  
Mt. 20.1-2  
Mt. 20.8  
Q 10.2  
Q 10.7  
Q 13.27  
Jk. 5.4  
**(ἔργον)**  
Mt. 5.16  
Mt. 11.2  
Mt. 11.19  
Mt. 23.3  
Mt. 23.5  
Mt. 26.10  
Q 11.48  
Heb. 1.10  
Heb. 2.7  
Heb. 3.9  
Heb. 4.3-4  
Heb. 4.10

Heb. 6.1  
Heb. 6.10  
Heb. 9.14  
Heb. 10.24  
Heb. 13.21  
Jk. 1.4  
Jk. 1.25  
Jk. 2.14  
Jk. 2.17-18  
Jk. 2.20-21  
Jk. 2.22  
Jk. 2.24-26  
Jk. 3.13

#### νόμος (lögmál)

##### **(Νόμος)**

Mt. 5.17-18  
Mt. 7.12  
Mt. 11.13  
Mt. 12.5  
Mt. 15.6  
Mt. 22.36  
Mt. 22.40  
Mt. 23.23  
Heb. 7.5  
Heb. 7.12  
Heb. 7.16  
Heb. 7.19  
Heb. 7.28  
Heb. 8.4  
Heb. 8.10  
Heb. 9.19  
Heb. 9.22  
Heb. 10.1  
Heb. 10.8  
Heb. 10.16  
Heb. 10.28  
Jk. 1.25  
Jk. 2.8-12  
Jk. 4.11

#### πειρασμός (freisting)

##### **(Πειρασμός)**

Mt. 6.13  
Mt. 26.41  
Q 4.13  
Q 11.4  
Q 22.28  
Heb. 3.8  
Jk. 1.2  
Jk. 1.12

#### πίστις (trú)

##### **(Πιστεύω)**

Mt. 8.13  
Mt. 9.28  
Mt. 18.6  
Mt. 21.22  
Mt. 21.25  
Mt. 21.32  
Mt. 24.23  
Mt. 24.26  
Mt. 27.42  
Heb. 4.2  
Heb. 6.1  
Heb. 6.12  
Heb. 10.22  
Heb. 10.38  
Heb. 10.39

Heb. 11.1  
Heb. 11.3-9  
Heb. 11.11  
Heb. 11.13  
Heb. 11.17  
Heb. 11.20-24  
Heb. 11.27-31  
Heb. 11.33  
Heb. 11.39  
Heb. 12.2  
Heb. 13.7  
Jk. 1.3  
Jk. 1.6  
Jk. 2.1  
Jk. 2.5  
Jk. 2.14  
Jk. 2.17-18  
Jk. 2.20  
Jk. 2.22  
Jk. 2.24  
Jk. 2.26  
Jk. 5.15  
**(Πίστις)**  
Mt. 8.10  
Mt. 9.2  
Mt. 9.22  
Mt. 9.29  
Mt. 15.28  
Mt. 17.20  
Mt. 21.21  
Mt. 28.23  
Q 7.9  
Q 17.6  
Heb. 4.2  
Heb. 6.1  
Heb. 6.12  
Heb. 10.22  
Heb. 10.38  
Heb. 10.39  
Heb. 11.1  
Heb. 11.3-9  
Heb. 11.11  
Heb. 11.13  
Heb. 11.17  
Heb. 11.20-24  
Heb. 11.27-31

Heb. 11.33  
Heb. 11.39  
Heb. 12.2  
Heb. 13.7  
Jk. 1.3  
Jk. 1.6  
Jk. 2.1  
Jk. 2.5  
Jk. 2.14  
Jk. 2.17-18  
Jk. 2.20  
Jk. 2.22  
Jk. 2.24  
Jk. 2.26  
Jk. 5.15  
**(Πιστός)**  
Mt. 24.45  
Mt. 25.21  
Mt. 25.23  
Q 12.42  
Q 19.17  
Heb. 2.17  
Heb. 3.2  
Heb. 3.5  
Heb. 10.23  
Heb. 11.11

σοφία (viska)

**(Σοφία)**  
Mt. 13.54  
Q 7.35 (Mt. 11.19)  
Q 11.31 (Mt. 12.42)  
Q 11.49 (Mt. 23.34)  
Jk. 1.5  
Jk. 3.13  
Jk. 3.15  
Jk. 3.17  
**(Σοφός)**  
Q 10.21 (Mt. 11.25)  
Jk. 3.13

ταπεινός (lítillæti)

**(Ταπεινός)**  
Mt. 11.29  
Jk. 1.9

Jk. 4.6  
**(Ταπεινώω)**  
Mt. 18.4  
Mt. 23.12  
Q 14.11  
Jk. 4.10  
**(Ταπεινώσις)**  
Jk. 1.10

τέλειος (fullkornun)

**(Τέλειος)**  
Mt. 5.48  
Mt. 19.21  
Heb. 5.14  
Heb. 9.11  
Jk. 1.4  
Jk. 1.17  
Jk. 1.25  
Jk. 3.2  
**(Τελειότης)**  
Heb. 6.1  
**(Τελειώω)**  
Heb. 2.10  
Heb. 5.9  
Heb. 7.19  
Heb. 7.28  
Heb. 9.9  
Heb. 10.1  
Heb. 10.14  
Heb. 11.40  
Heb. 12.23  
Jk. 2.22  
**(Τελειώσις)**  
Heb. 7.11  
**(Τελειωτής)**  
Heb. 12.2

ὑπομονή (holgæði)

**(Ἐπιμονή)**  
Heb. 10.36  
Heb. 12.1  
Jk. 1.3  
Jk. 1.4  
Jk. 5.11

